ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 2/2023

Norðurland

ÓBYGGÐANEFND

17. október 2024

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 1

2 MÁLSMEÐFERÐ 3

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 3

2.2 Svæði tekin til meðferðar skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga 3

2.3 Lýstar kröfur og kynning 4

2.4 Mál nr. 2/2023, Norðurland 5

3 KRÖFUGERÐ 8

3.1 Kröfur íslenska ríkisins 8

3.2 Kröfur vegna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár 9

3.3 Kröfur vegna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels 9

3.4 Kröfur vegna Hraunanna 9

3.5 Kröfur vegna Rugludals 10

3.6 Kröfur vegna Steinár 11

3.7 Kröfur vegna Hvammshlíðar 11

3.8 Kröfur vegna Pokafells 12

3.9 Kröfur vegna Kornsártungna 12

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 13

4.1 Inngangur 13

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 13

4.3 Vettvangsferð 14

4.3.1 Eyjafjörður 14

4.3.2 Öxnadalur 14

4.3.3 Norðurmörk Hraunanna 15

4.3.4 Norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar 15

4.3.5 Norður- og vesturmörk Skrapatunguafréttar 15

4.3.6 Kornsártungur 16

4.4 Skýrslutökur 16

5 SAGA LANDSVÆÐA 17

5.1 Eyjafjörður 17

5.1.1 Landnám 17

5.1.2 Torfufell í Eyjafirði 17

5.1.3 Hólsgerði í Eyjafirði 19

5.1.4 Úlfá í Eyjafirði 20

5.2 Öxnadalur 22

5.2.1 Landnám 22

5.2.2 Vaskárdalur 22

5.2.3 Almenningur í Öxnadal 26

5.2.4 Bakkasel, Öxnadalsheiði o.fl. ... 32
5.2.5 Nærliggjandi jarðir í Öxnadal ... 45
5.2.5.1 Gloppa í Öxnadal ... 45
5.2.5.2 Gil í Öxnadal ... 45
5.3 Norðurmörk Hraunanna og Eyvindarstaðaheiðar ... 46
5.3.1 Landnám ... 46
5.3.2 Afréttir og afréttarnot ... 46
5.3.3 Eyvindarstaðaheiði ... 49
5.3.4 Steiná í Svartárdal ... 63
5.3.5 Bollastaðir í Blöndudal ... 66
5.3.6 Rugludalur ... 66
5.3.7 Nærliggjandi jarðir ... 67
5.3.7.1 Eyvindarstaðir ... 67
5.3.7.2 Mælifell í Skagafirði ... 72
5.3.7.3 Stafn í Svartárdal ... 75
5.4 Norður- og vesturmörk Skrapatunguafréttar ... 79
5.4.1 Landnám ... 79
5.4.2 Hvammshlíð í Norðurárdal og Pokafell ... 79
5.4.3 Þverá í Norðurárdal ... 82
5.4.4 Höskuldsstaðir í Norðurárdal, Höskuldsstaðakirkja og Höskuldsstaðaafrétt ... 84
5.4.5 Kirkjubær í Norðurárdal ... 90
5.4.6 Barð í Norðurárdal ... 91
5.4.7 Nærliggjandi jarðir ... 91
5.4.7.1 Balaskarð í Laxárdal ... 91
5.4.7.2 Mánaskál í Laxárdal ... 92
5.4.7.3 Núpur í Laxárdal ... 93
5.4.7.4 Illugastaðir í Laxárdal nyrðri ... 93
5.5 Kornsártungur ... 95
5.5.1 Landnám ... 95
5.5.2 Kornsártungur ... 95
5.5.3 Nærliggjandi jarðir ... 104
5.5.3.1 Kornsá ... 104
5.5.3.2 Gilhagi ... 104
5.5.3.3 Haukagil ... 106
6 SJÓNARMIÐ AÐILA ... 107
6.1 Íslenska ríkið ... 107
6.1.1 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár ... 111
6.1.2 Svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels ... 112
6.1.3 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna ... 113

6.1.4 Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar ... 114
6.1.5 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar ... 114
6.1.6 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar ... 115
6.1.7 Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar ... 116
6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins ... 117
6.2.1 Torfufell, Hólsgerði og Úlfá ... 117
6.2.2 Vaskárdalur, Almenningur og Bakkasel ... 122
6.2.3 Hraunin/Eyvindarstaðaheiði ... 124
6.2.4 Rugludalur og Steiná ... 131
6.2.5 Hvammshlíð og Pokafell ... 134
6.2.5.1 Hvammshlíð ... 140
6.2.5.2 Pokafell ... 141
6.2.6 Kornsártungur ... 142
7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ... 145
7.1 Inngangur ... 145
7.2 Almenn atriði ... 145
7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar ... 145
7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 145
7.2.3 Almenn álitaefni um stjórnskipulegt gildi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 ... 146
7.2.4 Almenn álitaefni um lagagrundvöll málsmeðferðarinnar ... 149
7.2.5 Almenn álitaefni um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins ... 151
7.3 Landnám ... 157
7.4 Norðurland ... 158
7.4.1 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár ... 159
7.4.1.1 Afmörkun ... 160
7.4.1.2 Eignarréttarleg staða ... 162
7.4.2 Svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Seldalsfjalls ... 164
7.4.2.1 Afmörkun ... 166
7.4.2.2 Eignarréttarleg staða ... 167
7.4.3 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna ... 174
7.4.3.1 Afmörkun ... 175
7.4.3.2 Eignarréttarleg staða ... 176
7.4.4 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar ... 180
7.4.4.1 Afmörkun ... 181
7.4.4.2 Eignarréttarleg staða ... 183
7.4.5 Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar ... 185
7.4.5.1 Afmörkun ... 187
7.4.5.2 Eignarréttarleg staða ... 188

7.4.6 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar 189
7.4.6.1 Afmörkun 190
7.4.6.2 Eignarréttarleg staða 192
7.4.7 Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar 194
7.4.7.1 Afmörkun 194
7.4.7.2 Eignarréttarleg staða 195
7.5 Um málskostnað 198
8 ÚRSKURÐARORÐ 199
VIÐAUKI I: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR I
VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR CXIII
FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ CXIV
FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ CXV
FYLGISKJAL III: KORT CXX

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Fimmtudaginn 17. október 2024 er tekið fyrir mál nr. 2/2023, *Norðurland*, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristín Benediktsdóttir, Þorgeir Örlygsson og Víðir Smári Petersen.

Aðilar máls eru:[1]

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Edda Andradóttir og Andri Andrason lögmenn.)

Karólína Elísabetardóttir vegna Hvammshlíðar.

Petra Jebenstreit vegna Pokafells.

(Jón Jónsson lögmaður.)

Brynjar Skúlason og Sigríður Bjarnadóttir vegna Hólsgerðis og Úlfár.

Inga Vala Gísladóttir og Einar Magnússon vegna Torfufells.

(Friðbjörn Garðarsson lögmaður.)

Hörgársveit vegna Almennings og Bakkasels.

Hörgársveit og Einar Steindór Valbergsson vegna Vaskárdals.

(Ólafur Rúnar Ólafsson lögmaður.)

Jóna Anna Stefánsdóttir og Sigurjón Stefánsson vegna Steinár.

Óskar Eyvindur Ólafsson vegna Steinár II.

Sigurjón Stefánsson vegna Steinár III.

Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði vegna Rugludals.

(Stefán Þórarinn Ólafsson lögmaður.)

---

[1] Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I). Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Núps af hálfu Valgerðar Kristjánsdóttur; og Mánaskálar af hálfu Kolbrúnar Ágústu Guðnadóttur og Atla Þórs Gunnarssonar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað. Þá var upphaflega lýst kröfu vegna Mælifells af hálfu Þjóðkirkjunnar en ekki reyndist ágreiningur um mörk jarðarinnar í málinu og eftir vettvangsferð var tilkynnt að eigandi hennar léti málið ekki frekar til sín taka fyrir utan kröfu um málskostnað.

Skagafjörður og Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði vegna Eyvindarstaðaheiðar (Hraunanna).

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði vegna Kornsártungna.

(Sigurður Jónsson lögmaður.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi þjóðlendulög, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Svæði tekin til meðferðar skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga

Með bréfi dagsettu 11. ágúst 2022 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar sautján landsvæði á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og veittur frestur til 14. nóvember 2021 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða.[2]

Fyrrgreint lagaákvæði heimilar óbyggðanefnd að „taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra“. Þau sautján svæði sem tekin voru til meðferðar á þeim grundvelli höfðu ekki áður verið undirorpin þjóðlendukröfu en voru aðliggjandi þjóðlendum í sveitarfélögunum Fljótsdalshreppi, Langanesbyggð, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, sveitarfélaginu Skagafirði, Skagabyggð, Húnabyggð, Borgarbyggð og Árneshreppi, nánar tiltekið:[3]

1. Svæði við vesturmörk Skriðuklausturs, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005.
2. Svæði við vesturmörk Valþjófsstaðar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005.
3. Nyrsta hluta Grímólfsártungu, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005.
4. Kverkártungu, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005.
5. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008.

---

[2] Áður hafði óbyggðanefnd tekið svæðin til meðferðar í júní 2020 og í janúar 2021 bárust kröfur íslenska ríkisins vegna þeirra. Síðar það ár ákvað nefndin að reglulegir nefndarmenn skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis og í framhaldinu var sett sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina. Sú nefnd ákvað að hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til, skoða að nýju hvort taka beri bæri landsvæðin til meðferðar og kallaði eftir sjónarmiðum þar að lútandi. Í ágúst 2022 ákvað nefndin svo að taka svæðin til meðferðar og tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um það, sbr. ofangreint. Gerð er nánari grein fyrir forsögunni í fundargerð 1. fyrirtöku, skjali nr. 20(1).

[3] Til nánari skýringar um legu svæðana voru í minnisblaði sem fylgdi bréfi til ráðherra um töku svæðanna birtar viðkomandi tilvitnanir í eldri úrskurði.

6. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Vaskárdals, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008.
7. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Almennings, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008.
8. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Bakkasels, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008.
9. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008.
10. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008.
11. Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013.
12. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013.
13. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013.
14. Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013.
15. Svæði við austurmörk Hítardals, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014.
16. Svæði við norðausturmörk Svarfhóls, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014.
17. Svæði austan og sunnan Drangajökuls, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæðum sem sæta málsmeðferð skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 barst óbyggðanefnd 14. nóvember 2022. Kröfulýsingin ásamt kortum var birt á vefsíðu nefndarinnar daginn eftir. Óbyggðanefnd birti síðan tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 21. nóvember 2022, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæðum sem féllu innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 28. febrúar 2023. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar í Lögbirtingablaðinu var birtur með auglýsingu í dagblaði, sbr. fyrrnefnt lagaákvæði. Þá var kröfugerðin með tölvupósti kynnt lögmönnum og öðrum sem verið höfðu í sambandi við óbyggðanefnd vegna málsmeðferðarinnar.

Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var framlengdur einu sinni, til 28. mars 2023. Innan frestsins bárust 29 kröfulýsingar sem sumar sköruðust. Þá barst síðar

ein kröfulýsing að auki sem veitt var viðtaka á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga og kröfulýsingar gagnaðila urðu því samtals 30 talsins.

Gefið var út yfirlit yfir lýstar kröfur ásamt uppdráttum. Lögboðin kynning á heildarkröfum fór fram með því að yfirlit og uppdrættir lágu frammi á skrifstofum sýslumanna í viðkomandi umdæmum frá 27. nóvember 2023 til og með 5. janúar 2024, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 12. janúar 2024. Viðkomandi sveitarfélögum voru einnig send erindi til kynningar 24. nóvember 2024, þ.e. Fljótsdalshreppi, Langanesbyggð, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Sveitarfélaginu Skagafirði, Skagabyggð, Húnabyggð, Árneshreppi og Borgarbyggð. Kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á vefsíðu óbyggðanefndar og skrifstofu hennar. Fjögur erindi bárust nefndinni með athugasemdum.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók til 14 skilgreindra svæða en við meðferð málsins gerði íslenska ríkið breytingar á afmörkun þriggja kröfusvæða. Á móti bárust 30 kröfulýsingar sem sumar sköruðust en eftir fyrrgreindar breytingar á kröfugerð ríkisins o.fl. voru samtals 25 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins til úrlausnar.

2.4 Mál nr. 2/2023, Norðurland

Fyrsta fyrirtaka mála sem sæta málsmeðferð á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga var haldin sameiginlega vegna allra málanna 14. júní 2023. Þar var tilkynnt um skiptingu svæðisins í fjögur mál, nr. 1–4/2023, og að mál nr. 2/2023 nefndist *Norðurland*.[4] Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í öllum málunum Kristín Benediktsdóttir, Þorgeir Örlygsson og Víðir Smári Petersen. Þá var gerð grein fyrir mati á sérstöku hæfi nefndarmanna og starfsmanna.

Farið var yfir forsögu málsmeðferðarinnar og stöðu hennar. Brýnt var fyrir lögmönnum að skila skriflegum umboðum frá öllum umbjóðendum sínum til skrifstofu óbyggðanefndar og vakin athygli á því að litið væri svo á að einungis þeir sem gefið hefðu slíkt umboð væru aðilar máls, að því frátöldu ef aðilar gættu hagsmuna sinna sjálfir. Einnig var brýnt fyrir lögmönnum að láta færa upplýsingar um kröfulínur málsaðila inn á sameiginleg kröfulínukort.

Gerð var grein fyrir gagnaöflun nefndarinnar og stöðu hennar. Einnig var greint frá verklagi við framlagningu skjala og lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Sömuleiðis var gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem varða málskostnað og greiðslur á útlögðum kostnaði en í því sambandi var vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Því var beint til lögmanna og annarra fulltrúa aðila að kanna hvort ljúka mætti málinu með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Enn fremur var farið yfir framhald málsmeðferðar og m.a. upplýst að vettvangsferðir í málum nr. 1–3/2023 væru fyrirhugaðar í október. Lögmönnum var bent á að koma óskum og

[4] Síðar var tilkynnt að eitt af svæðunum sem upphaflega var til umfjöllunar í máli nr. 2/2023 yrði tekið til umfjöllunar í nýju máli, nr. 5/2023.

ábendingum aðila um hvað þeir teldu helst þurfa að skoða í vettvangsferð og hvernig því yrði best komið við á framfæri við skrifstofu nefndarinnar.

Þá lagði einn lögmaður gagnaðila ríkisins fram bókun þar sem málsmeðferðinni var mótmælt og ýmsir aðrir lögmenn gagnaðila tóku undir hana.

Vettvangsferð vegna máls nr. 2/2023 fór fram 4.–5. október 2023. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Með tölvupósti 1. desember 2023 voru lögmenn upplýstir um að viðbótargagnaöflun óbyggðanefndar væri að ljúka og greinargerðarfrestir aðila í málum nr. 1–3/2023 hefðu verið ákveðnir. Í þeim málum hefði íslenska ríkið frest til 26. janúar 2024 til að skila greinargerð og aðrir málsaðilar fengju í framhaldinu frest til 23. febrúar 2024. Með tölvuskeytum 21. og 22. desember 2023 voru lögmenn síðan upplýstir um afrakstur viðbótargagnaöflunar og send greinargerð um sögu jarða og landsvæða. Þá var upplýst með tölvupósti 19. febrúar 2024 að frestur gagnaðila ríkisins til að skila greinargerðum í málum nr. 1–3/2023 hefði að fenginni beiðni verið framlengdur til 8. mars 2024.

Með tölvupósti 8. apríl 2024 var lögmönnum aðila að máli nr. 2/2023 tilkynnt að óbyggðanefnd hefði á fundi 2. apríl 2024 ákveðið að svæði við norðurmörk Auðkúluheiðar, sem hefði verið til umfjöllunar í því máli, skyldi koma til umfjöllunar í sérstöku máli, nr. 5/2023, sbr. 1. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga. Mál nr. 2/2023 væri að öðru leyti óbreytt. Einnig var tilkynnt um breytingu á skipan nefndarinnar í máli nr. 5/2023.

Aðalmeðferð í málum nr. 2/2023, 3/2023 og 5/2023 var haldin sameiginlega 17. apríl 2024. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Bent var á að þótt gagnaöflun teldist lokið væri ekki útilokað að fleiri skjöl ættu eftir að koma fram síðar en lögmenn og aðrir fulltrúar málsaðila fengju að sjálfsögðu afhent jafnóðum öll skjöl sem kynnu að koma fram, sem og færi á að tjá sig um þau og uppfæra málskostnaðaryfirlit sín ef þeim þætti tilefni til.

Greint var frá því að lögmaður ríkisins hefði upplýst nefndina um breytingar á kröfugerð ríkisins í málum nr. 2–3/2023 sem fólu í máli nr. 2/2023 í sér að fallið hefði verið frá kröfu á þeim hluta svæðisins við vesturmörk Skrapatunguafréttar sem eigendur Mánaskálar og Núps gerðu kröfur til, og að lögmenn sem önnuðust hagsmunagæslu vegna þessara jarða hefðu staðfest að eftir breytingar á kröfugerð ríkisins væri ekki lengur ágreiningur við ríkið um mörk jarðanna.

Þá var gerð grein fyrir því að eins og lögmönnum hefði verið tilkynnt með tölvupósti 8. apríl 2024 hefði nefndin ákveðið að eitt af svæðunum sem hefði verið til umfjöllunar í máli nr. 2/2023, skyldi koma til umfjöllunar í sérstöku máli nr. 5/2023 og að skipan nefndarinnar í því máli breyttist, sbr. framangreint. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við þessar breytingar.

Einnig fóru fram skýrslutökur en gerð er grein fyrir þeim hluta sem mál þetta varðar í kafla 4.4.

Þá voru málin flutt munnlega. Fyrst flutti lögmaður íslenska ríkisins mál nr. 2/2023, 3/2023 og 5/2023 sameiginlega. Lögmaðurinn tók fram að það væri ósk íslenska ríkis-

ins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt eignarréttarlega stöðu svæðisins og skæri úr um hana á sama hátt og þegar um gagnkröfur væri að ræða.

Þá fluttu lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins málin.

Við lok aðalmeðferðar tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar en ef frekari gögn kæmu fram yrðu málin þó tekin fyrir aftur af því tilefni.

Lokafyrirtaka í málum nr. 1–5/2023 var haldin sameiginlega vegna allra málanna 17. október 2024. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá, sem höfðu áður verið gerð aðgengileg lögmönnum og þeir fengið upplýsingar um. Að því búnu tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar.

3 KRÖFUGERÐ[5]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Kröfum fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er skipt í sjö svæði í máli þessu. Þess er krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðanna.

Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár:

Upphafspunktur er við skurðpunkt þann við vatnaskil sem markar þjóðlendu afréttar Torfufells, Hólsgerðir og Úlfár (1). Frá skurðpunktinum er vatnaskilum fylgt að upptökum Hafrár norðan við fjallið Sakti Pétur (2). Þaðan er fylgt þjóðlendumörkum aftur í upphafspunkt.

Svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels:

Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4). Þá er sýslumörkum og síðan þjóðlendumörkum fylgt aftur í upphafspunkt.

Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna:

Upphafspunktur er í upptökum Brunnabrekkulækjar við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna (1) og er læknum fylgt til norðurs þar til hann rennur í Svartá (2). Svartá er þá fylgt til suðvesturs að norðurmörkum þjóðlendunnar Hraunanna (3) og er þjóðlendumörkum svo fylgt til austurs í upphafspunkt.

Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar:

Upphafspunktur er í Hanskafelli í 541 metra hæð (1). Þaðan sjónhending til norðvesturs í Tvíhóla (2) og þaðan beygjast merki til norður í vestari Leirtjörn (3). Þaðan til suðurs er fylgt austanverðum Rugludal þar til komið er að norðurmörkum þjóðlendunnar Eyvindarstaðar í syðri Austurdal (4). Er norðurmörkum þjóðlendunnar fylgt til norðausturs aftur í upphafspunkt.

Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar:

Upphafspunktur er í Gálgagili á vesturmörkum þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar (1). Frá Gálgagili er farið til suðurs að læk, sem fellur austur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi (2) og svo eftir læknum að vesturmörkum þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar í Mjóadalsá og þaðan eftir vesturmörkum þjóðlendunnar aftur í upphafspunkt.

Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar:

Upphafspunktur er í skurði milli nesjanna Stóranes og Litlanes (1) og þaðan sem skurðinum sleppir ræður sama stefna í austanvert Pokafell (2). Þaðan bein stefna suður í Járnhryggjarhöfuð (3) og þaðan suðaustur í Ambáttardal að norðurmörkum þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar (4), með stefnu að Sjónarhóli. Mörkum þjóðlendunnar er fylgt til suðvesturs að Hvammshlíðardalsá (5), sem fylgt er til norðvesturs að Norðurá fyrir sunnan Höskuldsstaðarsel (6) og þaðan í upphafspunkt.

Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar:

Upphafspunktur er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni, við mörk þjóðlendunnar Kornsártungna (1). Þaðan er Kleppukvísl fylgt til norðurs þar til hún rennur í Kornsá (2). Er Kornsá þá fylgt til suðvesturs að Kornsárvatni (3) og þaðan er þjóðlendumörkum fylgt til suðausturs að upphafspunkti.

[5] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

3.2 Kröfur vegna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár

Af hálfu eigenda Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár er þess aðallega krafist að óbyggðanefnd vísi málinu frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998, þar sem málið eigi ekki undir nefndina.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt landeigenda á landi jarðanna í samræmi við merkjalýsingar landamerkjabréfa þeirra, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

> Upphafspunktur er við skurðpunkt þann við vatnaskil sem markar þjóðlendu afréttar Torfufells, Hólsgerðir og Úlfár (1). Frá skurðpunktinum er vatnaskilum fylgt að upptökum Hafrár norðan við fjallið Sankti Pétur (2). Þaðan er fylgt þjóðlendumörkum aftur í upphafspunkt.

Til þrautavara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er í öllum tilfellum krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.3 Kröfur vegna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels er þess krafist að kröfum ríkisins verði vísað frá en verði þeim ekki vísað frá er þess krafist að þeim verði hafnað.

Þess er krafist að kröfusvæðið *svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels*, þ.e. allt landsvæði innan eftirfarandi kröfupunkta, verði úrskurðað eignarland og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðisins, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

> Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4). Þá er sýslumörkum og síðan þjóðlendumörkum fylgt aftur í upphafspunkt.

Til vara er þess krafist að umþrætt landsvæði verði úrskurðað afréttareign verði það ekki talið eignarland.

Þá er krafist málskostnaðar vegna reksturs málsins úr ríkissjóði og áskilinn réttur til að leggja fram tímaskýrslu við aðalmeðferð málsins.

3.4 Kröfur vegna Hraunanna

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Hraunanna er þess aðallega krafist að kröfum ríkisins verði vísað frá óbyggðanefnd.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að viðkomandi gagnaðilar ríkisins hafi beinan eignarrétt að öllu landi Eyvindarstaðaheiðar, þ.m.t. Hraunanna, og að viðurkennt

verði að úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, þar sem merki þjóðlendu á Hraununum voru afmörkuð, sé bindandi um merki eignarlands og þjóðlendu á svæðinu. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til Eyvindarstaðaheiðar, þ.m.t. Hraunanna, er hafnað og þess krafist að þar sé enga þjóðlendu að finna.

Til þrautavara er þess krafist að viðurkenndur verði fullur afnotaréttur fyrrnefndra gagnaðila ríkisins að landi innan merkja þess lands sem krafist er og kanna að verða úrskurðað þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.5 Kröfur vegna Rugludals

Af hálfu eiganda Rugludals er þess aðallega krafist að kröfum ríkisins verði vísað frá óbyggðanefnd.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að landeigandi hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og landinu er lýst í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar og með þeim sama hætti og gert var í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008:

> Þaðan er haldið eftir gilinu í Fossárdalsbrúnir til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalsbrún á móts við Hanskafell (13). Frá þeim stað er haldið til vesturs í Hanskafell (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (16) sem er lokapunktur.

Þess er krafist að viðurkennt verði að allt landsvæði norðan ofangreindra punkta sé háð beinum eignarrétti í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar nr. 5/2008.

Til þrautavara er þess krafist að landamerki Rugludals séu eins og landinu er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 12. apríl 1883, sem var þinglýst 20. maí 1886, og er svohljóðandi:

> Að austan ræður alfaravegur sá er liggur fyrir austan Rugludal, norðan við Háuskriðu, sem ræður landamerkjum að norðan alls suður í Rugludalsmynnið, eða gil það, sem liggur austur úr dalnum syðst, og sem kallað er Syðri Austurdalur, þaðan sunnanvert við Rugludalsbungu beint vestur til Kolluhvammsgrenis, þaðan í Blöndugil. Þaðan ræður Blanda norður á móts við fyrrnefnda Háuskriðu.

Þess er krafist að viðurkennt verði að allt landsvæði innan landamerkja jarðarinnar Rugludals verði viðurkennt sem fullkomið eignarland jarðarinnar.

Þá er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.6 Kröfur vegna Steinár

Af hálfu eigenda Steinár, Steinár I og Steinár II er þess aðallega krafist að kröfum ríkisins verði vísað frá óbyggðanefnd.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að landeigendur hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og landinu er lýst í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar og með þeim sama hætti og gert var í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008:

> Þaðan er haldið eftir gilinu í Fossárdalsbrúnir til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalsbrún á móts við Hanskafell (13). Frá þeim stað er haldið til vesturs í Hanskafell (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (16) sem er lokapunktur.

Þess er krafist að viðurkennt verði að allt landsvæði norðan ofangreindra punkta sé háð beinum eignarrétti í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar nr. 5/2008.

Til þrautavara er þess krafist að land Steinárjarða verði afmarkað með beinni línu frá Hanskafelli og þaðan í vestari hól Tvíhóla og þann hæsta í 517 metra hæð og að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.7 Kröfur vegna Hvammshlíðar

Af hálfu eiganda Hvammshlíðar er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og staðfest verði að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, sbr. merkjalýsingu fyrir jörðina og tilgreinda merkjapunkta:

> Að vestan milli hennar og Þverár í Norðurárdal ræður merkjum skurður milli nesja tveggja er nefnast Stóranes og Litlanes (1). Þá er skurðinum sleppir ræður sama stefnu á austanvert Pokafell (2). Að norðan og norðaustan eru þessi merki. Af há Pokafelli ræður bein stefna í Járnhryggjarhöfuð, nánar tiltekið í vörðu sem stendur við háa þúfu á hæsta og vestasta hól Hrossaskálarbrúnar (3), þaðan í lækinn sem er upptök Ambáttarár sem rennur í Laxá, þar sem hann rennur til móts við sérstakan melhól sunnan lækjarins, nokkuð fyrir austan austari Sjónarhól, sem varða er hlaðin á og sem er er hornmerki að suðaustan (4). Þaðan í upptök lækjarins (5). Þaðan í Fífugilshól (vestari Sjónarhól, norðan Fífugilseyrar)(6), í Upptök Ambáttarlækjar (7), eftir læknum í Bárðardalsá (8), þaðan í ármót Mjóadalsár (sem rennur þar um Gálgagil) og Hvammshlíðarár (Norðurár) (9). Þaðan ræður Hvammshlíðará (Norðurá) merkjum allt til móts við skurð þann (millum Stóranes og Litlanes) er áður var umgetið (1).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

3.8 Kröfur vegna Pokafells

Af hálfu eiganda Pokafells er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og staðfest verði að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, sbr. merkjalýsingu fyrir jörðina og tilgreinda merkjapunkta:

> Að vestan milli hennar og Þverár í Norðurdal frá hnitinu LM06, samkvæmt landskiptagerð staðfestri 6. júlí 2018, sem er þar sem Þverárfjallsvegur sker landamerkjalínu Hvammshlíðar frá Norðurá (Hvammshlíðará) í Pokafell, þaðan eftir umræddri línu í hnitið LM16, sem er varða á Pokafelli. Þaðan í hnitið LM01 sem liggur við Þverárfjallsveg. Þaðan ræður Þverárfjallsvegur um hnitin LM02, LM03, LM04, LM04 og í áðurnefnt hnit LM06.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati Óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

3.9 Kröfur vegna Kornsártungna

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Kornsártungna er þess aðallega krafist að fyrirliggjandi kröfu ríkisins í Kornsártungum verði vísað frá óbyggðanefnd.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að Kornsártungum og að viðurkennt verði að úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013 sé bindandi um mörk eignarlands og þjóðlendu á svæðinu. Þá er þjóðlendukröfu ríkisins, að því marki sem hún tekur til Kornsártungna, hafnað og þess krafist að innan landamerkja þeirra sé enga þjóðlendu að finna.

Til þrautavara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullan afnotarétt gagnaðila ríkisins vegna Kornsártungna að því landi sem krafan tekur til og kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1−21 ásamt undirskjölum, samtals 104 skjöl, auk 9 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá). Einnig er vísað til framlagðra skjala í málum nr. 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2009, 1/2013 og 2/2013 sem gerð voru lögmönnum aðila að máli þessu aðgengileg en í máli nr. 2/2008 voru lögð fram samtals 467 skjöl, auk 27 hliðsjónargagna; í máli nr. 3/2008 voru lögð fram samtals 356 skjöl, auk 19 hliðsjónargagna; í máli nr. 5/2008 voru lögð fram samtals 263 skjöl, auk 27 hliðsjónargagna; í máli nr. 1/2009 voru lögð fram samtals 697 skjöl, auk 20 hliðsjónargagna; í máli nr. 1/2013 voru lögð fram samtals 385 skjöl, auk 31 hliðsjónargagns; og í máli nr. 2/2013 var fram samtals 731 skjal, auk 25 hliðsjónargagna.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir þessum atriðum.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Gagnaöflun um jarðir og svæði sem mál þetta varðar hafði áður farið fram við meðferð mála nr. 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2009, 1/2013 og 2/2013. Á vegum óbyggðanefndar fór þá fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem þá voru til umfjöllunar en þar var m.a. leitað gagna um nærliggjandi jarðir. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallaðist á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Að mati óbyggðanefndar var vegna gagnaöflunar í eldri málum hjá nefndinni ekki þörf á sambærilegri kerfisbundinni gagnaöflun í málum sem sæta málsmeðferð skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga en að beiðni nefndarinnar lagði Þjóðskjalasafn Íslands mat á þörf fyrir viðbótargagnaöflun í málunum og annaðist hana að mestu en óbyggðanefnd aflaði einnig annarra viðbótargagna þegar tilefni þótti til.

Lögmönnum aðila málsins var gerð grein fyrir þessari tilhögun gagnaöflunar og engar athugasemdir komu fram. Einnig fengu þeir afrit allra gagna, bæði þeirra sem lögð höfðu verið fram í málum nr. 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2009, 1/2013 og 2/2013, og þeirra sem fram komu til viðbótar í máli þessu. Þeir gátu jafnframt bent starfsfólki Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru gerð lögmönnum aðgengileg rafrænt og síðan bókuð framlögð við fyrirtökur í málinu, auk þess sem gögn úr málum nr. 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2009, 1/2013 og 2/2013 voru gerð lögmönnum málsaðila aðgengileg. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til hliðsjónargagna nr. 4–6, þ.e. upplýsingapósta til lögmanna um tilhögun gagnaöflunar og skilabréfa Þjóðskjalasafns Íslands vegna gagnaöflunar í málum nr. 1–5/2008 og 1–5/2013, sem og skjala nr. 3(1)–3(2), þ.e. minnisblaða frá Þjóðskjalasafni Íslands um viðbótargagnaöflun. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár í máli þessu, sjá fylgiskjal nr. II, og skjalaskrár í málum nr. 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2009, 1/2013 og 2/2013

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins miðvikudaginn 4. október og fimmtudaginn 5. október 2023 í fylgd með lögmönnum málsaðila og á einstökum svæðum einnig fleiri fulltrúum aðila. Jafnframt var starfsfólk óbyggðanefndar með í för.

4.3.1 Eyjafjörður

Eftir akstur frá Akureyri inn Eyjafjörð miðvikudaginn 4. október 2023 var komið að Hólsgerði. Á hlaðinu við Hólsgerði var svipast um. Málsaðili greindi þar frá staðháttum og kennileitum, auk þess að lýsa efasemdum um þá greiningu Veðurstofunnar á vatnaskilum sem kröfulína ríkisins miðaðist við. Málsaðili bauð hópnum síðan til stofu, sýndi þar loftmynd og ljósmyndir af ágreiningssvæðinu og gerði ítarlega grein fyrir hugmyndum sínum um vatnaskil á svæðinu.

Þá var ekið frá Torfufelli og að Leyningshólum. Þar var gengið upp á einn hólinn og horft inn dalinn sem nefnist bæði Torfufellsdalur og Leyningsdalur. Málsaðilar sögðu þar frá staðháttum og að því búnu lauk þessum hluta vettvangsferðarinnar.

4.3.2 Öxnadalur

Vettvangsferð í máli nr. 2/2023 var fram haldið sama dag nálægt Bakkaseli í Öxnadal, á útskoti við þjóðveg nr. 1.

Viðstaddir sáu vel yfir ágreiningssvæðið og fulltrúi málsaðila greindi frá ýmsum örnefnum á svæðinu og svaraði spurningum nefndarmanna og lögmanna, m.a. um heyskap og efnistöku. Að því búnu lauk þessum hluta vettvangsferðarinnar.

4.3.3 Norðurmörk Hraunanna

Vettvangsferð í máli nr. 2/2023 var fram haldið sama dag á ágreiningssvæði við norðurmörk Hraunanna, en hópurinn hafði ekið þangað úr Skagafirði um Mælifellsdal. Staðnæmst var á þeim hluta ágreiningssvæðisins sem vegur F756 liggur um.

Farið var yfir kennileiti og staðhætti, m.a. legu Brunnabrekkulækjar, en kröfulína ríkisins og landamerki Mælifells miðast m.a. við upptök hans.

Af hálfu þeirra sem voru mættir vegna Mælifells kom fram að þeir litu svo á að jörðin skaraðist ekki við kröfu ríkisins og því væri enginn ágreiningur um mörk jarðarinnar. Að því búnu lauk þessum hluta vettvangsferðarinnar.

4.3.4 Norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar

Vettvangsferð í máli nr. 2/2023 var fram haldið sama dag við ágreiningssvæði við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar.

Hópurinn kom saman nálægt vegamótum vega nr. 733 og F734 sunnan Hanskafells, við hlið á girðingu sem liggur úr Kolluhvammsgreni, í grennd við norðurmörk þjóðlendu á Eyvindarstaðaheiði sem jafnframt eru suðurmörk ágreiningssvæðisins.

Þaðan var horft á ýmis kennileiti, m.a. á vegstæði sem landamerki Rugludals miðast við, auk þess sem rætt var um kröfulínur aðila.

Síðan var keyrt að Tvíhólum og lögmaður eigenda Steinár og Rugludals vakti sérstaka athygli á því að þeir væru tveir. Frá vestari hólnum var m.a. horft í átt að Vestari-Leirtjörn, sem er punktur nr. 3 á kröfulínu ríkisins, og rætt um staðsetningu hennar. Einnig var m.a. var horft á veginn austan Rugludals sem liggur inn á Eyvindarstaðaheiði og Hanskafell og að því búnu lauk þessum hluta vettvangs-ferðarinnar.

4.3.5 Norður- og vesturmörk Skrapatunguafréttar

Vettvangsferð í máli nr. 2/2023 var fram haldið fimmtudaginn 5. október 2023 á Blönduósi.

Af hálfu lögmanna gagnaðila ríkisins á svæði við vesturmörk Skrapatunguafréttar, þ.e. eigenda Mánaskálar og Núps, hafði komið fram að þeir teldu ekki þörf á vettvangsskoðun, m.a. í ljósi mynda og myndbanda sem lögð höfðu verið fram vegna Mánaskálar. Í samráði við þá lögmenn, og samkvæmt tillögu lögmanns eigenda Mánaskálar, hafði því verið ákveðið fyrirfram að skoða það ágreiningssvæði ekki sérstaklega og lögmennirnir voru því ekki viðstaddir.[6]

[6] Íslenska ríkið féll síðar frá kröfu sinni að því marki sem hún varðaði Mánaskál og Núp.

Ekið var norður frá Blönduósi, inn Norðurárdal eftir Þverárfjallsvegi og að bænum Hvammshlíð. Þar greindi málsaðili frá staðháttum og ýmsum örnefnum en hún benti m.a. á að heiti Svínanjúks og Sauðahnjúks hefðu víxlast á kröfulínukorti. Einnig nefndi lögmaður eiganda Hvammshlíðar fleiri dæmi um að örnefni hefðu víxlast eða væru á reiki.

Aðspurð sagði málsaðili að landspildan Pokafell sem hún hefði selt úr Hvammshlíðarlandi, sbr. staðfest landskipti, væri norðan við núverandi veg. Þá væri merkjapunkturinn Járnhryggjarhöfuð, sem vísað væri til í heimildum um jörðina og við nýlega lögbýlisstofnun, nær veginum en á kröfulínukortinu. Hann sæist á betri kortum og loftmyndum.

Ekið var frá Hvammhlíð, aðeins lengra eftir Þverárfjallsvegi og staðnæmst við sýslumörk Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Þaðan var horft á Járnhryggjarhöfuð og línuna milli þess og vörðu á Pokafelli sem hluti af merkjalýsingu Hvammshlíðar miðast við. Að því búnu lauk þessum hluta vettvangsferðarinnar.

4.3.6 Kornsártungur

Vettvangsferð í máli nr. 2/2023 var fram haldið sama dag við Haukagil í Vatnsdal.

Ekið var eftir slóða upp á Haukagilsheiði og stoppað við girðingu við mörk Gilhaga. Þar var skipt um farartæki og ekið á fjórhjólum og sexhjólum áfram inn á heiðina þar til komið var á Þrístapaháls. Þar sögðu fulltrúar málsaðila frá staðháttum, örnefnum, fyrirkomulagi við smölun o.fl. Horft var í átt að ánum og vötnunum sem afmörkun ágreiningssvæðisins miðast við, þ.e. Kleppukvísl, Kornsá, Kleppuvatni og Kornsárvatn.

Að því búnu var farið til baka að girðingunni þar sem skipt hafði verið um farartæki og þar lauk vettvangsferð í máli r. 2/2023.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila:

- Kári Gunnarsson, umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, vegna norðurmarka Hraunanna.
- Björn Magnússon á Hólabaki í Húnabyggð vegna Kornsártungna.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum þeirra er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal hliðsjónargagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga svæðanna sem málið varðar. Í hverjum hluta er fyrst greint frá elstu ritheimildum um landnám. Því næst verða raktar heimildir um kröfusvæði málsins og nærliggjandi og tengdar jarðir, einkum afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Umfjöllun um þær jarðir sem liggja að ágreiningssvæðunum takmarkast oftast við heimildir um afmörkun. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum kafla.[7]

5.1 Eyjafjörður

5.1.1 Landnám

Helgri magri nam land í Eyjafirði samkvæmt frásögn *Landnámu* og settist að í Kristnesi. Um hann er bæði fjallað í Sturlubók og Hauksbók *Landnámu*. Í Sturlubók segir:

> Um várit gekk Helgi upp á Sólarfjöll; þá sá hann, at svartara var miklu at sjá inn til fjarðarins, er þeir kölluðu Eyjafjörð af eyjum þeim, er þar lágu úti fyrir. Eptir þat bar Helgi á skip sitt allt þat, er hann átti, en Hámundr bjó eptir. Helgi lendi þá við Galtarhamar; þar skaut hann á land svínum tveimr, ok hét gölturinn Sölvi. Þau fundusk þremr vetrum síðar í Sölvadal; váru þá saman sjau tigir svína. Helgi kannaði um sumarit herað allt og nam allan Eyjafjörð milli Sigluness og Reynisness[8] ok gerði eld mikinn við hvern vatsós ok helgaði sér svá allt herað. Hann sat þann vetr at Bíldsá, en um várit færði Helgi bú sitt í Kristsnes.[9]

Lýsing Hauksbókar hljóðar svo:

> Þann vetr bjó Helgi at Bíldsá, en um sumarit kannaði hann herað allt ok nam Eyjafjörð allan millim Sigluness ok Reynisness ok gerði eld mikinn við hvern vatsós við sjó ok helgaði sér svá allan fjörðinn nesa millim. Einum vetri síðar (færði Helgi bú sitt) í Kristnes […] Eftir landnám skipti Helgi landi milli ættingja sinna. Gaf hann Hámundi mági sínum jarðir á milli Merkigils og Skjálgdalsár og Gunnari Úlfljótssyni, sem einnig var mágur hans, land upp frá Skjálgdalsá til Háls. Bjó Hámundur á Espihóli hinum syðri en Gunnar í Djúpadal. Þriðji mágur Helga, er nefndist Auðunn rotinn, fékk land upp frá Hálsi til Villingadals. Hann tók sér bólfestu í Saurbæ.[10]

Um Villingadal segir í *Landnámu*:

> Helgi gaf Auðuni rotin, syni Þórólfs smjörs, Þorsteinssonar skrofa, Gríms sonar kambans, Helgu dóttur sína, ok land upp frá Hálsi til Villingadals.[11]

5.1.2 Torfufell í Eyjafirði

Torfufell var á meðal jarða sem komu í hlut barna Þorvarðs Loftssonar í skiptabréfi hans frá 6. maí 1446.[12] Í jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms

---

7 Þessi kafli er að mestu leyti byggður á sögulegum greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands í málum nr. 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2009, 1/2013 og 2/2013 og eftir atvikum annarri gagnaöflun í þeim málum, að viðbættri umfjöllun um gögn sem aflað var að auki við meðferð máls nr. 2/2023, sbr. umfjöllun um tilhögun gagnaöflunar í kafla 4.2.

8 Reynisnes er vafalaust Gjögurtá.

9 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 250 og 252.

10 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 251 253, 264 og 266.

11 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 266.

12 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 678.

Pálssonar, frá 18. september 1501, er Torfufell 50 hundruð að dýrleika.[13] Torfufell með eyðikotinu Hólkoti var 50 hundruð að dýrleika í kaupmálabréfi Þórðar Þorleifssonar og Steinunnar Ólafsdóttur frá 2. júní 1556.[14]

Torfufell með Villingadal er sagt 60 hundruð að dýrleika í skiptabréfi, frá 2. september 1560, á eignum Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans.[15] Torfufell er 50 hundruð að dýrleika í arfaskiptum sem gerð voru eftir Þorleif Grímsson 5. júlí 1569.[16]

Jörðin Torfufell er áfram metin til 50 hundraða árið 1712 eins og segir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.[17] Þar með talið er hjáleigan Hólsgerði, en heimajörðin tíundaðist 40 hundruðum.

> Útigángur svipull fyrir fannlögum, og þarf roskið fje jafnlega frekan heystyrk, og lömb meira part fóður. Hestagánga í lakara lagi, og er þeim oftast burt komið. […]
>
> Engið er mikinn part af skriðum eyðilagt, og því er landskuldin aftur færð. Úthagarnir eru nægir.[18]

Þann 27. október árið 1738 að Torfufelli í Eyjafirði, var ásigkomulag jarðarinnar Torfufells tekið til athugunar. Fram kemur í matinu að Hólsgerði sé hjábýli heimajarðarinnar. Í framhaldi af skoðuninni var hundraðavirði Torfufells fært niður um rétt rúman helming:

> Efter þessu underlage og so voxnu sem sagt er nu verande Jardarinnar [Torfufells] asigkomulage, samanborenn vid hennar fyrrverande vyrding ad þesse Jord sem hingad til hefur vered reiknud fyrer 50 h(undruð) skule hier efter ei framar gylda enn 24 h(undruð) og þar efter tiund af hennj gialdast. Þessare vorre vyrding til stadfestu eru vor underskrifud nofn Anno Die, loco ut Supra. Arni Eigilsson, Asmundur Jonsson, Jon Sveinsson, Einar Asmundsson, Gudmundur Þordarson, Jon Sigurdsson.[19]

Þann 11. maí árið 1751, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, lögfesti sýslumaðurinn Þórarinn Jónsson jörðina Torfufell til þeirra landamerkja er aðrir áttu á móti og lagði bann við því að menn nýttu land Torfufells í án leyfis:

> Manntalsþinge af Kongl. Majst Sysslumanne Thorarne Jonssijne framfor efterskrifad fyrer Rettenum […] Logfeste Syslumadurenn Jordena Torfufell j Eyafyrde med underliggiande Hialeigu Hoolsgierde til þeirra landamerkia sem adrer eiga j mote med forbode a allre ologlegre brukun an eiganda leifes.[20]

Fram kemur í jarðaskiptasamningi frá 8. maí 1788 að Hólsgerði sé hjáleiga Torfufells.[21]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 á Torfufell hjáleiguna Hólsgerði. Hún hefur ekki eigin landamerki. Torfan hefur afrétt fyrir sig í Torfafellsdal.[22]

---

13 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 583.
14 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 132. Sjá einnig *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, bls. 463–464.
15 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 520.
16 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 291 og 293, sbr. einnig bls. 306 og 308.
17 Hér eftir verður vísað til hennar sem *Jarðabókar* Árna og Páls.
18 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 254–255.
19 Skjal nr. 2(99) í máli nr. 2/2008.
20 Skjal nr. 2(100) í máli nr. 2/2008.
21 *Alþingisbækur Íslands* XVII, bls. 251.
22 Skjal nr. 2(119) í máli nr. 2/2008.

Í Torfufelli var haft í seli á Torfufellsdal síðast árið 1881, eins og segir í sýslu og sóknalýsingum.[23]

Landamerkjabréf fyrir Torfufell var útbúið 21. maí 1889. Það var þinglesið þremur dögum síðar.[24]

> að sunnan milli Hólsgerðis og Torfufells eru merkin í jarðfastan stein […] og bein stefna úr honum niður til Eyjafjarðarár til fjallsins er óskipt land milli jarðanna. […] að norðan og vestan ræður Torfufellsá landamerkjum fram að svonefndri Galtá, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufell dalinn beggja vegna og fram á fjöll þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar, en frá Torfufellsgilskjafti eru landamerki beint strik í gilið, sem er næst fyrir utan Halldórsstaðatún. Hólsgerði á frítt fyrir sínar skepnur á Torfufellsdal.[25]

Tr. Sigurðsson, sem eigandi að parti og Þ(orsteinn) Thorlacius, í umboði eiganda að rúmum helmingi, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Stefánssyni, í umboði Jóns Bergssonar á Auðnum, eiganda Hólsgerðis, Friðriki Jóhannessyni, eiganda Syðri-Villingadals og Þ(orsteini) Thorlacius, umboðsmanni Lilju Jónsdóttur í Gullbrekku, eiganda að parti úr Leyningi.

Í kaflanum um Torfufell í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að henni fylgi upprekstrarlandið Torfufellsdalur.[26]

5.1.3 Hólsgerði í Eyjafirði

Hólsgerði er samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls 1712 hjáleiga úr Torfufelli, 10 hundraða virði, og býr yfir sömu kostum og ókostum og sú jörð.[27] Sjá kaflann um Torfufell.

Þann 27. október árið 1738 að Torfufelli í Eyjafirði, var ásigkomulag jarðarinnar Torfufells tekið til athugunar. Fram kemur í matinu að Hólsgerði sé hjábýli heimajarðarinnar. Nánar er fjallað um matið í kaflanum um Torfufell.

Fram kemur í jarðaskiptasamningi frá 8. maí 1788 að Hólsgerði sé hjáleiga Torfufells.[28]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 á Torfufell hjáleiguna Hólsgerði. Hún hefur ekki eigin landamerki. Torfan hefur afrétt fyrir sig á Torfafellsdal.[29]

Landamerkjabréf fyrir Hólsgerði var útbúið 21. maí 1889. Það var þinglesið 20. maí 1890:[30]

> Að sunnan milli Hólsgerðis og Úlfár eru merkin […] úr gömlum garðsstúf niður við Eyjafjarðará uppí 3 jarðfasta steina, sem vörður hafa verið hlaðnar á og úr þeim bein stefna til fjalls. Að norðan milli Tungufells [átt er við Torfufell] og Hólsgerðis […] til

---

23 *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu*, Akureyri 1972, bls. 182. Hér er um að ræða athugasemd frá útgefanda, en sýslulýsingarnar eiga við miðja 19. öld.
24 Skjal nr. 2(101) í máli nr. 2/2008.
25 Skjal nr. 2(56) í máli nr. 2/2008.
26 Skjal nr. 2(96) í máli nr. 2/2008.
27 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 255.
28 *Alþingisbækur Íslands* XVII, bls. 251.
29 Skjal nr. 2(119) í máli nr. 2/2008.
30 Skjal nr. 2(98) í máli nr. 2/2008.

> fjallsins er landið óskipt milli jarðanna. Að austan ræður Eyjafjarðará, en að […] vestan fjallsbrúnin. Jörðin á fría beit fyrir gjeldfé og stórgripi á Torfufellsdal.[31]

Jón Kristjánsson skrifaði undir landamerkjabréfið vegna eigandans Jóns Bergssonar. Það var samþykkt af Þ[orsteini] Thorlacius, í umboði eigenda að Þingeyjarsýslu að rúmum helming jarðarinnar Torfufells, Tr. Sigurðssyni sem skrifar: „Sömuleiðis samþykki jeg þessi landamerki, sem eigandi að parti í Torfufelli“ og Páli Hallgrímssyni, fyrir hönd eiganda jarðarinnar Úlfár.

Í kaflanum um Hólsgerði í fasteignamatinu 1916–1918 er nefnt að jörðin eigi fría beit á Torfufellsdal.[32]

5.1.4 Úlfá í Eyjafirði

Úlfá var ein þeirra jarða sem Kristófer konungur af Bayern skipaði undir Pétur Pétursson, hirðmann sinn, með bréfi dagsettu 10. ágúst 1447, nema ekkja Þorvarðs Loftssonar sem haldið hafði jörðinni fyrir Pétri gæti sannað að hún eða börn hennar ættu hana.[33] Í jarðaskiptum þeirra Þorvarðs Erlendssonar lögmanns og Gríms Pálssonar, bréfuðum 18. september 1501, er Úlfá sögð 16 hundruð að dýrleika.[34] Jón Marteinsson sór í óársettum vitnisburði, árfærðum til 1560, að hann hafi enga peninga tekið með kirkjunni á Hólum nema jarðirnar Úlfá og Villingadal. Þá hafi jarðirnar verið eignaðar Hólakirkju en hafi síðar gengið til skipta með erfingjum Þorleifs Grímssonar.[35] Úlfá er 10 hundruð að dýrleika í fyrrnefndum skiptum eftir Þorleif Grímsson sem voru bréfuð 2. september 1569.[36]

Árið 1697, þann 6. September, á héraðsþingi að Hrafnagili í Eyjafirði, kom eftirfarandi fram um dýrleika Úlfár í Eyjafirði:

> Gudbrandur Biornsson til panta setur til fullkomlegra loglegra ummráda uppa bigging samt Leigna og Landskullda medtekning efterskrifadar Jarder Ulfa liggiande j Eyafyrdj og Hóla Kyrkiusokn 10 h(undruð) ad dyrleika Landskulld 60 alin.[37]

Sama stað, ár og dag, er Úlfá boðin upp á 12 hundruð ásamt fleiri jörðum.[38] Á settu héraðsþingi þann 9. ágúst 1699 að Saurbæ i Eyjafirði, fær Magnús Björnsson nokkrar jarðir í Eyjafirði til eignar og meðferðar, þar á meðal Úlfá, sem þar er sögð 12 hundraða jörð.[39]

Segir svo um Úlfá í *Jarðabók* Árna og Páls 1712:

> Útigángur góður í meðalárum, og gengur þá fje gjaftrarlaust, en deyr þess á milli, þá harðara fellur. Hestagánga í meðallagi. […]

---

31 Skjal nr. 2(55) í máli nr. 2/2008.
32 Skjal nr. 2(96) í máli nr. 2/2008.
33 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 706.
34 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII.
35 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 555–556, og *Alþingisbækur Íslands* V, bls. 481.
36 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 306. Láðst hefur að geta mánaðar og mánaðardags í bréfinu en útgefandi telur það skrifað 2. september.
37 Skjal nr. 2(115) í máli nr. 2/2008.
38 Skjal nr. 2(116) í máli nr. 2/2008.
39 Skjal nr. 2(117) í máli nr. 2/2008.

> Skriður granda og enginu stórkostlega, og er valla teljandi það sem nú er eftir óspjallað. Úthagarnir eru víðlendir og búgóðir.[40]

Árið 1775 þann 13. maí á manntalsþingi að Öngulsstöðum í Staðarbyggð var upplesið gjafabréf hvar með Magnús Einarsson á Kerhóli gefur jörðina Úlfá í Eyjafirði:

> Var upplesed gjafabref Magnusar Einarssonar a Kerhole af 3ia Oct. næstl. hvar med hann gefur Þorsteine Þorsteinssyne og Konu hans Jordena Ulfaa i Ejafyrde.[41]

Þann 30. apríl árið 1777, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, framfór eigindómslýsing Ásgríms á Kerhóli yfir jörðinni Úlfá:

> Eigindoms Lysing Asgrims á Kerhoole yfer Jordenne Ulfaa, og protest ad Þorsteinn þar bue, nema med Eiganda Asgrims Leife, og Jardar Skilum til hanz.[42]

Í jarðamati 1804 kemur fram að hjáleigan Magnúsartóft liggi undir jörðinni.[43] Í viðauka við mat Úlfár í Jarðatali Johnsens er einnig rætt um þetta jarðamat og þess getið að með henni hafi verið talin eyðihjáleigan Magnúsartópt (Magnúsartóptir).[44]

Í jarðamatinu 1849 segir búfjárhaga góða við Úlfá.

> Búfjárhagar nógir, og góðir fyrir sauðfé, en þurrir og hrjóstrugir fyrir stórgripi. Engin fleiri hlunnindi.[45]

Landamerkjabréf Úlfár er ódagsett. Miðað við nærliggjandi gjörninga í bókinni, þá var það líklega gert 24. maí 1888. Því var þinglýst á Saurbæjarmanntalsþingi:

> Að austan ræður Eyjafjarðará. Að sunnan bein stefna frá Eyjafjarðará í Hafrárgljúfur, þaðan ræður Hafrá til fjallsbrúnar.
>
> Að vestan ræður fjallsbrúnin.
>
> Að norðan ráða steinvörður, sem hlaðnar eru ofaná þrjá jarðfasta steina beina stefnu frá Eyjafjarðará til fjallsbrúnar.[46]

Páll Hallgrímsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði jarðareigenda. Það var samþykkt af Tryggva Sigurðssyni, fyrir hönd eiganda Hólsgerðis, og Helgu Jóhannesdóttur og R. Bjarnasyni, eigendum Arnarstaða.

Í kaflanum um Úlfá í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að landamerki jarðarinnar séu talin ágreiningslaus og að henni fylgi upprekstrarland. Mikill ágangur er af afréttarfé.[47]

Úlfá var lögð undir Hólsgerði 1930 og síðan hefur hún verið nytjuð þaðan eða frá Torfufelli, samkvæmt því sem greinir í *Byggðum Eyjafjarðar 1990.*[48]

---

40 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 255–256.
41 Skjal nr. 2(121) í máli nr. 2/2008.
42 Skjal nr. 2(122) í máli nr. 2/2008.
43 Skjal nr. 2(154) í máli nr. 2/2008.
44 Skjal nr. 4(7) í máli nr. 2/2008.
45 Skjal nr. 2(198) í máli nr. 2/2008.
46 Skjöl nr. 2(54) og 4(66) í máli nr. 2/2008.
47 Skjal nr. 2(96) í máli nr. 2/2008.
48 *Byggðir Eyjafjarðar 1990* II, bls. 924–925.

5.2 Öxnadalur

5.2.1 Landnám

Samkvæmt *Landnámu* námu tveir menn Öxnadal. Hét annar Þorsteinn þursasprengir. Hann nam Öxnadal allan og bjó að Vatnsá.[49] Hinn landneminn hét Auðólfur og eignaði hann sér dalinn niður frá Þverá til Bægisár. Auðólfur átti heima að Syðri-Bægisá.[50]

5.2.2 Vaskárdalur

Bræður á Munkaþverárklaustri samþykktu, með bréfi frá 25. mars 1375, vegna þröngvandi nauðsynjar sölu Árna ábóta, á þeim hluta Skriðulands í Öxnadal sem Gróa Oddsdóttir hafði gefið með sér í próventu, til Guðmundar Sigurðssonar.[51] Salan á hálfu Skriðulandi fór svo fram 19. maí 1375 en jörðinni fylgdi:

> […] lambarekstr ok gielldfiaar framm j almenningh ifer vaskaa.[52]

Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar segir í máldaga Miklagarðskirkju:

> þessar jtolur sagdi ornolfur j þuerardal af modru(u)ollum. … er oc sagdur vij. folallda rekstur j vaskarogsl.[53]

Jörðin Djúpidalur / Stóridalur í Saurbæjarhreppi er skráð eigandi Vaskárdals í *Jarðabók* Árna og Páls 1712.

> Selför með tilliggjandi landi á jörðin austan framm á Djúpadal, á millum Strjúgsár og Merkisgarðs með hálfum þverdal, og brúkast jafnlega. Vaskárdal á jörðin og heim í Axlir, en engin not hefur jörðin þessa afrjett(ar), en áður hafa þángað verið reknir hestar á sumur. [54]

Í sömu heimild kemur fram í umfjöllun um Gloppu:

> Vaskárkot er hjer nefnt í landinu.[55]

Þann 13. júní 1794, setti sýslumaðurinn Jón Jakobsson manntalsþing að Skriðu í Hörgárdal. Þar kom eftirfarandi fram um Vaskárdal og notkun afrétta í Skriðuhrepp:

> Vidara kom til Trakteringar, hvorjar afretter framveiges brúkast skulu, i þessum Hrepp, og verdur þad eftir Sidveniu Öxnadalsheide, almenningr og Þverárdalur med Vaskárdal, fyrer Öxndælinga. Enn úr Hörgardal, Hörgárdalur, Flögudalur og Mirkardalur. Þá og so Sveigurinn og Barkárdalur hafa vered her ~~gam~~ gamlar afretter.[56]

---

49 Bæjarnafnið er nú glatað, en munnmæli voru í Öxnadal að Hraun hafi heitið Vatnsá; nafnið Hraun kemur fyrst fyrir á 14. öld. (*Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 257 (Sturlubók).)

50 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 257 og 259 (Sturlubók).

51 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, Kaupmannahöfn, 1857–1972, bls. 296.

52 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 298.

53 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 313, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 65–66. Umræddur heimildarmaður mun vera Örnólfur Þórðarson í Miklagarði, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 1095.

54 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 237.

55 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 152, 155 og 162.

56 Skjal nr. 2(86) í máli nr. 3/2008.

Í kaupbréfi frá 18. febrúar 1841 kemur fram að afréttarlandið Vaskárdalur liggi fram af Austurbyggð í Öxnadal.[57]

Þann 7. júní 1841, var haldið kóngsbréfaupplesturs- og manntalsþing að Glæsibæ í Eyjafirði, þar sem afréttarlandið Vaskárdalur var selt fyrir 72 ríkisbankadali:

> 2. [Afsalsbréf] af 18da februar 1841, hvarvid prestur síra Arni Halldórsson á Tjorn selur Bónda Jóni Bergssyni á Gardshorni afréttarlandid Vaskárdal innast Yxnadal fyrir 72 rbd r.s.[58]

Degi síðar að Skriðu í Hörgárdal, þann 8. júní 1841, var fyrrtéð afsalsbréf upplesið.[59]

Í jarðamati 1849 er Vaskárdal lýst með svofelldum hætti:

> Það er dalur – afréttarland – sem liggur suðaustanmeginn við Gloppu afrétt; er hann ei vídlendt pláts, víðast snögglendur og á sumum stöðum undirorpinn skriðuáföllum. Hann er yfirhöfuð kjarngóðir sauðfjárhagar; þó eru stórgripahagar á nokkrum hluta hans, og er á sumrum tekið á hann sauðfé nokkurt og naut.[60]

Í verðhæðarbók jarðamatsins 1849 segir um Vaskárdal:

> 216. Vaskárdalur – afréttur. 50 rdl.[61]

Í sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu, við lýsingu Bakkasóknar, segir um landsvæðið við mörk Vaskárdals:

> Fram frá Gloppu liggur fjallið enn nú, allt fram að svokölluðum Gloppukinnum, sem liggja til suðausturs allt fram að svokölluðum Melrakkadal, sem er lítill afdalur og liggur rétt í austur. Þessar straxnefndu Gloppukinnar brúkast fyrir afréttarland og grasatekju. Þar sem þessar Kinnar taka enda, tekur Vaskárdalur við, sem liggur í landsuður. Þá tekur við svokallaður Almenningur að austanverðu við Yxnadalsá, en að vestanverðu Seldalur. Allt eru þetta afréttarlönd, almennt brúkuð bæði úr sjálfum Öxnadal, Þelamörk, og innan úr Kráklingahlíð, [Kræklinga-].[62]

Þann 21. júní 1859, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var afréttin Vaskárdalur friðlýst, og öll íneysla bönnuð, undir sektir að lögum:

> 7. Var fridlýsing á afrjettinni Vaskárdal <u>frá</u> [<u>ofan línu</u>] Jóns Bergssonar á Launguhlíd ad hann bannar öllum undir sektir ad lögum alla íneytslu þar, hverju nafni sem heitir, dagsett 21. Júní þ.m.[63]

Landamerkjabréf fyrir Gloppu, sem er aðliggjandi Vaskárdal að norðanverðu, er dagsett 16. janúar 1883:

> Að sunnan ræður Vaská.
>
> Undir jörðina heyra Melrakkadalur og Kinnar að Melrakkaá. [64]

Stephán Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Arnljóti Ólafssyni, hvað varðaði að Gloppá teldist markalína milli Fagraness og Gloppu, Jóni

---

57 Skjal nr. 4(39) í máli nr. 3/2008.
58 Skjal nr. 2(87) í máli nr. 3/2008.
59 Skjal nr. 2(88) í máli nr. 3/2008.
60 Skjal nr. 2(126) í máli nr. 3/2008.
61 Skjal nr. 2(126) í máli nr. 3/2008.
62 Kristján Þorsteinsson: „Bægisár- og Bakkasókn“, *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*, Akureyri. 1972, bls. 157 og 159.
63 Skjal nr. 2(89) í máli nr. 3/2008.
64 Skjal nr. 2(29) í máli nr. 3/2008.

Bergssyni sem handsalaði vegna Varmvatnshóla og Júlíusi Hallgrímssyni settum hreppsnefndaroddvita, sem samþykkti fyrir hönd Skriðuhrepps að Vaská teldist landamerkjalína milli Gloppulands og Almennings sem tilheyrði Skriðuhreppi.

Landamerkjabréf fyrir Litla-Dal, sem er aðliggjandi Vaskárdal að austanverðu, er dagsett 18. maí 1885 og þinglesið sama dag:

> [S]íðan ræður Hagá í merkjum á fjall upp. […] Djúpadalsá á fjall upp.[65]

Landamerkjabréfið var ekki áritað um samþykki vegna Vaskárdals.

Landamerkjabréf fyrir Kambfell sem er sunnan og suðaustan við Vaskárdal er dagsett 27. maí 1885 og þinglesið sama dag.

> Landamerki jarðarinnar Kambfells í Saurbæjarhreppi er að sunnan Hrauná fram í gegn á Hraunárdal. […]
>
> Að norðan er Hagá merki fram í gegn á Hagárdal.[66]

Landamerkjabréfið var ekki áritað um samþykki vegna Vaskárdals.

Í fasteignamatinu 1916–1918 er að finna kafla um afréttarlandið Vaskárdal. Segir svo um Vaskárdal:

> Eigandi Jón Guðmundsson bóndi á Krossastöðum. Hreppsnefnd hefir ákveðið að reka megi í landið 500–600 fjár. Land þetta er metið á kr. 200. [67]

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Vaskárdal.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu tilheyrt eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.[68] Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.[69] Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningsbotni. Áin er vatnslítil í afréttinni og engir teljandi fossar þar. […] Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[70]

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

> Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu

[65] Skjal nr. 2(110) í máli nr. 3/2008.
[66] Skjal nr. 2(110) í máli nr. 3/2008.
[67] Skjal nr. 2(93) í máli nr. 3/2008.
[68] Skjal nr. 2(58) í máli nr. 3/2008.
[69] Skjal nr. 2(59) í máli nr. 3/2008.
[70] Skjal nr. 2(60) í máli nr. 3/2008.

> býli. […] Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[71]

Þann 3. júlí 1940, á hinu árlega manntalsþingi Öxnadalshrepps var tekið fyrir afsal á afréttarlandinu Vaskárdal:

> 2. G. 277. Málfríður Baldvinsdóttir, Moldhaugum afsalar Öxnadalshreppi ½ afrettarlandinu Vaskárdalur.[72]

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér eftirfarandi upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.[73]

> Vaskárdalur.
>
> Afréttarmörk eru Melrakkaá og Rauðskriðuá að vestan Rauðskriðudalur er sunnan Vaskár, liggur til suðurs í fjallgarðinn austan Almenningsfjalls.
>
> Hann er brattur og mjög ílla gróinn, að austanverðu. Melrakkadalur liggur í aust- norð austur og síðan í norður. Austurhlíðin er fremur hrjóstug. Vaskárdalur liggur í austur og síðan suðaustur. Suðurmörkin eru Rauðskriðufjall milli Vaskárdal og Rauðskriðudals.
>
> Austan Melrakkadals ræður fjallsraninn að Melrakkaöxl. í norður er Melrakkaöxlin, þaðan fjallsraninn að botni Vaskárdals. Úr dalbotninum er stutt í Hagárdal í Eyjafirði enda fyrrum farið.
>
> Vaskárdalur er mjög vel gróinn og grösugur. Nær allt landið er þurlent. Mest skriðuhriggir og grundir, kjörið sauðland.
>
> Ítala 400 fjár fullorðið 5 hross.
>
> Um eignarrétt Vaskárdals hefur gengið á ýmsu, síðan Bægisárkirkja selur dalinn 1841.
>
> Ítök annara jarða hafa hér ekki fundist.
>
> Núverandi eigendur: Pétur Steindórsson bóndi Krossastöðum Glæsibæjarhreppi að hálfu og Rútur Þorsteinsson Byggðavegi 148 Akureyri, hinn helminginn.[74]

Með afsali, sem dagsett er 22. janúar 1980, afsalaði Rútur Þorsteinsson helmingi Vaskárdals til Öxnadalshrepps. Í afsalinu segir:

> Lýsing hins selda afréttarlands er þannig: Afréttarmörk eru Melrakkaá og Rauðuskriðuá að vestan, Að sunnan Rauðuskriðufjall milli Vaskárdals og Rauðuskriðudals. Að austan fjallsraninn að botni Vaskárdals.[75]

Öxnadalshreppur er skráður eigandi hálfs Vaskárdalsafréttarlandsins árið 1980.[76] Helmingur afréttarinnar er í einkaeigu árið 1990.[77]

Í nóvemberlok 2008 skrifuðu eigendur jarðanna Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár, Flatatungu og Merkigils í Akrahreppi undir yfirlýsingu um landamerki jarða þeirra. Þar kemur fram að þau séu:

---

71 Skjal nr. 2(60) í máli nr. 3/2008.
72 Skjal nr. 2(90) í máli nr. 3/2008.
73 Skjal nr. 4(37) í máli nr. 3/2008.
74 Skjal nr. 4(37) í máli nr. 3/2008.
75 Skjal nr. 13(4) í máli nr. 3/2008.
76 Skjöl nr. 4(34) og 4(35) í máli nr. 3/2008.
77 Skjal nr. 4(35) í máli nr. 3/2008.

> […] sammála um að vatnaskil ráði landamerkjum jarða okkar þar sem lönd okkar liggja saman á fjallinu milli Seldals í Hörgárbyggð og Egilsárdals, Tungudals og Merkidals í Skagafirði, enda er enga aðra lýsingu á merkjum að finna milli þessara jarða í landamerkjabréfum þeirra.[78]

Yfirlýsingunni fylgdi uppdráttur af landamerkjum jarðanna en undir hana skrifuðu Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar, Agnar H. Gunnarsson oddviti Akrahrepps, Einar Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Guðmundsdóttir.

Við skýrslutökur í máli nr. 3/2008 fyrir óbyggðanefnd 2. desember 2008 kom fram að Vaskárdalur hefði verið nýttur sem upprekstrarland fyrir búfé af jörðum í Hörgárbyggð.[79]

5.2.3 Almenningur í Öxnadal

Bræður á Munkaþverárklaustri samþykktu, með bréfi frá 25. mars 1375, vegna þröngvandi nauðsynjar sölu Árna ábóta, á þeim hluta Skriðulands í Öxnadal sem Gróa Oddsdóttir hafði gefið með sér í próventu, til Guðmundar Sigurðssonar.[80] Salan á hálfu Skriðulandi fór svo fram 19. maí 1375 en jörðinni fylgdi:

> […] lambarekstr ok gielldfiaar framm j almenningh ifer vaskaa.[81]

Guðný Guðmundsdóttir seldi séra Birni Gíslasyni jörðina Þverbrekku í Öxnadal með bréfi gerðu 4. maí 1568 á Bakka. Í kaupbréfinu eru landamerki tilgreind og þess getið að jörðin eigi m.a.:

> […] fiordung j almenninge.[82]

Almenningur er notaður af öllum bæjum í Öxnadal samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls 1712.

> Upprekstur, sem nefndur er frá sjerhverjum bæ í öllum Yxnadal (að frátekinni Þverbrekku, sem sjálf þar ítak á), á Almenníng fyrir lömb, hann liggur framm af bygðinni fyrir austan Yxnadalsá, hvörs pláss drög liggja til Eyjafjarðar.
>
> Grasatekja er á fyrnefndum Almenníngi, fáeinum bæjum tilnægilegra þarfinda, kannski iv-um eða v. Ómögulegt væri hjer bygð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi.[83]

Í umfjöllun jarðabókarinnar um Neðstaland, Efstalandskot, Miðland, Steinsstaði, Þverá, Fagranes, Hóla, Engimýri, Geirhildargarða (Geyrreiðargarða), Gloppu, Skriðu (Neðri-Lönguhlíð) og Syðri-Bægisá er sérstaklega getið um upprekstur í Almenning.[84]

Viðbót við texta Skriðuþingssóknar í *Jarðabók* Árna og Páls um upprekstrarréttindi úr sókninni eru svohljóðandi:

---

78 Skjal nr. 8(6) í máli nr. 3/2008.
79 Sjá uppskrifaðar skýrslur meðal hliðsjónargagna í máli nr. 3/2008.
80 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 296.
81 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 298.
82 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 96.
83 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 137.
84 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 152 og 155–162.

> Upprekstur, sem nefndur er frá sjerhverjum bæ í öllum Yxnadal (að frátekinni Þverbrekku, sem sjálf þar ítak á), á Almenníng fyrir lömb, hann liggur framm af bygðinni fyrir austan Yxnadalsá, hvörs pláss drög liggja til Eyjafjarðar.
>
> Grasatekja er á fyrnefndum Almenníngi, fáeinum bæjum til nægilegra þarfinda, kannske ivum eða v. Ómögulegt væri hjer bygð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi.[85]

Í jarðabókinni 1760 segir:

> Præstegaarde udi Øefiords Syssel udi Glæsibæar Thing=Sogn
>
> 1. Bægisaae ytre
>
> Alminding paa Øxnadalsheide Skov í Stadatunge Egn.[86]

Þann 13. júní 1794, setti sýslumaðurinn Jón Jakobsson manntalsþing að Skriðu í Hörgárdal. Þar kom eftirfarandi fram um Almenning og notkun afrétta í Skriðuhreppi:

> Vidara kom til Trakteringar, hvörjar afretter framveiges brúkast skulu, i þessum Hrepp, og verdur þad eftir Sidveniu Öxnadalsheide, almenningr og Þverárdalur med Vaskárdal, fyrer Öxndælinga. Enn úr Hörgardal, Hörgárdalur, Flögudalur og Mirkardalur. Þá og so Sveigurinn og Barkárdalur hafa vered her ~~gam~~ gamlar afretter.[87]

Í jarðamati 1804 kemur fram að hjáleigurnar Árgerði og Hálsgerði tilheyri Þverá. Varðandi afrétt jörðinni tilheyrandi, er vísað til upplýsinga um jörðina Hóla í Öxnadal.

> De öde Hialejer Aargerde og Halsgerde eru herunder indbefattede. […]
>
> Angaaende en hertil stående Afret, eftersees Noten ved det næstfölgende No. [Hólar í Öxnadal].[88]

Á manntalsþingi, 8. júní 1841, að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta frá 22. maí 1771, í nafni eiganda jarðarinnar Bakka í Öxnadal, Egils Tómassonar, fyrir téðrar jarðar túni, engjum og úthaga. Þrír bændur mótmæltu lögfestu Egils, hvað áhrærði afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal.[89]

B.H. Borgen amtmaður, að norðan og austan, skrifaði rentukammeri 10. ágúst 1842. Þar getur hann dómsmáls sem upp sé risið á milli Egils Tómassonar á Bakka og Sigurðar Sigurðssonar hreppstjóra á Þverbrekku um rétt til fjárreksturs í „almenning (Alminding)“ á hinni svokallaðri Öxnadalsheiði.

Árið 1849 hafði jörðin frían upprekstur á afréttinn Almenning fram af Öxnadal.[90]

Í landamerkjabréfi Syðri-Bægisár, dags. 1. október 1884, segir:

> Á Almenningi á tjeð jörð frían upprekstur og grasatekju.[91]

Bréfið var undiritað af Þorsteini Daníelssyni og J. Andréssyni og samþykkt af Einari Ásmundssyni vegna Staðartungu og Miðhólsstaða og Arnljóti Ólafssyni vegna Ytri-Bægisár og Neðstalands.

---

85 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 162.
86 Skjal nr. 2(33) í máli nr. 3/2008.
87 Skjal nr. 2(82) í máli nr. 3/2008.
88 Skjal nr. 2(99) í máli nr. 3/2008.
89 Skjal nr. 2(121) í máli nr. 3/2008.
90 Skjal nr. 2(114) í máli nr. 3/2008.
91 Skjal nr. 2(19) í máli nr. 3/2008.

Í jarðamati 1849 kemur fram að það fylgi Varmavatnshólum, Bessahlöðum, Hálsi, Hrauni, Auðnum, Bakka, Hraunhöfða og Skjaldastöðum frír upprekstur á Almenning.[92] Einnig segir að Þverbrekka eigi 1/6 part úr afréttinum Almenningi fyrir austan Öxnadalsá.[93] Þá kemur fram að jarðirnar Neðstaland, Miðland, Efstaland og Efstalandskot eigi upprekstur í Almenning en þess er ekki getið í umfjöllun um Engimýri, Geirhildargarða eða Fagranes. [94]

Landamerkjabréf fyrir Gloppu, sem er aðliggjandi Almenningi að norðanverðu, var útbúið þann 16. janúar 1883:

> Að sunnan ræður Vaská. […] Undir jörðina heyra Melrakkadalur og Kinnar að Melrakkaá. [95]

Stephán Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Arnljóti Ólafssyni, hvað varðaði að Gloppá teldist markalína milli Fagraness og Gloppu, Jóni Bergssyni, sem handsalaði vegna Varmvatnshóla og Júlíusi Hallgrímssyni, settum hreppsnefndaroddvita, sem samþykkti fyrir hönd Skriðuhrepps að Vaská teldist landamerkjalína milli Gloppulands og Almennings sem tilheyrði Skriðuhreppi.

Landamerkjabréf fyrir Miðland var útbúið þann 16. janúar 1883. Þar kemur fram um upprekstur:

> Jörðin á frían upprekstur á Almenning. [96]

Landamerkjabréf fyrir Efstaland var útbúið þann 1. ágúst 1884. Þar segir:

> Jörðin á frían upprekstur í Almenning á Yxnadal.[97]

Landamerkjabréf fyrir Efstalandskot var útbúið þann 1. ágúst 1884 og því var þinglýst 29. maí 1888. Þar segir:

> Jörðin á frían upprekstur í Almenning í Yxnadal. [98]

Landamerkjabréf fyrir Skriðu í Hörgárdal var útbúið í maí 1885 og því var þinglýst 2. júní 1887. Þar segir:

> Einnig á Jörðin Skriða allan geldfjárrekstur frían í Almenning í Öxnadal. Merkjalýsing þessi er samkvæmt gömlum sölubrjefum, lögfestum og öðrum skjölum frá 1491, 1593 og 1792. [99]

Landamerkjabréf fyrir Neðstaland er dagsett 8. júní 1922. Þar segir:

> Jörðin er talin eiga frían upprekstur á almenning. [100]

Landamerkjabréf fyrir Geirhildargarða var útbúið þann 22. maí 1891 og því var þinglýst degi síðar. Þar segir:

---

92 Skjal nr. 2(22) í máli nr. 3/2008.
93 Skjal nr. 2(114) í máli nr. 3/2008.
94 Skjal nr. 2(114) í máli nr. 3/2008.
95 Skjal nr. 2(29) í máli nr. 3/2008.
96 Skjal nr. 2(21) í máli nr. 3/2008.
97 Skjal nr. 2(22) í máli nr. 3/2008.
98 Skjal nr. 2(23) í máli nr. 3/2008.
99 Skjal nr. 2(32) í máli nr. 3/2008.
100 Skjal nr. 2(20) í máli nr. 3/2008.

> Jörðin á frían upprekstur á Almenning austan Yxnadalsár. [101]

Þann 20. júní árið 1916 kom hreppsnefnd Öxnadalshrepps saman á Þverá. Þar gerði hún samning við Jónas Jónsson bónda í Bakkaseli um leigu á afréttinum Almenningi. Jónas tók afréttinn á leigu fyrir það fardagaár er þá stóð yfir fyrir 20 krónur, þó þannig að frá eftirgjaldinu myndi dragast undirgift þess penings sem þeir menn er áttu frían upprekstur á afréttinn. Jónas skyldi bera allan kostnað og lögleg skil á afréttinum.[102]

Í fasteignamati 1916–1918 kemur fram að Þverbrekka, Háls, Skjaldastaðir, Neðstaland, Miðland, Efstaland, Efstalandskot og Steinsstaðir eigi upprekstrarrétt í Almenning.[103] Hins vegar er ekki getið um að Engimýri, Geirhildargörðum eða Fagranesi tilheyri þar upprekstur.

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu* stendur um Bakkakirkjusókn:

> 3. afdalur er Almenningur, liggur fram af sjálfri sveitinni Öxnadalnum, en mjög svo í sveig næstum til hásuðurs og liggur lítið hærra en sveitin. Að austanverðu við hann er Almenningsfjallið og að vestanverðu Seldalsfjallið, enda er dalur þessi þeim megin oftast Seldalur nefndur. – Þessi dalur er býsna langur, svo drag hans er nálægt dragi Hvassafellsdals, sem gengur til suðvesturs úr Eyjafirði. –
>
> […] *Afréttarlönd* eru þar eiginleg: Almenningur svokallaður, á hvern 11 jarðir eiga frían upprekstur nefni[lega]: 1. Neðstaland í Bægisársókn, 2. Miðland, 3. Gloppa, 4. Gil, 5. Varmavatnshólar, 6. Bessahl[aðir], 7. Þverbrekka, 8. Háls, 9. Hraun, 10. Bakki og 11ta Skriða í Hörgárdal. Almenningur þessi inniheldur eiginlega; fyrrnefndan Almenning og Seldal, Öxnadalsheiði norðan til og fyrrnefndan Gilshjalla; þar hjá mega fleiri sveitarjarðir (sóknarinnar) brúka þennan almenning fyrir betaling; líka brúka hann nokkrir utansóknarmenn, til að m. úr Glæsibæjarhrepp, – Eiginlegar fjárskila- eða lögréttir eru þar 2, sú önnur niður frá bænum Þverá við Öxnadalsá, en hin við Vaská, sem fyrr er getið. Þar hjá eru brúkaðir til afrétta heimalöndin Hóla- og Þverárdalur, Vaskárdalur og þar viðliggjandi pláss, nefndar Gloppukinnar. […][104]

Í sömu bók segir í kaflanum um Bægisár- og Bakkasókn:

> Afréttarlönd úr sókninni eru á Þverár- og Hóladölum og svokölluðum Almenningi, sem liggur fram úr dalnum.
>
> […] [Bakkasókn] […] Fram frá Gloppu liggur fjallið enn nú, allt fram að svokölluðum Gloppukinnum, sem liggja til suðausturs allt fram að svokölluðum Melrakkadal, sem er lítill afdalur og liggur rétt í austur. Þessar straxnefndu Gloppukinnar brúkast fyrir afréttarland og grasatekju. Þar sem þessar Kinnar taka enda, tekur Vaskárdalur við, sem liggur í landsuður. Þá tekur við svokallaður Almenningur að austanverðu við Yxnadalsá, en að vestanverðu Seldalur. Allt eru þetta afréttarlönd, almennt brúkuð bæði úr sjálfum Öxnadal, Þelamörk, og innan úr Kráklingahlíð, [Kræklinga-].[105]

Þann 29. maí 1888, á árlegu manntalsþingi Skriðuhrepps, mótmæltu eigendur Bakka landamerkjum jarðarinnar Hrauns, og fríum upprekstri þeirrar jarðar á Almenning á Öxnadalsheiði:

---

[101] Skjal nr. 2(27) í máli nr. 3/2008.
[102] Skjal 4(191) í máli nr. 1/2009.
[103] Skjal nr. 2(93) í máli nr. 3/2008.
[104] Kristján Þorsteinsson: „Bakkakirkjusókn“, *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*, bls. 144, 149 og 151.
[105] Kristján Þorsteinsson: „Bægisár- og Bakkasókn“, *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*, bls. 157 og 159.

> Landamerki jardanna: a. Þúfnavalla, b. Þverbrekku, c. Efstalandskots, d. Hrauns, e. Háls, f. Varmavatnshóla. Eigendur Bakka mótmæltu hvad landamerki jardarinnar Hrauns snerti, að sú jörd ætti frían upprekstur á Almenning á Yxnadalsheidi.[106]

Á aukasveitarfundi Öxnadalshrepps þann 11. mars 1913 komu fram tvær fyrirspurnir frá fulltrúa Akrahrepps. Önnur var svohljóðandi.

> Hvort hann [fundurinn] vildi ekki samþykkja að Akrahreppur í Skagafirði fengi almenning keyptan til eignar eða leigu, og mætti girða á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir.

Einnig spurði hann:

> Hvort fundurinn vildi ekki samþykkja að Öxnadals og Akrahreppar mynduðu félag um einn og sömu afrétt á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir með nánari skilyrðum sem hreppum beggjum kæmu sér saman um.[107]

Eftir umræður um þessi mál frestuðu fundarmenn því að taka ákvörðun um þau. Þann 14. júní 1913 var fulltrúa Akrahrepps tilkynnt að sveitarfundur (Öxnadalshrepps) hefði hafnað beiðni hreppsins um afrétt.[108] Sama dag var fjárskilastjóra Glæsibæjarhrepps tjáð að umráðamaður Almennings hefði verið beðinn um að leyfa hreppsbúum að nota afréttina.[109]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu tilheyrt eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.[110] Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.[111] Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningsbotni. Áin er vatnslítil í afréttinni og engir teljandi fossar þar. […] Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[112]

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

> Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu

[106] Skjal nr. 2(83) í máli nr. 3/2008.
[107] Skjal nr 4(43) í máli nr. 3/2008.
[108] Skjal nr 4(43) í máli nr. 3/2008.
[109] Skjal nr. 4(38) í máli nr. 3/2008.
[110] Skjal nr. 2(58) í máli nr. 3/2008.
[111] Skjal nr. 2(59) í máli nr. 3/2008.
[112] Skjal nr. 2(60) í máli nr. 3/2008.

býli. […] Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[113]

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér eftirfarandi upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.[114]

Almenningur.

Hér er enginn vafi á afréttarmörkum.

Rauðskriðuáin í austri, Vaská að norðan, Öxnadalsá að vestan frá ármótum Vasksár að Nautá, skiptir þar um nafn og heitir síðan Seldalsá.

Hún skiptir afréttarmörkum Seldals og Almenning allt til dalbotnins.

Þess ber að géta, stutt neðan við dalbotninn skiptist Seldalsáin í tvær kvíslar. Vestari kvíslin liggur til suðurs, en hin til suðausturs.

Landið milli kvíslanna heitir Þorbjarnartungur og tilheira Almenning.

Austurmörk framar Rauðskriðudals, takmarkast af Almenningsfjalli.

Hér er besta og land landstærsta afréttarlandið í Öxnadal. Ítala 600 fulornar kindur 15 hross.

Rauðskriðudalur ílla gróinn að vestanverðu og lélegasta beitilandið.

Landið frá Almenningsöxl að Rauðskriðuá heitir Rauðskriðukinnar, þær eru sundurskornar af giljum.

Sæmilega vel grónar en mikið ber á lyngi.

Annað af landinu einkennist af þurrum skriðuhriggjum og vallendisgrundum. Ákjósanlegur sauðgróður.

Allt er landið þurt, utan smá flói á móti Bakkaseli. Öxnadalsheppur á Almenning, vísast til þess í landam.l. Gloppu. Vottorð oddvita Skriðuhrepps Júlíusar Hallgrímssonar, frá 16 maí 1883. Þar eiga eftirtaldar jarðir fríjan upprekstur:

Syðri-Bægisá sjá landamerkjal. frá 1 okt 1884.

Neðstaland sjá landam.l. frá 30 apríl 1891.

Miðland landam.l. frá 16 jan. 1883.

Efstaland landam.l. frá 1 ágúst 1884

Efstalandskot frá 1 ágúst 1884.

Steinsstaðir (Steinsstaðir 1) samkv. úttektarbók 1916.

Hólar samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar, 1702.

Geirhildargarðar sjá landam.l. 22 maí 1891.

Varmavatnshólar sjá landamerkjal. frá 30 apríl 1888.

Bessahlaðir sjá landaml. frá 24 júní 1884.

Þverbrekka sjá landam.l. frá 1maí 1888 og jarðabók Árna Magnússonar frá 1702, þar stendur:

Ítök sjöttungur lands á Almenning.

Háls sjá landam.l. frá 24 apríl 1888.[115]

[113] Skjal nr. 2(60) í máli nr. 3/2008.
[114] Skjal nr. 4(37) í máli nr. 3/2008.
[115] Skjal nr. 4(37) í máli nr. 3/2008.

Um Skriðu í Hörgárdal stendur:

> Frír upprekstur á Almenning austan Yxnadalsár fyrir geldfé. Landamerkjal. frá 1 maí 1885.
>
> Hvort fleiri jarðir eigi hér fríjan upprekstur, verður ekki slegið föstu.
>
> Í jarðabók Árna Magnússonar stendur um Hraun, Auðni, Hraunshöfða og Skjaldastaði, – frír upprekstur á Almenning.
>
> Almenningur var einnig kallaður partur á Öxnadalsheiði austan Grjótár.
>
> Ljóst er að nafnið Almenningur, hefur getað valdið ruglingi einkum ókunnugum.
>
> Bakkakirkja átti Öxnadalsheiði, og auk Bakka eiga Auðnir og Hraun þar fríjan upprekstur.
>
> Sagnir herma um fjárrekstra frá Skjaldastöðum og Hraunshöfða á Öxnadalsheiði
>
> Með þetta í huga, set ég réttindi áðurnefndra jarða (hjá Almenning) á Öxnadalsheiði.[116]

Við skýrslutökur í máli nr. 3/2008 fyrir óbyggðanefnd 2. desember 2008 kom fram að Almenningur hefði verið nýttur sem upprekstrarland fyrir búfé af jörðum í Hörgárbyggð.[117]

5.2.4 Bakkasel, Öxnadalsheiði o.fl.

Býli var reist í Bakkaseli árið 1850, en áður var þar selstaða frá Bakka.[118] Eldri heimildir um svæðið tengjast einkum afréttarréttindum Bakka, Bægisár o.fl. á Öxnadalsheiði en hér verða bæði raktar upplýsingar um þær heimildir og heimildir sem varða Bakkasel sérstaklega.

Björn Brynjólfsson handlagði Ólafi syni sínum, með bréfi frá 13. desember 1392, jarðirnar Syðri-Akra, Ytri-Akra, Brekku og fjórðung í Vika löndum í jafnaðar hlutskipti við systur sínar. Björn sagði Syðri Akra eiga:

> skoghar part fram a öxnadals hæidi. hris oc grafua giord vpp ad ræidgötum fram ad kuskerpiss huammi oc ofuan at aamotum. jtem alla gellnæyta rextur fram fra wodum oc til kalldbaksaar aa oxnadalshæidi af græindum jordum.[119]

Sömu upplýsingar eru tíundaðar í máldaga Akrakirkju eftir gömlum gjafabréfum og máldagaskrám sem spannar tímabilið frá 1382 til um 1600.[120]

Máldaga Bakkakirkju er getið í efnisyfirliti yfir máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318 en sjálfur máldaginn er hvergi sjáanlegur.[121] Bakkakirkja átti hvorki land né ítök samkvæmt máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar.[122] Það sama kemur fram í visitasíubók Jóns biskups Vilhjálmssonar frá 1429 og máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.[123]

---

116 Skjal nr. 4(37) í máli nr. 3/2008.
117 Sjá uppskrifaðar skýrslur meðal hliðsjónargagna í máli nr. 3/2008.
118 *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, Akureyri, 1993, bls. 528.
119 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 484, sbr. skjal nr. 2 (B.1) í máli nr. 3/2008.
120 *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 28, sbr. skjal nr. 2 (B.1) í máli nr. 3/2008.
121 Skjal nr. 2(142) í máli nr. 1/2009.
122 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 517–518, sbr. skjal nr. 2 (B.1) í máli nr. 3/2008.
123 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 378; *Í.f.* V, bls. 295, sbr. skjal nr. 2 (B.1) í máli nr. 3/2008.

Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar kemur fram að kirkjan á Bægisá eigi:

> afret j auxnadal. fra folaldareit oc at griotgordvm.[124]

Sama máldagabók segir Miklagarð eiga:

> Teigur j Öxnadal ofan fra lurkasteine j millum tveggia gardstada. er oc sogd vij folalda rekstur j vaskarogsl. sagdi rusti wtan ef ath mýklagardur ætti allar slægiur j hruthaga.[125]

Séra Björn Gíslason og Jón Oddsson áttu með sér jarðaskipti sem bréfuð voru 16. mars 1560 og vörðuðu m.a. hálfan Bakka í Öxnadal. Í jarðaskiptabréfinu segir m.a.:

> ad jordinn Backe ætte allann Oxnadal fram fra Ofærugile sem ofann geijngur vr fiallinu fyrer vtann Bessahladne og allt vestur ad Griotä. nema þann reijt.[126]

Í vísitasíum Bægisár frá um 1585, 5. maí 1662, 4. maí 1685, 25. ágúst 1692, 22. september 1713 og 8. júlí 1749 kemur fram að kirkjan eigi afrétt í Öxnadal frá folaldareit og að grjótgörðum. Fram kemur einnig í vísitasíunni frá 1662 að Bægisá eigi Skriðu og í vísitasíunni frá 1685 er ekki talað um afrétt heldur skógarpart.[127]

Í vísitasíum Bakka frá um 1585, 1591, 1685, 1692, 1713, 1749, 1761, 1769 og 1791 kemur ekkert fram um landaeign eða ítök.[128]

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1712 kemur fram að á Bakka sé kirkja sem sé „annecteruð“ með Bægisá. Einnig segir eftirfarandi:

> Afrjettur er hjeðan á Öxnadalsheiði frá Gils landi alt vestur að Grjótá með öllum Seldal, er gagnvart liggur Almenníngi.
>
> Selstaða er hjeðan einninn í sögðu takmarki, ei í manna minni brúkuð.
>
> Skógur hefur hjer verið, nú er hann aldeilis eyddur.[129]

Syðri-Bægisá á upprekstur á Almenning á Öxnadal samkvæmt jarðabókinni.[130] Þar er einnig greint frá því að Ytri-Bægisá sé kirkjustaður og beneficium. Afrétt á jörðin í Folaldareit, norðan til í Öxnadalsheiði.

> Afrjettar eður beititeig á staðurinn norðan til á Öxnadalsheiði niður frá Grjóthryggjum, sem kallast almennilega Folaldareitur, og brúkar staðurinn þar nokkuð litla hestabeit í því nafni á sumardag. Grasatekja er nokkuð lítil í sama landsplássi, sem ýmsir brúka í leyfisleysi.[131]

Kirkjunni á Bægisá er eignaður afréttur í Öxnadal í prófastsvísitasíu frá 18. maí 1729.[132]

---

124 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 295, sbr. skjal nr. 2 (B.1) í máli nr. 3/2008.
125 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 351, sbr. skjal nr. 2 (B.1) í máli nr. 3/2008.
126 Skjal nr. 2(119) í máli nr. 1/2009.
127 Skjöl nr. 2(42), 2(43), 2(47), 2(49), 2(51) og 2(54) í máli nr. 3/2008.
128 Sbr. skjal nr. 2 í máli nr. 3/2008 (A.8. ónr. (Öxnadalshreppur)).
129 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 151.
130 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, 162.
131 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 164.
132 Skjal nr. 2(109) í máli nr. 3/2008.

Í óársettri lögfestu Hallgríms Eldjárnssonar (f. 1723/d.1779)[133] sem skráð er í kirkjustól Bægisár 1749–1841 stendur að jörðinni tilheyri afréttarreitur norðanvert á Öxnadalsheiði frá Folaldareit og vestur að grjótgörðum.[134] Séra Einar Thorlacius eignar Miklagarðskirkju þennan reit í bréfi til jarðarmatsefndar árið 1849.[135]

Í jarðamati 1804 kemur fram að eyðihjáleigurnar Þórðargerði og Hofgerði séu tilheyrandi jörðinni Bakka.[136]

Þann 8. júní 1822, á almennu kóngsbréfaupplesturs- og manntalsþingi að Glæsibæ í Kræklingahlíð, voru upplesnar tvær lögfestur og varðar önnur þeirra Ytri-Bægisá, land hennar og ítök:

> 4. Voru eptir vidkomanda beidni upplesnar 2 lögfestr, nefnilega Prests Sr. Sigurdar Sigurdssonar á Bæsá, af Dags Dato, hvarmed hann lögfestir Kirkiunnar ad ytri Bæsá Land heima og annarstadar, med Jtökum hennar, Líka Kirkiujardarinnar Fagraness Land.[137]

Þann 21. maí 1840, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta, dagsett þann 12. júní 1792, í nafni Egils Tómassonar á Bakka, á öllu landi jarðarinnar Bakka. Lögfestunni var mótmælt af mörgum bændum á manntalsþinginu, sem viðkemur Seldal og Öxnadalsheiði:

> 4. Upplesin Lögfesta í Eigils Thómassonar nafni á jarðarinnar Bakka landi öllu, dagsett 12ta Júnii 1792 og útgefin af Sigurði Símonssyni Beck. Hreppstjórarnir Sigurður Jónsson og Jóhann ~~Árnason~~ Pálsson [ofan línu] fyrir sína og allra þeirra hönd, sem við þetta eru riðnir, sem eru margir bændur í Öxnadal, prótesteruðu á móti þessari Lögfestu, að því leiti, sem áhrærir þann þarnefnda Seldal og Öxnadalsheiði m. fl. svo sem Grjótárdal að norðanverðu [ofan línu] og Kaldbaksdal að austanverðu.[138]

Ári síðar var svipað uppi á teningnum. Þann 8. júní 1841, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta eiganda jarðarinnar Bakka, er dagsett var 22. maí 1771. Lögfestunni var mótmælt, hvað snerti afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal:

> 3. Logfesta af 22an Maji 1771 í Nafni hins núverandi Eigara jardarinnar Bakka i Yxnadal bónda Eigils Thomassonar, sem einnig Reqvirents, á tédrar jardar Túni, Eingjum, Uthaga etc. Bændurnir Sigurdur Jónsson á Nedstalandi, Sigurdur Sigurdsson á Þverbrekku, og [ofan línu] Jón Jónasson á stadnum prótesterudu þessa Logfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheidi og Seldal.[139]

Í sáttabók fyrir Hörgárdal, 24. apríl 1841, er getið um deilu milli eigenda Bakka og bóndans á Þverbrekku vegna nýtingar hluta Öxnadalsheiðar, almennings á Seldal. Egill Tómasson á Bakka telur að Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku:

---

133 Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* II, Reykjavík 1949, bls. 280.
134 Skjal nr. 2(111) í máli nr. 3/2008.
135 Skjal nr. 2(126) í máli nr. 3/2008.
136 Skjal nr. 2(99) í máli nr. 3/2008.
137 Skjal nr. 2(62) í máli nr. 3/2008.
138 Skjal nr. 2(78) í máli nr. 3/2008.
139 Skjal nr. 2(84) í máli nr. 3/2008.

> skyldi ólöglega og ránglega hafa nota[d] sér part af Yxnadalsheidi sem klagandi meinar ad vera Eign jardarinnar Backa.[140]

Endanleg sátt náðist ekki í málinu, þar sem menn vildu kanna nánar rétt eintak af *Jarðabók* Árna og Páls, og byggja á því sem þar segði.

Tæpu ári síðar, þann 24. maí 1842, var lesinn upp hluti úr sömu lögfestu, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, og henni mótmælt sem fyrr:

> 15. Eptir bón bóndans Eigils Thómassonar á Bakka í Yxnadal var upplesin partur úr Lögfestu um Jardarinnar Bakka Landeign á Yxnadalsheiði. Lögfestan er útgefin af Símon Bech þann 22 Maji 1771 og er seinast þínglesin á Skriðu manntalsþíngi þann 8da júní 1841 og innfærd í Eyjafjarðar sysslu kaupbréfa og pantbók ~~þann~~ folio 60. Kablinn sem upp var lesinn byrjar á þessum orðum: „Seldal allann“ og endar á ordinu „Folaldareit“ og fyrirbaud Eigill allra brúkun á því í þeim kabla nefndra plátsi. Eigli var þvínæst afhendt lögfestan áteiknud um Þínglýsíngu tédrar greinar. Hreppstjóri Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku og bændurnir Sigurður Jónsson á Neðstalandi og Jón Jónasson á Auðnum prótesterudu enn sem fyrri þessa Lögfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheiði og Seldal, og tjádust brúka lond þau á medan þau ekki eru Bakka tildæmd.[141]

B.H. Borgen amtmaður, að norðan og austan, skrifaði rentukammeri 10. ágúst 1842. Þar getur hann dómsmáls sem upp sé risið á milli Egils Tómassonar á Bakka og Sigurðar Sigurðssonar hreppstjóra á Þverbrekku um rétt til fjárreksturs í „almenning (Alminding)“ á hinni svokallaðri Öxnadalsheiði. Egill hafði óskað aðstoðar amtmanns við að staðfesta sannleiksgildi útdráttar úr *Jarðabók* Árna og Páls sem amtmaður lét fylgja bréfinu. Amtmaður fór fram á að rentukammer sæi til þess að Egill fengi útdrátt af jarðabókinni varðandi jarðirnar Bakka og Þverbrekku ásamt klausu um upprekstur sem væri að finna aftan við umfjöllun um jarðir í Skriðuþingsókn. Rentukammerið sendi amtmanni umbeðinn útdrátt, með bréfi dagsettu 29. október 1842, og fól honum að koma honum áfram til Egils á Bakka. Það tekur ennfremur skýrt fram að það sé undir viðkomandi dómstólum komið að skera úr um sönnunargildi vitnisburðar jarðabókarinnar varðandi umrædd réttindi.[142]

Á manntalsþingi, 24. maí árið 1842, að Skriðu í Hörgárdal, var upplesinn partur úr lögfestu fyrir landareign jarðarinnar Bakka á Öxnadalsheiði:

> 15. Eptir bón bóndans Eigils Thómassonar á Bakka í Yxnadal var upplesin partur úr lögfestu umm jardarinnar Bakka landeign í Yxnadals Heiði. Lögfestan er útgefin af Símon Bech þann 22. maji 1771 og er seinast þínglesin á Skriðu manntalsþíngi þann 8da júní 1841 og innfærd í Eyjafjarðar sýsslu kaupbréfa og pantbók þann folio 60. Kablinn sem upp var lesinn byrjar á þessum ordum: „Seldal allann“ og endar á ordinu: „Folaldareit“. Og fyrirbaud Eigill allra brúkunn á því í þeim kabla nefnda plátsi. Eigli var þvínærst afhendt lögfestan áteiknud me[ð] þínglýsingu tédrar greinar: Hreppstjóri Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku og bændurnir Sigurður Jónsson á Nedstalandi og Jón Jónasson á Auðnum prótesterudu enn sem fyrri þessa lögfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheiði og Seldal, og tjádust brúka lönd þau, á medan þau ekki eru

[140] Skjal nr. 4(48) í máli nr. 3/2008.
[141] Skjal nr. 2(85) í máli nr. 3/2008.
[142] Skjal nr. 2(113) í máli nr. 3/2008.

> Bakka tildæmd. […] A. Sæmundsen eptir constitution, Th. Asmundsson, J. Jónsson, J. Jonasson, Þ. Hallgrímsson.[143]

Á manntalsþingi 22. maí 1848, að Skriðu í Hörgárdal, var lesin upp lögfesta fyrir heima- og afréttarlandi jarðarinnar Bakka, dagsett 12. júní 1792, eftir bón Egils Tómassonar á Engimýri, sem var eigandi Bakka. Egill lét líka upplesa útdrátt frá 29. október 1842, úr *Jarðabók* Árna og Páls yfir Vaðlasýslu og viðkemur innihald útdráttarins afréttarlandi jarðarinnar Bakka á Öxnadalsheiði.[144]

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Ytri-Bægisá eigi frían upprekstur á Öxnadalsheiði.[145]

Séra Einar Thorlacius eignar Miklagarðskirkju teig á Öxnadalsheiði í bréfi til jarðarmatsnefndar árið 1849.[146] Yfirmatsmennirnir fengu í hendur beiðni séra E. Thorlacius um að þess yrði getið að eftir máldaga Ólafs biskups 1461 ætti Mikligarður í Eyjafirði teig í Öxnadal ofan frá Lurkasteini á milli tveggja garðsstæða og folaldarekstur í Vaskárgili. Á öðrum stað í yfirmatinu er talað um þrætulandið Öxnadalsheiði sem sé talið frá Lurkasteini (þar eð máldagi Ólafs biskups eigni Miklagarði teig ofan frá nefndum steini milli garða eða heim að Gilslandi) og vestur að Grjótá ásamt svonefndum Seldal. Heiðin sé grösug og kjarngott land en dalurinn snögglendur og víða framhlaupinn.[147]

Þann 22. júní 1850 fengu yfirmatsmenn Eyjafjarðarsýslu í hendur bréf frá Agli Tómassyni bónda þar sem hann óskar þess að Öxnadalsheiði vestur að Grjótá ásamt svonefndum Seldal sé metin með eignarjörð hans Bakka í samræmi við *Jarðabók* Árna og Páls eða að hún teljist að minnsta kosti sem þrætuland á milli Bakka og þeirra jarða er eigna sér frían geldfjárrekstur þangað samkvæmt jarðabók Skúla Magnússonar en eftir því mati mun hafa verið farið við jarðamatið 1849.[148]

Sama dag fengu yfirmatsmennirnir í hendur beiðni séra E. Thorlacius um að þess yrði getið að eftir máldaga Ólafs biskups ætti Mikligarður í Eyjafirði teig í Öxnadal ofan frá Lurkasteini á milli tveggja garðstæða og sjö folalda rekstur í Vaskáröxl.[149]

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Bakki eigi frían upprekstur í almenning á Öxnadalsheiði.[150]

Egill Tómasson byggði bæ í Bakkaseli árið 1850. Um það segir í ritinu *Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna* að Egill hafi skilið við konu sína Vigdísi Jónasdóttur og hafi skilnaðurinn verið frágenginn rétt fyrir 1850. Hlaut hún Bakka og ábúðina þar. Segir svo um Egil:

---

143 Skjal nr. 2(122) í máli nr. 3/2008.
144 Skjal nr. 2(123) í máli nr. 3/2008.
145 Skjal nr. 2(114) í máli nr. 3/2008.
146 Skjal nr. 2(126) í máli nr. 3/2008.
147 Skjal nr. 2(103) í máli nr. 3/2008.
148 Skjal nr. 2(103) í máli nr. 3/2008.
149 Skjal nr. 2(103) í máli nr. 3/2008.
150 Skjal nr. 2(325) í máli nr. 1/2009.

> [H]ann hrökklaðist þaðan [frá Bakka] og byggði sér kofa undan austuropi Öxnadalsheiðar á gömlum seltóttum frá Bakka, sumarið 1849.[151]

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar 1990* er einnig greint frá því að Egill Tómasson hafi reist býli í Bakkaseli árið 1850 en áður hafi þar verið selstaða frá Bakka.[152] Bakkasel var fremsta byggða ból í Öxnadal og áningarstaður þeirra sem ferðuðust yfir Öxnadalsheiði.

Í vísitasíu Bægisár frá 22. júlí 1868 stendur:

> Kirkjan á allt heimaland, Fagranes í Yxnadal, og eptir vísitazíu Steins biskups 1713, skógarpart hinum megin ár. Eptir máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar á hún afrjett í Auxnadals frá Folaldareit og að grjótgarðinum, (grjótgörðum). 2ia hrosa beit í Tungu land á vetrum.[153]

Á manntalsþingi, 31. maí árið 1871, höldnu að Stóru-Ökrum, var lesin lögfesta Arnljóts Ólafssonar á Bægisá og Þorsteins Daníelssonar, á Öxnadalsheiði að norðan, til Kaldbaksár og Grjótár. Hreppstjórinn, Páll Þórðarson, mótmælti lögfestunni með skírskotun til lögfestu á Silfrastaðaafrétt, er þinglesin var árið 1870, með ummerkjum til Kaldbaksár og þvert yfir, með báðum Grjótárdölum.[154]

Þann 2. júní 1885, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, leggur Jónas á Bakka fram bann við brúkun á landi innan tiltekinna takmarka. Í lýsingu Jónasar kemur fram að jörðin Ytri-Bægisá eigi svokallaðan „Folaldareit“ innan téðra takmarka.[155]

Landamerkjabréf fyrir Bægisárland var útbúið þann 23. maí 1885. Þar segir m.a.:

> Afrjettur í Öxnadal frá Folaldareit og að Grjótvörðum. En fyrir því að menn hafa nú eigi lengi vitað, hvar ítak þetta liggur, hefur staðarpresturinn haft í notun þess, og það nú lengur enn um hundrað ár, mótmælalaust frían upprekstur fyrir allan geldpeninginn í Bakkaland á Öxnadalsheiði. [156]

Arnljótur Ólafsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Einari Ásmundssyni umboðsmanni Hamars.

Þann 2. júní 1885, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, leggur Jónas á Bakka fram bann við brúkun á landi innan tiltekinna takmarka:

> 16. Bann frá Jónasi á Bakka um brúkun á landi er takmarkast: „ad utan gardur utan vid Sorlahol og úr honum beint til fjalls, ad austan ræður Öxnadalsá, en að vestan rædur Grjótá og Kallbaksá, j[ö]rdin Ytri Bægisá á svo nefndan Folaldareit innan tjedra takmarka“.[157]

Í afsali Bakka frá 7. nóvember 1885 er nefnt að honum fylgi hjáleigan Bakkasel og að kirkja sé á jörðinni. Einnig er minnst á Skjaldastaði.[158] Samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls tilheyra þeir Bakkakirkju.[159]

---

151 Eiður Guðmundsson: *Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna* II, bls. 20.
152 *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 528.
153 Skjal nr. 2(112) í máli nr. 3/2008.
154 Skjal nr. 2(118) í máli nr. 3/2008.
155 Skjal nr. 2(63) í máli nr. 3/2008.
156 Skjal nr. 2(18) í máli nr. 3/2008.
157 Skjal nr. 2(63) í máli nr. 3/2008.
158 Skjal nr. 4(40) í máli nr. 3/2008.
159 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 150.

Landamerkjabréf fyrir Bakka var útbúið þann 20. maí 1886. Þar segir m.a.:

> Jörðin á frían upprekstur fyrir fje á Yxnadalsheiði austan við Grjótá. [160]

St. Jónsson og J. Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Bergssyni sem handsalaði sem eigandi Auðna og Hraunshöfða.

Í afsali Bakka frá 24. júní 1887 er nefnt að honum fylgi hjáleigan Bakkasel.[161]

Landamerkjabréf fyrir Bakkasel var útbúið þann 8. mars 1889 og því var þinglýst 27. maí sama ár:

> Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.
>
> Þess ber að geta að jörðin Ytri-Bægisá á ítak á Yxnadalsheiði kallað Folaldareitur og jörðin Bakki frían upprekstur.[162]

S. Jónasson og Jón Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Jónathanssyni vegna Gils.

Bakkasel liggur að Silfrastaðaafrétt. Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar:

> Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.
>
> Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskrifuð landamerkjalýsing tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprílmánaðarlok 1886.[163]

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárusdóttur ekkju.

Mótmæli bárust þann 16. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885:

> Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalýsingu þeirri sem rangri á móts við tjéða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnustöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalsheiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur ~~y~~fyrir Tjaldhól og þar þvert yfir.[164]

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

Síðar í sama mánuði, þann 27. maí 1889, var hið árlega manntalsþing í Skriðuhreppi sett að Staðartungu, og voru þinglesnar landamerkjalýsingar 9 jarða, þar á meðal Bakkasels:

---

[160] Skjal nr. 2(31) í máli nr. 3/2008.
[161] Skjal nr. 4(41) í máli nr. 3/2008.
[162] Skjal nr. 2(30) í máli nr. 3/2008.
[163] Skjal nr. 2(104) í máli nr. 3/2008.
[164] Skjal nr. 2(61) í máli nr. 3/2008.

> 6. Landamerkjalýsingar: 1. Dunhagakots, 2. Skjaldastada, 3. Fagranes, 4. Hallfríðarstadakots, 5. Hallfrídarstada, 6. Audna, 7. Bakkasels, 8. Myrkar og Stóragerdis, 9. Myrkárdals.[165]

Landamerkjabréf Silfrastaða er dagsett 31. mars 1890 og þinglesið 22. maí sama ár:

> Vestan að Silfrastaða heimalandi liggja Hjeraðsvötn. Að norðan ræðr bein lína frá Hjeraðsvötnum í Bóluárgil og síðan Bóluá, það sem árgilið heldur, uppí botn á yzta Þvergili. Þaðan eptir háfjallinu austur í Kotabotna. Að austan Kotagil og síðan Kotá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan, vestur í Hjeraðsvötn. Að Silfrastaðaafrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á ~~Fletjardsl~~ Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn. Þaðan yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn. Þaðan í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þar sem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar. Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Einidalsbotn. Ræður svo Einidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana. Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrjett liggr Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.
>
> Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrjett, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrjettina.[166]

Ólafur Briem skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Marenar Lárusdóttur. Það var samþykkt af Stefáni Sveinssyni, eiganda Uppsala, og Sveini Friðrikssyni, ábúanda Ytrikota.

Í Bakkaseli var sett á fót greiðasala fyrir ferðafólk árið 1904.[167]

Á aukasveitarfundi Öxnadalshrepps þann 11. mars 1913 komu fram tvær fyrirspurnir frá fulltrúa Akrahrepps. Önnur var svohljóðandi.

> Hvort hann [fundurinn] vildi ekki samþykkja að Akrahreppur í Skagafirði fengi almenning keyptan til eignar eða leigu, og mætti girða á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir.
>
> Einnig spurði hann:
>
> Hvort fundurinn vildi ekki samþykkja að Öxnadals og Akrahreppar mynduðu félag um einn og sömu afrétt á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir með nánari skilyrðum sem hreppum beggjum kæmu sér saman um. […][168]

Eftir umræður um þessi mál frestuðu fundarmenn því að taka ákvörðun um þau. Þann 14. júní 1913 var fulltrúa Akrahrepps tilkynnt að sveitarfundur (Öxnadalshrepps) hefði

[165] Skjal nr. 2(81) í máli nr. 3/2008.
[166] Skjal 4(36) í máli nr. 3/2008.
[167] Árbók Ferðafélags Íslands 1990, bls. 202.
[168] Skjal nr 4(43) í máli nr. 3/2008.

hafnað beiðni hreppsins um afrétt.[169] Sama dag var fjárskilastjóra Glæsibæjarhrepps tjáð að umráðamaður Almennings hefði verið beðinn um að leyfa hreppsbúum að nota afréttina.[170]

Þann 20. júní árið 1916 kom hreppsnefnd Öxnadalshrepps saman á Þverá. Þar gerði hún samning við Jónas Jónsson bónda í Bakkaseli um leigu á afréttinum Almenningi. Jónas tók afréttinn á leigu fyrir það fardagaár er þá stóð yfir fyrir 20 krónur, þó þannig að frá eftirgjaldinu myndi dragast undirgift þess penings sem þeir menn er áttu frían upprekstur á afréttinn. Jónas skyldi bera allan kostnað og lögleg skil á afréttinum.[171]

Í kaflanum um Bakkasel í fasteignamatinu 1916–1918 kemur eftirfarandi fram:

> Jörðin er talin 4,4 hundr. með 1½ kúgildi. […]
>
> Lýsing jarðarinnar er á þessa leið:
>
> Tún snögglend, að mestu sljett. Stærð talin 1,9 ha. Töðufall 40 hesta.
>
> Engjar litlar og reitingslegar; gefa af sjer 50–60 hesta, af ljettingsheyi.
>
> Búfjárhagar góðir fyrir allar skepnur að sumrinu, víðlendir og kjarngóðir, en snjóþungir. Jörðinni fylgir dálítið afrjettarland. Torfrista og byggingarefni slæmt. Frá jörðinni hefur verið tekinn heiðarfláki (Öxnadalsheiði) og notaður sem afrjettur (af jarðareiganda?) en er þó innifalinn í mati jarðarinnar. Jörðin liggur inn í dalbotni langt frá verslunarstað, og allir aðdrættir mjög erfiðir. Á jörðinni má framfleyta 1 kú 30 kindum og 2 hrossum með 1–2 mönnum.[172]

Í kaflanum um Ytri-Bægisá í sama mati kemur fram að jörðin sé talin eiga upprekstur á Öxnadalsheiði.[173]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu tilheyrt eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.[174] Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.[175] Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningsbotni. Áin er vatnslítil í afréttinni og engir teljandi fossar þar. […] Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[176]

---

169 Skjal nr 4(43) í máli nr. 3/2008.
170 Skjal nr. 4(50) í máli nr. 3/2008.
171 Skjal 4(191) í máli nr. 1/2009.
172 Skjal nr. 2(93) í máli nr. 3/2008.
173 Skjal nr. 2(93) í máli nr. 3/2008.
174 Skjal nr. 2(58) í máli nr. 3/2008.
175 Skjal nr. 2(59) í máli nr. 3/2008.
176 Skjal nr. 2(60) í máli nr. 3/2008.

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

> Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu býli. […] Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[177]

Hreppsnefnd Akrahrepps í Skagafjarðarsýslu afsalaði ríkissjóði jörðunum Bakkaseli og Gili þann 8. desember 1928. Í afsalinu stendur:

> Undanskilið sölunni er Öxnadalsheiði, vestanvið vörslugirðingu þá, sem nú er þar, en hálf girðingin fylgir með í kaupinu, og annast kaupandi viðhalds þess hluta, ásamt viðhaldi á hliði að hálfu leiti.[178]

Í fjórða bindi *Byggðasögu Skagafjarðar*, sem gefið var út árið 2007 segir um þetta:

> Akrahreppur keypti Bakkasel árið 1917 en seldi jörðina aftur ríkissjóði árið 1928. Var samningurinn undirritaður 8. desember það ár. Þá hélt sveitarfélagið eftir landi austur á heiðarbrúnina að vörslugirðingunni sem þar er enn. […] Hefur Akrahreppur síðan átt þennan landshluta Öxnadalsheiðar sem tilheyrir lögsögu Eyfirðinga.[179]

Á fjórða áratug síðustu aldar deildu Öxnadalshreppur og Akrahreppur um heiðarpart líkt og eftirfarandi bréf frá Gísla Bjarnasyni til oddvita Öxnadalshrepps dags. 29. nóv. 1931 ber með sér:

> Með bréfi dagsettu 12. maí síðastl. en meðteknu 26. þ.m. hefur þú tilkynnt mér að hreppsnefnd Öxnadals hafi lagt útsvar á sveitarsjóð Akrahr vegna heiðarpartsins að upphæð kr 25,00 og á það að vera samkvæmt b. lið 8. gr. útsvarslaga.
>
> Ég er hræddur um að hreppsnefnd hafi misskilið þessa grein eða þennan lið hennar, þegar hún lagði útsvarið á. Þar stendur hvergi að hægt sé að leggja slík gjöld á aðra sveitarsjóði, heldur er þar aðeins átt við menn, er hafa ítök eða ábúð á jörðum eða jarðarpörtum í öðrum sveitum, en hér getur ekki verið um slíkt að ræða.
>
> Að vísu á sveitasjóður Akrahr. þennan heiðarpart, en partur þessi hefur aldrei mér vitanlega verið metinn til sérstaks verðs, enda óvíst hvað hann er stór, því landamerki milli hreppanna á þessum parti voru óútkljáð þegar Akrahreppur keypti Bakkasel.
>
> Sveitarsjóður Akrahr. hefur leigt upprekstrarfélaginu hér, part þennan fyrir 20 króna árgjald. Það eru allar tekjur af honum er sveitarsjóður fær og að leggja 25 kr útsvar á 20 kr tekjur er nokkuð fjarri sanni, þótt álagning hefði verið lögleg, sem ég tel ekki sé.
>
> Því bændur úr Öxnadal hafa líka afnot af heiðarpartinum fyrir afréttarpening sinn að sumrinu og greiða ekkert fyrir, og rýrir það mjög verðgildi hans.
>
> Neita algjörlega að greiða útsvarið.[180]

Bakkasel fór í eyði árið 1960.[181]

Með lögum nr. 60/1963 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að selja „eyðjörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi“. Greinargerð frumvarps sem varð að lögunum er svohljóðandi:

---

[177] Skjal nr. 2(60) í máli nr. 3/2008.
[178] Skjal nr. 4(5) í máli nr. 3/2008.
[179] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, *Akrahreppur*, Sauðárkrókur, 2007, bls. 411.
[180] Skjal nr. 4(46) í máli nr. 3/2008.
[181] *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 529.

> Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Öxnadalshrepps. Í bréfi oddvita hreppsins til fyrra flutningsmanns segir svo:
>
> „Sveitarstjórn Öxnadalshrepps hefur einróma samþykkt að fara þess á leit við hið háa Alþingi að það heimili Öxnadalshreppi að kaupa land ríkisjarðarinnar Bakkasels í Öxnadalshreppi eftir nánari samningi þar um.
>
> Svo sem kunnug er, hefur jörðin Bakkasel verið úr ábúð og ónytjuð í tvö undanfarin ár að öðru en því, að Öxnadalshreppur hefur haft landið á leigu og notað sem afrétt. Líkurnar fyrir því, að jörðin fari í ábúð á næstu árum, virðast mjög litlar, út frá því séð, hver þróunin er í hinum afskekktu byggðum. Hins vegar mundi sveitarstjórnin sízt hafa á móti því, ef einhver óskaði að taka sér búsetu þar, og fúslega leigja landið þeim, er þar vildi setjast að.
>
> Að þessu athuguðu lítur sveitarstjórnin svo á, að bezta lausn þessa máls væri sú, að hreppurinn eignist land jarðarinnar til ráðstöfunar á hverjum tíma. Marga bændur vantar gott land til sumarbeitar, sem þarna er fyrir hendi.
>
> Sjálfsagt þykir, að ríkið starfræki sæluhús í Bakkaseli framvegis eins og hingað til í sambandi við vetrarferðir yfir Öxnadalsheiði, annaðhvort í hinu gamla húsi eða með nýbyggingu á hentugri stað.“[182]

Hinn 14. desember 1967 afsalaði samgöngumálaráðherra Bakkaseli til Öxnadalshrepps. Afsalið var móttekið til þinglýsingar 22. desember 1967. Í skjalinu segir:

> SAMGÖNGUMÁLARÁÐHERRANN
>
> GERIR KUNNUGT:
>
> Að ég, samkvæmt lögum nr. 60, 16. apríl 1963, sel hér með og afsala fyrir hönd ríkissjóðs til Öxnadalshrepps, Eyjafjarðarsýslu, ríkisjörðina Bakkasel í sama hreppi með öllum þeim gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja og fylgja ber, þ.á.m. eyðibýlinu Gili, sem fallið er undir jörðina.
>
> Söluverð jarðarinnar er kr. 65.000.00 – sextíuogfimmþúsund – sem greiðist að fullu við undirskrift afsalsbréfs þessa.
>
> Jörðin er seld með þeim kvöðum, sem kunna að hafa hvílt á henni og hvíla þær á henni nú við sölu hennar.
>
> Nánar og námaréttindi og hverskonar efnistaka, svo og vatns- og jarðhitaréttindi í landi jarðarinnar, umfram heimilisþarfir eru undanskilin í sölu þessari.
>
> Eigi að selja jörðina, á ríkissjóður forkaupsrétt á henni samkvæmt 49. gr. laga nr. 102, 1962.
>
> Sala jarðarinnar miðast við dagsetningu afsals þessa. Frá þeim tíma nýtur kaupandi alls arðs af jörðinni og greiðir af henni alla skatta og skyldur.
>
> […]
>
> Rísi ágreiningur um landamerki, undanskilur seljandi sig allri ábyrgð.
>
> Samgöngumálaráðherra lýsir því hérmeð kaupandann, Öxnadalshrepps, réttan og löglegan eiganda að fyrrgreindri jörð, Bakkaseli.[183]

[182] Skjal nr. 2(16) í máli nr. 2/2023.
[183] Skjal nr. 4(3) í máli nr. 3/2008.

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér eftirfarandi upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.[184] Öxnadalsheiði er lýst með þessum hætti:

Öxnadalsheiði.

Austurmörk eru við núverandi girðingu Öxnadals- og Akra-hreppa á norðausturbrún heiðarinnar, og þaðan á fjall upp sitt hvoru megin.

Önnur mörk eru hin sömu og sýslumörkin, það er Grjótá af Grjótárdal og Kalbaksá af Kalbaksdal.Tilheira þessir dalir hvor um sig, hálfir afréttinni.

Þeir eru ílla grónir, og Grjótárdalur að mestu gróðurlaus einkum fremri hluti dalsins.

Sjálf er heiðin mjög votlend, eins og örnefnið, Flóinn, bendir til. Flóinn er vel gróinn, enda heyjað hér þegar Bakkaselsbændur höfðu beitarhús á heiðinni.

Í hlíðum ofar Flóanns taka við þurrir skriðuhryggir, sæmilega grónir neðantil en gróðursnauðir er til fjallanna dregur.

Ítala 300 fjár fullorðið 12 hross. Afrétturinn er talin eign Akrahrepps síðan Jón Jónsson bóndi á Flugumýri seldi ríkissjóði jörðina Bakkasel 8/12 1928. Tók hann þá afrétt Bakkasels á Öxnadalsheiði undan jörðinni og seldi Akrahreppi.

Telja margir slíka sölu lögleisu, vegna ítaka jarða, og sýslumarka.

Þar eiga þessar jarðir ítök: Ytri-Bægisá í Glæsibæjarhr. fríjan upprekstur fyrir tryppi, kallað í Folaldareit.

Bakki fríjan upprekstur sjá landam.l. frá 8/3 1889.

Hraun fríjan upprekstur á almenning austan Grjótár á Öxnadalsheiði og grasatekju án borgunar. (landam.l.)

Auðnir sjá landam.l. frá 11 maí 1888.

Skjaldastaðir og Hraunshöfði ráku á Öxndalsheiði áður fir. Jarðabók Á.M. talar um fríjan upprekstur jarðanna á Almenning. Vafalaust átt við Almenning á Öxnadalsheiði.

Telja verður rétt að hafa þær jarðir með.

Um Skjaldastaði stendur í úttektarbók frá 1916, jörðin er talin eiga fríjan upprekstur á áfrétt.[185]

Í *Lýsingu Eyjafjarðar* stendur:

Suður frá Öxnadalsheiði liggja mörkin eftir háfjallinu milli Austurdals og Nýjabæjarafréttar í Skagafirði og Eyjafjarðardals. Kann ég þar ekki að rekja örnefni, sem þau séu við tengd, enda mun fátt um þau, ef nokkur eru. Liggja sýsluskilin hlykkjótt þar, engu síður en norðar í fjallgarðinum. Þegar dregur inn fyrir byggðir, eru engar ákveðnar merkjalínur til, og mun gamalt sölubréf Nýjabæjar í Austurdal frá 1464 vera hin eina heimild þar um, en þar segir svo: að Nýibær eigi land „að Tinná og svo langt á fjöll sem vötn draga“. Verður það varla skilið öðruvísi en svo, að vatnaskil ráði merkjum allt inn til jökla. Þó munu *Urðarvötn* ætíð vera talin til Eyjafjarðar, en samt segja kunnugir, að afrennsli þeirra sé til vesturs. Svo mun almennt talið nú, að öræfasvæðið inn af Eyjafirði sé almenningur frá *Geldingsá*, er fellur í *Jökulsá* austari og inn að Hofsjökli og suður á Sprengisand og austur undir drög Fnjóskár. En síðan tekið var að smala land þetta, sem ekki mun hafa verið fyrr en seint á síðastliðinni öld, hefir smalamennska einkum fallið í skaut Eyfirðinga, allt suður undir Fjórðungskvísl, þar sem mörk eru talin milli Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungs. Eftir þessu

[184] Skjal nr. 4(37) í máli nr. 3/2008.
[185] Skjal nr. 4(37) í máli nr. 3/2008.

> verður því ekki hægt að ákveða sýsluskil að sunnanverðu, en eftir því sem annars staðar hagar til, ættu þau að liggja á vatnaskilum þar sem vötn byrja að falla til Eyjafjarðar.[186]

Þann 29. nóvember 1985 svaraði sýslumaðurinn í Skagafirði fyrirspurn frá nefnd þeirri er átti að gera drög að frumvarpi að lögum um eignarrétt að almenningum og afréttum. Með svari sýslumannsins fylgir skjal, dagsett 10. nóvember 1985, sem hefur að geyma lýsingu á afréttarmörkum Silfrastaðaafréttar. Þar segir:

> [Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).
>
> Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.[187]

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar* frá 1973 segir um Bakkasel:

> Bakkasel var fremsti bær í hrepnnum [Öxnadalshreppi]. Gamli bærinn var sunnan Nautár, undir suðurbrún heiðarinnar, og því nokkru sunnar en nýja húsið var reist, það sem enn stendur. Öldum saman hefur aðal-samgönguleið milli Suður- og Norðurlands legið um Öxnadalsheiði. Er hún um 20 km milli byggða. Var því mörgum ferðamanni, sem leið átti yfir hana, kærkomin hvíld og hressing í Bakkaseli. Húsakynni voru lítill torfbær og því nokkrum erfiðleikum bundið að taka á móti ferðamönnum, einkum eftir að mánaðarlegar póstferðir hófust á milli Akureyrar og Staðar í Hrútafirði. Voru þá oft ferðamenn með póstinum auk fylgdarliðs hans. – Því var það, að bóndinn á Bakka, Sigurður Jónasson, dóttursonur Egils og annar eigandi jarðarinnar, byggði þar framhús úr timbri árið 1904, réð þangað starfsfólk og setti þar upp greiðasölu. Það var fyrsti vísir að gistihúsrekstri þar. Auk þess hafði hann þar um 100 ær í kvíum og nokkurn heyskap utan túns, en bjó sjálfur á Bakka.[188]

Fram kemur í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar 1990* að byggð hafi verið samfelld í Bakkaseli frá aldamótunum 1900 fram til 1960 þegar bærinn fór í eyði, að öðru leyti en því að bærinn var í eyði 1904–1906, 1908–1909 og 1945–1946. Þar segir:

> Bærinn stóð fyrrum neðst undir brekkurótinnni, sunnan Nautár og sem kemur af Öxnadalsheiði og sjást þar enn rústir gamla bæjarins. […] Býli var reist í Bakkaseli árið 1850 en þar var áður selstaða frá Bakka. Bakkasel var fremsti bær í Öxnadal og var við þjóðbrautina um Öxnadalsheiði yfir í Skagafjörð en árið 1904 var hafin þar greiðasala. Árið 1929 var bærinn fluttur norður þangað sem núverandi bygginar standa, en þær eru raunar í Gilslandi.[189]

Einnig segir þar um Bakkasel og land þess:

> Hluti af landi Bakkasels á Öxnadalsheiði, vestan fjárgirðingar, er talin eign Akrahrepps í Skagafirði. Á heiðinni norðan vegar er Sesseljubúð, skáli Slysavarnarfélags Íslands, reistur 1967, en sunnan vegar, á flóanum og í hlíðum Kaldbakshnjúks, eru endurvarpsspeglar Landssímans. Bakkasel er í eigu Öxnadalshrepps.[190]

Við skýrslutökur í máli nr. 3/2008 fyrir óbyggðanefnd 2. desember 2008 kom fram að það landsvæði sem krafa var gerð til vegna Bakkasels í málinu væri þá nýtt sem upprekstrarland fyrir búfé af jörðum í Hörgárbyggð og Akrahreppi.[191]

---

186 Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar*, Akureyri, 1949, bls. 16.
187 Skjal nr. 4(47) í máli nr. 3/2008. Sjá einnig skjal nr. 4(250) í máli nr. 1/2009.
188 *Byggðir Eyjafjarðar* I, 1973, bls. 275.
189 *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, I bls. 528–529.
190 *Byggðir Eyjafjarðar 1990,* I, bls. 528.
191 Sjá uppskrifaðar skýrslur meðal hliðsjónargagna í máli nr. 3/2008.

5.2.5 Nærliggjandi jarðir í Öxnadal

5.2.5.1 Gloppa í Öxnadal

Landamerkjabréf Gloppu í Öxnadal er dagsett 16. janúar 1883. Það er svohljóðandi:

> Að sunnan ræður Vaská
>
> Að vestan ræður Oxnadalsá útað Vatnshólum frá því Vaská rennur í Oxnadalsá, síðan ræður síki er rennur úr Varmavatni í Oxnadalsá og þaðan Oxnadalsá þangað til Gloppá rennur í hana
>
> Að norðan ræður Gloppá
>
> Undir jörðina heyra Melrakkadalur og Kinnar að Melrakka á.
>
> Akureyri 16. januar 1883.
> Stephán Stephensen.
>
> Eg enn samþykkur ofan tjeðum landamerkjum Gloppá, milli Fagraness og Gloppu. –
>
> Bægisá 16. febr. 1883
> Arnljótur Olafsson.
>
> Samþykkur vegna Varmavatnshóla
>
> Auðnum 16. mai
> Jón Bergsson
> (handsalað)
>
> Fyrir hönd Skriðu hrepps enn eg samþykkur ofantjeðum landamerkjum, Vaská, milli Gloppulands og Almennings, sem tilheyrir Skriðuhrepp. –
>
> Steinstöðum 16. mai 1883
> Július Hallgrímsson
> (p. t. Hreppsnefndaroddviti)[192]

5.2.5.2 Gil í Öxnadal

Landamerkjabréf Gils í Öxnadal er dagsett 19. mars 1883. Það er svohljóðandi:

> Að norðan úr Yxnadalsá eptir skriðu uppí vörðu, er liggur á milli Gils og Varmavatnshóla og þaðan beint uppí Gilsskarð. –
>
> Að sunnan beint úr Hjallalandsskarði í Lurkastein og þaðan í Yxnadalsá
>
> Að vestan ræður fjallið
>
> Að austan ræður Yxnadalsá. –
>
> Akureyri 19. marz 1883
> Stephán Stephensen.
>
> Samþykkur vegna Varmavatnshóla
>
> Jón Bergsson
> (handsalað)
>
> Samþykkir vegna Almennings
>
> Jón Jonsson — J. Andrjesson
> eigandi Skriðu — (eigandi Syðri-Bægisár) [193]

[192] Skjal nr. 2(29) í máli nr. 3/2008.
[193] Skjal nr. 2(1) í máli nr. 1/2009.

5.3 Norðurmörk Hraunanna og Eyvindarstaðaheiðar

5.3.1 Landnám

Í *Landnámu* segir svo um landnám í Blöndudal, Svartárdal og þeim hlutum Skagafjarðar sem næstir eru ágreiningssvæðinu:

> Eyvindr sørkvir nam Blǫndudal […]
>
> Þorkell vingnir, son Skíða ens gamla, hann nam land um Vatsskarð allt ok Svartárdal.
>
> Álfgeirr hét maðr, er nam um Álfgeirsvǫllu ok upp til Mælifellsár ok bjó á Álfgeirsvǫllum.
>
> Þorviðr hét maðr, sá er land nam upp frá Mælifellsá til Giljár.
>
> Hrosskell hét maðr, er nam Svartárdal allan ok Ýrarfellslǫnd ǫll með ráði Eiríks; hann nam ofan til Gilhaga ok bjó at Ýrarfelli. […]
>
> Eiríkr hét maðr ágætr; hann fór af Nóregi til Íslands; hann var son Hróalds Geirmundarsonar, Eiríkssonar ǫrðigskeggja. Eiríkr nam land frá Gilá um Goðdali alla ok ofan til Norðrár; hann bjó at Hofi í Goðdǫlum. […]
>
> Vékell enn hamrammi hét maðr, er land nam ofan frá Gilá til Mælifellsár ok bjó at Mælifelli …[194]

5.3.2 Afréttir og afréttarnot

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hafi tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.[195] Bogi Brynjólfsson sýslumaður í Húnavatnssýslu svaraði með bréfi dagsettu 28. apríl 1920. Þar kemur fram að hann hafi aflað sér umsagna hreppstjóra sýslunnar um þetta málefni og sendi með svari sínu umsagnir 10 hreppstjóra.[196] Svar Guðmundar Erlendssonar, hreppstjóra Bólstaðarhlíðarhrepps, dagsett 18. febrúar 1920 var svohljóðandi:

> Að afrjettin Eyvindarstaðaheiði, sem nú er notuð til upprekstur afrjettarpeningi Bólstaðarhlíðarhrepps, svo og sveitanna Lýtingsstaðahreppi og hálfum Seiluhreppi í Skagafirði, var áður fyrir hjer um bil 30 árum síðan einstakra manna eign og tilheyrði þá jörðinni Eyvindarstöðum hjer í hreppi, eins og nafn hennar bendir til, en síðan nýnefndar sveitir, sameinuðu sig um kaup á henni, er hún þeirra eign, eptir þeim hlutföllum er hver sveit fyrir sig, lagði fram mikið fje til kaupanna og tilheyrir því ekki lengur neinu sjerstöku lögbýli.[197]

Kristján Linnet sýslumaður í Skagafjarðarsýslu svaraði sömu fyrirspurn með bréfi dagsettu 14. febrúar 1920. Þar kemur fram að samkvæmt upplýsingum sem hann hafði aflað sér væru:

---

194 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 219 og 230–231.
195 Skjal nr. 2(19) í máli nr. 5/2008.
196 Skjal nr. 2(72) í máli nr. 5/2008.
197 Skjal nr. 2(73) í máli nr. 5/2008.

> […] ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI austan undir Hofsjökli.[198]

Svari sýslumanns fylgdu engar umsagnir frá hreppstjórum sem hann virðist þó byggja svar sitt á.

Í ódagsettu skjali sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu“ og sent var frá sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki árið 1985 er gerð svohljóðandi grein fyrir Eyvindarstaðaheiði:

> Afréttarlönd Lýtingsstaðahrepps
>
> Eyvindarstaðaheiði
>
> Samkvæmt jarðaregistri Húnavatnssýslu kaupir Hannes Pétursson bóndi á Skíðastöðum í Lýtingsstaðahreppi Eyvindarstaðaheiði, af Kristjáni Gíslasyni kau[p]manni á Sauðárkróki, en hann var sonur Gísla Ólafssonar er lengi bjó á Eyvindarstöðum og átti bæði Eyvindarstaði og Eyvindarstaðaheiði. Þessi kaup voru gerð 15. maí 1898 og kaupverð 2100 kr. Skömmu síðar mun Hannes hafa selt Eyvindarstaðaheiði, Bólstaðarhlíðarhreppi og Seyluhreppi, en af þessu hafa ekki fundist kaupsamningar eða afsöl varðandi þau eignaskipti.
>
> Árið 1897 keypti Lýtingsstaðahreppur með kaupsamningi 26. janúar það ár, jörðina Kongsgarð á Fossadal 9. hundruð að dýrleika og Háutungur [milli Svartár að austan, Eyvindarstaðaheiðar að sunnan og Fossa og Kóngsgarðslands að vestan] og Stafnseyri með réttarstæði [og Vökuhvammi austan Svartár] alls metið 1/3 úr Stafni eða 9.4 hundruð að dýrleika. Seljandi þessara eigna var Eyjólfur Hansson bóndi í Stafni [er hefur gjaldfríjan upprekstur á Eyvindarstaðaheiði]. Þessum eignum afsalaði Eyjólfur með bréfi 13. október 1897.
>
> Ekki er hægt að sjá, að afsal þetta hafi verið þinglesið.
>
> Reglugerð
>
> fyrir Upprekstararfélag Eyvindarstaðaafréttar var samþykkt á fulltrúafundi að Víðimýri 6. júní 1916. Fulltrúar voru 3 úr Bólstaðahlíðarhreppi, 3 úr Lýtingsstaðahreppi og 2 úr Seyluhreppi.
>
> Reglugerð þessi var samþykkt á aðalfun[di] sýslunefndar Skagafjarðarsýslu 5. marz 1917 og einnig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu 24. marz 1917. Reglugerðin er í 6 köflum og 28 greinum.
>
> 1. grein reglugerðarinnar er um eignarrétt þannig:
>
> Afréttin, að dýrleika 26, 4 hundruð eftir jarðabókinni 1861, er sameign þriggja hreppa í Húnavatns og Skagafjarðarsýslum
>
> 1. Bólstaðarhlíðarhrepps 5/17 eða 7, 8 hundruð
>
> 2. Lýtingsstaðahrepps 8/17 eða 12, 4 hundruð
>
> 3. Seyluhrepps 4/17 eða 6, 2 hundruð
>
> Þessi reglugerð er enn í gildi óbreytt og eignarhlutar hreppanna, hafð[ir] til grundvallar, þegar jafnað er niður fjallskilagjöldum.
>
> Þegar eignarhlutar voru sa[m]þykktir, sem að ofan greinir, keyptu Bólstaðahlíðar- og Seyluhreppar Eyvindarstaðaheiði, sem nú er oft kölluð Vesturheiði en hlutur Lýtingsstaðahrepps var Háutung[ur] og Kongsgarður. Landamerkjabréf Kongsgarðs er No. 11 í Landamerkjabók Húnavatnssýslu, þinglesið í Bólstaðarhlíð 19. maí 1885.

[198] Skjal nr. 2(19) í máli nr. 5/2008.

> Þar stendur skrifað: „Jörðin á Fossadal allan að austan, að Arnarhóli“.
>
> Bréfið er undirskrifað að Kongsgarði 15. maí 1883 og samþykkir eru: Bjarni Ólafsson eigandi Stafns, séra Stefán M. Jónsson vegna kirkjujarðarinnar Fossa og Gísli Ólafsson eigandi Eyvindarstaðaheiðar.
>
> Landamerkjabréf fyrir Stafni er No. 14 í Landamerkjabók Húnavatnssýslu undirskrifað í Stafni af Bjarna Ólafssyni 16. maí 1883, en þinglesið í Bólstaðarhlíð 19 maí 188[5.] Þá er Gísli Ólafsson eigandi Eyvindarstaðarheiðar.
>
> Þegar Lýtingsstaðahreppur keypti Háutungur úr landi Stafns var landamerkjum Stafns ekki breytt, en samkvæmt lögum hefur það ekki áhrif á eignarrétt.
>
> Landamerkjabréf fyrir Eyvindarstaðaheiði er No 81 í Landamerkjabók Húnavatnssýslu. Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð 20 maí 1889.
>
> Samkvæmt þessu bréfi eru austurmörk Eyvindarstaðaheiðar við Bugakvísl og úr Svörtutjörn við upptök hennar og þaðan beina stefnu í suðaustur að Hofsjökli. Þá eru merkin að líkindum um Bláfell eða Hraunhaus og Sátu.
>
> Frá landamerkjum Eyvindarstaðarheiðar að austan og austur að Jökulsá -vestari, austustu kvíslar hennar, þar sem Hofsafrétt tekur við, er mikið landssvæði sem ekki er vitað um eignarrétt á. Þetta landssvæði, er í daglegu tali kallað Hraunin, er gróðurlaust með öllu, nema mosar með kvíslum í Jökultungu og vestar nálægt Hofsjökli. Takmörk þessa svæðis eru við heimalönd að norðan, land Mælifells á Litlasandi, þar sem vegur af Gilhagadal liggur nú vestur í Bugá, land Írafells við Sandhóla, Selárdrög og Búrfell, lan[d] Ölduhryggs á Gulreitsbrúnum, land Svar[t]árdal við Runukvísl og land Goðdala við Hraunlæk fremst á Goðdaladal.
>
> Líklegt má telja að landnámsjarðirnar, Mælifell, Írafell og Goðdalir hafi átt þetta land alt til jökuls.
>
> Landamerkjabréf Goðdala er No 4 í Landamerkjabók og þinglesið 12. júní 1883. Séra Zophónias Halldórsson var þá prestur í Goðdölum og skrifaði undir bréfið. Í bréfinu stendur: „En eg skrifa hér merkin eins og þau voru sett nú, með hliðsjón af máldögum, þar sem þeir voru svo glöggir, að haft yrði gagn af þeim. Að framan er Hraunlækur talinn merkjalækur. Að austan og sunnan ræður Jökulsá alt fram til jökla. Þetta orðalag bendir á vitund um, að land Goðdala hafi náð til jökla.
>
> Í reglugerð Eyvindarstaðaafréttar stendur skrifað: „Til afréttarinnar telst alt land milli Blöndu og Jökulsár-Vestar[i] frá heimalöndum fram til öræfa“.
>
> „Til afréttarinnar telst alt land“, er orðað þannig vegna þess að landssvæðið varð að smala allt í einu, en eignarréttur ekki nefndur.
>
> Öllum jörðum í Lýtingsstaðahrepp[i] fylgir upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, nema þeim jörðum, sem eiga upprekstur á Hofsafrétt.
>
> Frá Stokkhólma í Akrahreppi hef[ur] búpeningur verið rekinn á Eyvindarstaðaheiði langa lengi, en mér sem þetta rita er ekki kunnugt um samning þar að lútandi, en þó má vera að hann sé í einhverjum skjölum Lýtingsstaðahrepps.[199]

Félagsmálaráðuneytið fór þann 20. febrúar 1989 þess á leit við sveitarstjórnir að þær upplýstu ráðuneytið um eftirfarandi:

1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt?
2. Hvað nefnist sá afréttur?
3. Hvar liggja mörk hans?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarétt í sama afrétt?

[199] Skjal nr. 4(11) í máli nr. 5/2008.

5. Hvaða sveitarfélög eru það?

6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?[200]

Í svari Lýtingsstaðahrepps frá 6. nóvember 1989 stendur eftirfarandi:

Eyvindarstaðaheiði er heiðaland er liggur upp af Blöndudal í Austur Húnavatnssýslu. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði nr. 81 frá 1889 eru merki heiðarinnar þessi:

„Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Kolluhvammsgreni, þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal, þaðan réttsýnis austur í Hanzkafell, þaðan sem það er hæst, þaðan í Hlóðarstein, þann er stendur á Fossadalsbrúnum að vestan, þaðan beina stefnu í Hólmamýrarvatn, þaðan í austur, beina stefnu í Aðalsmannsvatnslækjarós, ræður svo lækurinn til Svartár, ræður svo áin fram í Svörtutjörn, þaðan beina stefnu sauðaustur upp að Hofsjökli, ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Kolluhvammsgreni."

3 hreppar eiga upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, Bólstaðarhlíðarhreppur í Austur-Húnavatnssýslu, Seylu- og Lýtingsstaðahreppar í Skagafjarðarsýslu. Fram að 1897 var heiðin eign Eyvindarstaða í Blöndudal og guldu þeir er reka skyldu 10 lömb eða fleiri Eyvindarstaðabónda 1 lamb í toll sbr. dóm um lambarekstur á Eyvindarstöðum gjörðum að Svínavatni á Ásum 1460, uppríuðum á Hólum 24. apríl 1792 og upplesnum á manntalsþingi í Bólstaðarhlíð 22. maí 1792.

6. ágúst 1898 keyptu síðan þessir 3 hreppar heiðina af Hannesi Péturssyni, auk þess sem þeir höfðu keypt jörðina Kóngsgarð, Háutungur og Stafnseyri og lagt til heiðarinnar sbr. kaupsamning frá 26. jan. 1897.

Eignarhlutföll þessara þriggja hreppa eru:

Lýtingsstaðahreppur 8/17

Bólstaðarhlíðarhreppur 5/17

Seyluhreppur 4/17[201]

Bólstaðarhlíðarhreppur svaraði 1. nóvember 1989:

Eyvindarstaðaheiði sameiginlegur afréttur með Seyluhreppi eignarhluti 4/17, Lýtingsstaðahreppur 8/17 og Bólstaðarhlíðarhreppur 5/17. […]

Einnig er notað sem sameiginlegt beitarland lönd eyðibýla innan sveitarfélagsins, á Laxárdal og sveitarfélagið á jörðina Rugludal í Blöndudal, sem er afgirt og notuð til beitar fyrir bændur í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Einnig leigir sveitarfélagið jörðina Þverárdal af ríkissjóði og eignarland er Selhagi á Skörðum.[202]

5.3.3 Eyvindarstaðaheiði

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 stendur m.a. í umfjöllun um Eyvindarstaði:

Afrjett engin nema Eyvindastaðaheiði, sem liggur fram frá Ugludalslandi fyri austan Blöndu. Hjer hefur áður afrjettur verið, vide Selland ut supra. […]

[200] Skjal nr. 4(12) í máli nr. 5/2008.
[201] Skjal nr. 4(13) í máli nr. 5/2008. Einnig eru taldir upp þeir bær í Lýtingsstaðahreppi sem eiga upprekstur á Eyvindarstaðaheiði
[202] Skjal nr. 4(14) í máli nr. 5/2008.

> Fuglveiði hefur áður verið á Eyvindastaðaheiði, sjerdeilis af álftum, hefur ei brúkast í margt ár; því aflögð að ekki þótti aflast.
>
> Grasatekja næg á sömu heiði og brúkast árlega, og brúkast þessi grasatekja bæði að norðan og sunnan í leyfisleysi, og þiggur ábúandi hjer önvgan toll fyri, og so hefur verið um lángan aldur.
>
> Selstöðu á jörðin sem brúkast hefur í gamallri tíð á Eyvindastaðaheiði, sem ekki hefur brúkast í manna minni sökum óbærilegrar vegalengdar.[203]

Í umfjöllun um jörðina Selland segir í sama riti af afrétti á Eyvindarstaðaheiði:

> Afrjett engin og gengur geldfje og lömb í heimalöndum. Áður hefur uprekstur verið, bæði frá þessari jörðu og öðrum í sveitinni, á Eyvindastaðaheiði, en í margt ár hefur þessi upprekstur smásaman aflagst og nú öldungis í næstu tvö ár. Afrjettartollur var meðan upprekstur inn varaði, eitt lamb af hvörjum tuttugu, og so þótt fleiri væri, til bóndans á Eyvindastöðum. Ekki þykir mönnum líklegt, að þessi afrjettur muni hjeðan í frá brúkast úr nálægum sveitum fyri grasleysi, því afrjettarlandið er mikinn part uppblásið í holt og sanda.[204]

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 29. apríl árið 1739, var upplesin lögfesta Einars ráðsmanns Jónssonar fyrir Eyvindarstöðum og hennar afrétt. Lögfestan var dagsett að Hólum í Hjaltadal þann 20. apríl árið 1739.[205]

Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 23. apríl árið 1763, var lesinn upp samningur um afréttartoll og rekstur á Eyvindarstaða- og Stafnsheiði, á milli ábúandans á Eyvindarstöðum, Jóns Tómassonar og bóndans í Stafni, Péturs Ólafssonar. Skjalið var dagsett 21. apríl árið 1763.[206]

Þann 31. maí 1790 bað Eiríkur Jónsson tiltekna bændur að reka lömb sín á Eyvindarstaðaheiði.[207]

Dómur var kveðinn upp þann 16. september 1813 í deilu Stafns og Evyindarstaða um upprekstrartolla á Eyvindarstaðaheiði. Meðal annars er fjallað um lögfestu er tengist Eyvindarstöðum frá 1. maí 1806.[208]

Í jarðamati 1804 er getið um ýmis konar hlunnindi Eyvindarstaða í afrétt jarðarinnar, þar á meðal svani fjallagrös og leigugjöld af afréttarnotum.

> Forrellefangst som ved no. 115.
>
> Svanefangst og Svanefiære, som her erholdes med liden umage i Gaardens Afreet, anslaaes mod Fordeelen af en Koe.
>
> Leilighed, som her haves til at samle Fieldgræs ellr islandsk Mose ansettes mod Fordeel af en Koe.
>
> For Afret betales Opsidderen omtrent 10rd.[209]

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að jörðin Eyvindarstaðir eigi „Eyvindarstaðaheiði“ sem sé stórt afréttarland, sem nýtt sé af fleirum og greiða þeir fyrir afnot sín.

---

[203] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 356–357.
[204] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, 354.
[205] Skjal nr. 2(148) í máli nr. 5/2008.
[206] Skjal nr. 2(149) í máli nr. 5/2008.
[207] Skjal nr. 2(101) í máli nr. 5/2008.
[208] Skjal 4(61) í máli nr. 5/2008.
[209] Skjal nr. 2(55) í máli nr. 5/2008.

> Jörðin á svonefnda „Eyvindarstaðaheiði“, stórt afréttaland fyrir fleiri sveita upprekstur, fyrir fjallatolla, en á móti skyldu að hreinsa heiðarlandið fyrir refagrenjum.[210]

Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 27. júní árið 1860, var upplesið forboð bændanna á Eyvindarstöðum í Húnavatnssýslu um að setja hross eður fara til grasa á Eyvindarstaðaheiði, að undanskildum þeim, er þangað reka fénað sinn, eður hafa leyfi til. Forboð bændanna var dagsett 26. maí árið 1860.[211]

Í kaflanum um Eyvindarstaði í fasteignamati 1916–1918 kemur fram að jörðin eigi upprekstur á afrétt, sem er það eina sem kemur fram um afréttarmál jarðarinnar:

> Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign. Landamerki þinglýst.[212]

Í ritinu *Göngur og réttir* III frá 1985 segir að talað sé um að Eyvindarstaðaheiði liggi á milli Vestari-Jökulsár í Skagafirði og Blöndu. Upphaflega muni heitið Eyvindarstaðaheiði hafa verið takmarkað við vesturhluta þess svæðis. Þá muni Eyvindarstaðaheiði hafa verið eign Eyvindarstaða í Blöndudal en seld undan jörðinni 1859. Þetta landsvæði mun hafa verið notað frá alda öðli til afréttar fyrir sveitirnar á milli Blöndu og Héraðsvatna. Sagnir herma að upprekstur þangað hafi verið heimill öllum sem bjuggu innan takmarka Gönguskarðsár að austan en Laxá að vestan svo sem Blanda og Vestari-Jökulsá ráða.[213]

Í ritinu *Göngur og réttir* III frá 1985 kemur fram að áður fyrr, þegar byggð hafi verið meiri voru Staðarfjöll, sem nú eru sameiginlegt afréttarland sveitanna á milli Blöndu og Héraðsvatna og allt fram að Stóra-Vatnsskarði, talin heimalönd enda nytjuð sem slík og m.a. nýtt til selfara. Þá hafi því svæði sem nú er kallað Eyvindarstaðaheiði verið skipt í tvö megin svæði. Annars vegar Stafnsafrétt sem mun hafa náð yfir Háutungur, milli Fossár og Svartár, Svartárbuga og sandana suður af Bugunum, allt fram að Hofsjökli. Hins vegar svæðið þar vestan af eða Eyvindarstaðaheiði sem lá lengi vel undir Eyvindarstaði í Blöndudal.[214]

Í *Göngum og réttum* III er takmörkum þessa landsvæðis lýst svohljóðandi:

> Að vestan Blanda frá upptökum, eins og syðstu kvíslar hennar ráða. Að norðan lína, er dregin er úr Kolluhvammsgreni í Blöndugili um Austurdali við syðra mynni Rugludals í hæstu bungu Hölknafells, og þaðan sjónhending í háaustur á Fossárdalsbrúnir. Ráða svo hæstu brúnir hans í efra enda Smjörmálsgils. Sögn er, að merkin hafi að fornu legið um Hólmavatnsmýrar í Smjörmálsgil, en nú er ekki að fullu víst, hvar þessar mýrar voru. Nú er allt land blásið og að mestu örfoka á þessu svæði en líklegt má telja, að þær hafi verið litlu norðvestar en gilbotninn. Smjörmálsgil [eða Smjörmoksgil, sbr. athugasemd neðanmáls] ræður í Fossá, en hún fram á móti Arnarhól. Úr Arnarhóli liggja merkin austur á Þingmannaháls, en hann skiptir svo merkjum eftir því sem vatn fellur, meðan hann endist. Ræður svo sjónhendning suður á Hraungarð. Ræður hann síðan suður á Hraungarðshaus, og af hæstu bungu hans sjónhending sem framhald af

[210] Skjal nr. 2(25) í máli nr. 5/2008.
[211] Skjal nr. 2(150) í máli nr. 5/2008.
[212] Skjal nr. 2(24) í máli nr. 5/2008.
[213] *Göngur og réttir* III, bls. 297; Sigurjón Guðmundsson: „Eyvindarstaðaheiði“, *Húnaþing* III, bls. 31–33.
[214] *Göngur og réttir* III, bls. 297.

> Hraungarðinum suður að Ströngukvísl. Þaðan ræður austasta kvísl hennar að upptökum.
>
> Að sunnan ræður Hofsjökull frá austustu kvísl Ströngukvíslar að syðstu kvísl Blöndu.[215]

Brandur Sigurðsson sýslumaður útnefndi sex menn, á þingi á Svínavatni 2. október 1464, til að skera úr um ágreining þeirra Egils Grímssonar og Magnúsar Jónssonar. Egill hafði kært Magnús fyrir að hafa hvorki látið reka lambfé sitt á Eyvindarstaðarheiðar né goldið vanalegan toll eftir gömlum vana. Egill lét lesa upp afrit af úrskurði Einars Gilssonar lögmanns, að norðan og vestan, þar sem hann hafði:

> vrskvrdat alla bendr j mille gavngvskarzar j skagafirde firir vestan votnn ok laxar aa skagastond firir nordan blavndv þa sem eige tiu lavmb edr fleire frialslega j heimild ad reka sinn lambfenad vm svmar j eyvindarstada afrett enn lvka at hausti eitt lamb af rextre eyvindarstadamonnum er af fialle kemr suo framt sem þeir vilia fordazt þa sektt sem vid ligr ad rivfa lavgmanz urskurd.[216]

Dómsmenn dæmdu Magnús skyldugan að:

> lvka fyrnefndan fialltoll opt nefndvm egle ok alla bendr adra j fyrr savgdv takmarke at frialsv reka ok lvka optt nefndan toll til eyvindarstada epter þvi sem fyrr skrifad stendr at heyrdvm þessvm vorvm dome.[217]

Páll Grímsson sýslumaður útnefndi sex menn, á þingi í Engihlíð 16. febrúar 1538, til að rannsaka og leggja dóm á mál þeirra Jóns Halldórssonar og Þorláks Þórissonar. Jón hafði kært Þorlák fyrir að hafa hvorki rekið fé sitt á Eyvindarstaðaheiðar né goldið toll eftir gömlum vana. Jón lét lesa upp fyrrnefndan úrskurð Einars Gilssonar lögmanns að norðan og vestan og dómsmenn dæmdu Þorlák:

> skylldugan. og alla adra þa sem byggia edr bua j þessu tackmarke skylldugа epter logmannzins vrskv(r)de at reka sitt lammbfie a eyuindastada heidar. og luka ath hausti eit lamb. þeir sem ætti x fleira. at frafærum joni halldorssyni eda þeim. sem logradannde væri eyuindastada. somvleidis þeir sem heima geyma edr annars stadar reka. skulu bæde suara tolli og suo gongu epter logum. Enn ef þeir reka sem færri eigu enn .x. svari huorcki tolli ne gaungu. Enn þeir sem ei hafa tollinn golldit edr halldit vppi þessvm rekstri epter logum (ad) forfallalavsu svari kongdominvm sem þeir hafi rofit logmannz vrskurd. enn joni savd med alldri badi adr og suo vpp hedann. þar til er hann er verdr halfrar merkr. þa dæmdum vier fyrr greindum joni halldorssyni fiorar merkr j fullretti. og kongi domrof iiii merkr sie enn þessi domr rofinn.[218]

Sýslumaður samþykkti dóminn og setti innsigli sitt undir hann ásamt dómsmönnunum.

Þann 6. maí 1686 skipaði Þorsteinn Benediktsson sýslumaður svo fyrir að tveir dómar frá 1464 og 1538 um lambafjárrekstur og lambatolla á Eyvindarstaðaheiði skyldu standa. Skipunin var þinglesin 1686 og 1772.[219]

---

215 *Göngur og réttir* III, bls. 298. Í ritinu er síðan einnig nánari lýsing á einstökum hlutum heiðarinnar.
216 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 434, sbr. skjal nr. 2 (A.2.4.a–d) og skjal nr. 2(20) í máli nr. 5/2008.
217 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 434, sbr. skjal nr. 2 (A.2.4.a–d) og skjal nr. 2(20) í máli nr. 5/2008.
218 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 343–344, sbr. skjal nr. 2 (A.2.4.a–d) og skjal nr. 2(20) í máli nr. 5/2008.
219 Skjal nr. 2(20) í máli nr. 5/2008.

Minnst er á Eyvindarstaðaheiði í *Jarðabók* Árna og Páls í tengslum við ýmsar jarðir á þeim nótum að þar hafi verið upprekstur áður fyrr, sbr. eftirfarandi:[220]

Rugludalur:

> Afrjett engin og gengur geldfje í heimalandi; áður hefur verið upprekstur á Eyvindastaðaheiði, vide Selland.[221]

Seljabrekkur/Selland:

> Afrjett engin og gengur geldfje og lömb í heimalöndum. Áður hefur upprekstur verið, bæði frá þessari jörðu og öðrum í sveitinni, á Eyvindastaðaheiði, en í margt ár hefur þessi upprekstur smásaman aflagst og nú öldungis í næstu tvö ár. Afrjettartollur var meðan uppreksturinn varaði, eitt lamb af hvörjum tuttugu, og so þótt fleiri væri, til bóndans á Eyvindastöðum. Ekki þykir mönnum líklegt, að þessi afrjettur muni hjeðan í frá brúkast úr nálægum sveitum fyri grasleysi, því afrjettarlandið er mikinn part uppblásið í holt og sanda.[222]

Skeggsstaðir:

> Afrjett hefur áður verið á Eyvindastaðaheiði sem áður segir um Selland, en nú í margt ár aflögð, en brúka upprekstur bæði frá þessari jörðu og öðrum í Svartárdal, sjerdeilis í tvö ár á Stafnsheiði, og gelst hjer afrjettartollur, eitt lamb af hvörjum tuttugu, til bóndans í Stafni, og so þótt einn maður eigi fleiri þá gelst ei framar.[223]

Mjóidalur:

> Afrjett fyri vissan toll brúkar jörðin á Víðidal sem aðrar jarðir á Laxárdal, en áður hefur uppreksturinn brúkast á Eyvindastaðaheiði ut supra.[224]

Móberg:

> Afrjett segja menn að jörðin hafi áður brúkað (so sem öll þessi sveit) á Eyvindastaðaheiði fyri vissan toll, en hefur aflagst sökum vegalengdar og grasleysis á fjallinu og því ekki brúkast margt ár. En síðan hefur þessi jörð og flestar aðrar í sveitinni brúkað afrjett þann, sem liggur í Reynisnessstaðarklausturs landi, sem kallast Víðidalur, fyrir sín lömb …[225]

Staðar- og Seyluhreppar:

> Um allar framanskrifaðar jarðir í allri þessari sveit [þ.e. Staðar- og Seyluhreppum í Skagafirði] er að athuga, að sveitin öll hefur til forna upprekið á Evindarstaða afrjett eður Tjarnargil, og hefur tollur fyrir komið, lamb af rekstri hverjum. Enn reka margir í þessari sveit á Tjarnargil og gjalda fyrir áður ákveðinn toll. En á Eyvindastaða afrjett hefur aldrei rekið verið í manna minni úr þessari sveit. Þeir sem ekki reka á Tjarnargil reka nú í eigin lönd og eyjar og ýmsa staði, og þeir úr Staðarhreppnum flestir á fjallland það, er kallast Ranghali og hafa það frí.[226]

---

220 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 353, 354, 356, 362, 384, 400.
221 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, 353.
222 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 354. Umsögn um fyrrverandi upprekstur á Eyvindarstaðaheiði virðist gilda um allar jarðir í Bólstaðarhlíðarhreppi út að Gautsdal og Strjúgi (með hjáleigum). Sömuleiðis um jarðir þær í Engihlíðarhreppi, sem eru í Langadal og jafnvel allan hreppinn.
223 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 362.
224 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 384.
225 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 400.
226 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 106.

Krithóll í Lýtingsstaðahreppi:

> En gömul skjöl og dómar segja menn að skyldi þessa sveit til lambaupprekstur á Eyvindarstaðaheiði, (sú jörð er í Blöndudal í Húnavatnssýslu) fyrir eins toll, lamb af rekstri. Það hefur um lángar stundir ekki brúkast.[227]

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 22. apríl árið 1763, var lesinn upp samningur á milli ábúandans á Eyvindarstöðum Jóns Tómassonar og bóndans í Stafni Péturs Ólafssonar um afréttarrekstur á Stafns- og Eyvindarstaðaheiðar. Innbyggjendur Lýtingsstaðahrepps hafna samningnum, en vilja samþykkja hann ef Seiluhrepps innbyggjendur ráði í Stafnsafréttarlandi frekar en á Eyvindarstaðaheiði. Samningurinn er dagsettur 21. apríl 1763.[228]

Þann 14. júní 1773 lögfesti Sveinn Pétursson umboðshaldari í Svínadalsumboði Eyvindarstaðaheiði. Í lögfestunni stendur:

> Lógfesti nu i dag alla Eivindastadar Heide millum Þeirra umm merkia sem effter filger. First ad Nordann verdu i Sydre Endann ä Rugludals büngu þadann Hanska fell. Þadan i þann Hlöda Stein sem stendur a Fossa dals brün. Beinleides þadann i Hoolma myrar votn, og þadan til Austurs i Adalsmanns vatna Lækiaroos, Rædur so Lækurenn til Svartár og so framm Svartä i Svórtu Tiórn, Þadann beinleides stefnu til Jókuls, rædur so Jökull til Blóndu upptaka. Rædur So Blanda til FirrGreindrar Ruglu dals bungu. Fyrer byd eg hvorium manni so vel innan Syslu sem utann bruka edur beita, Hrys rif ad vinna edur nockurt hagrædi sier ad nyta innan nefndra landamerkia þad Logum er a moti nema mitt edur a buandans ä Eivindarstodum sie skriflegt leifi til. Biggest þesse Lógfesta a Gömlum dom og Documenter sem eg i Hondum hefe hvor Frammvysast skulu a sinne Tyd ef nockrer hier a moti gióra. Hier med til bijdst ecke einasta Helldur tilseigest ollum sem Fiar rekstur lamba bruka effter Lógum, ad reka syn lómb ä Eivindarstada Heidi effter [gamalli] veniu og giordum dömum þar um til forna, giore nockur hier ä möti giefe bondenn nu verandi a Eivindarstódum velforsoktur Jon Thumasson mier þad til kinna.[229]

Þann 11. maí 1776 lögfesti Jón Árnason umboðshaldari í Svínadalsumboði Eyvindarstaðaheiði. Í lögfestunni, sem er keimlík þeirri frá 1773, stendur:

> Lögfeste hier med alla Eivindarstadarheide, innann þeirra Takmarka sem hier effter greiner. Ad Nordannverdu i Sydre Endann á Rugludalsbungu, þadann Rettsÿne til austurs i Handska fell, Þadann i þann Hlódastein sem Stendur á Fossadalsbrún, beinleides þadann i Hólmamyrar Vatn, og þadann Rettsynes i Adalsmannvatna Lækiar Ós. Rædur so lækurenn til Svartár, enn áenn rædur allt framm i Svörtu Tiörn, þadann beinleides Stefnu til Jökuls, Rædur so Jökullenn til Blöndu upptaka, Enn Blanda rædur ad Sunnann og Vestann allt gegnt fyrstskrifudu ör nefne. Fyrerbÿd eg hvöriumm manne sovel innann Sÿsslu sem utann ad bruka edur beita, edur nockurt hagræde sier ad nýta innann Nefndra Landa Merkia, Sierdeiles Fyrer bÿd Eg Hrísrif, Kolagiörd, og Hrossa upprekstur, samt Sierhvöria adra lögum gagnstæda brukun a nefndre Heide, nema Mitt edur ábuandans á Eivindarstödum, sie skriflegt leife til. Byggest þesse lögfesta á gömlum dómum og Documenter sem Eg i Höndum hefe, hvör frammvýsast skulu a sinne Týd, ef Nockrer hier i móte giöra. Hier med tilbýdst ei alleinasta, heldur alvarlega tilseigest, öllum sem Upprekstur Lamba brúka effter Lögumm, ad Reka sín Lömb á Eivindarstada Heide, effter gammallre Veniu og giördumm Dómumm til forna, er til

---

227 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 108. Má skilja af jarðabókinni að það, sem segir um Krithól, hafi gilt um mikinn hluta Lýtingsstaðahrepps.

228 Skjal nr. 2(135) í máli nr. 5/2008.

229 Skjal nr. 2(21) í máli nr. 5/2008.

> skyllda alla ábuendur i Millum, Blöndu og Heradsvatna frá Laxaa á Skagaströnd ad Vestann, enn Gaunguskardsá ad austann, sin Lömb á Eivindarstadarheide ad reka, samt Veniulegumm Fiallskilumm uppe ad hallda.[230]

Þann 31. maí 1790 bað Eiríkur Jónsson á Eyvindarstöðum bændur á svæðinu frá Héraðsvötnum út að Gönguskarðsá að austan allt til Blöndu og út að Laxá að vestan að reka lömb sín á Eyvindarstaðaheiði. Bréfið er stílað á sýslumann Björn Jónsson. Beiðni hans var svohljóðandi:

> So sem gömul Skilrýke og Lögsamder dómar, sem liggia í Stifttkistunne á Hólumm i Hialltadal, og so vel hier á Bolstadar hlidar-, sem Eingehlídar-, samt Lítingsstada- og Seilu-þingumm Upplesenn og Uppáskrifud, tilhallda öllumm búande Mönnumm frá Heradsvötnumm utad Gaunguskardsá ad austann allt til Blöndu utad Laxá ad Vestann, sem eiga 10 lömb á Frá færumm og þadann af fleire, ad Reka sin lömb árlega á Eivindarstada Heide, so sem Lög afrett, hvad umm nockur Undannferenn ár vissra og lika vel mier óliósra orsaka Vegna forsómast og undanndreigest hefur; So bid Eg hier med vinsamlega, alla búande menn innann hiertilgreindra takmarka ad vestannverdu, ad þeir villdu á nu yferstandande Sumre og eftter dags þeckia og Rækia Skylldu sina, á því, ad reka sín lömb á nefnda Eivindarstada Heide, So sem Lög afrett, samt audsyna þau Skil en vor gömlu Landslög Sier hvöriumm þeim á hendur seigia, er Skylldu Upprekstur á Lög afrett eiga; enn Eg tilbyd mig og lofa hier med ad standa i þeim Skilumm sem einumm afrettar bónda ber, epter sem Eg hefe frekast Efne og kraftta til, bæde í þvi ad hreinsa afrettenn, sem og láta Fiár Rettena vera i Forsvaranlegu Stande, ad hlutadeigendur gete i Sundurdreiged sinn Lömb án hindrunar, sem af minne vanrækt og Forsómun orsakast kinne. Bid Eg hier med þienustusamlega ad herra Sysslumadurenn villde láta þessa mina begiæring upplesa og auglýsa so vel á Bólstadar- sem Eingehlidar þíngumm, og uppáskrifa, samt áminna bændur i tilgreindu plátze hier i Sysslu, ad eftterlifa, þeim uppálagder Löglegre Skylldu i tiedu efne.

Fyrir aftan bréfið kemur fram að því hafi verið þinglýst 1. júní 1790. Einnig er ritað á bréfið að það hafi verið lesið á manntalsþingi 1. maí 1879. Getið er hvernig bændur brugðust við bréfinu:

> Upplesed og uppáskrifad fyrer manntalsþings Riette ad Bolstadarhlíd þann 31ª Maii 1790, og lofa flester af næstverande þingsóknar mönnum ad fullnægja sinne hier ad framann anfærdre Skyldu, i ad Reka á afrettenn og syna öll Fjallskil, enn hiner fáu, sem vegna Fjarlægdar og annarar óhægdar treistast ej til ad Reka, lofa ad betala Fjalla Tolla eda syna afrenttar bóndanum adra eins þægd.[231]

Dómur var kveðinn upp þann 16. september 1813 í deilu Stafns og Evyindarstaða um upprekstrartolla á Eyvindarstaðaheiði:

> Að hvörnin sem upprekstri er hagað á heið~~ina~~ [annar skrifað ofan línu] þó að eitt ár sé rekið flestallt fé á Eyvindarstaðaheiði en hið annað á Stafnsland skulu Tollarnir af báðum heiðunum skiptast í jafna tvo hluti og Taki sinn helming hvör Eyvindarstaðabóndi, og Stafnsbóndi; en í sjálfræði skal þeim vera, hvort þeir telja menn í sundur, og taka hjá sínum flokki hvör, eður þeir safna öllu í eitt og skipta svo í tvo hluti; en svo skal skiptum haga; að sitt ár skipti hvör, en hinn skal kjósa sem ekki skiptir, eður ef þeir vilja leggja á hlut er þeim eins rétt.[232]

[230] Skjal nr. 2(22) í máli nr. 5/2008.
[231] Skjal nr. 2(101) í máli nr. 5/2008.
[232] Skjal nr. 4(61) í máli nr. 5/2008.

Deilendur sættust á dóminn. Í dómsskjölunum er vísað í lögfestu frá 1. maí 1806. Þar segir:

> Eyvindarstaðabóndinn leggur alla Eyvindarstaðaheiði sem er mykill alheimur, hvörja Blöndudælinga og Svartdælinga heimalönd afskera að Norðann, mjög nærri byggðumm. Blanda að Vestann og sunnann þá Jökullinn að suð austann, beinlínis undann honum á Brunnabrekkubrúnir, þar norðeptir móti Aðalsmannsvatnslæk, þar þvert yfir í Lækinn. Úr honum og yfir þver Aðalsmansvötn til Fossadalsbrúna vestari, stemmir þá Hanskafell síðast.[233]

Einnig er vísað í lögfestu frá 6. júní 1794. Þar stendur:

> allt Stafnsland að fráteknum Töðum og Eingjum, fra garðinum á Kúfahlaðaklifi, og a Fjall upp til austurs gégnt svokolluðumm Þrepskjölum í Kiðaskarði. Þaðann beint í Svarta gil síðann í Svartá til vesturs; allar Háutungur milli Fossár og Svartár framm í Aðalsmannsvatnalæk, og þar þvert yfir vötninn í áðurnenfda Fossá. – og Stafns Teiga frá því gégnt réttinni gömlu og stemmir síðast á Línghól.[234]

Á manntalsþingi að Stóru-Seilu 22. júní 1807 var upplesin dómsafskrift fyrir Eyvindarstaðaheiði, hverri þingsmenn sögðust protestera að gild væri eður gilda myndi þá.[235] Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 28. maí árið 1823, var lesin upp lögfesta fyrir Eyvindarstaðaheiði og svar upp á hana.[236] Árið eftir, á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 15. maí árið 1824, var upplesin klögun yfir rekstrarleysi á Eyvindarstaðaheiði.[237]

Fundur var haldinn 23. apríl 1853 á Bergsstöðum í Svartárdal til að ræða upprekstur á Eyvindarstaðaheiði:

> Mættu á þessum fundi Hreppsstjóri Sgr Guðmundur Arnljótsson á Guðlaugsstöðum, vegna Sgr Ólafs Thómassonar á Eivindarstöðum og sona hanns, hvartil þessir áður höfðu gefið honum fullmakt; Einnig mætti bóndinn Sgr Jón Sigurðsson í Stafni; Enn á aðra hlið mættu Hreppstjórarnir úr Bólstaðarhlýðar, Seilu, og Lítingsstaða hreppum. Var þá fyrst framlagður samningur dagsettur 19. Febr. Næstl. sem gjörður var milli Sgr Ólafs og þessara hreppsstjóra, fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem heiðina brúka, og var hann á ní staðfestur og álitinn af báðum hlutaðeigendum gyldandi skjal.
>
> Þar næst var tekið til umræðu hvörjar Jarðir skyldu vera fríteknar frá Lambatolls gjaldi. Vegna átroðnings af afréttarpeningi; og af því þær eiga stór lönd liggjandi að afréttinni, voru þær þessar að vestan: Bollastaðir, Selland, Rugludalur, Steiná, Steinárgerði, Hóll, Stafn, Fossar, og Kóngs garður; enn að norðan: Túnguháls, Goðdalir, á meðan þessara jarða ábúendur, reka í sín heimalaönd og þar að auki Ölduhryggur, Ýrafell, Gilhagi, Mælifell, Hamarsgerði og Reykir, Voru allir hlutaðeigendur þessu samþykkir. Sömuleiðis var tekið til umræðu samkomulag um fjallatollagjald, milli Stafns og Eivindarstaðabónda, var þar um ályktað: að Eivindarstaðabóndi skyldi einn taka á móti öllum fjallatollum, og af þeim afhenda strags við réttina Stafnsbónda 35 lömd, fyrir Réttarstæði, land og annan átroðning við réttina, og ef lambatollar, gjaldast fleiri eða færri enn áttatýu, sem fundarmenn héldu mundi geta verið meðaltala; þá skyldi í Ólafs hlut falla tveir hlutir; enn einn þriðjungur í hlut Stafnsbónda af þeim tollum sem verða yfir eða undir 80 – líka afsalaði Stafnsbóndinn sér, til Eivindastaðabónda umráðum heiðarlands, síns, hvað brúkunarleifi og bann áhrærir.[238]

[233] Skjal nr. 4(61) í máli nr. 5/2008.
[234] Skjal nr. 2(31) í máli nr. 5/2008.
[235] Skjal nr. 2(136) í máli nr. 5/2008.
[236] Skjal nr. 2(137) í máli nr. 5/2008.
[237] Skjal nr. 2(138) í máli nr. 5/2008.
[238] Skjal nr. 4(63) í máli nr. 5/2008.

Jón Sigurðsson, bóndi í Stafni, skrifaði undir bréfið. Það gerðu einnig G.(uðmundur) Arnljótsson, vegna Ólafs (Tómassonar og sona hans), E. Gottskálks-son, hreppsstjóri Seyluhrepps, S. Guðmundsson, hreppsstjóri Bólstaðarhlíðarhrepps, og Tómas Jónsson, hreppstjóri Lýtingsstaðahrepps.

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 15. maí árið 1861, var samþykkt og ákveðið, að þeir sem ættu lönd að Eyvindarstaðaheiði frá Ölduhrygg út að Mælifelli skyldu ganga og hreinsa heimafjöllin á haustum í félagi og færu allir fram fyrir, en við Gilhagasel skyldu bætast við þá 8 menn úr Tungusveitinni og Goðdalasókn utan til, en Goðdalafjall, Goðdaladalur og Runa skyldu gangast frá Svartárdölunum, Ánastöðum, Tunguhálsi og Goðdölum.[239] Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 30. maí árið 1862, var þinglesið samþykktarskjal, viðvíkjandi upprekstri fénaðar og hrossa á Eyvindarstaðaheiði og Stafnsafrétt, ásamt byggingu á réttum þar.[240] Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, sem fór fram degi síðar en að framan greinir, var auglýst samþykktarskjal, viðvíkjandi upprekstri fénaðar og hrossa á Eyvindarstaðaheiði og Stafnsafrétt, sem og um byggingu Stafnsréttar.[241]

Í aukarétti á Reynistað, 5. apríl árið 1873, óskaði J. F. Sigvaldason eftir því að spyrja vitni um fjallskil Laxdæla í Hlíðarhrepp að undanförnu, til upplýsingar í því máli er hreppstjórinn í Hlíðarhreppi hafði höfðað í Húnavatnssýslu gegn honum og fleiri mönnum. Jón Benediktsson í Hróarsdal bar að einungis Skagfirðingar hefðu gengið svonefnd Laxárdalsfjöll og vestur undir bæi. Einnig bar hann að Laxárdalsfjöll hafi jafnan verið hreinsuð áður en fé kæmi heim af Eyvindarstaðaheiði, og gengu norðanmenn þá Laxárdalsfjöll líka í seinni göngum. Jón lýsti svo takmörkum Laxárdalsfjalla og þeim jörðum sem þar eiga land að, en kvaðst ekki geta lýst fjallskilum Laxdæla á Eyvindarstaðaheiði. Vigfús Vigfússon á Geirmundarstöðum bar að Laxárdalsmenn hefðu yfirleitt gengið Laxárdalsfjöllin með Skagfirðingum. Vigfús lýsti einnig takmörkum Reynistaðafjalla og þeim jörðum sem þar eiga land.[242]

Aukaréttur var haldinn að Dúki sama dag í þessu máli, hvar framhaldið var vitnaleiðslum áhrærandi fjallskil Laxdæla í Hlíðarhreppi. Þorbergur Jónsson bóndi á Dúki og fyrrum hreppstjóri kvaðst ekki geta borið um upprekstur á Staðarfjöll fram til 1818, en á þeim tíma hafi a.m.k. nokkrir rekið fram á Eyvindarstaðaheiði en frá 1818 hafi almennt verið rekið á Staðarfjöll af Skagfirðingum, sem áttu land að fjöllunum og af Langholti og úr Hegranesi, en um Laxdæli og Skarðamenn úr Bólstaðarhlíðarhreppi geti hann ekkert víst borið fyrr en árið 1837, er hann varð hreppstjóri í Staðarhreppi, en þá hafi Laxdælir yfir höfuð rekið hér í fjöllin og gert fjallskil til Staðarréttar og því hafi þeir framhaldið síðan, að fráteknum bændunum í Þverárdal, sem ýmist hafi verið í norður fjöllin eða fram á heiðar og það hafi kannski líka stöku sinnum viljað til að það

[239] Skjal nr. 2(139) í máli nr. 5/2008.
[240] Skjal nr. 2(140) í máli nr. 5/2008.
[241] Skjal nr. 2(141) í máli nr. 5/2008.
[242] Skjal nr. 2(142) í máli nr. 5/2008.

hafi verið rekið frameftir svo sem sé í bili af einstaka manni á öðrum bæjum í Laxárdal; honum sé það ekki fullkunnugt. Vitnið var spurt nánar um takmörk Reynistaðafjalla og eignarhald á þeim. Þorbergur sagði að 15–16 manns hafi gengið Laxárdalsfjöllin á hverju hausti, í sinni hreppstjórnartíð, flestir að norðan.[243]

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 30. maí árið 1874, er þinglesið skjal frá afréttarbóndanum Bjarna Ólafssyni á Stafni í Húnavatnssýslu, er skýrir frá því, að svo framarlega sem þeir Skagfirðingar er reki fénað sinn til Eyvindarstaðaheiðar, skilji hann eftir fyrir austan Svartá á Stafnsgili og utar á gilinu að vestan en í svokölluðum Sveig, þá finni hann sig orsakaðan til að kæra þá hina sömu fyrir hlutaðeigandi yfirvaldi. Skjal Bjarna er dagsett. 27. maí sama ár.[244] Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 1. júní sama ár, var þinglesið skjal Bjarna Ólafssonar á Stafni, sem tiltekur takmörk fyrir upprekstri Lýtingsstaða- og Seiluhreppsmanna, á Eyvindarstaðaheiði.[245]

Landamerkjabréf fyrir Eyvindarstaðaheiði var útbúið þann 28. september 1886 og því var þinglýst 20. maí 1889:

> Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Kolluhvammsgreni; þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal; þaðan rjettsýni austur í Hanzkafell, þar sem það er hæst; þaðan í Hlóðarstein, þann er stendur á Fossadalsbrún að vestan; þaðan beina stefnu í Hólmamýrarvatn; þaðan í austur, beina stefnu í Aðalsmannsvatnalækjarós; ræður svo lækurinn til Svartár; ræður svo áin frá í Svörtutjörn; þaðan beina stefnu í suðaustur upp að Hofsjökli; ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Kolluhvammsgreni.[246]

Gísli Ólafsson, eigandi hálfrar Eyvindarstaðaheiðar, og Jóhann P. Pjetursson, eigandi Eyvindarstaða og hálfrar Eyvindarstaðaheiðar, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ólafi Sigurðssyni umboðsmanni Reynistaðaklausturs, fyrir hönd Reynistaðaklaustursjarðarinnar Rugludals, Birni Jónssyni, vegna Bergsstaðakirkjujarðarinnar Fossa og Bjarna Ólafssyni, eiganda jarðarinnar Stafns.

Þann 6. ágúst 1898 samþykktu fulltrúar Bólstaðarhlíðarhrepps og Lýtings-staðahrepps ásamt Seyluhreppi, meðlimir Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar, að kaupa Stafnsréttarstæði af Stafnslandi, sem kaupsamningar milli Lýtingsstaðahrepps og Stafnsbónda frá 26. janúar 1897, hljóðuðu upp á til félagseignar og notkunar og einnig samþykktu þeir að kaupa Eyvindarstaðaheiði. Þessa ákvörðun tóku þeir í trausti þess að Seyluhreppur myndi standa að kaupunum með þeim og út frá sömu álykktun skiptu þeir til bráðabirgða réttindum og kvöðum þessara þriggja aðila vegna sameignarinnar. Skyldi Bólstaðarhlíðarhreppur bera 5/17, Seyluhreppur 4/17 og Lýtingsstaðahreppur 8/17.[247]

[243] Skjal nr. 2(143) í máli nr. 5/2008.
[244] Skjal nr. 2(144) í máli nr. 5/2008.
[245] Skjal nr. 2(145) í máli nr. 5/2008.
[246] Skjal nr. 2(14) í máli nr. 5/2008.
[247] Skjal nr. 4(4) í máli nr. 5/2008.

Árið 1899, hinn 1. dag júlímánaðar, var fundur haldinn að Valadal í Seyluhreppi og mættu þar fulltrúar frá Bólstaðarhlíðarhreppi, Lýtingsstaðahreppi og Seyluhreppi, og var ætlunarverk fundarins að koma sér saman um notkun á Stafns- og Eyvindarstaða-afréttum og gera þær ályktanir, sem þörf gerðist viðvíkjandi afréttarlandi þessu.

Voru þvínæst gerðar eftirfarandi ályktanir:

> Afréttin skal heita „Stafns- og Eyvindarstaða-afrétt," eins og hún hefir verið nefnd til þessa, og telst til hennar allt landið milli Blöndu og Jökulsár vestan fram til öræfa og að heimalöndum ásamt með tungunni milli Svártár í Svartárdal og Fossár, réttarstæðið, réttareyrinni og Vökuhvamminum og yfir höfuð þeim ítökum í Stafnslandi, sem kaupsamningur milli eigenda Stafns og hreppsnefndar í Lýtingsstaðahreppi getur um. Land þetta er allt að dýrleika 26,4 [hndr.].
>
> Á afréttin eiga heimilaðan upprekstur fyrir fénað sinn og fría grasatekju, allir fjáreigendur, er telja fram fénað sinn, sem lögheimili eiga á eftirgreindu svæði: Bólstaðarhlíðarhreppur allur að undanteknum bæjunum á Laxárdal að austan og á Skörðum, fremri hluti Seiluhrepps að Valagerði, Ípishóli, Grófagil og Krossanesi; að þessum bæjum meðtöldum, Eyhildarholti í Rípuhreppi, Stokkhólmi, Mikley og Hringey í Akrahreppi, og Lýtingsstaðahreppur allur fyrir neðan Jökulsá að undanteknum bæjunum Goðdölum, Tunguhálsi, Teigakoti og Villinganesi. Sæki einhver, auk hinna umgetnu manna, um upprekstrarleyfi á afréttina, getur hann samið um það og fengið leyfi til þess hjá til einhverri af hlutaðeigandi hreppsnefndum, en leyfið gildir þó aðeins um eins árs tíma, nema allar hreppsnefndirnar samþykki að það standi lengur. Þeir, sem slíkt leyfi fá skulu greiða í hagatoll fyrir skepnur.[248]

Stóru-Seylubóndi véfengdi þessa samþykkt og sjá má af dómsorði að dómendur höfðu ákveðnar efasemdir um hana.

Við aukarétt á skrifstofu sýslunnar á Sauðárkróki, 7. mars árið 1913, var tekið fyrir mál það er eigendur Stafns- og Eyvindarstaðaheiðar höfðuðu gegn Birni L. Jónssyni. Björn var sakaður um að hafa nýtt sér heiðina í heimildarleysi. Einnig að hafa gert ábúðarsamning við eiganda Víðimýrar, til málamynda, svo hann gæti hagnýtt sér sumarbeitina fyrir stóð sitt, sem hann fóðraði og framleiddi í öðru upprekstrarfélagi en því, þar sem hann hafði sitt rétta heimili. Málið var tekið til dóms.[249]

Þann 28. mars 1913 var kveðinn upp dómur í deilumáli eigenda Eyvindarstaðaheiðar og Stóru-Seylubónda um hagatolla hrossa á heiðinni en fyrrnefndu aðilarnir töldu að sá síðarnefndi hefði ekki heimild til upprekstrar þar og breytti engu þó hann hefði keypt hlut í jörð er ætti upprekstrarrétt á heiðina enda hefðu þau kaup aðeins verið til þess að slá ryki í augu manna. Í dómsorði kemur fram:

> Upprekstur stefnds á Stafns- og Eyvindarstaðaheiði síðastliðið sumar, getur því eigi eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, talist ólöglegur og ber honum því eigi að greiða hagatoll fyrir hann.[250]

Í reglugerð fyrir upprekstrarfélag Eyvindarstaðaafréttar sem er ódagsett en er líklega frá 1916 stendur eftirfarandi um eignarrétt, umráðarétt og upprekstrarrétt. Í öðru skjali,

[248] Skjal nr. 4(65) í máli nr. 5/2008.
[249] Skjal nr. 2(146) í máli nr. 5/2008.
[250] Skjal nr. 4(65) í máli nr. 5/2008.

sem birt er hér aftar er hluti af sömu reglugerð birtur, en báðar útgáfurnar hafðar með samhengis vegna innan hverrar um sig.

> 1. gr. Eignaréttur
>
> Afréttin, að dýrleika 26,4 hundruð eftir jarðabókinni 1861, er sameign þriggja hreppa í Húnavatns og Skagafjarðar sýslum:
>
> 1.Bólstaðarhlíðarhrepps 5/17 eða 7, 8 hundruð
>
> 2. Lýtingsstaðahrepps 8/17 eða 12, 4 hundruð
>
> 3. Seiluhrepps 4/17 eða 6,2 hundruð
>
> Til afréttarins telst alt land milli Blöndu og Jökulsár vestari frá heimalöndum fram til öræfa, ennfremur Kóngsgarðsland og Háutungur, Vökuhvammur og Réttareyri í Stafnslandi. Réttinni til viðhalds er afréttarfélaginu heimil grjótupptekt í Stafnsland án endurgjalds. Fyrir ágang af afréttarpeningi og átroðning við réttina ber Stafnsbónda ókeypis upprekstur á afréttina […]
>
> 2. gr. Umráðaréttur
>
> Yfirráð yfir afréttinni og framkvæmdavald í öllum afréttarmálum hafa hreppsnefndirnar í Bólstaðarhlíðar, Lýtingsstaða og Seilu hreppum. […]
>
> 3. gr. Upprekstrarréttur
>
> Upprekstur á afréttina eiga allar jarðir á þeim svæðum, sem hér greinir:
>
> 1. Bólstaðarhlíðarhreppur allur að undanteknum jörðum á austanverðum Laxárdal og Skörðum.
> 2. Lýtingsstaðahreppur allur fyrir vestan Jökulsá að undanskildum jörðunum Tunguhálsi og Villinganesi, ennfremur Stokkhólmi í Akrahreppi.
> 3. Frampartur Seiluhrepps að Valagerði, Ípishóli, Grófargili og Krossanesi að þessum jörðum meðtöldum, ennfremur Mikley í Akrahreppi og Eyhildarholt í Rípurhreppi.[251]

Árið 1973 var komið upp afréttargirðingu frá Kóngsgarði og þvert austur yfir Háutungur í Svartá. Þá voru gerð landskipti á milli eigenda Fossa og upprekstrarfélagsins. Fossar fengu land norðan girðingar á Háutungum en upprekstrarfélagið það land Fossa sem var framan girðingar. Haldið var áfram með afréttargirðinguna austan Svartár á árunum 1976–1978. Þar sem girðingin liggur yfir Svartá á Stafnsgil:

> […] heitir Sveigur. Hún liggur upp sunnan Einarsdal og upp á höggið sunnan við Mælifellsdal, þaðan til suðausturs ofan við Þrílæki á ofanverðri Haukagilsheiði og fram fyrir veg á Litlasandi og endar á Brunnabrekku. Allmikið land frá kirkjujörðinni Mælifelli lagðist til afréttarins með þessari girðingarlegu. Greiðir upprekstrarfélagið árlega leigu til Mælifellskirkju fyrir landið. Mælifell á Mælifellsdal allan að austanverðu og Haukagilsheiði fram að Brunnabrekkulæk. Enn er ógirt fyrir öræfin suður af Skagafjarðardölum.[252]

Í ódagsettu skjali sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu“ og sent var frá sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki árið 1985 segir m.a. um Eyvindarstaðaheiði:[253]

---

[251] Skjal nr. 4(66) í máli nr. 5/2008.
[252] Sigurjón Guðmundsson: „Eyvindarstaðaheiði“, bls. 33.
[253] Sá hluti skjalsins sem varðar Eyvindarstaðaheiði er birtur í heild í kaflanum „Afréttir og afréttarnot“ hér framar.

Afréttarlönd Lýtingsstaðahrepps

Eyvindarstaðaheiði

> Samkvæmt jarðaregistri Húnavatnssýslu kaupir Hannes Pétursson bóndi á Skíðastöðum í Lýtingsstaðahreppi Eyvindarstaðaheiði, af Kristjáni Gíslasyni kau[p]manni á Sauðárkróki, en hann var sonur Gísla Ólafssonar er lengi bjó á Eyvindarstöðum og átti bæði Eyvindarstaði og Eyvindarstaðaheiði. Þessi kaup voru gerð 15. maí 1898 og kaupverð 2100 kr. Skömmu síðar mun Hannes hafa selt Eyvindarstaðaheiði, Bólstaðarhlíðarhreppi og Seyluhreppi, en af þessu hafa ekki fundist kaupsamningar eða afsöl varðandi þau eignaskipti.
>
> Árið 1897 keypti Lýtingsstaðahreppur með kaupsamningi 26. janúar það ár, jörðina Kongsgarð á Fossadal 9. hundruð að dýrleika og Háutungur [milli Svartár að austan, Eyvindarstaðaheiðar að sunnan og Fossa og Kóngsgarðslands að vestan] og Stafnseyri með réttarstæði [og Vökuhvammi austan Svartár] alls metið 1/3 úr Stafni eða 9.4 hundruð að dýrleika. Seljandi þessara eigna var Eyjólfur Hansson bóndi í Stafni [er hefur gjaldfríjan upprekstur á Eyvindarstaðaheiði]. Þessum eignum afsalaði Eyjólfur með bréfi 13. október 1897.[254]

Landamerkjaskrá fyrir Eyvindarstaðaheiði er dagsett 20. ágúst 1985:

> Að norðan: Frá syðra Kolluhvammsgreni við Blöndu ræður bein lína austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal. Úr syðri Austurdal ræður bein lína austur í Hanskafell þar sem það er hæst. Þaðan ræður sjónhending í Hlóðarstein sem stendur á Fossárdalsbrún að vestan. Ráða svo hæstu brúnir Fossárdals að vestan fram í efri enda Smjörmálsgils (Smjörmoksgils). Síðan ræður Smjörmálsgil í Fossá. Fossá ræður svo fram í Arnarhól. Úr Arnarhóli liggja merkin austur á Þingmannaháls, en hann skiptir svo merkjum eftir því sem vatn fellur meðan hann endist.
>
> Að austan: Úr enda Þingmannaháls ræður svo sjónhending suður á Hraungarð og eftir honum suður á Hraungarðshaus. Þaðan ræður sjónhending sem framhald af Hraungarðinum í suður að Ströngukvísl. Síðan ræður austasta kvísl Ströngukvíslar að upptökum.
>
> Að sunnan: Frá upptökum austustu kvíslar Ströngukvíslar ræður Hofsjökull að syðstu kvísl Blöndu við upptök.
>
> Að vestan: Frá upptökum syðstu kvíslar Blöndu ræður Blanda alla leið að áðurnefndu syðra Kolluhvammsgreni.[255]

Fyrir neðan landamerkjalýsinguna stendur að eigendur Eyvindarstaðaheiðar séu samþykkir henni en engar undirskriftir fylgja.

Félagsmálaráðuneytið fór þann 20. febrúar 1989 þess á leit við sveitarstjórnir að þær upplýstu ráðuneytið um eftirfarandi:

> 1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt?
>
> 2. Hvað nefnist sá afréttur?
>
> 3. Hvar liggja mörk hans?
>
> 4. Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarétt í sama afrétt?
>
> 5. Hvaða sveitarfélög eru það?
>
> 6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?[256]

[254] Skjal nr. 4(11) í máli nr. 5/2008.
[255] Skjal nr. 4(58) í máli nr. 5/2008.
[256] Skjal nr. 4(12) í máli nr. 5/2008.

Í svari Lýtingsstaðahrepps frá 6. nóvember 1989 stendur eftirfarandi:

> Eyvindarstaðaheiði er heiðaland er liggur upp af Blöndudal í Austur Húnavatnssýslu. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði nr. 81 frá 1889 eru merki heiðarinnar þessi:
>
> „Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Kolluhvammsgreni, þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal, þaðan réttsýnis austur í Hanzkafell, þaðan sem það er hæst, þaðan í Hlóðarstein, þann er stendur á Fossadalsbrúnum að vestan, þaðan beina stefnu í Hólmamýrarvatn, þaðan í austur, beina stefnu í Aðalsmannsvatnslækjarós, ræður svo lækurinn til Svartár, ræður svo áin fram í Svörtutjörn, þaðan beina stefnu sauðaustur upp að Hofsjökli, ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Kolluhvammsgreni."
>
> 3 hreppar eiga upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, Bólstaðarhlíðarhreppur í Austur-Húnavatnssýslu, Seylu- og Lýtingsstaðahreppar í Skagafjarðarsýslu. Fram að 1897 var heiðin eign Eyvindarstaða í Blöndudal og guldu þeir er reka skyldu 10 lömb eða fleiri Eyvindarstaðabónda 1 lamb í toll sbr. dóm um lambarekstur á Eyvindarstöðum gjörðum að Svínavatni á Ásum 1460, uppríuðum á Hólum 24. apríl 1792 og upplesnum á manntalsþingi í Bólstaðarhlíð 22. maí 1792.
>
> 6. ágúst 1898 keyptu síðan þessir 3 hreppar heiðina af Hannesi Péturssyni, auk þess sem þeir höfðu keypt jörðina Kóngsgarð, Háutungur og Stafnseyri og lagt til heiðarinnar sbr. kaupsamning frá 26. jan. 1897.
>
> Eignarhlutföll þessara þriggja hreppa eru:
>
> Lýtingsstaðahreppur 8/17
>
> Bólstaðarhlíðarhreppur 5/17
>
> Seyluhreppur 4/17[257]

Bólstaðarhlíðarhreppur svaraði 1. nóvember 1989:

> Eyvindarstaðaheiði sameiginlegur afréttur með Seyluhreppi eignarhluti 4/17, Lýtingsstaðahreppur 8/17 og Bólstaðarhlíðarhreppur 5/17. […]
>
> Einnig er notað sem sameiginlegt beitarland lönd eyðibýla innan sveitarfélagsins, á Laxárdal og sveitarfélagið á jörðina Rugludal í Blöndudal, sem er afgirt og notuð til beitar fyrir bændur í Bólstaðarhlíðarhreppi.
>
> Einnig leigir sveitarfélagið jörðina Þverárdal af ríkissjóði og eignarland er Selhagi á Skörðum.[258]

Í eignalista Bólstaðarhlíðarhrepps sem fylgdi bréfi frá 24. nóvember 2006, er varðaði tilfærslu eigna frá hreppum til Húnavatnshrepps, kemur fram að í 5/17 hluta eign Bólstaðarhlíðarhrepps í Eyvindarstaðaheiði séu land, veiðihlunnindi og gangnamannaskáli.[259]

Þann 8. október 2008 bað sveitarstjóri Húnavatnshrepps sýslumanninn á Blönduósi um að skrá 5/17 hluta eign hreppsins í landi og veiðihlunnindum á Eyvindarstaðaheiði, auk ýmissa annarra eigna, sem eign Sjálfseignarstofnunar Eyvindarstaðaheiðar.[260]

---

[257] Skjal nr. 4(13) í máli nr. 5/2008. Einnig eru taldir upp þeir bæir í Lýtingsstaðahreppi sem eiga upprekstur á Eyvindarstaðaheiði

[258] Skjal nr. 4(14) í máli nr. 5/2008.

[259] Skjal nr. 4(59) í máli nr. 5/2008.

[260] Skjal nr. 4(60) í máli nr. 5/2008.

Í skipulagsskrá Sjálfseignarstofnunar Eyvindarstaðaheiðar frá 8. desember 2005 kemur fram að hún er stofnuð af Bólstaðarhlíðarhreppi og að hann leggi fram 5/17 hlut sinn í Eyvindarstaðaheiði, Rugludal og Selhaga. Einnig kemur fram að eftirfarandi lögbýli eigi upprekstur á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar; Auðólfsstaðir, Austurhlíð I og II, Ártún, Barkarstaðir, Bergsstaðir, Blöndudalshólar, Bollastaðir, Botnastaðir, Bólstaðarhlíð I og II, Brandsstaðir, Brattahlíð, Brúarhlíð, Brún, Eiríksstaðir, Eyvindarstaðir, Finnstunga, Fjósar, Fossar, Gautsdalur, Gil, Gunnsteinsstaðir, Hlíðarendi, Hólabær, Hóll, Hvammur (í Svartárdal), Kúfastaðir, Leifsstaðir I og II, Mjóidalur, Skeggsstaðir, Skottastaðir, Stafn, Steiná I-III, Strjúgsstaðir, Sölvatunga, Torfustaðir, Vatnshlíð, Þverárdalur og Æsustaðir. Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Bólstaðarhlíðarhreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. á hverjum tíma eiga upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins.

Í sveitarfélagslýsingu Lýtingsstaðahrepps í *Byggðasögu Skagafjarðar* III stendur:

> **Afréttir** þær sem bændur í Lýtingsstaðahreppi hafa nytjað, og hafa enn aðgang að, eru tvær: Eyvindarstaðaheiði og Hofsafrétt. Afréttina sem nefnd er Eyvindarstaðaheiði eiga jarðir í Lýtingsstaðahreppi í sameign með framhluta Seyluhrepps og mestum hluta Bólstaðarhlíðarhrepps. Reyndar hæfir ekki lengur að segja að afréttarlandið sé eign þessara sveita eða jarða því í kjölfar samnings um Blönduvirkjum hefur eignarrétturinn verið dæmdur af sveitunum. […]
>
> Svonefnd Haukagilsheiði er hluti af landi Mælifells en leigð Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar fyrir ákveðið gjald á hverju ári enda er mestur hluti hennar afréttarmegin við afréttargirðinguna. Haukagilsheiði er þó jafnan smöluð til Mælifellsréttar.[261]

5.3.4 Steiná í Svartárdal

Í jarðamati Húnavatnssýslu frá 1804 segir að jörðin Steiná hafi verið eignarjörð og meðal annars í eigu ábúandans Jóns Jónssonar. Jörðin var metin 20 hundruð að dýrleika en á spássíu í jarðamatinu hefur verið skráð 19 hundruð sem mögulega vitnar um breytt mat á jörðinni.[262]

Í jarðamati Húnavatnssýslu frá 1849–1850 segir að dýrleiki Steinár hafi verið 30 hundruð en hjáleigan Steinárgerði hafi verið 10 hundruð. Jörðin var svo metin á 900 ríkisbankadali. Lýsing jarðarinnar í jarðamatinu hljóðar svo:

> Steiná 30 hndr. og Steinárgérði 10 hndr. nú álitið, en er hjáleiga úr jörðunni, oskipt nema að túni og slægjum. –
>
> Túnið á Steíná stórt, ógreiðfært, grasgéfið í meðallagi, en töðugott, allvel ræktað, fóðrar 5 kýr; túnið í Steinárgérði lítið, ekki greiðfært, ekki grasgéfið, ei heldr líkvænlegt til ræktunar, fóðrar rúmlega 1 kú; slægjur á heimajörðunni eru lítilfjörlegar neðra og

[261] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* III, bls. 23.
[262] Skjal nr. 2(5) í máli nr. 2/2023.

> heima um sig, snöggar, hálfgrýttar, en grasgóðar, ei heldr erfiðar, en efra og lengra frá, eru þær töluverðar að víðáttu, og eins grasgéfnar, en í foræði, og verðr að flytja af votu, sumstaðar án þess hesti verði komið við, þetta er einnig lángtsókt heimanað, og íllt að verja fyrir sífelldum hrossaágángi ofan af heiðinni, og bízt því upp þar sem þeim er fært að komaz að; slægjur á kotinu eru reytíngslegar, og eí miklar, ekki lángsóktar; sumarhagar á báðum býlum eru kjarngóðir, lángsóktir, þó brúkandi fyrir búsmala, án selstöðu, eru vel landrúmir; vetrarbeitin er góð á báðum býlum þegar til nær, en stopul, og hætt við að leggja undir, er og nokkuð lángsókt uppá „Hálsin“ en hún er að sínu leyti betri að fá í kotinu, sem liggr betr við beitinni, og er hún þar ei eins stopul.
>
> Slægjurnar á heimajörðunni neðra liggja undir miklum skémmdum, bæði af skriðum, og landbroti af Svartá, og meinaz nú í vetr að hafa eyðilagz um 20 hesta slægja, þar neðra. – Saméginlegt atkvæði: Níu hundruð ríkisbánkadalir.[263]

Landamerkjabréf Steinár er dagsett 15. maí 1886 og það var þinglesið 20. maí 1886. Efni þess er svohljóðandi:

> Að sunnan milli Hóls og Steinár ræður merkjum sjónhending úr Svartá í laut þá, sem kölluð er landamerkjalaut, sem er næst fyrir sunnan túnið; síðan ræður merkjum sjónhending úr garðlagi því, sem er efst í Landamerkjalaut, og þvert upp í lestaveg; þar beygjast þau eptir honum í suður og í Hávörðu, og úr henni sjónhending í há Hólsbungu, og úr henni í Hanzkafell. Þá tekur við að framan Eyvindarstaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending úr Hanzkafelli til norðvesturs í Tvíhóla, þá beygjast merkin aptur til norðurs í vestari Leirtjörn, og úr henni í þúfu, sem er austan til við Sellandsborgir. Þá ræður merkjum milli Steinár og Bollastaða bein stefna úr nefndri þúfu í Miðásenda fremri; síðan eru merkin eptir há Miðásum í merkjaþúfu þá sem er skammt fyrir sunnan Fálkahól; þá tekur við Steinárgerðisland, og ræður merkjum þar í milli bein stefna til norðausturs yfir Einbúaflá í Birgisvörðu, sem er út og vestur undan Einbúa, halda svo merkin sömu stefnu í Klofastein, sem er út og uppundan efri Tvíhól og úr honum í merkjagarð, sem er út undan neðri Tvíhól; þaðan þvert ofan í svo nefnda Skjöldulág og eptir henni og þvert ofan í Svartá, sem ræður svo merkjum að austan. –
>
> Steiná, 15. mai 1886.
>
> Magnús Andrjesson. –
>
> Framan og ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir.
>
> Guðm. Gíslason vegna Bollastaða. –
>
> Gísli Ólafsson fyrir Eyvindarstaðaheiði
>
> Sigurður Jakopsson fyrir Hól
>
> Björn Guðmundsson, Dagbjört Kráksdóttir, eigendur Steinárgerðis.[264]

Í undirmati að fasteignamati 1916–1918 segir að jörðin Steiná hafi verið í eigu Sig. Jakobssonar og Jóns Sigurðssonar. Um beitiland segir eftirfarandi:

> Beitiland mikið og yfirleitt gott. Vetrarbeit all-góð, svo nokkuð snjóþungt. Langt til beitar og smalamenska fremur örðug. Ágangur mun lítill af afréttarpeningi, því nú liggur girðing, sem er sveitareign framan til yfir landið milli Svartár og Blöndu.[265]

[263] Skjal nr. 2(8) í máli nr. 2/2023.
[264] Skjal nr. 2(15) í máli nr. 5/2008 og skjal nr. 2(1) í máli nr. 2/2023.
[265] Skjal nr. 2(11) í máli nr. 2/2023.

Þá segir að jörðin hafi haft upprekstur á afrétt sem var sveitareign og landamerki hennar voru þinglesin. Jörðin var metin á 3.700 krónur, jarðabætur 10 ára á undan á 300 krónur og öll hús á 1.000 krónur eða samtals á 5.000 krónur.[266]

Í landamerkjabók Húnavatnssýslu 1929–1995 er skráð lýsing á landamerkjum Steinár II, dagsett 1. nóvember 1960, en í henni er eining getið um land Steinár I. Lýsingin var þinglesin við manntalsþing að Húnaveri 28. ágúst 1961 og texti hennar er svohljóðandi:

> 1. Land Steinár II takmarkast þannig: Að austan Svartá norðan við ós Steinar, úr því ræður farvegur Steinár upp miðja vegu milli núverandi íbúðarhúsa; þaðan ræður lína til norðurs mitt á milli íbúðarhúsanna um 40 m. norður fyrir núverandi fjós. Úr þeim punkti ræður bein lína í stóran jarðfastan stein í Flóabrúninni nálægt mitt á milli svo nefndra Ytri- og Syðri-Hóla. Úr þessum steini ræður ~~bein~~ lína beint upp í vörðu, á skurðbakka neðan Seláss. (Í skurðbotninum við vörðuna er stór, jarðfastur steinn, er grafið hefir verið kringum). Að ofan ræður nefndur skurður neðan Seláss norður í Stekkjarlæk; að norðan ræður Stekkjarlækur í Svartá.
>
> 2. Steiná I hefir allt annað land innan núverandi túngirðingar og einnig innan túngirðingar, á Steinárseli. Ennfremur flóann sunnan nefndrar merkjalínu, upp í skurð neðan Seláss og suður að Steinárgili. Einnig hefir Steiná I svonefnda Stalla neðan Náttmálahæða. Að norðan ráða þinglesin merki milli Steinár og Steinárgerðir. Að sunnan ræður skurður sunnan Náttmálahæða niður að núverandi túni.
>
> 3. Annað land Steinár en liggur innan lýstra merkja er óskipt land og er eignarhluti Steinár I tveir þriðju hlutar og Steinár II einn þriðji hluti þess.
>
> 4. Umferðarétt um land hvors annars hafa ábúendur gagnkvæman, eftir þeim leiðum, sem nú eru farnar. Viðhald á vegi þeim, er nú liggur upp með Steinárgili að norðan, upp að svonefndu Hlaupi, annast báðir ábúendur jafnt og er óheimilt að breyta honum nema með samþykki beggja ábúenda.
>
> 5. Öll ónefnd hlunnindi eru óskipt, þar í veiðiréttindi jarðarinnar, virkjunarmöguleikar o.fl. og njóta jarðirnar þeirra þannig: Steiná I tvo þriðju hluta og Steiná II einn þriðja hluta.
>
> Gjört að Steiná, 1. nóvember 1960
>
> Stefán Þ. Sigurðsson
>
> Ólafur Jónsson.[267]

Í sömu landamerkjabók er skráð landskiptagjörð um ræktunarland Steinár I og Steinár III. Landskiptagjörðin var innfærð í landamerkjabók 25. nóvember 1964 og hljóðar svo:

> Við undirrit[aðir] Stefán Sigurðsson, bóndi, Steiná I í Bólstaðarhlíðarhreppi og Sigurjón Stefánsson, bóndi Steiná III, höfum komið okkur saman um eftirfarandi landskipti nefndra jarða á ræktunarlandi.
>
> 1. Land Steinár III takmarkast þannig: Að austan Svartá norðan Stekkjarlækjar. Að norðan ráða merki Steinár og Steinárgerðis upp á móts við Náttmálahæðir. Að vestan girðing á náttmálahæðum að skurði sunnan við Náttmálahæðina, úr því nefndur skurður, þar til hann fellur í túnskurð.

[266] Skjal nr. 2(11) í máli nr. 2/2023.
[267] Skjal nr. 2(2) í máli nr. 2/2023.

Steiná III fær einnig land, er takmarkast af Steinárgili að sunnan, Flóaskurði að ofan norður að merkjum Steinár II, sem raða merkjum að norðan. Að neðan ræður Flóabrún. Steiná III fær einnig lóð undir íbúðarhús heim við núverandi íbúðarhús, 800 m² að stærð

2. Annað af því landi, er upp er talið í landskiptagjörð milli Steinár I og Steinár II, lið 2, dagsettri 1. nóv. 1960, hefur Steiná I.

3. Steiná III fær að auki einn þriðja úr óskiptu landi Steinár I og hefir jafnan rétt í því sem Steiná II.

4. Umferðarrétt um land hvors annars hafa ábúendur gagnkvæman, eftir þeim leiðum, sem nú eru farnar, og nauðsynlegar eru til nýtingar landsins.

5. Öll ónefnd hlunnindi eru óskipt og njóta jarðarpartarnir þeirra að jöfnu.

Gjört að Steiná, 10. nóvember 1964.

Stefán Þ. Sigurðsson

Sigurjón Stefánsson[268]

5.3.5 Bollastaðir í Blöndudal

Landamerkjabréf Bollastaða í Blöndudal er dagsett 15. maí 1886. Það var þinglesið á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð 20. maí 1886. Efni þess er svohljóðandi:

Landamerkjaskrá fyrir landi jarðarinnar Bollastaða í Blöndudal

Að norðan ræður merkjum frá Blöndu lækur sá, er Hrúthagalækur er nefndur, og fellur úr svo nefndri Gróf eður Hólagili; liggja merkin upp hinn syðra barm Grófarinnar, og úr henni (grófinni) ræður bein stefna á Háþrælsfell (í austari þúfuna); þaðan ráða beinni stefnu frameptir há miðásum 3 þúfur, í fullt suður, hver í beinni línu undan annari; enn er hin 4. þúfa, og stendur hún við austur-jaðar á plázi því, er fremra Hnappaþýfi heitir; þaðan ræður enn bein stefna til hinnar 5. þúfu, er stendur á ás fyrir norðan Leirtjörn (vestari Leirtjörn), nálægt hinum svo nefnda Skínandi vegi; þessi síðastnefnda þúfa myndar suð-austurhorn landsins, því frá henni í fullt vestur ræður merkjum bein stefna í hól, er stendur við Reiðgötur austanverðar (þ.e. fyrir austan hinn svo nefnda Sellands-borgaveg); þaðan ræður stefnu til norðurs Sellandsborgavegur, að Þvergili, og það ræður merkjum til Blöndu, og hún svo gegnt hinum fyrst-nefndum landamerkjum.

Bollastöðum 15. mai 1886

Guðm. Gíslason

Framan og ofanskrifaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirskrifaðir eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem lönd eiga að.

Magnús Andrjesson eigandi Steinár.	Gísli Ólafsson eigandi Eyvindarstaða	Björn Guðmundsson vegna Steinárgerðis[269]

5.3.6 Rugludalur

Í jarðamati Húnavatnssýslu frá 1804 segir að jörðin Rugludalur hafi verið eign Reynistaðaklausturs og metin 10 hundruð að dýrleika.[270]

[268] Skjal nr. 2(3) í máli nr. 2/2023.
[269] Skjal nr. 9(6) í máli nr. 2/2023.
[270] Skjal nr. 2(4) í máli nr. 2/2023.

Í jarðamati Húnavatnssýslu frá 1849–1850 segir að dýrleiki Rugludals hafi verið 10 hundruð en jörðin var svo metin á 180 ríkisbankadali. Matið var síðar lækkað í 180 ríkisbankadali. Lýsing jarðarinnar í jarðamatinu hljóðar svo:

> Túnið greiðfært, snögglendt, ekki svo lítið, töðugott, fóðrar 2 kýr; slægjur méga engar heita, þó hér og hvar séu smá blettir innanum mela og hrjóstr, ekki sáta í hvorjum stað, og á stóru svæði, svo opt má safna í baggan á fjærskildum stöðum, en heyið er gott, það litla sem er; sumarhagar nógir og góðir, hægir að kalla, en liggja undir sérlegum ágángi af fjallafé, heila sumarið; vetrarbeit góð en hættusöm bæði fyrir fé og smalamann, vegna hengisvella og klettagilja, og hafa fjármenn nýlega hrapað til dauðs. – Eptir þessari lýsíngu og gjæðum jarðarinnar híngaðtil, samt með einkar tillits til eyðileggjandi sandfoks árlega á túnið, sem er sá eini bústofn jarðarinnar, auk þess sem þeir litlu slægjublettir skémmaz árlega af skriðum, virðt með saméginlegu atkvæði 180rd. En nýlega hefir fallið hættulegt snjóflóð með grjótskriðu á besta hluta túnsins, rétt í kríngum bæin, og enda farið innum baðstofugluggana, og einn stór klettr nærri sprengt baðstofuveggin, og hefir þessi skriða eyðilagt á að ætla hátt að kýrfóðri, og það á grasbesta bletti túnsins, og er hærz ósýnt hvort þessar skémmdir verði endrbættar, og það þá með miklum tilkostnaði égandans, ef jördin á að géta haldiz byggð, því heldr sem áðr hefir verið lítt byggileg. – Saméginlegt atkvæði eptir nákvæmustu áætlun og athuga á fleiri vegu: Eitt hundrað og fjörutíu ríkisbankadalir. –[271]

Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Rugludal í Bólstaðarhlíðarhreppi var útbúin 12. apríl 1883 og þinglýst 20. maí 1886. Lýsingin hljóðar svo:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Rugludal í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu.
>
> Að austan ræður alfaravegur sá, er liggur fyrir austan Rugludal, norðan frá Háuskriðu, sem ræður landamerkjum að norðan allt til suðurs í Rugludalsmynnið, eða gil, það sem liggur austur úr dalnum syðst, og sem kallað er Syðri Austurdalur, þaðan sunnanvert við Rugludalsbungu beint vestur til Kolluhvammsgrens, þaðan í Blöndugil. Þaðan ræður Blanda norður á móts við fyrstnefnda Háuskriðu.[272]

Ólafur Sigurðsson í Ási (umboðsmaður Reynistaðaklausturs, vegna Rugludals) skrifaði undir landamerkjaskrána. Hún var svo samþykkt af Gísla Ólafssyni á Eyvindarstöðum og Guðmundi Gíslasyni á Bollastöðum, sem eiganda sellands þess, „er land á norðan að hjer nefndum landamerkjum.“

5.3.7 Nærliggjandi jarðir

5.3.7.1 Eyvindarstaðir

Bessi Brandsson gaf Þórði syni sínum jörðina á Eyvindarstöðum, 90 hundruð að dýrleika, í kaupmálabréfi hans og Járngerðar Gilsdóttur sem bréfað var 3. apríl 1380. Bessi tíundaði það sem jörðinni fylgdi með eftirfarandi orðum:

> jardar spott er fylkt hafde adr bollastodum. aullum skoghe j blondugili med vmmerkium er breckur heita firir ofan þuergeil og afRiett er heita gudlaugstungur oc aunnur afriett j milli kuisla oc þar ofuan tuttugu kugillde oc x. hundrut voru edr voruwirtt. sagde þratt nefndr besse þesse landamerke j medal branstada oc eyuindar-stada markgardr sa er þar er stendr j medal en þadan Riettsyne vppaa midian hals. oc suo sudr j markdæle. en ór markdæle sudr a mitt þrælsfell en þesse j millum oc bolla-

[271] Skjal nr. 2(7) í máli nr. 2/2023.
[272] Skjal nr. 2(224) í máli nr. 2/2013 og skjal nr. 2(13) í máli nr. 5/2008.

> stada lækur sa er heiter holagils lækr. oc fellr ofuan j Ruthagha oc framm j blondu. oc vpp or sunnan verdu bolagile oc j þrælsfell þar sem þat er hæst.[273]

Í skjali frá 1380 stendur:

> Med So ordnu Datumm og articulis, Anno Domini Nomini 1380, ad Ejvindastödumm i Bløndudal, ad Eiga afriett, er GudlögsTúngur heita, og adra afriett, alla a mille kvysla og so heim ad Rugludal, sem Vötn drege á, Blöndu, Blöndugil firer austann med öllumm Skógi, selför á Skynanda, og Reit firer handann Blöndu.
>
> Enn þessi landamerki, millumm Brandstada, og þar, Markgardur Sá, er þar stendur á milli, Enn þadan Riettsynis, uppá midiann Háls, og so Sudur J Markdæli, Enn þá Sudur i Þrælsfell, þa Riettsyni firer Sunnann Jökulgierdi, J Blöndu. Enn umm Jardar part þann er Breckur heita, firer framann Þvergil, og filgt hafdi ad[u]r Bollastødum; Skylldi þar Ráda firer ofann götur þær, er liggia framm epter hálsi, huörki hinar Nedstu nie hinar Efstu. Þar Skylldi og Takast heima form a hálf kyrkunni Tollar og Tyund[i]r allra heima manna og til Sanninda hier umm, Setiumm værssier firskrifader menn Vor [2] Jnnsigli firer Þetta Bréf, giört á Skarde í Lángadal, fimm nóttumm firer Michi[a]ls messu. Anno Domini 1 C D1.[274]

Tveir menn votta á Skarði í Langadal 25. september 1453 að hafa séð og lesið kaupbréf Einars Þorleifssonar og Jóns Geirssonar. Einar seldi Jóni Guðlaugsstaði að tillögðu Gilsvatni og fékk í staðinn Eyvindarstaði. Báðir menn óskuðu forkaupsréttar ef hinn skyldi vilja selja aftur síðar.[275] Eyvindarstaðir, 80 hundruð að dýrleika, skiptu um eigendur með jarðakaupi Björns Þorleifssonar og Egils Grímssonar frá 11. október 1453.[276] Í vísitasíu Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Húnavatnsþing frá 1486 kemur fram að bænhúsið á Eyvindarstöðum sé uppistandandi.[277]

Þorleifur Björnsson seldi Agli Grímssyni Skarð í Langadal fyrir Eyvindarstaði í Blöndudal með bréfi gerðu 6. febrúar 1468. Egill fékk Þorleifi alla jörðina Eyvindarstaði með öllum gögnum og gæðum sem fylgdi jörðinni og fylgt hafði að fornu og nýju að fráskildu því jarðarspotti er hann greindi á um við Árna Geirsson.[278] Kirkja var á Eyvindarstöðum eins og fram kemur í vitnisburðarbréfi frá 17. maí 1471.[279] Solveig Björnsdóttir gaf í testamentisbréfi sínu, dagsettu 17. janúar 1495, sonum sínum, Jóni og Þorleifi Pálssonum, jarðirnar Bólstaðarhlíð og Eyvindarstaði fyrir 100 hundruð og 30 kúgildi þar innbyrðis.[280] Björn Þorleifsson afhenti mágum sínum, í arf systra hans, m.a. jörðina Eyvindarstaði í Flatey 9. október 1498.[281]

---

273 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 352. Svipaðan texta er að finna í skjali nr. 2(74) í máli nr. 1/2013. Ef frá er skilin ólík stafsetning og frávik í orðalagi þá liggur munurinn einkum í því að í staðinn fyrir: „sunnan verdu bolagile“ stendur: „Sunnann verdu holagili“.

274 Skjal nr. 2(74) í máli nr. 5/2008.

275 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 109–110.

276 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 116–117.

277 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 352.

278 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 515. Sjá einnig vitnisburðarbréf, frá 18. júní 1476, um aðkomu Þorleifs að jörðinni og söluna, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 74–75.

279 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 612.

280 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 245.

281 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 404. Vitnisburðarbréf um atburðinn var ekki skrifað fyrr en 19. apríl 1530.

Eyvindarstaðir, 80 hundruðað dýrleika, voru á meðal jarða sem Jón biskup Arason hafði fengið Hóladómkirkju fyrir aðrar sem hann hafði selt undan henni samkvæmt skrá, dagsettri 25. desember 1550, yfir eignir kirkju og stóls eftir Jón biskup Arason fráfallinn.[282] Eyvindarstöðum bregður fyrir í reikningum Hólastóls frá 1569–1570.[283] Í dómi sem útnefndur var af Ormi lögmanni Sturlusyni á alþingi, 30. júní 1569, kom fyrir dómsmenn kaupbréf Jóns biskups Arasonar þar sem hann hafði fengið Jóni Halldórssyni Ytra-Vallholt fyrir 40 hundruð í Eyvindarstöðum. Dómsmenn dæmdu svo Hákoni Jónssyni 20 hundruð í Eyvindarstöðum fyrir Ytra-Vallholt.[284]

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 stendur um Eyvindarstaði:

> Afrjett engin nema Eyvindastaðaheiði, sem liggur fram frá Ugludalslandi fyri austan Blöndu. Hjer hefur áður afrjettur verið, vide Selland ut supra.
>
> Skóg á jörðin í nefndri afrjett við Blöndugil, hefur áður verið nægur til kolgjörðar en er nú gjöreyddur, nema hvað fauska og fornviði má saman tína þar sem skógurinn hefur áður verið.
>
> Torfrista og stúnga næg.
>
> Móskurður til eldíngar hefur verið, meinast nú eytt og brúkast því ei.
>
> Hrísrif bjarglegt til eldiviðar á Blöndugili, en brúkast sjaldan sökum vegalengdar og torfærna, sem á leiðinni eru.
>
> Fuglveiði hefur áður verið á Eyvindastaðaheiði, sjerdeilis af álftum, hefur ei brúkast í margt ár; því aflögð að ekki þótti aflast.
>
> Grasatekja næg á sömu heiði og brúkast árlega, og brúkast þessi grasatekja bæði að norðan og sunnan í leyfisleysi, og þiggur ábúandi hjer önvgan toll fyri, og so hefur verið um lángan aldur.
>
> Selstöðu á jörðin sem brúkast hefur í gamallri tíð á Eyvindastaðaheiði, sem ekki hefur brúkast í manna minni sökum óbærilegrar vegalengdar.[285]

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 29. apríl árið 1739, var upplesin lögfesta Einars ráðsmanns Jónssonar fyrir Eyvindarstöðum og hennar afrétt. Lögfestan var dagsett að Hólum í Hjaltadal þann 20. apríl árið 1739.[286]

Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 23. apríl árið 1763, var lesinn upp samningur um afréttartoll og rekstur á Eyvindarstaða- og Stafnsheiði, á milli ábúandans á Eyvindarstöðum, Jóns Tómassonar og bóndans í Stafni, Péturs Ólafssonar. Skjalið var dagsett 21. apríl árið 1763.[287]

Ásmundur Jónsson bóndi á Silfrastöðum skrifaði konungi, 10. júlí 1797, og bauð honum að hafa makaskipti á jörðunum Eyvindarstöðum og Þorleifsstöðum í

[282] *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 868, 875, 879 (þar er talað um 30 hundruð i Eyvindarstöðum). Sjá einnig *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 462 þar sem jörðin er 80 hundruð að dýrleika.
[283] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 229 og 459.
[284] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 280.
[285] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 356–357.
[286] Skjal nr. 2(148) í máli nr. 5/2008.
[287] Skjal nr. 2(149) í máli nr. 5/2008.

Blönduhlíð. Konungur gaf leyfi fyrir makaskiptunum með bréfi dagsettu 17. maí 1799.[288]

Dómur var kveðinn upp þann 16. september 1813 í deilu Stafns og Evyindarstaða um upprekstrartolla á Eyvindarstaðaheiði. Meðal annars er fjallað um lögfestu er tengist Eyvindarstöðum frá 1. maí 1806.[289]

Í jarðamati 1804 er getið um ýmis konar hlunnindi Eyvindarstaða í afrétt jarðarinnar, þar á meðal svani fjallagrös og leigugjöld af afréttarnotum.

> Forrellefangst som ved no. 115.
>
> Svanefangst og Svanefiære, som her erholdes med liden umage i Gaardens Afreet, anslaaes mod Fordeelen af en Koe.
>
> Leilighed, som her haves til at samle Fieldgræs ellr islandsk Mose ansettes mod Fordeel af en Koe.
>
> For Afret betales Opsidderen omtrent 10rd.[290]

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Eyvindarstaðir ásamt hjáleigunni Eyvindarstaðagerði í óskiptu heimalandi séu alls 40 hundruða virði, þar af heimajörðin 30 hundruð. Eigi jörðin „Eyvindarstaðaheiði“ sem sé stórt afréttarland, sem nýtt sé af fleirum og greiða þeir fyrir afnot sín.

> Jörðin á svonefnda „Eyvindarstaðaheiði“, stórt afréttaland fyrir fleiri sveita upprekstur, fyrir fjallatolla, en á móti skyldu að hreinsa heiðarlandið fyrir refagrenjum. [291]

Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 27. júní árið 1860, var upplesið forboð bændanna á Eyvindarstöðum í Húnavatnssýslu um að setja hross eður fara til grasa á Eyvindarstaðaheiði, að undanskildum þeim, er þangað reka fénað sinn, eður hafa leyfi til. Forboð bændanna var dagsett 26. maí árið 1860.[292]

Landamerkjabréf Eyvindarstaða er dagsett 2. júlí 1887 og þinglesið 19. maí 1890. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjabrjef fyrir Eyvindarstöðum meðfylgjandi Eyvindarstaðagerði, liggjandi í Bólstaðarhlíðarhreppi.
>
> Að utan milli Brandsstaða og Eyvindarstaðagerðis er hlaðin varða úr torfi og grjóti á bakkanum niður við Blöndu fyrir utan og neðan Eyvindarstaðagerði; frá þessari vörðu beint upp hrygg þann, er liggur næst fyrir utan Eyvindarstaðagerði; þaðan rjettsýnis á háls upp að vörðu, er þar stendur á brúninni, og þaðan þvert austur, upp á svo kallaðan Járnhrygg, í vörðu, er þar stendur; þaðan rjettsýnis fram drag það, er liggur milli Sauðabungu og Járnhryggs, beina stefnu í austari þúfu er stendur á há Þrælsfelli, (er skilur lönd bæjanna, Bollastaða og Eyvindarstaða); frá nefndri þúfu á Þrælsfelli, vestur í Ólafsvörðu; þaðan sjónhending í mel þann, er liggur fyrir sunnan svokallaða Gróf á Grófarhólum, og ofan melinn í læk þann, er kemur úr Grófinni; ræður þá nefndur lækur merkjum alla leið til Blöndu; síðan ræður Blanda merkjum alla leið að vestan ofan að fyrst greindum merkjum fyrir utan og neðan Eyvindarstaðagerði.
>
> Eyvindarstöðum, 2. júlí 1887.

---

288 Skjal nr. 2(109) í máli nr. 5/2008.
289 Skjal 4(61) í máli nr. 5/2008.
290 Skjal nr. 2(55) í máli nr. 5/2008.
291 Skjal nr. 2(25) í máli nr. 5/2008.
292 Skjal nr. 2(150) í máli nr. 5/2008.

> Gísli Ólafsson eigandi að ½ jörðinni Eyvindarstöðum.
>
> Jóhann P. Pjetursson, eigandi að ½ jörðinni Eyvindarstöðum.
>
> Þorkell Þorkelsson, eigandi að Barkarstöðum. –
>
> Guðmundur Gíslason, eigandi Bollastaða.
>
> Elín Jónsdóttir. Guðrún Jónsdóttir. Sigurbjörg Jónsdóttir, – eigendur Brandsstaða.[293]

Í kaflanum um Eyvindarstaði í fasteignamati 1916–1918 kemur fram að jörðin eigi upprekstur á afrétt, sem er það eina sem kemur fram um afréttarmál jarðarinnar:

> Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign. Landamerki þinglýst.[294]

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 22. apríl árið 1763, var lesinn upp samningur á milli ábúandans á Eyvindarstöðum Jóns Tómassonar og bóndans í Stafni Péturs Ólafssonar um afréttarrekstur á Stafns- og Eyvindarstaðaheiðar. Innbyggjendur Lýtingsstaðahrepps hafna samningnum, en vilja samþykkja hann ef Seiluhrepps innbyggjendur ráði í Stafnsafréttarlandi frekar en á Eyvindarstaðaheiði. Samningurinn er dagsettur 21. apríl 1763.[295]

Ásmundur Jónsson bóndi á Silfrastöðum skrifaði konungi, 10. júlí 1797, og bauð honum að hafa makaskipti á jörðunum Eyvindarstöðum og Þorleifsstöðum í Blönduhlíð. Þorleifsstaðir voru 60 hundruð að dýrleika og með fylgdu hjáleigurnar Mosagrund og Vaglagerði. Eyvindarstaðir, sem tilheyrðu Hólabiskupsstól, voru hins vegar 40 hundruð að dýrleika en þeim fylgdi víðfeðmt beitiland sem hentaði vel til fjárreksturs. Ásmundur segir að sér bjóðist Eyvindarstaðir til leigu en hann vilji ógjarnan gerast leiguliði. Hann telur upp kosti þess að makaskiptin fari fram og bendir á að á Þorleifsstöðum sé dugmikill ábúandi, jörðin liggi í betra og gróðursælla landsvæði, sé nær biskupsstólnum og gefi af sér hærri tekjur. Eyvindarstaðir séu hins vegar að öllu leyti lélegri jörð að undanskildu hinu víðfeðma beitilandi sem Þorleifsstaðir bæti þó margfalt upp með betri túnum og engjum.

Sigurður Stefánsson Hólabiskup gaf álit sitt á makaskiptunum með bréfi dagsettu 21. september 1797. Hann sagðist ekki hafa neina ástæðu til að hindra makaskiptin en vóg og mat kosti og galla þeirra og benti m.a. á að nautgriparekstur til fjalls á svokallaða Eyvindarstaðaheiði ætti að geta verið tekjustofn fyrir biskupsembættið. Hann óskaði hins vegar álits Stefáns Þórarinssonar amtmanns á makaskiptunum. Álit Stefáns er dagsett 24. október 1797 en þar mælir hann með makaskiptunum enda hafði hann aflað nánari upplýsinga hjá sýslumanni um kúgildi og tekjur jarðanna. Hann ræðir kosti og lesti og segir það rétt að Eyvindarstaðir séu víðfeðm fjalllendisjörð, þ.e.a.s. þeim fylgi beitarland til fjalls. Það hafi hins vegar aldrei nýst biskupsstólnum því not þess fylgi jörðinni og sé því nýtt af leiguliðanum sem beitiland fyrir kvikfénað hans. Stefán

[293] Landamerkjabók Húnavatnssýslu 1884–1944.
[294] Skjal nr. 2(24) í máli nr. 5/2008.
[295] Skjal nr. 2(135) í máli nr. 5/2008.

amtmaður mælti því með makaskiptunum og taldi þau hagstæð fyrir báða aðila. Konungur gaf loks leyfi fyrir makaskiptunum með bréfi dagsettu 17. maí 1799.[296]

Dómur var kveðinn upp 16. september 1813 í deilu Stafns og Evyindarstaða um upprekstrartolla á Eyvindarstaðaheiði. M.a. er vísað í lögfestu er tengist Stafni frá 6. júní 1794.[297] Sjá kafla 5.3.3 um Eyvindarstaðaheiði.

5.3.7.2 Mælifell í Skagafirði

Fram kemur í máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar að Mælifellskirkja eigi m.a. allt heimaland, land á Starrastöðum, sjöttung í Vikarlöndum og hálft land á Brúnastöðum.[298] Sömu upplýsingar koma fram í máldagabók Jóns biskups skalla Eiríkssonar frá 1360–1389, máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar og máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.[299]

Tómas Eiríksson prestur á Mælifelli lögfesti staðinn með óársettri lögfestu sem árfærð hefur verið til um 1530. Lögfestan er svohljóðandi:

> Eg Tumas prestur Eireksson logfeste hier i dag first stadenn Mælefell ut ad Mælefellsä og riettsynes ofann med Mælefellsä. so med Svartaa sudur i markgard og riettsyne upp ur markgarde og upp i urdardal framm med Mælefellsä þessu meigenn og allann Mælefellsdal frä læk þeim sem næst er Reikia Reit fyrer framann hniukamyrar. hlaupkinn og Einarsdal. halft Tiarnargil þessu meiginn og sudur i hæringsgil. og riettsyne ur hæringsgile og austur i heidar i mots vid Gilhagamenn. Þar med akra og Todur eingiar og skoga. haga og allar landsnitiar er þvi lande eiga ad filgia ad fornu nyu til utmerkia þeirra er adrer menn eiga i mote bæde ad ordfullu og logmale Riettu. Firerbyd eg hvorium manne hiedann af ad nyta sier edur i ad vinna nema mitt sie lof edur leife til …[300]

Fram kemur í vísitasíu Mælifells frá [1686]:

> Hun a allt heima land, til þessara Vmm merkia, ad sunnann rædur markgarður og riettsÿne Vpp ur markgardinum og Vppi Vrdardal og sÿdann til fialls effter sem votn ad draga, enn ad nordan rædur mælefells ä riett Synis ofann a hvytu eÿrar j Svartä og framm med mælefells a þessu meiginn, Jtem effter gómlum og nÿum Logfestum, gamallra manna vitnisburdum og langvarannlegu halldi, er kirkiunne eignadur allur mælefellzdalur fra læk þeim sem næstur er reikia reit, fyrer framann hnÿuka mÿrar, hlaupakinn og einarsdalur og halft tiarna gil þessu meiginn og Sudur J hæringsdal og austur J heidar J mots vid gilhaga. …[301]

Hið sama stendur í vísitasíu kirkjunnar frá 11. júlí 1719.[302]

Í vísitasíu Mælifells frá 31. ágúst 1732 stendur:

> Kirkiann ä allt þad land og Eigner öätaled sem firrnefnd visitatia og Hooladömkirkiu Registur henne eigna og Effter kaupbrefe fyrer Gilhaga ä Pergament med 2 öskoddudum hängande Jnnsiglumm, ónnur tvo Sÿnast affallenn daterudu 1588, ä kirkiann allt

[296] Skjal nr. 2(109) í máli nr. 5/2008, og *Lovsamling for Island* VI, bls. 366–367.
[297] Skjal nr. 4(61) í máli nr. 5/2008.
[298] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 465.
[299] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 176 og 531; *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 327.
[300] *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 565.
[301] Skjal nr. 2(59) í máli nr. 5/2008.
[302] Skjal nr. 2(64) í máli nr. 5/2008.

> sudur i brunna mötz vid Gilhagamenn tiäest og, ad enn i dag eigne sier eingenn so menn vite annar enn Mælefells kirkia landzplätz ä millum hærijngsgils og brunna.[303]

Vísitasía Mælifells frá 13. október 1749 á ýmislegt sameiginlegt með þeim sem samdar voru [1686] og 1719:

> Kyrkiann a effter þeim Authorizerudu maldogum Audunnar Jons Peturs og Olafs item biskupsenz Sal Magister Steins 1719. Kyrkian a alt Heimaland til þessara ummmerkia, ad Sunann Rædur Markgardur, og Riettsynes upp ur Markgardenum og uppi Urdardal, og sidann til fiallz effter sem Votn ad draga, en ad Nordann Rædur Mælefellz a Riettsynes ofann a HvituEirar i Svarta ä og framm med Mælifellz ä þessu meigenn, item allann Mælefellsdal fra Læk þeim, sem Næstur er Reikia Reit fyrer framann Hniuka Myrar, Hlaupa Kinn, og Einars dal, Halft tiarna gil þessu meiginn og Sudur i Hæringzgil og austur i Heidar og Motz vid Gilhaga, hier ad auk sinde Presturinn 1 Kalfskinz brief med 2 hangande innsiglum og 2 afslitnum Dat 1588 fyrer Gilhaga lande umm Hvort vitnad hafa Simon Hallzson Oddur Broddason Þorarin Ottarson, og Þorbiorn Oddsson sem giorer enn þa frekare upplysing um Mælefells landamerki framm i Brunna, Mot gilhaga Mónnum.[304]

Þann 8. maí 1754 var útbúin lögfesta fyrir Mælifell:

> Eg Jon Magnusson pr: Logfeste hier i dag allt heimaland Mælefells stadar, ä samt Jardar kÿrkiunnar Starastada. Sem er i Firstu ut ad Mælefellsä, og sem Hvitueirar hallda i Svartaa, og sÿdann med hennj og epter hennar fornum farveg sudur hia Hafgrÿms stada Laugar hol, allt i Torfhol, rædur þadann gardur upp epter flöanum, og so til fialls epter fornum landamerkjum millum Starrstada og Hamra; Sydann framm med Mælefells aa þessu meiginn, og allann Mælefellsdal beggia vegna frä læk þeim er næstur er ReikiaReit og kallast fremre Hniuka lækur, fyrer framan Hniukamÿrar, Hlaupakinn og Einarsdal halft tiarnagil þessu meiginn fram med Svarta so langt sem vótn ad draga mots vid adra menn. Lógfeste eg akra og tódur, eingiar og Sköga, hollt og haga, votn veidestade og allar landsnitiar, er þvi lande filgia filgt hafa og filgia ber ad fornu og nÿu til allra þeirra utmerkia er adrer menn eiga i möte, bæde ad ordfullu og logmäle Riettu Firer bÿd eg hvorium manne, hiedann af, ad nÿta sier, bæla bruka ÿrkia edur i vinna nema mitt sie lof edur leife til, ad vitne allra erlegra manna er ord mÿn heira. Til stadfestu er under skrifad nafn ad Litingsstódum settu manntals þingi d. 8 Maij 1754 Jon Magnusson[305]

Landamerkjalýsing Mælifells í lögfestu frá 26. apríl 1764 er nánast samhljóða þeirri frá 1754 ef frá er skilinn endirinn sem hljóðar svo:

> framm med Svartä, ad læk þeim sem rennur ür brunnum, og med hónum til Fialls austur, möts vid Gilhaga Menn, og adra þä, sem þar ega land i möte.[306]

Fram kemur í vísitasíu Mælifells frá 28. maí 1781:

> Hun á allt Heimaland, og Jórdena Starastade med 1 hndr. 30 al. Landskuld og 5 Kugÿldum og hálfa Brunastade 90 al Landskulld og 3ur kugylldum, so nu Eiga Stadnum ad fylgia 12 kugÿlde. Landamerki Stadarins halldast Enn eftir Biskups Haldors Visitatiu 1749 Jafnvel þott mörg sieu daud i pestenne, þvi þau eru under sama Skilordi hier sem á ödrum Beneficiis. Jtók hennar eru og til nefnd Visitatia ummgetur.[307]

---

303 Skjal nr. 2(65) í máli nr. 5/2008.
304 Skjal nr. 2(67) í máli nr. 5/2008.
305 Skjal nr. 2(108) í máli nr. 5/2008.
306 Skjal nr. 2(108) í máli nr. 5/2008.
307 Skjal nr. 2(69) í máli nr. 5/2008.

Á manntalsþingi á Lýtingsstöðum, 9. maí árið 1796 var upplesin lögfesta fyrir Mælifelli[308] og aftur á manntalsþingi 26. maí árið 1804 að Lýtingsstöðum.[309] Enn á ný var lesin upp lögfesta fyrir Mælifelli á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 25. maí árið 1809[310] og loks lét Jón Konráðsson á Mælifelli upplesa lögfestu fyrir Mælifelli, á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 7. júní árið 1828.[311]

Vísitasía Mælifells frá 22. ágúst 1826 er svipuð þeirri frá 1749. Þrír hlutar hennar eru þó það ólíkir að þá er rétt að skrá:

> Hún á, eptir þeim authoriserudu máldögum biskupanna, Audunar, Jóns, Péturs og Ólafs, item visitatium biskupanna Jóns Wigfússonar, Steins Jónssonar, Haldórs Brinjúlfssonar, og Jóns Teitssonar, Heimaland alt […] allann Mælifellsdal, frá Reit þeim sem næstur er RëykjaReit […] austur í heidar á móts vid Gilhaga; Kálfskins bréf[312]

Um Mælifell kemur eftirfarandi fram í *Jarðabók* Árna og Páls 1713.

> Grasatekja nokkur. […]
>
> Lambaupprekstur á Tjarnargil, sem menn segja öðru nafni kallist Háutúngur, brúkar staðurinn, og hafa prestarnir ekki goldið afrjettartoll í því skyni, að afjettarfje gángi og á land staðarins.[313]

Í landi Mælifells er einnig getið um fornar byggðaleifar á Tjarnargili. Segir svo í jarðabókinni:

> Einarsdalskot heitir hjer í staðarins landi uppá fjöllum á Tjarnargili, og sjást þar ljósar fornra bygða leifar. Um lángan aldur hefur þar aldrei bygð verið, og örvænt að byggjast megi fyrir vetrarríki.[314]

Landamerkjabréf fyrir Mælifell var útbúið þann 4. apríl 1890 og því var þinglýst 23. maí sama ár. Þar segir m.a.:

> suður í Stórhól á Nónfjalli og frá honum bein stefna í upptök Brunnabrekkulækjar, en hann ræður merkjum ofaní Svartá á Stafnsgili, en síðan Svartá út að Einarsdalslæk[315]

Þ. Magnússon prestur á Mælifelli skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Bjarna Ólafssyni, eiganda Stafns; Jóh. P. Pjeturssyni, eiganda Reykja og Hamra og vegna Hofgrímsstaða; Eiríki Guðmundssyni, eiganda Sölvaness; Pálma Pjeturssyni, vegna eiganda Nautabáss; og Magnúsi Jónssyni, eiganda Gilhaga.

Í kaflanum um Mælifell í fasteignamati 1916 stendur að jörðin eigi upprekstur á Eyvindarstaðaheiði.[316]

Eftirfarandi bréf frá Birni Egilssyni til sýslumanns Skagafjarðarsýslu er frá 17. ágúst 1984, og eru landamerki Stafns og Mællifells rædd.

---

308 Skjal nr. 2(126) í máli nr. 5/2008.
309 Skjal nr. 2(127) í máli nr. 5/2008.
310 Skjal nr. 2(128) í máli nr. 5/2008.
311 Skjal nr. 2(129) í máli nr. 5/2008.
312 Skjal nr. 2(103) í máli nr. 5/2008.
313 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 119.
314 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 119.
315 Skjal nr. 2(7) í máli nr. 5/2008.
316 Skjal nr. 2(27) í máli nr. 5/2008.

> Ég hef lesið og borið saman landamerkjabréf Mælifells og Stafns og ber þeim saman í öllum atriðum, sem snerta landamerki þessara jarða og þá um leið sýslumerki.
>
> Stafns landamerkjabréf er undirritað 1883 en Mælifells 1890. Bjarni Ólafsson bóndi í Stafni skrifar undir bæði bréfin, en séra Jón Sveinsson skrifar undir Stafnsbréf, en séra Jón Magnússon skrifar undir Mælifellsbréf, þá er hann kominn í Mælifell 1890.
>
> Sýslumerki eru þessi, svo ekki þarf um að deila: Frá Kirkjubust í Kiðaskarði að sunnan suður yfir Reykjafjall þar sem það er hæst í Hlaupakinnarhögg á suðurbrún Reykjafjalls, þaðan niður að Einarsdalslæk og með honum ofan í Svartá í Stafnsgili og síðan ræður Stafnsgil fram að Brunnabrekkulæk, sem fellur í Svartá að austan og afmarkar Mælifellsland sunnan Haukagilsheiðar.[317]

5.3.7.3 Stafn í Svartárdal

Eins og fram kemur nánar í kaflanum um Eyvindarstaðaheiði þá mun hún upphaflega aðeins hafa náð yfir vesturhluta heiðarinnar eins og hún er skilgreind í dag, þ.e. austur á svokallaðan Hraungarð. Háutungur, sem liggja á milli Fossár og Svartár, hétu þá Stafnsafréttur og tilheyrði Stafni í Svartárdal.[318]

Í máldagabók Jóns biskups skalla Eiríkssonar frá 1360–1389 kemur fram að sá Stafnsbóndi sé skyldugur að fá sauðamanni frá Bergsstöðum húsrúm.[319] Sömu upplýsingar koma fram í máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar og máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar, í afriti af máldaga Bergsstaðakirkju frá 24. nóvember 1544 og vottorði Ólafs biskups Hjaltasonar um Bergsstaðamáldaga frá 30. apríl 1561.[320] Í vísitasíu Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Húnavatnsþing frá 1486 kemur fram að bænhúsið í Stafni liggi niðri.[321] Stafn var á meðal þeirra jarða sem komu í hlut Ingibjargar Grímsdóttur í skiptum eftir Grím Pálsson föður hennar sem fram fóru 27. september 1527.[322] Móðir séra Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ fékk Stafn í sinn hlut eftir jarðaskipti eiginmanns hennar samkvæmt minnisgrein frá 1544.[323] Í próventugjörningi Ljóts Arngrímssonar, sem bréfaður var 25. október 1564, galt Ljótur Jóni, syni sínum, alla jörðina Stafn í þjónustulaun og móðurarf en nokkur hundruð sem eftir stóðu seldi hann honum.[324]

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 segir um afrétt Stafns:

> Afrjett á jörðin fyri vestan Svartá að Fossá, sem kallast Háutúngur, og tekur bóndinn afrjettartoll af hvörjum sem þangað rekur, eitt lamb af hvörjum tuttugu og ei meiri, þó

[317] Skjal nr. 4(57) í máli nr. 5/2008.
[318] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* III, bls. 297; Sigurjón Guðmundsson, „Eyvindarstaðaheiði“, bls. 31–2.
[319] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 159.
[320] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 544; V, bls. 358; XII, bls. 95; XIII, bls. 597.
[321] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 352.
[322] *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 429.
[323] *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 358. Sjá einnig minnsigreinar séra Gottskálks frá 1552 og 1553, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 486 og 637; XIV, bls. 35. Einnig skert byggingarbréf frá 1555, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 95.
[324] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 310.

> fleiri sjeu lömbin, en ef færri eru er eftir samkomulagi, oftast tveggja álna virði til tíu, sjeu færri þá gelst ei fyri.[325]

Stafn á afrétt í Háutungum samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls.

> Afrjett á jörðin fyri vestan Svartá að Fossá, sem kallast Háutúngur, og tekur bóndinn afrjettartoll af hvörjum sem þángað rekur, eitt lamb af hvörjum tuttugu og ei meiri þó fleiri sjeu lömbin, en ef færri eru er eftir samkomulagi, oftast tveggja álna virði til tíu, sjeu færri þá gelst ei fyri. […]
>
> Silungsveiðivon lítil í Svartá, hefur í margt ár engin verið.
>
> Grasatekja hefur verið bjargleg, eyðist mjög og er nú lítil.
>
> Beititeig á jörðin í takmörkuðu plátsi fyri framan Hólsland, brúkast til beitar eður slægna eftir sem henta þykir. […]
>
> Engjar öngvar nema hvað hent er úr úthögum í fjallshlíðum, sem þó er mjög grýtt og sendið, sem á eykst árlega.[326]

Í lögfestu Stafns frá 3. maí 1735 stendur:

> Eg Jón Jónsson Lögfesti hér í dag eign mína og Brædra minna Sra Hallgríms og Síra Thorarens Jónssonar Jordena Stafn í Svartárdal 30 hndr. ad dyrleika, Liggiande í Bergstada kyrkjusókn og Bólstadahlydar Þingsókn, tödur og Eingjar uthaga og Hrís, Vötn og Veidistade og allar Landsnytjar þær, er nefndre 30 hndr. Jördu fylgia, og med réttu fylgja ber, til Ytstu ummerkja, þeirra er adrir Menn eiga í móti. – Fyrirbyd eg hvörjum Manni í ad vinna, beita edur brúka edur sér ad nytia, nema vort ádurnefndra Brædra sé Lof edur Leifi til. – Svo og eirninn Lögfesti eg greindri Jördu tilheyrandi allann [allann, ofan línu] hálfann Fossárdal austan fram ásamt Eydikotid þar Kóngsgard, og fyrirbyd hvörjum Manni hann ad beita, brúka, byggia, sér ad nytja, edur í ad vinna, án ánefnds Lofs eda Leifis vor fyrrgreindra Brædra.[327]

Lögfestan var upplesin á Bólstaðarhlíðarþingi þann 9. maí 1735.

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 22. apríl árið 1763, var lesinn upp samningur á milli ábúandans á Eyvindarstöðum Jóns Tómassonar og bóndans í Stafni Péturs Ólafssonar um afréttarrekstur á Stafns- og Eyvindarstaðaheiðar. Innbyggjendur Lýtingsstaðahrepps hafna samningnum, en vilja samþykkja hann ef Seiluhrepps innbyggjendur ráði í Stafnsafréttarlandi frekar en á Eyvindarstaðaheiði. Samningurinn er dagsettur 21. apríl 1763.[328]

Dómur var kveðinn upp 16. september 1813 í deilu Stafns og Evyindarstaða um upprekstrartolla á Eyvindarstaðaheiði. M.a. er vísað í lögfestu er tengist Stafni frá 6. júní 1794.[329] Sjá kafla 5.3.3 um Eyvindarstaðaheiði.

Fram kemur í lögfestu Stafns frá 1796:

> Jeg undirskrifadur Lögfesti hér í Dag Eignarjörd mína Stafn í Svartárdal 30 hndr. ad dýrleika, Liggiande í Bergstada Kyrkjusokn og Bolstadarhlýdar Þingsókn; Tödur hennar og Eingjar, uthaga og Hrýs, Vötn og veidistade, og allar Landsnytiar þær ed nefndri 30 hndr. Jördu fylgja, og med réttu fylgja ber til ytstu ummerkia þeirra, sem adrir menn eiga í móti.

---

325 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, 370.
326 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 370.
327 Skjal nr. 2(36) í máli nr. 5/2008.
328 Skjal nr. 2(135) í máli nr. 5/2008.
329 Skjal nr. 4(61) í máli nr. 5/2008.

> Nordanverdt vid Stafns Land rædur gardur sá er Liggur fram í midt Kufustada [strikað yfir, gil] Klif, Þadan Sjónhendíng á Fjall, uppi midt Kidaskard, og nordur eptir Skardinu, á Þrepskulda, sem kallader eru: Þadan til Sudurs, efst í Svartagil, hvört sídan rædur ofanepter, og úr því nedanverdu, rétt vestur í Svartá; Fyrir Vestan Svartá allar háu Túngur, sem Svartá rædur ad austan, fram ad Adalsmanns Vatnalæk, Þadan rétt vestur í Fossaá allan Fossadal ad austann sem Fossaá rædur, ofan til Réttar, ásamt Eydikotid Kóngsgard, þar á standandi; Vestan fram vid Fossa gégnt Réttum taka til Stafns Teigar uppá efstu Brunina, og rædur hún sídan útefter allt á Lynghól, þadan ofaneptir, móts vid fyrrgreindann gard á Kufustada Klifi: Fyrirbyd eg hvörjum Manni ad beita edur brúka, edur sér ad nytja, nema mitt sé Lof edur Leifi til: Enn ef nockur hér í móti gjörir, Legg eg vid þær Sektir, er Lög mér leifa.[330]

Lögfestan var lesin upp á Lýtingsstaðaþingi þann 9. maí 1796.

Einnig er getið um *Stafnskot*, örnefni í beititeig sem jörðin á fyrir framan Hólsland.

Í jarðamati frá 1804 er getið um afrétt í eigu Stafns.

> For Afret, som Jorden har, betales Opsidderen aarlig omtrent 3 rd.[331]

Á Manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 1. júní árið 1833, var lesinn upp samningur viðkomandi afréttarbændum, milli hreppstjóranna í Lýtingsstaðahreppi, Seiluhreppi og Bólstaðarhlíðarhreppi, um fjallagöngur og reglu við Stafnsrétt á haustin.[332]

Kafli er um Bergsstaða- og Bólstaðarhlíðarsóknir í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Húnavatnssýslu. Þar stendur:

> **Afréttarland** er Stafnsland í Svartárdal. Þangað reka nokkrir Skagfirðingar og fremri hluti Svartárdals. Gegnt yfir frá Stafnslandi fyrir vestan Svartá og Fossdal, er Eyvindarstaðaheiði. Þangað reka Blöndu-, Svart- og Langdælingar.
>
> Á Stafnslandi standa sauðaréttirnar. Til þeirra sækja Fram-Skagfirðingar og það af Húnavatnssýslu, sem er fyrir austan Blöndu allt út að Laxá á Skagatrönd.[333]

Landamerkjabréf fyrir Stafn var útbúið þann 16. maí 1883 og því var þinglýst 19. maí 1885. Efni þess er svohljóðandi:

> Þessi eru landamerki fyrir jörðinni Stafni í Svartárdal, sem liggur í Bergsstaðasókn innan Bólstaðarhlíðarþinghár:
>
> Að norðanverðu við Stafnsland ræður mitt Kúfustaðaklif, upp frá læk þeim, sem kemur framundan því, og rennur í Svartá; af nefndu klifi rjettsýnis á fjall upp í grjót-vörðu þá, sem stendur á hryggnum suður og vestur frá Kúfustaðaseli, og þaðan rjettsýnis í Káraskarð og norður á Þröskulda í Kiðaskarði; af Þröskuldum til suðurs, og af Kirkjubust beint suður í Reykjafjall í Hlaupakinnarhögg og í Hlaupakinnargilið neðst. Síðan ræður Einarsdalslækur ofan í Svartá.
>
> Vestan Svartár á Háutungum austanverðum ræður að sunnan Aðalsmannsvatnalækur, sem fellur austur í Svartá og úr Aðalsmannsvatnalæk beint vestur í Fossá, og ræður hún þaðan norður á svonefndan Arnarhól gagnvart Kóngsgarðslandamerkjum. Norður af Arnarhóli ráða austanverðar Fossárdalsbrúnir ofan til gömlu Stafnsrjettar á sporðinum millum Svartár og Fossár. Vestan Fossár og Svartár byrja Stafnsteigar að sunnan gagnvart gömlu Stafnsrjett þvert upp á efstu brúnir í vörðu þá, er það stendur, og þaðan

330 Skjal nr. 2(36) í máli nr. 5/2008.
331 Skjal nr. 2(55) í máli nr. 5/2008.
332 Skjal nr. 2(133) í máli nr. 5/2008.
333 Páll Halldórsson. „Bergsstaða- og Bólstaðarhlíðarsóknir, 1839“, bls. 118.

> beint til norðurs á Lynghól, af honum niður í Svartá móts við fyrnefndan læk undir Kúfustaðaklifi.
>
> Stafni, 16. mai 1883.
>
> Bjarni Ólafsson
>
> Framanritaðri landamerkjalýsingu erum við undirritaðir samþykkir
>
> Eggert Eggertsson eigandi Kúfustaða.
> Einar Hannesson eigandi Mælifellsár
> Jóhann P. Pjetursson eigandi að Reykjaseli.
> Gísli Ólafsson eigandi Eyindarstaðaheiðar
> Jón Sveinsson vegna Mælifellsstaðar.
> Jóhann Guðmundsson eigandi að Kóngsgarði
> Magnús Pálsson eigandi að Teigakoti
> Stefán M. Jónsson prestur fyrir kirkjujörðina Fossa.
> Árni Hannesson eigandi að Hóli.[334]

Í ódagsettu skjali sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu“ og sent var frá sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki árið 1985 stendur m.a.:

> Árið 1897 keypti Lýtingsstaðahreppur með kaupsamningi 26. janúar það ár, jörðina Kongsgarð á Fossadal 9. hundruð að dýrleika og Háutungur [milli Svartár að austan, Eyvindarstaðaheiðar að sunnan og Fossa og Kóngsarðslands að vestan] og Stafnseyri með réttarstæði [og Vökuhvammi austan Svartár] alls metið 1/3 úr Stafni eða 9.4 hundruð að dýrleika. Seljandi þessara eigna var Eyjólfur Hansson bóndi í Stafni [er hefur gjaldfríjan upprekstur á Eyvindarstaðaheiði]. Þessum eignum afsalaði Eyjólfur með bréfi 13. október 1897.
>
> Ekki er hægt að sjá, að afsal þetta hafi verið þinglesið.[335]

Þann 6. ágúst 1898 samþykktu meðlimir Upprekstrarfélag Eyvindarstaðaheiðar m.a. að kaupa Stafnsréttarstæði.[336]

Í fasteignamati 1916 stendur að Stafn eigi upprekstur á afrétt sem sé sveitareign en upprekstrarfélagið eigi réttarstæði og fría beit í landi jarðarinnar um réttir.[337]

Vikið er að landamerkjum Mælifells og Stafns í bréfi frá Birni Egilssyni til sýslumanns Skagafjarðarsýslu 17. ágúst 1984. Þar segir:

> Ég hef lesið og borið saman landamerkjabréf Mælifells og Stafns og ber þeim saman í öllum atriðum, sem snerta landamerki þessara jarða og þá um leið sýslumerki.
>
> Stafns landamerkjabréf er undirritað 1883 en Mælifells 1890. Bjarni Ólafsson bóndi í Stafni skrifar undir bæði bréfin, en séra Jón Sveinsson skrifar undir Stafnsbréf, en séra Jón Magnússon skrifar undir Mælifellsbréf, þá er hann kominn í Mælifell 1890.
>
> Sýslumerki eru þessi, svo ekki þarf um að deila: Frá Kirkjubust í Kiðaskarði að sunnan suður yfir Reykjafjall þar sem það er hæst í Hlaupakinnarhögg á suðurbrún Reykjafjalls, þaðan niður að Einarsdalslæk og með honum ofan í Svartá í Stafnsgili og síðan ræður Stafnsgil fram að Brunnabrekkulæk, sem fellur í Svartá að austan og afmarkar Mælifellsland sunnan Haukagilsheiðar.[338]

---

[334] Skjal nr. 2(9) í máli nr. 5/2008.
[335] Skjöl nr. 4(11), 4(3), 4(5) og 4(6) í máli nr. 5/2008.
[336] Skjal nr. 4(4) í máli nr. 5/2008. Sjá nánar í kafla 5.3.3 um Eyvindarstaðaheiði.
[337] Skjal nr. 2(27) í máli nr. 5/2008.
[338] Skjal nr. 4(57) í máli nr. 5/2008.

5.4 Norður- og vesturmörk Skrapatunguafréttar

5.4.1 Landnám

Um landnám á Skaga og nágrenni segir svo í *Landnámu*:

> Ævarr kom skipi sínu í Blonduós; þá váru numin lond fyrir vestan Blondu. Ævarr fór upp með Blondu at leita sér landnáms, en er hann kom þar sem heita Móbergsbrekkur, setti hann þar niðr stong háva ok kvezk þar taka Vefroði syni sínum bústað. Síðan nam hann Langadal allan upp þaðan ok svá þar fyrir norðan háls, þar skipti hann londum með skipverjum sínum. Ævarr bjó í Ævarsskarði.
>
> […]
>
> Holti hét maðr, er nam Langadal ofan frá Móbergi ok bjó á Holtastoðum
>
> […]
>
> Hólmgöngu-Máni hét maðr er nam Skagastrond fyrir vestan inn til Forsár, en fyrir austan til Mánaþúfu ok bjó í Mánavík.
>
> […]
>
> Eilífr orn hét maðr, son Alta Skíðasonar ens gamla, Bárðarsonar í Ál. Son Eilífs arnar var Koðrán at Giljá ok Þjóðólfr goði at Hofi á Skagastrond ok Eysteinn, faðir Þorvalds tinteins ok Þorsteins heiðmennings ok Arnar í Fljótum. Eilífr nam land inn frá Mánaþúfu til Gonguskarðsár ok Laxárdal ok bjó þar.[339]

5.4.2 Hvammshlíð í Norðurárdal og Pokafell[340]

Samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 var Hvammshlíð fornt eyðiból í sellandi Höskuldsstaða sem byggt hafði verið í nokkur ár en var þá aftur komið í auðn:

> Hvammshlijd, eign Höskuldsstaða beneficii, fornt eyðiból; það var selstaða frá Höskuldsstöðum um lángan aldur. En Sr. Bjarni bygði úr auðn. Hvað mörg ár bygðin varaði, er óvíst, líklegast 8 eður 10 ár. […] Bygðin lagðist af 1680 fyrir vetrríki.[341]

Í jarðamati Húnavatnssýslu 1804 koma ekki fram neinar upplýsingar um Hvammshlíð.[342]

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 27. október árið 1819, kemur m.a. fram, að kirkjan eigi selland fyrir framan Þverá á Norðurárdal, og að þar sé nú byggt kot eitt, kallað Hvammshlíð, metið til 5 hundraða.[343]

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 27. nóvember árið 1824, kemur enn fram að kirkjan eigi sellandið Hvammshlíð.[344]

Í jarðamati Húnavatnssýslu 1849–1850 er skráð eftirfarandi lýsing á Hvammshlíð og Höskuldsstaðaseli:

> Hvamshlíð, 5 hndr. og Höskuldsstadasel þar samanvid og ómetid ad hundrada dírleika:

---

339 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 224–227.
340 Sjá einnig eftirfarandi kafla um Þverá og Höskuldsstaði.
341 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 431.
342 Sjá minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna viðbótargagnaöflunar um jarðir á svæði 8A, dags. 1. desember 2023, skjal nr. 3(2) í máli nr. 2/2023.
343 Skjal nr. 2(132) í máli nr. 1/2013.
344 Skjal nr. 2(133) í máli nr. 1/2013.

> Túnid lítid og skjæklótt, med mýrarsundum ímillum og gétur ekki grædst út, fódrar 1 kú; slægjur nokkurnveigin gódar, og nærtækar, heygódar, ekki votar; sumarhagar nógir og kjarngódir; vetrarbeit optast eingin og leggur strags undir snjó sökum vetrarríkis og verdur því ad fást frá Kirkjubæ til leigu.
>
> Á Höskuldsstadaseli er ekki tún, né heldur túnstædi; en slægjur allgódar og nærtækar; sumarhagar nógir og gódir, eins og i Hvammshlíd, því alt landid er mikid og einkar kjarngott; vetrarbeit eins og ádur sagt.
>
> Þetta land med einu býli og einu húsmenskuplassi, sem ofannefndt, var eptir athugun á því í sjálfu sér og samburd á fleiri vegu virdt Tvö hundrud og fjörutíu Ríkisbánkadali.[345]

Við úttekt á Höskuldsstöðum, þann 17. júní árið 1890, kom m.a. í ljós að kirkjujörðin Hvammshlíð væri fallin í eyði.[346]

Nánari umfjöllun um ofangreindar vísitasíur og úttektir er í kafla um Höskuldsstaði og Höskuldsstaðaafrétt.

Í sóknalýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 eftir séra Eggert Ó. Brím er Hvammshlíð kölluð seljörð Höskuldsstaða:

> Frá Höskuldsstöðum mun lengi fram eftir hafa verið haft í seli á afréttinni bæði í Hvammshlíð, sem kölluð er seljörð staðarins, og í Höskuldsstaðaseli gamla [þ.e. á Ambáttardal][347]

Um Hvammshlíð segir séra Eggert Ó. Brím enn fremur í sóknalýsingunni:

> Hvammshlíð er hinn efsti bær í *Norðurárdal* og er eiginlega heimast í afréttinni og stendur undir suðvesturöxl Hvammshlíðarfjalls við Fosslæk. Hún var í eyði 1789, en mun hafa verið byggð mestalla þessa öld. Nú er hún talin 8.1 hndr.[348]

Í landamerkjabókum Húnavatnssýslu er ekki að finna landamerkjaskrá fyrir Hvammshlíð.[349] Í fylgiskjölum dómabóka í sýsluskjalasafni Húnavatnssýslu er hins vegar að finna tvö skjöl varðandi landamerki Hvammshlíðar og Þverár. Ekki er ljóst hvort um sé að ræða eintök af skjölum sem hafi verið þinglesin.[350] Annað skjalið ber yfirskriftina „Landamerkjaskrá Þverár í Norðrárdal, seljarðarinnar Hvammshlíðar og Höskuldsstaða afréttarlands“. Það er tímasett í júní 1890 og er svohljóðandi:

> Í Norðrardal eru merki gagnvart Skúfunum (Neðraskúfi): úr Landamerkjalækjar ósi við Norðrá bein stefna í mitt Nautaskarð og þaðan á fjall upp sem vötn draga allt í Sönduga hól. Gagnvart Þverá í Halladal eru merki: Úr vörðu í grjótklöpp á há-Pokafelli í vörðu á tungusporði sunnan við Hlíðarás og yfir leirdrög ofan til í austanverðri Hamarshlíð í vörðu upp á hlíðinni (er sett verðr), þaðan er sér í Söndugahól, og ber sú stefna – að sjá frá fyrst nefndri vörðu í höggið sunnanvert við Selhólahnjúk, og úr þeirri vörðu beint í Söndugahól. Gagnvart Illhugastöðum á Ytra Laxárdal eru merki úr grjótklapparvörðunni á há-Pokafelli í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suðr á Ambáttardal í hól þann, sem nefndr er Sjónarhóll, þaðan austr í garðlag það, er liggr fram eptir mýrunum norðr frá Ásseli (Fannlaugarstöðum). Svo ræðr garðrinn eða garðlagið

[345] Skjal nr. 2(10) í máli nr. 2/2023.
[346] Skjal nr. 2(134) í máli nr. 1/2013.
[347] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, bls. 142.
[348] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, bls. 143.
[349] Sjá minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna viðbótargagnaöflunar um jarðir á svæði 8A, dags. 1. desember 2023, skjal nr. 3(2) í máli nr. 2/2023.
[350] Sjá minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna viðbótargagnaöflunar um jarðir á svæði 8A, dags. 1. desember 2023, skjal nr. 3(2) í máli nr. 2/2023.

> merkjum suðr á móts við þúfur þær tvær, sem eru í Fannstóðsfjalls brúninn[i], sín hvoru megin Fífugils, og svo rétt sjónhending til suðvestrs í Bárðarstein austan til á hlíðarhorninu, og síðan rétt eptir garðpartinum niðr frá steininum ofan í Bárðardalsá. Þaðan ræðr hún merkjum, þar til er hún fellr í Norðrá (þá fyrir sunnan Höskuldsstaðasel hið forna á Ambáttardal. Þá ræðr Norðrá merkjum ofan eptir dalnum að Landamerkjalækjar ósi þeim, er áðr getið.
>
> Slægnatakmark milli Þverár og Hvammshlíðar er skurðr milli tveggja nesja, er ganga út í Norðrá og nefnast Stóranes hið vestra, en Litlanes hið eystra. Takmark Hvammshlíðar og sellandsins á Ambáttardal eða Höskuldsstaða afrétt[ar]lands er Illagil. Að öðru leiti er landi óskipt.
>
> Í júnímánuði 1890.
>
> Vegna Höskuldsstaðakirkju
>
> Eggert Ó Brím.
>
> Árni Jónsson (eigandi Þverár í Halladal)
>
> Indriði Jónsson vegna Skúfanna[351]

Hitt skjalið ber yfirskriftina „Athugasemdir við merkjaskrár Höskuldss[taða] og kirkjujarðanna. Það er einnig tímasett í júní 1890 og sá hluti sem varðar Þverá og Hvammshlíð er svohljóðandi:

> 6. Þverá í Norðrárdal með seljörðunni Hvammshlíð og Höskuldsstaða afréttarlandi (= landi Höskuldsstaðasels hins forna á Ambáttardal). Líklegt þykir, að eigandi Neðraskúfs samþykki merkin. Eigandi Þverár í Hallardal hefir viðrkennt þau. Merkjaskrá Illhugastaða samhljóða hefi eg samþykkt. Af hálfu eiganda eða umboðsmanns Skrapatunguafréttar mun viðrkenning eigi nást, en ókunnugt er mér um, hvað þeir vilja kalla merki hennar.
>
> Í júnímánuði 1890.
>
> Eggert Ó Brím.[352]

Landamerki Hvammshlíðar voru tilgreind í kaupsamningi og afsali, dags. 15. júní 1897, en þá seldi Jón Pálsson prestur á Höskuldsstöðum jörðina til hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi fyrir 400 krónur, auk þess sem prestinum á Höskuldsstöðum var heimilaður upprekstur þangað fyrir sauðfé sitt og hross án endurgjalds. Landamerki Hvammshlíðar eru tilgreind þessi:

> Að vestan milli hennar og Þverár í Norðurárdal, ræður merkjum skurður millum nesja tveggja, er nefnast Stóranes og Litlanes. Þá er skurðinum sleppir ræður sama stefna í austanvert Pokafell. Að norðan og norðaustan eru þessi merki: Af há-Pokafelli ræður bein stefna í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suður í Ambáttardal í hól þann, er nefndur er Sjónarhóll, sem er hornmerki. Þaðan ræður bein stefna í garð þann, sem liggur fram eptir mýrunum norður frá Ásseli (Fannlaugarstöðum); ræður svo garðurinn merkjum, allt suður í móts við þúfur þær, sem eru vestan í Fannstóðsfjallbrúninni, sín hvoru megin Fífugils, síðan rjett sjónhending til suðvesturs í steininn, sem stendur austan til í Hlíðarhorninu og frá sama steini bein stefna ofan í Bárðardalsá; þá ræður hún til þess hún kemur í Norðurá fyrir sunnan Höskuldsstaðarsel, þar sem það hefir að fornu staðið og enn sjást merki til. Úr því ræður Norðurá merkjum, allt til móts við skurð þann (millum Stóraness og Litlaness), er áður er umgetið.[353]

[351] Skjal nr. 2(14) í máli nr. 2/2023.
[352] Skjal nr. 2(15) í máli nr. 2/2023.
[353] Skjöl nr. 11(9) og 4(99) í máli nr. 1/2013.

Undir bréfið kvitta Jón Pálsson og Árni Jónsson í umboði hreppsnefndarinnar, Höskuldsstöðum 15. júní 1897. Það var þinglesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Bergi hinn 20. maí 1898.[354]

Hinn 6. júlí 2018 staðfesti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra landskipti á Hvammshlíð. Í bréfi um landskiptin segir m.a.: „út úr jörðinni er stofnuð lóð; Pokafell 53 ha landsspildu“ og vísað til hnitsetts uppdráttar, dags. 8. ágúst 2018 sem hafi verið staðfestur af skipulags- og byggingarfulltrúa 13. apríl 2018. Þá segir að með staðfestingu þessari sé „verið að staðfesta ytri merki jarðarinnar við aðliggjandi jarðir skv. landamerkjayfirlýsingu“ sem sé undirrituð vegna Þverár og Hvammshlíðar.[355]

Hinn 5. janúar 2021 veitti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Karólínu Elísabetardóttu leyfi til að stofna lögbýli „á 630 hektara landi á jörðinni Hvammshlíð, landnúmer 145460, Skagabyggð.“ Leyfinu var þinglýst 15. janúar 2021.[356]

Í bréfi ráðherra sem fylgdi leyfisbréfinu er vísað til samþykktar sveitarstjórnar Skagabyggðar 29. nóvember 2020, umsagnar landbúnaðarráðunautar 22. október 2020, undirritaðs afsals, dags. 10. október 2015, þinglýsts kaupsamnings, dags. 10. október 2015, veðbókarvottorðs 9. nóvember 2020 og staðfestrar loftmyndar af landamerkjum ásamt landamerkjalýsingum, staðfestum af byggingafulltrúa Skagabyggðar 22. desember 2020.[357]

5.4.3 Þverá í Norðurárdal[358]

Í jarðamati Húnavatnssýslu 1804 segir að dýrleiki Þverár í Norðurárdal hafi verið 10 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Höskuldsstaðakirkja.[359]

Í jarðamati Húnavatnssýslu 1849–1850 er skráð eftirfarandi lýsing á jörðinni Þverá í Norðurárdal:

> Þverá í Nordurárdal, 10 hndr.
>
> Túnid þýft ad mestu leiti, ekki stórt, fremur grasgéfid, mjúklendt, fódrar 2 kýr; slægjur miklar og nærtækar og sæmilega grasgódar og grasgéfnar, samt mestpart þurrlendar; sumarhagar ágjætir bædi ad landgjædum og landvídd og hinir hægustu; vetrarbeit gód ámedan til nær, en er stopul vegna vetrarríkis og þarf opt ad fást frá Kirkjubæ. –
>
> Eptir athugun og samburd virdt Fjögur hundrud og Sextíu Ríkisbánkadali.[360]

Í landamerkjabókum Húnavatnssýslu er ekki að finna landamerkjaskrá fyrir Þverá í Norðurárdal.[361] Í fylgiskjölum dómabóka í sýsluskjalasafni Húnavatnssýslu er hins vegar að finna tvö skjöl varðandi landamerki Hvammshlíðar og Þverár. Ekki er ljóst

[354] Skjöl nr. 11(9) og 4(99) í máli nr. 1/2013.
[355] Skjal nr. 12(2) í máli nr. 2/2023. Uppdrátturinn sem vísað er til fylgir þar.
[356] Skjal nr. 11(2) í máli nr. 2/2023.
[357] Skjal nr. 11(2) í máli nr. 2/2023. Loftmyndin sem vísað er til fylgir þar.
[358] Sjá einnig kafla 5.4.4 um eignarhald Höskuldsstaðakirkju á Þverá.
[359] Skjal nr. 2(6) í máli nr. 2/2023.
[360] Skjal nr. 2(9) í máli nr. 2/2023.
[361] Sjá minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna viðbótargagnaöflunar um jarðir á svæði 8A, dags. 1. desember 2023, skjal nr. 3(2) í máli nr. 2/2023.

hvort um sé að ræða eintök af skjölum sem hafi verið þinglesin.[362] Annað skjalið ber yfirskriftina „Landamerkjaskrá Þverár í Norðrárdal, seljarðarinnar Hvammshlíðar og Höskuldsstaða afréttarlands“. Það er tímasett í júní 1890 og er svohljóðandi:

> Í Norðrardal eru merki gagnvart Skúfunum (Neðraskúfi): úr Landamerkjalækjar ósi við Norðrá bein stefna í mitt Nautaskarð og þaðan á fjall upp sem vötn draga allt í Sönduga hól. Gagnvart Þverá í Halladal eru merki: Úr vörðu í grjótklöpp á há-Pokafelli í vörðu á tungusporði sunnan við Hlíðarás og yfir leirdrög ofan til í austanverðri Hamarshlíð í vörðu upp á hlíðinni (er sett verðr), þaðan er sér í Söndugahól, og ber sú stefna – að sjá frá fyrst nefndri vörðu í höggið sunnanvert við Selhólahnjúk, og úr þeirri vörðu beint í Söndugahól. Gagnvart Illhugastöðum á Ytra Laxárdal eru merki úr grjótklappar-vörðunni á há-Pokafelli í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suðr á Ambáttardal í hól þann, sem nefndr er Sjónarhóll, þaðan austr í garðlag það, er liggr fram eptir mýrunum norðr frá Ásseli (Fannlaugarstöðum). Svo ræðr garðrinn eða garðlagið merkjum suðr á móts við þúfur þær tvær, sem eru í Fannstóðsfjalls brúninn[i], sín hvoru megin Fífugils, og svo rétt sjónhending til suðvestrs í Bárðarstein austan til á hlíðarhorninu, og síðan rétt eptir garðpartinum niðr frá steininum ofan í Bárðardalsá. Þaðan ræðr hún merkjum, þar til er hún fellr í Norðrá (þá fyrir sunnan Höskuldsstaðasel hið forna á Ambáttardal. Þá ræðr Norðrá merkjum ofan eptir dalnum að Landamerkjalækjar ósi þeim, er áðr getið.
>
> Slægnatakmark milli Þverár og Hvammshlíðar er skurðr milli tveggja nesja, er ganga út í Norðrá og nefnast Stóranes hið vestra, en Litlanes hið eystra. Takmark Hvamms-hlíðar og sellandsins á Ambáttardal eða Höskuldsstaða afrétt[ar]lands er Illagil. Að öðru leiti er landi óskipt.
>
> Í júnímánuði 1890.
>
> Vegna Höskuldsstaðakirkju
>
> Eggert Ó Brím.
>
> Árni Jónsson (eigandi Þverár í Halladal)
>
> Indriði Jónsson vegna Skúfanna[363]

Hitt skjalið ber yfirskriftina „Athugasemdir við merkjaskrár Höskuldss[taða] og kirkjujarðanna. Það er einnig tímasett í júní 1890 og sá hluti sem varðar Þverá og Hvammshlíð er svohljóðandi:

> 6. Þverá í Norðrárdal með seljörðunni Hvammshlíð og Höskuldsstaða afréttarlandi (= landi Höskuldsstaðasels hins forna á Ambáttardal). Líklegt þykir, að eigandi Neðraskúfs samþykki merkin. Eigandi Þverár í Hallardal hefir viðrkennt þau. Merkjaskrá Illhugastaða samhljóða hefi eg samþykkt. Af hálfu eiganda eða umboðsmanns Skrapatunguafréttar mun viðrkenning eigi nást, en ókunnugt er mér um, hvað þeir vilja kalla merki hennar.
>
> Í júnímánuði 1890.
>
> Eggert Ó Brím.[364]

Í fasteignamati Húnavatnssýslu 1916–1918 segir að landamerki séu óþinglesin „en munu ágreiningslaus“. Þá segir að upprekstrarland sé sveitareign. Eigandi jarðarinnar var Höskuldsstaðakirkja. Enn fremur er jörðinni lýst svo:

> Engjar liggja á dreif um bithaga, valllendisbrekkur og lautir, vestur frá túni, grasgefnar, greiðfærar og heygóðar. Ennfremur all-víðáttu miklar brotflár í fjarlægð til heiðar,

[362] Sjá minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna viðbótargagnaöflunar um jarðir á svæði 8A, dags. 1. desember 2023, skjal nr. 3(2) í máli nr. 2/2023.
[363] Skjal nr. 2(14) í máli nr. 2/2023.
[364] Skjal nr. 2(15) í máli nr. 2/2023.

> grasgefnar, enfremur heyslæmt og örðugur flutningur. Engjar óvéltækar og áveita ómöguleg. Engjavegur slæmur. Engjar ógirtar. – Ábúandi telur fást af heimaenginu 300 hb. árlega.
>
> Beitiland víðáttumikið, kjarngott og ágætt sumarland fyrir allar skepnur. Skjólasamt, en mjög snjóþungt á vetrum. Liggur frá bænum til afréttar og því langt í það langið, er fjarst liggur. Fjárgæsla örðug, hættur miklar og ágangur mjög mikill af afréttarfénaði, bæði á engjar og bithaga. Beitilandið ógirt. Ábúandi telur að framfleyta megi á jörðunni: 2 kúm, 100 fjár og 10 hrossum og mun það hæfileg áhöfn.[365]

5.4.4 Höskuldsstaðir í Norðurárdal, Höskuldsstaðakirkja og Höskuldsstaðaafrétt

Í máldaga Auðunar biskups rauða fyrir Höskuldsstaðakirkju frá 1318 kemur fram að kirkjan eigi Þverá hálfa. Þar mun um að ræða Þverá í Norðurárdal.[366] Í máldaga Höskuldsstaðakirkju frá um 1360 segir síðan að kirkjan eigi Þverá alla.[367] Sömu upplýsingar, þ.e. að kirkjan eigi Þverá alla, koma fram í máldögum Höskuldsstaðakirkju frá um 1394–1399 og 2. júlí 1395, rekaskrá kirkjunnar frá 1395 og máldaga frá 1461 eða síðar.[368] Þá segir í reikningnum kirkna á prestsetrum í Hólabiskupsdæmi frá 1569 að Höskuldsstaðakirkja eigi eyðijörðina Þverá.[369]

Samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 eiga Höskuldsstaðir ekki afrétt og gengur geldfé í heimaland. Í kaflanum segir enn fremur:

> Selstöðu á staðurinn, sem kallast Hvammshlíð og kallast Höskuldsstaða seljörð, þetta land liggur áfast við Þverárland fram á fjallinu til marks við Skrapatúngu.[370]

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 27. október árið 1819, kemur m.a. fram, að kirkjan eigi selland fyrir framan Þverá á Norðurárdal. Þar segir:

> Höskulldsstaðir
>
> Árid 1819, Þann 27 Octobris, visiteradi Prófastur i Húnavatns Sýsslu Jón Jónsson Kyrkiu á Höskulldsstad. Hún á Heimaland allt, og þar ad auk þessar Jardir: Sydrahól, 40 hndr. Ytrahól, 20 hndr., Efri Mýrar, 20 hndr., Þverá, 10 hndr. – Svansgrund, 5 hndr. – Sölvabakka Hálfan 5 hndr. Sliettudal fra Kalldalæk og móts vid Niálsstadi. Spákonuarfur er frá Fornu Vör, og Vestur til Deildarhamars – Þá nærst milli Laxár og Fossár – Þá frá Raudaskridu til Hvamsár, þá frá Hellirsvík til marks vid Finnsstadi. Fyrir Finnsstödum er fimmdeilt, hverfa þrír hlutir til Späkonuarfs, enn tveir til Finnsstada. Fyrir Árbakka er Spákonuarfur ad öllum hluta, enn ekki milli Finnsstada og Árbakka – Þá nærst inn frá Þórlaugardys i midia Selvík. I Spákonuarfi á Höskulldsstada Kyrkia Fimmtúngi minna enn Helmíng. Fiórdúng alls Reka i Básum. – Vidreka ad Hrauni frá Fornu Vör til þriggia Steina Helmíng, enn i Vestri Ossvík Fiórdúng. I Frídu 16 Málnytu kúgilldi. Enn nú á kyrkian Sel Land fyrir framan Þverá á Nordurárdal, hvar nú er byggt kot eitt, kallad Hvammshlíd, talid ad dýrleika 5 hndr.[371]

---

365 Skjal nr. 2(12) í máli nr. 2/2023.
366 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 471. Upplýsingar í þessum kafla úr *Íslenzku fornbréfasafni* eru teknar saman með hliðsjón af heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands á svæði 8A, skjali nr. 3 í máli nr. 1/2013.
367 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 171.
368 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 533, 599 og 601; *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 344.
369 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 356.
370 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 435 og 437–438.
371 Skjal nr. 2(132) í máli nr. 1/2013.

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 27. nóvember árið 1824, kemur og fram að kirkjan eigi sellandið Hvammshlíð. Þar segir:

> Höskulldsstadur.
>
> Árid 1824, þann 27 Novembris, var Prófastur i Húnavatns Sýsslu Jón Jónsson komin ad Höskulldsstad, til ad athuga þar standandi Kyrkiu og hennar Eigna ásigkomulag, einnig taka hennar Reikninga. – Hvad því fyrra vidvíkur behelldur Kyrkian allri sinni Fasteign, sem [strikað yfir: er] auk Heimalands, og Sellandsins Hvammshlíðar, er telst 5 hndr., er 100 hndr., og sínum 16 málnytu kúgilldum; Eins behelldur hún sínum ad fornu tileinkudu Itökum Hvala- og Vidar Reka.[372]

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 23. ágúst árið 1833, kom m.a. eftirfarandi fram um eignir og réttindi kirkjunnar:

> Höskuldsstadir
>
> Anno 1833 þ: 23da Augusti visiteradi Biskupinn yfir Islandi Steingrimur Jónsson Riddari af Dannebroge kirkjuna ad Höskuldsstödum á Skagaströnd. – Kirkian á allt Heimaland og Hólsland og Þverá alla …[373]

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 8. júní árið 1844, kemur eftirfarandi fram:

> Kirkjan
>
> Hún á allt Heimaland, og heldur öllum þeim Eignum og Itökum, sem enir authoriserudu máldagar eigna henni, og sem upptalin eru í Herra biskupsins Vísitatíu af 23 August 1833. Jardir kirkjunnar eru þessar:
>
> Þverá 10 hndr. med 60 al. Landskuld og 1 ½ ásaudar kúgildum.
>
> Hvammshlíd
>
> Seljörd leigd sem 5 hndr. med 30 al. Landskuld og 1 ásaudar kúgildum.
>
> Höskuldsstadasel med 20 al. Landskulld og ½ ásaudar kúgildum.
>
> Ábúendur sídastnefndrar Jardar ega nú sjálfir Húsin sem henni fylgja, og Ábúendur allra kirkjujardanna hafa skuldbundid sig til ad ábyrgjast kúgildin fyrir Fódurbresti og handvömmum, og vera ansvarlegir fyrir ábýlum þeirra.[374]

Í júní árið 1844 gaf presturinn V. Reykdal á Höskuldsstöðum út byggingarbréf fyrir Höskuldsstaðakirkjuseli, einnig nefnd Ambáttardalssel. Bréfið er einnig merkt ártalinu 1848 í hægra horni uppi:

> Nr. 4. Ambáttardalssel. 1/6 1848.
>
> Höskuldsstada kirkiu Sel, er hérmed byggt og heimilad til allra löglegra leigulida nota, med fylgiandi hálfu kúgyldi, Bændunum Jóni Jónssyni og Gudmundi Gudmundssyni
>
> […]
>
> Höskuldsstöðum þann 1ta Junii 1844.
>
> V. Reykdahl. L.S.[375]

[372] Skjal nr. 2(133) í máli nr. 1/2013.
[373] Skjal nr. 2(109) í máli nr. 1/2013.
[374] Skjal nr. 2(164) í máli nr. 1/2013.
[375] Skjal nr. 4(93) í máli nr. 1/2013.

Ekki er tilgreint neitt nánar í bréfinu um staðsetningu þessa sels eða takmörk lands sem byggt er en umrætt sel er leigt til ábúðar fardagaárið 1844–1845 og skilmálar taldir upp.

Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 segir svo um Höskuldsstaði og Höskuldsstaðasel:

> Höskuldstaðir […] Í selstöðu staðarins er nú bygt lítið býli, Höskuldstaðasel.[376]

Í Jarðatali Johnsens segir enn fremur svo um Höskuldsstaði og Höskuldsstaðasel:

> Höskuldstaðir […]A. M. segir haft í seli frá Höskuldstöðum í Hvammshlíðar landi (í Norðurárdal), og nefnir hann annað eyðibólið til, með sama nafni, sem var bygt, þá fyrir 38 árum, á sama stað, og þar að auki Fitjarkot (40 al. 1sk. 1 kúg.), en nú er aðeins nefnd ein Hvammshlíð, sem sýslumaður og hreppstjóri báðir telja 5 h. að dýrleika, hreppstjóri með 1 kúg. 30 al. 1sk., og sem prestur í brauðskýrslu sinni 1839 nefnir »seljörð staðarins«. Þareð hann líka þar, einsog í fólkstölulistanum (1843) nefnir Höskuldstaðasel meðal kirkjujarðanna, er ból þetta, þó hvergi finnist það nefnt annarstaðar, líka talið sem hjáleiga frá staðnum, og segir í fólkstölulistanum, að þar sé tvíbýli.[377]

Í úttekt að Höskuldsstöðum, þann 13. júní árið 1871, kemur eftirfarandi fram:

> Höskuldsstaða úttekt
>
> Kirkjan á allt heimaland og heldur öllum sínum egnum og ítökum óátöldum, eptir því sem seinasta Biskupsvísitasía greinir frá 1833. – Jardir kirkjunnar eru þessar:
>
> Þverá med 60 al. landskuld og 1 ½ kúgildum.
>
> Hvammshlíd med 30 al. landskuld og 1 kúgildum.
>
> Höskuldsstadasel med ½ kúgildum.[378]

Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar, frá árinu 1873, segir séra Eggert Ólafsson Brím, að Höskuldsstaðaafrétt hafi verið talin til 10 hundraða að fornu, líkt og Skrapatunguafrétt, þrátt fyrir allmikinn stærðarmun.[379] Um takmörk afréttarlandsins og Þverárlandsins segir svo á sama stað:

> Takmörk Þverár lands og afréttarlandsins eða sellandsins, sem og er kallað, eru eigi ljóslega ákveðin, en skurður milli tveggja nesja, er ganga út í *Norðrá* milli Þverár og Hvammshlíðar og heita Stóranes vestar og Litlanes austar, er talinn engjamark.[380]

Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar, frá árinu 1873, segir séra Eggert Ólafsson Brím, að rekið sé á Höskuldsstaðaafrétt frá Höskuldsstöðum og „einstökum bæjum öðrum.“[381]

Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar, frá árinu 1873, segir séra Eggert Ólafsson Brím, að til séu ýmsar lögfestur fyrir Höskuldsstaðaafrétt og kirkjujörðunum Þverá og Hvammshlíð í sameign, og eru hinar helstu frá árunum 1713, 1762 og 1788. Í umfjöllun sama rits um Höskuldsstaðaafrétt er lögfestan frá árinu 1713 lögð til grundvallar í umfjöllun um afréttina. Í ritinu stendur svo skrifað:

---

376 Skjal nr. 4(63) í máli nr. 1/2013.
377 Skjal nr. 4(63) í máli nr. 1/2013.
378 Skjal nr. 2(165) í máli nr. 1/2013.
379 *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, bls. 142.
380 *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, bls. 142.
381 *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, bls. 157.

> Að vestan úr *Norðrá, þar sem lítill lækur að fornu haldinn og enn nefndur Landamerkjalækur rennur í hana*, réttsýnis í mitt Nautaskarð (sem svo er almennilega kallað) og svo hátt á fjall upp sem vötn draga allt *í Söndugahól, þaðan í Hamarshlíð*. Að norðan og austan: norðari leirdrög, sem eru austan [við] Hamarshlíð, og réttsýnis eftir þúfum þeim, er ástandast hvor við aðra, og mannaverk *sýnast* á vera, á svokölluðum Vaglabungum, upp á mitt Pokafell. Af miðju Pokafelli ræður sjónhending á *Járnhrygg*, þaðan á Ambáttardal, [í] *svokallaðan* Sjónarhól, og svo í Fannstóðsöxlina, eftir því sem gömul skjöl segja í garðinn, *er liggur fram eftir mýrunum norður frá Ásseli*. Ræður svo garðurinn merkjum suður á móts við þúfur þær, sem eru vestan í Fannstóðsfjallsbrúninni, sín hvorum megin Fífugils, og svo rétt sjónhending til suðvesturs í steininn *austan til*, á hlíðarhorninu, *síðan rétt eftir garðspartinum niður frá steininum* ofan í Bárðardalsá. Þaðan ræður hún, til þess hún kemur í *Norðrá* fyrir sunnan Höskuldsstaðasel, þar sem það hefur að fornu staðið og enn sér *ljós* merki til. Úr því er *Norðrá* landamerki ofan eftir dalnum allt til móts við mitt Nautaskarð og *lækjarósinn*, sem áður er um getið.[382]

Afrit lögfestnanna sjálfra sem hér um ræðir frá 1713 og 1762 fundust ekki við kerfisbundna leit óbyggðanefndar vegna máls nr. 1/2013 og lögfestan frá 1788 tekur eingöngu til rekaítaka kirkjunnar en ekki afréttarinnar.

Við úttekt á Höskuldsstöðum, þann 17. júní árið 1890, kom m.a. í ljós að kirkjujörðin Hvammshlíð væri fallin í eyði.[383]

Í fylgiskjölum dómabóka í sýsluskjalasafni Húnavatnssýslu er að finna tvö skjöl varðandi landamerki afréttarlands Höskuldsstaða, Hvammshlíðar og Þverár. Ekki er ljóst hvort um sé að ræða eintök af skjölum sem hafi verið þinglesin. Upplýsingar um efni skjalanna eru í köflunum hér að framan um Hvammshlíð og Þverá.[384] Annað skjalið ber yfirskriftina „Landamerkjaskrá Þverár í Norðrárdal, seljarðarinnar Hvammshlíðar og Höskuldsstaða afréttarlands“. Það er tímasett í júní 1890 og er svohljóðandi:

> Í Norðrardal eru merki gagnvart Skúfunum (Neðraskúfi): úr Landamerkjalækjar ósi við Norðrá bein stefna í mitt Nautaskarð og þaðan á fjall upp sem vötn draga allt í Sönduga hól. Gagnvart Þverá í Halladal eru merki: Úr vörðu í grjótklöpp á há-Pokafelli í vörðu á tungusporði sunnan við Hlíðarás og yfir leirdrög ofan til í austanverðri Hamarshlíð í vörðu upp á hlíðinni (er sett verðr), þaðan er sér í Söndugahól, og ber sú stefna – að sjá frá fyrst nefndri vörðu í höggið sunnanvert við Selhólahnjúk, og úr þeirri vörðu beint í Söndugahól. Gagnvart Illhugastöðum á Ytra Laxárdal eru merki úr grjótklapparvörðunni á há-Pokafelli í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suðr á Ambáttardal í hól þann, sem nefndr er Sjónarhóll, þaðan austr í garðlag það, er liggr fram eptir mýrunum norðr frá Ásseli (Fannlaugarstöðum). Svo ræðr garðrinn eða garðlagið merkjum suðr á móts við þúfur þær tvær, sem eru í Fannstóðsfjalls brúninn[i], sín hvoru megin Fífugils, og svo rétt sjónhending til suðvestrs í Bárðarstein austan til á hlíðarhorninu, og síðan rétt eptir garðpartinum niðr frá steininum ofan í Bárðardalsá. Þaðan ræðr hún merkjum, þar til er hún fellr í Norðrá (þá fyrir sunnan Höskuldsstaðasel hið forna á Ambáttardal. Þá ræðr Norðrá merkjum ofan eptir dalnum að Landamerkjalækjar ósi þeim, er áðr getið.
>
> Slægnatakmark milli Þverár og Hvammshlíðar er skurðr milli tveggja nesja, er ganga út í Norðrá og nefnast Stóranes hið vestra, en Litlanes hið eystra. Takmark Hvamms-

[382] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, bls. 139–140.
[383] Skjal nr. 2(134) í máli nr. 1/2013.
[384] Sjá minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna viðbótargagnaöflunar um jarðir á svæði 8A, dags. 1. desember 2023, skjal nr. 3(2) í máli nr. 2/2023.

> hlíðar og sellandsins á Ambáttardal eða Höskuldsstaða afrétt[ar]lands er Illagil. Að öðru leiti er landi óskipt.
>
> Í júnímánuði 1890.
>
> Vegna Höskuldsstaðakirkju
>
> Eggert Ó Brím.
>
> Árni Jónsson (eigandi Þverár í Halladal)
>
> Indriði Jónsson vegna Skúfanna[385]

Hitt skjalið ber yfirskriftina „Athugasemdir við merkjaskrár Höskuldss[taða] og kirkjujarðanna. Það er einnig tímasett í júní 1890 og sá hluti sem varðar Þverá, Hvammshlíð og afréttarland Höskuldsstaða er svohljóðandi:

> 6. Þverá í Norðrárdal með seljörðunni Hvammshlíð og Höskuldsstaða afréttarlandi (= landi Höskuldsstaðasels hins forna á Ambáttardal). Líklegt þykir, að eigandi Neðraskúfs samþykki merkin. Eigandi Þverár í Hallardal hefir viðrkennt þau. Merkjaskrá Illhugastaða samhljóða hefi eg samþykkt. Af hálfu eiganda eða umboðsmanns Skrapatunguafréttar mun viðrkenning eigi nást, en ókunnugt er mér um, hvað þeir vilja kalla merki hennar.
>
> Í júnímánuði 1890.
>
> Eggert Ó Brím.[386]

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur m.a. eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Vindhælishrepps í Höskuldsstaðalandi:

> FRUMVARP FRÁ 1894
>
> til reglugjörðar um notkun afrétta
>
> í Húnavatnssýslu.
>
> I. Vindhælishreppur.
>
> […]
>
> 1. Í innparti hreppsins skulu eftirgreindar jarðir nota heimalönd sín til upprekstur: Núpur, Mánaskál, Balaskarð og Hafurstaðir með Hafurstaðakoti. En Höskuldsstaðir með kirkjujörðunum Þverá, Hvammshlíð, Syðra-Hóli og Ytra-Hóli, [á]samt Kollugerði, skulu brúka Höskuldsstaðaland og land jarða þessara til upprekstur.
>
> […]
>
> Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.
>
> *B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.*
>
> *Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.*
>
> Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er
>
> Ósamþykkur
>
> *Á. Á. Þorkelsson*[387]

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um Höskuldsstaði:

> Auk þessa engis, er töluvert engi til fjalls í svokölluðu Höskuldsstaða sellandi, en bæði er lítt mögulegt að verja það land fyrir ágangi afréttarpenings og svo er það í mjög

[385] Skjal nr. 2(14) í máli nr. 2/2023
[386] Skjal nr. 2(15) í máli nr. 2/2023
[387] Skjal nr. 2(154) í máli nr. 1/2013.

> mikilli fjarlægð og því tæplega nothæft heiman að, nema að litlu leyti. […] Upprekstrarland sveitareign. […] Landamerki óþinglesin.[388]

Í landamerkjabréfi dagsettu 22. júní 1923 kemur fram hvernig samliggjandi hreppar, Vindhælishreppur og Engihlíðarhreppur, ákvörðuðu skiptingu á afréttarlandinu Laxárdal sín á milli. Landamerkjabréfið er svohljóðandi:

> Nr. 314.
>
> Vjer undirritaðir Björn hreppstjóri Árnason, Syðri-ey, Ólafur oddviti Björnsson, Árbakka, Jónatan J. Líndal oddviti Holtastöðum og Einar Guðmundsson sjálfseignarbóndi á Neðrimýrum, sem kosnir höfum verið af Vindhælishreppi og Engihlíðarhreppi, til þess að ákveða landamerki, milli afréttarlanda Vindhælis- og Engihlíðarhreppa, höfum í dag orðið ásáttir um svofelld landamerki:
>
> Frá Gálgagili (þar sem Mjóadalsá rennur í Norðurá) ræður Norðurá merkjum til Ambáttarár, þá Ambáttará til upptaka (þar sem hún byrjar að mynda gil). Þaðan sjónhending í vörðu á vestari Sjónarhól (sem er neðan við Fífugilseyrar). Þaðan sjónhending í upptök lækjar þess er rennur austur úr Ambáttardal til Laxár. Ræður sá lækur svo merkjum til móts við sérstakan melhól sunnan lækjarins, nokkuð fyrir austan austari Sjónarhól, sem varða er hlaðin á, og sem er hornmerki að suðaustan. Frá vörðu á nefndum hól eru merkin sjónhending í vörðu, sem stendur við háa þúfu á hæsta og vestasta hól Hrossaskálabrúnar. Þaðan sjónhending í Engjalæk miðað við vörðu, sem stendur á grjótflögu á há Pokafelli.
>
> Til staðfestu ritum vjer nöfn vor hjer undir.
>
> Gjört að Skúfi 22. júní 1923
>
> Björn Árnason, Ól. Björnsson. Jónatan J. Líndal
>
> Einar Guðmundsson.
>
> Vjer undirritaðir hreppsnefndarmenn, erum samþykkir framanrituðum landamerkjum.
>
> Á hreppsnefndarfundi að Holtastöðum 21/11 1923
>
> Agnar B. Guðmundsson. Ari H. Erlendsson. Árni E. Blandon.
>
> Jónatan J. Líndal.
>
> Vjer undirritaðir hreppsnefndarmenn Vindhælishrepps, erum samþykkir framanrituðum landamerkjum.
>
> Á hreppsnefndarfundi að Hólanesi 5. des. 1924.
>
> B.F. Magnússon. A. Guðjónsson. Björn Guðmundsson Björn Árnason Ól. Björnsson. Carl Berndsen.
>
> Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Hólanesi Þ. 6. júlí 1925 og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nr. 314, fol. 170–170b.
>
> Vottar:
>
> B. Brynjólfsson.
>
> Þinglestursgjald
>
> Kr.3.00 –þrjár krónur
>
> Greitt áður stimplað BB.[389]

Annað landamerkjabréf Höskuldsstaða var útbúið 4. júlí 1975. Þar segir:

[388] Skjal nr. 2(88) í máli nr. 1/2013.
[389] Skjal nr. 2(74) í máli nr. 1/2013.

> Úr Arnarstapa við sjó um merkjastein í miðjan Hrafnanúp (eða í Hrafnaklett) um Rjúpnakinn í Kaldalæk, er rennur ofan í Kvíslina á Sléttárdal.[390]

Kristján Sigurðsson samþykkti bréfið fyrir Höskuldsstaði og Björn Jónsson fyrir Ytrahól.

Samkvæmt veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu voru Höskuldsstaðir eign Kirkjujarðasjóðs, þann 4. júlí árið 1975.[391]

Í þætti um afrétti Enghlíðinga frá árinu 1989 eftir Valgarð Hilmarsson, segir að þegar búskapur lagðist niður á þeim hluta Laxárdals sem tilheyrði Engihlíðarhreppi hafi verið farið að nýta dalinn sem afrétt.[392]

Höskuldsstaðasel (nefnt Höskuldsstaðasel „hið gamla“ eða „hið forna“, til aðgreiningar frá Höskuldsstaðaseli á Sléttárdal) var fremsti bærinn í norðanverðum Norðurárdal.[393]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 segir að Höskuldsstaðasel hafi verið á dalmótum Ambáttardals og Hvammshlíðardals en frá selinu eru um 4 km niður að Þverá í Norðurárdal.[394]

5.4.5 Kirkjubær í Norðurárdal

Samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 á Kirkjubær ekki afrétt og gengur geldfé í búfjárhaga. Þar segir enn fremur:

> Haga á vetur ljá ábúendur þeim á Þverá og Skúfi, og þiggja annan góðvilja fyrir, eftir samkomulagi.[395]

Árið 1819, þann 26. febrúar, seldi Sveinn Kárason, eignar- og ábýlisjörð sína Kirkjubæ í Vindhælishreppi og Höskuldsstaðakirkjusókn. Kaupandi var Jón Jónsson bóndi á Melum í Hrútafirði. Í kaupbréfinu er vísað til skriflegra skilmála milli seljandans Sveins Kárasonar og Ólafs Ólafssonar í Enni varðandi selstöðu í landi jarðarinnar:

> Skriflegir skilmálar inngeingnir milli ofannnefnds Sveins Kárasonar og Sgr. Ólafs Ólafssonar á Enni viðvíkjandi selstöðu í Kyrkiubæar landi, skulu vid fyrsta tækifæri tilsendast kaupandanum frá Sveini, og kaupandinn nýtur þeirra af velnefndum Ólafi lofudu 12 rd í sylfri fyrir selstöduna ef tilkémur, hvar á mót hann skuldbindur sig til að svara 60 pörum pulssocka.[396]

Í sóknalýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 lýsir séra Eggert Ó. Brím Kirkjubæ eftirfarandi:

> Kirkjubær er litlu neðar en Skúfur, gagnvart Múrgili, og ná saman túin [þar] og á Skúfi að kalla. Þar hefur verið kirkja eða bænhús til forna, en engi sjást þar merki til. Mest Kirkjubæjarland er austan ár […] Kirkjubær var að fornu 20 hndr., en er nú 21.7 hndr. Brúnir ráða landi að norðan, en að vestan, milli Neðstabæjar og Kirkjubær, er

[390] Skjal nr. 2(67) í máli nr. 1/2013.
[391] Skjal nr. 4(86) í máli nr. 1/2013.
[392] Valgarður Hilmarsson, Fremstagili, „Afréttir Engihlíðinga“. *Húnaþing* III, bls. 20.
[393] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, bls. 139–140.
[394] *Árbók Ferðafélags Íslands* 2007, bls. 161.
[395] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 433.
[396] Skjal nr. 2(84) í máli nr. 1/2013.

> landamerkjagarður lítill, forn. Kirkjubæ á Ingvar bóndi í Sólheimum í Svínadal. – Í Húsadal sjást tóttir, og ætla menn þar hafi verið sel eða beitarhús.[397]

Þá segir í almennri umfjöllun um Norðurárdal í sömu sóknalýsingu:

> Á Skrapatunga norðanverðan dalinn fram að Múrgili […] en Kirkjubæ er eignaður allur dalurinn þaðan, sunnanverður, sem vötn draga, fram í Moldgil, er aðgreinir S*auðahnjúk* og *Svínahnjúk*, og þaðan í Gálgagil, þar sem Mjóadalsá rennur fram og ofan í Bárðardalsá, móts við Mánaskálar land. En Balaskarðs-maðurinn vill, eins og áður er á vikið, eigna sér spilduna frá Gálgagili og vestur um Barð gegnt Hvammshlíð, og kallast það svæði Lækir.[398]

Landamerkjabréf fyrir Kirkjubæ í Norðurárdal hefur ekki fundist.

5.4.6 Barð í Norðurárdal

Barðs er ekki getið í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 en samkvæmt sóknalýsingu séra Eggerts Ó. Brím frá 1873 er Barð fornt eyðibýli í landi Kirkjubæjar og hefur stundum verið haft í seli þar frá Kirkjubæ.[399]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Barð, í kafla um Kirkjubæ:

> Í landi jarðarinnar er eyðibýlið Barð (hefir verið í eyði í mörg ár). […] Upprekstrarland sveitareign. […] Landamerki óþingl., en mun ágreiningslaus.[400]

Páll Kolka skrifar svo, um Barð og Hvammshlíðardal, árið 1950:

> Út úr botni Norðurárdals liggur þröngur afdalur suður í fjöllin. Það er Hvammshlíðardalur, og voru þar kotbýlin Hvammshlíð og Barð, sem fóru í eyði um síðustu aldamót. Út úr honum gengur Ambáttardalur til austurs sunnan við Hvammshlíðarfjall.[401]

Landamerkjabréf fyrir Barð í Norðurárdal hefur ekki fundist.

5.4.7 Nærliggjandi jarðir

5.4.7.1 Balaskarð í Laxárdal

Í lýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 segir m.a. um Balaskarð:

> Bærinn á samnefnt við skarðið, er að líkindum hefur nafn af grundum eða bölum undir skarðinu. Það stendur litlu neðar en Mánaskál, rétt fyrir utan Balaskarðsá. Það var að fornu 20 hndr., en er nú 16.3 hndr. og þykir alldýrt í samanburði við land það, er það nýtur. Landamerki þess og Mánaskálar eru áður talin. En á milli þess og Skrapatungu ræður bein stefna úr Laxá og í skál þá, er greinir Tunguhnjúk og Balaskarðshnjúk, upp á fjall, og nýtur Balaskarð nú aðeins sem vötn draga. En það er ætlun manna, að Balaskarð hafi að fornu átt land yfir fjall ofan í Mjóadal að suðaustan og í fyrrnefndri skál ofan í Norðrárdal um Barð að norðvestan, en nú er Kirkjubæ í *Norðrárdal* eignað það land.[402]

Landamerkjabréf Balaskarðs var útbúið 30. apríl 1890 og þinglýst 22. maí 1890:

---

397 *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, (1950), bls. 144.
398 *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, (1950), bls. 135.
399 *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, (1950), bls. 136, 159.
400 Skjal nr. 2(88) í máli nr. 1/2013.
401 Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 67.
402 *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, (1950), bls. 134.

> Undirritaður eigandi og ábúandi jarðarinnar Balaskarðs í Vindhælishreppi lýsi hjermeð yfir því, að merki hennar gagnvart aðliggjandi jörðum eru þessi: Vesturtakmörk jarðarinnar er Laxá, allt þar til er Balaskarðsá rennur í hana, þá ræður Balaskarðsá merkjum að sunnan frá ósi, allt upp á Þröskuld, og úr austanverðum Þröskuldi ráða brúnir til norðurs, þá liggja merki til vesturs á milli Svínahnjúks að sunnan og Sauðahnjúks að norðan í Moldgil hið eystra, og úr gili því liggja merkin norðast yfir flá á Urðunum, sem liggur til norðurs, í rúst, sem er norðantil á flánni, og úr þeirri rúst í Moldgil hið vestara og yfir Tunguhnjúk í Stóruskál, og þaðan sem, skriða ræður úr henni, í Þorleifssýki þar sem það fellur í Laxá, þá ræður Laxá merkjum fram, sem fyr segir.[403]

Gísli Bjarnason eigandi Balaskarðs kvittaði undir bréfið (handsalað). Það var samþykkt af J. Benediktssyni og Sveini Magnússyni bændum á Mánaskál, Klemens Sigurðssyni á Skrapatungu og Ingvari Þorsteinssyni eiganda Kirkjubæjar.

5.4.7.2 Mánaskál í Laxárdal

Samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 á Mánaskál ekki afrétt og ganga geldfé og lömb í heimaland.[404]

Landamerki jarðarinnar Mánaskálar í Vindhælishreppi eru tilgreind eftirfarandi í kaupbréfi frá 12. maí 1835:

> ad vestanverdu rædur Laxá allt ut ad Balaskardsá, að nordan Balaskardsá, og lækur sá eda lækjarfarvegur sem kémur ad nordaustan ur svokölludum Þröskuldi í Balaskardi, svo beinlinis frá þess lækiar upptökum i læk þann er fellur nordaustur í Mióadalsá skamt fyrir utann Mánaskálar sel. Þaðan rædur Mióadalsá allt framm i Smiörskalarlæk, svo beinlínis til útsudurs eptir sem Smiörskálarlækur rædur, þadann beinlínis yfir fiallid, á Tröllaskardslæk, enn sídann rædur bein stefna til Laxár.[405]

Seljandi jarðarinnar var Björn Björnsson á Mánaskál og kaupandi Guðmundur Þorleifsson í Bólstaðarhlíð.

Í lýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 segir m.a. um Mánaskál:

> Suðurtakmörk Mánaskálar lands eru, sem fyrr er bent til, Tröllaskarð og þvert austur yfir fjall í frmanverða Mjóadalsá, en norðurtakmörkin eru Balaskarðsá, er fellur í Laxá örskammt frá Balaskarðs túni, síðan bein stefna eftir lágskarðinu upp á Þröskuld og ofan í neðanverða Mjóadalsá.[406]

Landamerkjabréf Mánaskálar er dagsett 6. júní 1887 og þinglesið 22. maí 1890:

> Landamerki fyrir jörðinni Mánaskál liggjandi í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu eru sem hjer segir: Að norðan ræður Balaskarðsá, og úr henni bein lína í vörðu á miðjum Þröskuld, þaðan í læk, sem fellur austur í Mjóadalsá, og ræður svo Mjóadalsá að austan landamerkjum, suður á móts við svo nefnda Smjörskál eða lækjargil, sem liggur ofan úr áður nefndri Smjörskál. Að sunnan eru merki úr Smjörskál beina línu vestur yfir fjall í Tröllaskarð, vestan í fjallinu, þaðan ræður lækur, sem fellur úr því í Laxá. Að vestan ræður Laxá þangað til áðurnefnd Balaskarðsá fellur í hana.[407]

---

403 Skjal nr. 4(107) í máli nr. 1/2013.
404 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 428.
405 Skjal nr. 2(85) í máli nr. 1/2013.
406 *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839–1873* I, (1950), bls. 133–134.
407 Skjal nr. 2(73) í máli nr. 1/2013.

E. Pálmason skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd eigenda jarðarinnar. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni ábúanda á Núpi og Gísla Bjarnasyni eiganda Balaskarðs. Gísli handsalaði samþykki sitt.

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um upprekstur Mánaskálar:

> Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign.[408]

5.4.7.3 Núpur í Laxárdal

Samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 er Núpur þá nýlega kominn í eyði. Þar segir enn fremur:

> Afrjett engin, og var geldfje og lömb í heimalandi þegar jörðin var bygð. […] Haga urðu ábúendur oftlega að þiggja á vetur af nábúum sínum, og vita þó ekki nálægir að undirrjetta, að hjer hafi viss tollur fyrir goldist.[409]

Landamerkjabréf fyrir Núp var gert í apríl 1891 og þinglesið 23. maí sama ár:

> Að vestan ræður Laxá landamerkjum. Að norðan ræður bein lína úr vörðu, sem hlaðin er austan megin Laxár neðst á skriðu þeirri, sem fallið hefur úr svo nefndu Tröllaskarði, frá vörðu þessari rjettlínis til austurs í Tröllaskarð, og þaðan til austurs um miðja Smjörskál og beint í Mjóadalsá sem ræður landamerkjum að austan. Að sunnan eru landamerkin hið svo nefnda Illagil til vesturs eptir háskriðunni í vörðu við Laxá, til austurs úr Illagilsbotninum rjettlínis í Mjóadalsá.[410]

Á.Á. Þorkelsson eigandi að Núpsöxl og Núpi skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af eigendum og umráðamönnum næstliggjandi jarða; þeim Guðm. Erlendssyni vegna Mánaskálar og Klemens Sigurðssyni ábúanda Skrapatungu en hann handsalaði samþykki sitt.

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um upprekstur Núps í kafla um sömu jörð.

> Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign.[411]

5.4.7.4 Illugastaðir í Laxárdal nyrðri

Landamerkjabréf Illugastaða er dagsett 31. janúar 1890 og þinglesið 28. maí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Milli jarðanna Hrafnagils og Illugastaða ræður merkjum gil það, er kallað er Stóragil, frá gilinu ræður merkjum bein lína vestur Sandfell á hæsta hnjúk að norðanverð við Smjörskál. Þaðan á milli Þverár í Hallárdal og Illugastaða ræður merkjum bein [ofan línu, lína] ofan hlíðina með Moldskurði til Skínanda skálarlækjar og með læknum til Engjalækjar, sem er hornmerki. Þaðan ræður merkjum bein lína á Klöpp, sem grjótvarða er hlaðin á, á miðju há-Pokafelli. Þaðan ræður merkjum á milli Höskuldsstaða kirkjujarða landa Þverár og Hvammshlíðar og Illugastaða frá nefndri klapparvörðu bein lína í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suður á Ambáttardal á hól þann er nefndur er Sjónarhóll, sem er hornmerki, þaðan austur í garð sem liggur fram eptir mýrunum norður frá

408 Skjal nr. 2(88) í máli nr. 1/2013.
409 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 427–428.
410 Skjal nr. 2(66) í máli nr. 1/2013.
411 Skjal nr. 2(88) í máli nr. 1/2013.

> Árbæli (Fannlaugarstöðum). Þaðan á milli Skrapatungu afrejettarlands, og Illugastaða beina leið til Laxár; og ræður hún þaðan merkjum til fyrrnefnds Stóragils.[412]

Jóh. Ólafsson og Hjörtur Hjartarsson skrifuðu undir vegna Illugastaða. Landamerkjabréfið var einnig samþykkt af Eggert Ó. Briem vegna Höskuldsstaðakirkjulands og Árna Jónssyni eiganda Þverár.

[412] Skjal nr. 2(70) í máli nr. 1/2013.

5.5 Kornsártungur

5.5.1 Landnám

Um landnám í Húnavatnshreppi hermir svo í *Landnámu,* talið frá austri til vestur:

> Eyvindr sorkvir nam Blondudal.
>
> […]
>
> Eyvindr auðkúla hét maðr; hann nam allan Svínadal ok bjó á Auðkúlustodum, en Þorgils gjallandi bjó at Svínavatni, er út kom með Auðuni skokli.
>
> […]
>
> Þorbjorn kólka hét maðr; hann nam Kólkumýrar ok bjó þar, meðan hann lifði.
>
> […]
>
> Hvati nam út frá Mógilslæk til Giljár ok bjó á Hvatastoðum.
>
> […]
>
> Jorundr ‹háls› nam út frá Urðarvatni til Mógilslækjar ok bjó á Grund undir Jorundarfelli; hans son var Már á Másstoðum.
>
> […]
>
> Ingimundr [hinn gamli] nam Vatsdal allan upp frá Helgavatni ok Urðarvatni fyrir austan. Hann bjó at Hofi ok fann hlut sinn, þá er hann gróf fyrir ondvegissúlum sínum.
>
> […]
>
> Friðmundr nam Forsæludal.[413]

5.5.2 Kornsártungur

Þann 20. júní 1789 lögfesti Bjarni Guðmundsson jörðina Haukagil og svo hálfar Lambatungur til móts við Grímstungu og hálfar Kornsártungur til móts við Kornsá. Lögfestan er svohljóðandi:

> Logfesta fyrer Haukagile
>
> Jeg under skrifadur Logfeste Hier i dag Jordena Haukagil, med Ollumm þeim gognumm og giædum sem greindre jordu filgt Hefur og filgia ber med Riettu, Logfeste jeg Hús, tín, todur og Eyngar, Hollt og Haga, votn og weijde stade, Egguarp og fuglueijdar, Hrys og allar Lands nitiar til ystu umm merkia, sem adrer menn Eyga a mote og gamler uitnes burder til vijsa ad fornu uered Hafe. Rædur fyrer austann Land greindrar Jardar AlftaSkalaá frá synumm upp tokumm sudur a Heide og þadann allt ofann j uatnsdalsá Huar Hun Hefur til forna Runned Lyted utar Enn a mote uid so kallad ytra Klif sem sa far vegur glogguast syner, þadann Rædur uatnsdalsa og Hennar Elldste far uegur fyrer austann Haukagils Hólma allt ut a mót uid merke Lág fyrer sunnann Saurbæ þadann Riett synes uestur i Klepps Kuijsl og effter sem Hun Rædur so Langt sem nær þadann framm effter Heidenne effter sem uotnumm hallar til austurs og uesturs mots uid Uijdedalstungu sudur á Hraun- [síðuskipti] garda og Effter þeim allt motz uid SunnLendinga Landar Eygn. Hier fyrer utann Logfeste Eg med greindre jordu hálfar Lambatungur mótz uid Grijmstungu og haldar Kornsartungur motz uid Korns aa. Fyrer byd Eg huoriumm manne Hier nefndt Jardar Land ad yrkia, bruka Edur beita edur i nockurn mata sier þess gagnsemdar j nitia nema mitt sie Leife fyrer under þær sekter sem Log þar uid Leggia.

[413] *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 219 og 223–224.

> Aase settu manntals Þynge þann 20ta Junij 1789.
>
> Biarne Gudbrandzson.
>
> Upp Lesed og Proto Collerad fyrer manntals Þyngs Riette þann 20ta Junii 1789.
>
> Tester
>
> B. Jonsson.[414]

Guðmundur Halldórsson bóndi á Ási í Vatnsdal skrifaði rentukammeri 16. september 1816 og fór fram á að hafa makaskipti á konungsjörðinni Kornsá og Syðri-Reykjum í Miðfirði. Stefán Þórarinsson amtmaður skrifaði Birni Ólsen klausturhaldara Þingeyraklausturs 27. september 1816, og spurðist fyrir um nokkur atriði varðandi jörðina til að geta áttað sig á því hvort skiptin yrðu kóngi hagstæð. Þar spyr hann m.a. eftirfarandi spurningar:

> 4. Da der angives, at Kongs Jorden Kornsaae tilhörer et ikke ubetydeligt Stykke Land, eller en Heede, beliggende bag ved Jorden Aass Landstrækning i Vatnsdalen, samt at Leilændingen paa Kornsaae ikke duer, eller og ikke har kræfter til at benytte sig af bemeldte Heede, saa önskes Omstændighederne med denne Sag nærmere oplyste, saavelsom og, i al Fald, aarsagen til, hvi bemeldte, Jorden Kornsaae tilhörende Stykke Land, eller Heede, da ikke, til Fordeel for den kongelige Kasse, bortlejes for en aarlig Afgift til andre, i Fald det ikke vedbörlig benyttes, eller kan afbenyttes, af Leilændingen?[415]

Björn Ólsen svaraði bréfi amtmanns 20. nóvember 1816 og svar hans við ofangreindri spurningu amtmanns var á þennan veg:

> Til 4da Pósts: Heidarlandid sem Kornsá til heirer og liggur bak vid Lönd Jardanna vestur til i Vatnsdalnum Undirfells, Brúsastada, Asi, Saurbæar, og Haukagils, er vída mjótt, og mikid bágt fyrir Abúandan á Kornsá ad nota sér þad, eptir sem hid sama liggur svo óhentuglega ad þó búsmali á Sumardag, frá nefndu bæum, kunni i þad ad fara, er valla ad þeinkja ad fá þar fyrir betalíng, og hid sama er þó grös seu þar tekin, eptir sem hér er ecki ordin vidgeingin Regla ad betala Grasatoll þó Lángtum betri Heidar seu.
>
> Géldfénadur hefur heldur ecki vidstödu i tédu Heidarlandi Þar ed fiall-land (nefnilega Vididals fiall) liggur þar fyrir ofan, allt svo er valla beitartolls ad vænta utan frá Asi sem mest brúkar nefnda Heidar-land, og betalast þóknun þar fyrir til Bóndans á Kornsá.[416]

Björn klausturhaldari sagði að Kornsá væri ein af betri jörðum í sýslunni á meðan Syðri-Reykir væri ein af lakari jörðum sýslunnar. Þá sagðist hann vita af efnuðum manni í sýslunni sem væri reiðubúinn að bjóða miklu betri jörð fyrir Kornsá heldur en Guðmundur á Ási geri með Syðri-Reykjum. Ekkert varð af þessum makaskiptum.

Björn Ólsen klausturhaldari á Þingeyrum byggði Jóni Jónssyni hreppstjóra jörðina Kornsá þann 20. janúar 1820. Á meðal skilmála í byggingarbréfinu voru m.a. eftirfarandi:

> 5) Noti Jardarinnar fiall land, eptir sem framast er möguligt, og brúki ei hrísrif utan þad sparsamasta til eigin Liádeingíngar.

[414] Skjal nr. 2(65) í máli nr. 2/2013.
[415] Skjal nr. 2(349) í máli nr. 2/2013.
[416] Skjal nr. 2(348) í máli nr. 2/2013.

> 6) Láti ei undan Jördunni gánga, þad henni filgt hefr, filgir, og filgia ber med réttu móts vid adrar nærliggandi Jardir.[417]

Jón hreppstjóri lofaði að halda alla skilmála byggingarbréfsins.

Á manntalsþingi, höldnu á Stóru-Borg þann 6. maí 1839, var lesið bann móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Grímstungu-, Víðidalstungu-, Kornsár- og Haukagilsheiðum. Ekki er getið um inntak bannsins, heldur er eftirfarandi færsla í dómabók sýslunnar látin nægja:

> 8. Lesid forbod prests Sira Sig. Snæbjarnarsonar, hr. studiosues J. Thorarensens, hreppstiora J. Skulasonar og forlíkunar Commissarii J. Jonsson moti heimildarlausri grasatoku og Eggjanami á Grímstungu, Vididalstungu, Kornsar og Haukagils heidum, dat. 18da april þ. a.[418]

Á manntalsþingi, höldnu að Miðhúsum þann 6. maí 1850, var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum. Inntaks friðlýsingarinnar er ekki getið í dómabók sýslunnar, en eftirfarandi færsla er í dómabók sýslunnar:

> 10. Lesin friðlýsíng fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum. Þínglýsing 36S bet.[419]

Í skýrslu um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklaustursjarða frá árinu 1865 segir um Kornsá:

> Jörðin, á mikið og gott land, en minst af því er hægt að nota sökum fjarlægðar, þó má með erfiðleikum ná í allgott búsmalaland heimanað. Vetrarbeit er lítil og ekki góð. Ekki er mótak til svo ábúandinn viti nema í þeirri fjarlægð að það verður ekki notað.[420]

Í annarri klausu kemur fram að skýrslan um Kornsá hafi verið gerð 3. október 1865 en þar segir m.a.:

> Jörðin á mjög mikið land og gott [og gott, ofan línu], en minnst af því er hægt að nota sökum vegalengdar, en nálægt er landið bæði lítið og hrjóstugt. Þó má ná í [í, ofan línu] allgott sumarland heimanað með mjög löngum og erfiðum rekstri.
>
> […]
>
> Ekki er mótak til svo ábúandinn viti nema uppá hálsi, sem ekki verður notað sökum fjarlægðar.[421]

Með bréfi dagsettu 8. ágúst 1883 seldi Hannes Þorvarðarson á Haukagili Sigurði Jónssyni á Lækjamóti Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum sem höfðu fram að því ætíð legið undir Haukagil. Mörk umrædds landsvæðis voru svohljóðandi:

> að norðan Ytri Skútalækur frá Álptaskálará, meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl, en fyrir vestan Kleppukvísl, hálft land móts við Kornsá vestur á heiðamót og fram til hraungarða, þaðan til suðurs á fjórðungamót, að austan ræður

[417] Skjal nr. 2(352) í máli nr. 2/2013.
[418] Skjal nr. 2(210) í máli nr. 2/2013.
[419] Skjal nr. 2(211) í máli nr. 2/2013.
[420] Skjal nr. 2(350) í máli nr. 2/2013.
[421] Skjal nr. 2(351) í máli nr. 2/2013.

> Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að auki fylgir heiðinni, eins og áður er áminnst, og eru í kaupinu hálfar Lambatungur.[422]

Seljandi fékk kaupanda heiðina til frjálsar eignar og fullra afnota með tilheyrandi hlunnindum gegn 400 króna kaupverði. Þá áskildi hann sér að ábúendur Haukagils og Gilhaga mættu eiga:

> gjaldfríann upprekstur á heiðina fyrir þann geldfénað, sem framfleytist heima hjá þeim, og fría grasatekju, þar á mót skuldbindast áðurnefndir á Haukagili og Gilhaga að gjöra venjulega grenjaleit árlega á heiðina, og tilkynni ef gren finnst.[423]

Fram kemur í afsalsbréfinu að Hannes hafi fengið kaupverð heiðarinnar að fullu greitt en því var þinglýst á manntalsþingi að Ási 8. júní 1885.[424]

Á manntalsþingi, höldnu að Ási þann 8. júní 1885, var þinglýst afsalsbréfi, dags. 8. ágúst 1883, þar sem Hannes Þorvarðarson selur Sigurði Jónssyni Haukagilsheiði ásamt hálfum Lamba- og Kornsártungum fyrir 400 krónur. Af því tilefni var eftirfarandi fært til bókar í dómabók sýslunnar:

> 4. Afsalsbrjef dags. 8. aug. 1883 með hverju bóndi Hannes Þorvarðarson selur Sigurði bónda Jónssyni Haukagilsheiði, ásamt hálfum Lamba- og Kornsártungum fyrir 400 krónur.[425]

Á manntalsþingi, höldnu að Þorkelshóli þann 14. júní 1894, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ hluta úr Haukagilsheiði, með ¼ úr hálfum Kornsártungum, dags. 28. október 1891. Þinglýsingin er færð til bókar á eftirfarandi hátt:

> 2. Afsalsbrjef Sigurðar bónda Jónssonar á Lækjamóti, dags. 28. oktbr. 1891 fyrir ¼ hluta úr svokallaðri Haukagilsheiði með ¼ úr hálfum Kornsártungum til handa Jósepi bónda Jónatanssyni á Miðhópi fyrir 125 kr.[426]

Umgetið afsalsbréf, frá 28. október 1891, er svohljóðandi:

> Hjermed gjöri jeg Jakop Sigurður Jónsson bóndi á Lækjamóti kunnugt ad jeg með brjefi þessu sel og afsala Jósep bónda Jónatanssyni í Miðhópi einn fjórða hluta heiðarlands þess sem kallast Haukagilsheiði með einum fjórða hluta úr hálfum svokölluðum Kornsártungum og einum fjórða hluta úr hálfum Lambatungum fyrir umsamið kaupverð 125 (eitt hundrað tuttugu og fimm krónur) sem greiðist nú að hálfu leyti samstundis, en hinn helmingurinn fyrir næstkomandi nýár.
>
> Ummerki á landi þessu í heild sinni, sem seldur er úr einn fjórði hluti: ad norðan Ytri-Skútalækur, frá Álptaskálará meðan hann fellur beint úr vestri þaðan frá vestur í Kleppukvísl. En fyrir vestan Kleppukvísl hálft land móts við Kornsá, vestur á heiðamót og fram til hraungarða; þadan til suðurs á fjórðungamót. Að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að auku fylgir heiðinni eins og áður er á minnst hálfar Lambatungur.
>
> Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til lagariptinga.
>
> Þessu til stadfestu er nafn mitt undirritað og tveggja viðstaddra (~~vitundar~~)votta.

[422] Skjal nr. 4(132) í máli nr. 2/2013.
[423] Skjal nr. 4(132) í máli nr. 2/2013.
[424] Skjal nr. 4(132) í máli nr. 2/2013.
[425] Skjal nr. 2(215) í máli nr. 2/2013.
[426] Skjal nr. 2(216) í máli nr. 2/2013.

Lækjamóti 28. október 1891.

J. S. Jónsson

Jósep Jónatansson.

Vitundarvottar:

Daniel Sigurðsson

Þorsteinn Þorsteinsson.

Framanskrifuð upphæð, 125 krónur eru mjer nu að fullu borgaðar.

p.t. Miðhópi 27. desember 1891.

J. S. Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu ad Ási hinn 23. Júní 1894, og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar.

Ltr. D N° 1942 fol. 210.

[…]

Vottar Jóh. Jóhannesson.[427]

Þann 9. janúar 1904 seldi og afsalaði Sigurður Jónson á Lækjamóti nokkrum landareigna sinna til Þverárhrepps. Þar á meðal var einn áttundi hluti „úr Kornsártungum“:

Jeg Sigurður Jónsson bóndi á Lækjamóti

Gjöri kunnugt: að jeg með þessu brjefi mínu sel og afsala hreppsnefndaroddvita Guðmundi Björnssyni á Klömbrum, er kaupir gjörir fyrir hönd hrepps síns, eign mína ¼ úr svokallaðri Haukagilsheiði með 1/8 úr Lambatungunni og 1/8 úr Kornsártungum fyrir umsamið kaupverð 200 – tvö hundruð krónur og með því velnefndur oddviti G. Björnsson hefur greitt mjer andvirðið 200 kr. að fullu, segi jeg hjermeð Þverárhrepp í Húnavatnssýslu rjettan eiganda tjeðra landspildu með þeim ummerkjum er jeg hef átt hana.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagariftinga. Til staðfestu er nafn mitt og undirritaðra votta.

P.t. Klömbrum 9. jan. 1904.

Sigurður Jónsson.

Vitundarvottar

Jón Jónsson

Jóhann Engilbertsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborgi 26. maí 1905.[428]

Á manntalsþingi, höldnu á Stóru-Borg þann 26. maí 1905, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með 1/8 úr Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum, dags. 9. janúar 1904, til handa sveitarsjóði Þverárhrepps. Eftirfarandi var fært til bókar:

6. Afsalsbrjef Sigurðar Jónssonar í Lækjamóti, dags. 9. jan. f. á. fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með 1/8 úr ~~úr~~ Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum fyrir 200 krónum til handa sveitarsjóði Þverárhrepps.[429]

[427] Skjöl nr. 4(133) og 4(197) í máli nr. 2/2013.
[428] Skjal nr. 4(129) og 4(199) í máli nr. 2/2013.
[429] Skjal nr. 2(290) í máli nr. 2/2013.

Eftirfarandi er samningur um beitiland frá árinu 1933:

> Ár 1933, mánudaginn þann 2. október, var hreppstjóri Sveinstaðahrepps, Magnús Jónsson, staddur að Undirfelli, samkv. skipunarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 29. mars þ.á. til þess, ásamt úttektarmönnum Ásahrepps, þeim hreppstjóra Eggert Konráðssyni á Haukagili og Guðmundi Ólafssyni í Ási, að skipta beitilandi vestan sýsluvegar á milli jarðanna Undirfells og Snæringsstaða. Sömuleiðis voru mættir þeir: Hannes Pálsson, eigandi og ábúandi á Undirfelli og Ágúst Jónsson á Hofi, vegna sveitarsjóðs Ásahrepps, eiganda Snæringsstaða. Ennfremur voru mættir þeir: Benedikt Blöndal og Kristján Sigurðsson eigendur og ábúendur Brúsastaða, sem land eiga að hinu óskipta landi að sunnan.
>
> Fyrir hinu óskipta landi ræður Kornsárkvísl merkjum að norðan og vestan, en að sunnan eru merkin talin af eigendum hins óskipta lands þannig; Frá Bræðratótt beina línu suðvestur um grjótvörðu í Díjaflóaás og þaðan sömu stefnu í grjótvörðu við Kornsárkvísl, báðar þessar grjótvörður eru hlaðnar sumarið 1932. Brúsastaðaeigendur viðurkenna hins vegar að merkin séu rétt talin þannig: Bein lína úr skurðopi við Vatnsdalsá um há Bræðratóttar og þaðan sömu stefnu suðvestur að Kornsárkvísl, og skuldbinda hlutaðeigendur sig, að hafa sigtað nefnda línu út og sett ný glögg merki á línunni, falli hún ekki um áður nefnda grjótvörður, fyrir 1. júlí 1934 og staðfesta þeir það með undirskrift sinni.
>
> Kristján Sigurðsson Benedikt Blöndal (handsalað)
>
> Ágúst B. Jónsson Hannes Pálsson
>
> Þegar gerðarmenn höfðu fengið merkin að hinu óskipta landi þannig ágreiningslaus, fóru þeir um það til athugunar og ákváðu skipti á því þannig: Úr grjótvörðu austan við sýsluveginn, beina línu í grjótvörðu sunnan á Undirfelli og þaðan sömu stefnu vestur að Kornsárkvísl og fylgir þá syðri hluti landsins Snæringsstöðum en nyrðri hlutinn Undirfelli.
>
> Fari svo að skiptingarlandið stækki eða minnki þegar hin áður umgetna lína verður sigtuð út, frá því sem eigendur landsins halda merkin nú, skulu stærðarhlutföll lands hverrar jarðar breytast í hlutfalli þannig að Snæringsstaðir hafi 1/5 á móti Undirfelli af vegalengdinni við Kornsárkvísl.
>
> Tekjur eða gjöld af grenjum þeim sem nú eru í Undirfellsfelli, skiptast þannig að Undirfell hefur 4/5 hluta og Snæringsstaðir 1/5 hluta.
>
> Fleira kom eigi til skipta og var því landskiptum lokið.[430]

Undir samkomulagið skrifuðu Magnús Jónsson, Eggert Konráðsson, Guðm. Ólafsson, Hannes Pálsson og Ágúst B. Jónsson.

Magnús Jónsson hreppstjóri Sveinsstaðahrepps var mættur að Undirfelli 2. október 1933 að boði sýslumanns ásamt tveimur úttektarmönnum til að skipta beitilandi vestan sýsluvegar á milli jarðanna Undirfells og Snæringsstaða. Eigendur jarðanna mættu einnig, þeir Hannes Pálsson á Undirfelli og Ágúst Jónsson vegna sveitarsjóðs Áshrepps sem átti Snæringsstaði. Þá voru þar einnig Benedikt Blöndal og Kristján Sigurðsson eigendur og ábúendur Brúsastaða sem eiga land að hinu óskipta landi að sunnan. Skiptin voru færð með eftirfarandi hætti inn í Landaskiptabók:

> Fyrir hinu óskipta landi ræður Kornsárkvísl merkjum að norðan og vestan, en að sunnan eru merkin talin af eigendum hins óskipta lands þannig: Frá Bræðratótt beina línu suðvestur um grjótvörðu í Díjaflóaás og þaðan sömu stefnu í grjótvörðu við Kornsár-

[430] Skjal nr. 2(16) í máli nr. 2/2013.

> kvísl, báðar þesar grjótvörður eru hlaðnar sumarið 1932. Brúsastaðaeigendur viðurkenna hinsvegar að merkin séu rétt talin þannig: Bein lína úr skurðopi við Vatnsdalsá um há Bræðratóttar og þaðan sömu stefnu suðvestur að Kornsárkvísl, og skuldbinda hlutaðeigendur sig, að hafa sigtað nefnda línu út og sett ný glögg merki á línunni, falli hún ekki um áður nefndar grjótvörður, fyrir 1. júlí 1934 og staðfesta þeir það með undirskrift sinni.
>
> Kristján Sigurðsson Benedikt Blöndal
>
> (handsalað)
>
> Ágúst B. Jónsson Hannes Pálsson.

Þegar gerðarmenn höfðu fengið merkin að hinu óskipta landi þannig ágreiningslaus, fóru þeir um það til athugunar og ákváðu skipti á því þannig: Úr grjótvörðu austan við sýsluveginn, beina línu í grjótvörðu sunnan á Undirfellsfelli og þaðan sömu stefnu vestur að Kornsárkvísl og fylgir þá syðri hluti landsins Snæringsstöðum er nyrðri hlutinn Undirfelli.[431]

Þann 6. nóvember 1939 var haldinn sáttafundur milli hreppsnefnda Sveinsstaða og Áshreppa annars vegar og hreppsnefnd Þverárhrepps hins vegar, vegna ágreinings milli hreppsnefndanna um stóðrekstur Þverhreppinga á afrétt Haukagilsheiðar. Í sáttabókina var eftirfarandi fært inn:

> Afrit úr sáttabók.
>
> Ár 1939, mánudaginn 6. nóv., var sáttafundur settur og haldinn að Breiðabólsstað í Vesturhópi af undirrituðum sáttanefndarmönnum Þverárhrepps.
>
> Samkv. Sáttakæru, dags. að Þingeyrum 24. okt. 1929 með árituðu fyrirkalli og birtingu stefnuvotta var tekið fyrir málið:
>
> Hreppsnefndir Sveinsstaða og Áshreppa gegn hreppsnefnd Þverárhrepps.
>
> Er mál þetta risið út af ágreiningi milli hreppsnefndanna um stóðrekstur Þverhreppinga á afrétt Haukagilsheiðar.
>
> Fyrir hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps var mættur Jón Pálmason oddviti á Þingeyrum og fyrir hreppsnefnd Áshrepps Indriði Guðmundsson oddviti Gilá, en fyrir hreppsnefnd Þverárhrepps Guðmundur Árnason bóndi og hreppsnefndarmaður, Syðri-Þverá, allir samkv. Skriflegu umboði hreppsnefnda.
>
> Eptir allmiklar umræður um málið komst á svofeld sætt:
>
> Oddvitar Sveinsstaða og Áshrepps sættust á, að niður falli kröfur þær, sem í viðkomandi sáttakæru eru gerðar á hendur hreppsnefnd Þverárhrepps, gegn því, að Þverárhreppur greiði kr. 50.- upp í útlagðan kostnað við mál þetta. Síðan skal á næsta ári fara fram ítölumat til beitar hrossa og sauðfjár á Haukagilsheiði, Lambatungum og Kornsártungu, framkvæmt af fimm mönnum, útnefndum af sýslumanni Húnavatnssýslu.
>
> Skal ítölumat þetta vera bindandi fyrir viðkomandi hreppsfélög, þannig að því verði ekki breytt.
>
> Kostnaður af mati þessu skal greiðast eftir réttum eignarhlutföllum viðkomandi hreppa.
>
> Sáttargerð þessi upplesin og játuð rétt bókuð.
>
> D[atum] u[t] s[upra].

[431] Skjal nr. 2(16) í máli nr. 2/2013.

Stanley Melax, Guðmundur M. Eiríksson,

Jón S. Pálmason, Indriði Guðmundsson, G. Árnason.

Rétta útskrift staðfestir undirritaður

Breiðabólsstað 6/11 ´39.

Stanley Melax.[432]

Jón S. Pálmason bætti svo eftirfarandi texta við framangreint þann 4. janúar 1940:

Samkvæmt framanskrifaðri sátt leyfi jeg mjer fyrir hönd upprekstrar Sveinsstaða- og Áshrepps að beiðast þess, að þér herra sýslumaður útnefnið svo fljótt sem við verður komið fimm menn til að framkvæma ítölumat það, sem ræðir um í nefndri sátt og sjáið um að ítölumat þetta verði framkvæmt á næsta sumri.

Sveinsstaðahreppur, Þingeyrum 4. jan. 1940.

Jón S. Pálmason

oddviti.[433]

Í landamerkjabók Húnavatnssýslu 1886−1995 er eftirfarandi skjal fært til bókar árið 1984:

Kornsá og Kornárselsland.

Við undirritaðir eigendur hinnar fornu Kornsár annarsvegar og Kornsárselslands hinsvegar lýsa hér með yfir að landamerki milli nefndra landa skuli vera svo sem núverandi girðing liggur milli Kornsárkvíslar og Gljúfurár. En hún er sem næst línu er dregin væri milli norðasta hluta Kötlustaðakletta í Vatnsdalsfjalli og í Víðidalsfjall sunnan Nónfells.

F.h. Kornsár Gestur Guðmundsson [og] Birgir Gestsson

F.h. Kornsár II Sigurður Þorbjörnsson

F.h. Kornsárselslands Ingimundur Sigfússon.[434]

Þann 20. febrúar árið 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.[435] Oddviti Áshrepps, Jón B. Bjarnason, svaraði bréfi ráðuneytisins 13. febrúar árið eftir. Í svari Jóns kemur fram að sveitarfélagið eigi upprekstrarrétt á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði, Víðidalsfjall o.fl.[436] Með svari Jóns fylgir skrá yfir afrétti tekin saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólasyni f. h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa, dagsett 4. maí 1981. Þar er Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa sagt eigendur að Kornsártungum ásamt Þverárhreppi sem á ⅛. Í skránni er Kornsártungum, Þrístapahálsi og Fremri-Rófuskarðshlíð lýst svo:

Kornsártungur eru norðan og vestan við Haukagilsheiði. Að vestan er Víðidalstunguheiði. Úr Bergárvatni eru mörk bein lína yfir Kornsárvatn að upptökum Kornsárkvíslar. Þá Kornsárkvísl að ármótum. Að austan Kleppukvísl um Kleppuvatn fram til Hraungarða.

[432] Skjal nr. 4(196) í máli nr. 2/2013.
[433] Skjal nr. 4(196) í máli nr. 2/2013.
[434] Skjal nr. 2(34) í máli nr. 2/2013.
[435] Skjal nr. 4(16) í máli nr. 2/2013.
[436] Skjal nr. 4(17) í máli nr. 2/2013.

> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás og Sveinsst.hr.
>
> Þverárhreppur ⅛
>
> Þrístapaháls er vestan við Álku, norðan við Haukagilsheiði og austan við Kleppukvísl. Merki að norðan eru Sellækur við Fremstasel til upptaka, og þaðan stysta lína í Kleppukvísl.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa.
>
> Fremri-Rófuskarðshlíð afmarkast af klettabrúnum að vestan. Rófuskarðsá að norðan og Gljúfurá að austan.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa ½
>
> Jón Hannesson og Bjarni Hannesson ½[437]

Auk þess var Þingeyraselsland, Kornárselsland og Gilhagaland notuð til upprekstrar af Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa en voru í einkaeign. Þingeyraselsland og Kornsárselsland tilheyra Þingeyrum en Gilhagaland norðan heiðargirðingar í eigu Gests Guðmundssonar og Gísla Pálssonar.[438]

Í svari Agnars J. Levy oddvita Þverárhrepps vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afréttarlönd frá því í febrúar 1989 kemur fram að Þverárhreppur eigi ¼ úr Haukagilsheiði, ⅛ úr Kornsártungum og ⅛ úr Lambatungum. Auk þess átti hreppurinn Engjabrekkuafrétt í Vatnsnesfjalli. Að tilhlutan ráðuneytisins og Landgræðslu í Reykjavík var hreppsbúum bannað að nota „afréttina austurfrá,“. Hér er væntanlega átt við Haukagilsheiði, Kornsártungur og Lambatungur.[439]

Árið 1989 birtist eftirfarandi kafli um Kornsártungur eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar í ritinu *Húnaþing* III. Þar segir:

> KORNSÁRTUNGUR
>
> Kornsártungur tilheyrðu áður fyrr jörðunum Haukagili og Kornsá til helminga. Þær takmarkast af Kleppukvísl að austan en af Kornsárkvísl að vestan og mynda því fleyglagað svæði frá ármótum kvíslanna fram að vötnunum, Kleppuvatni og Kornsárvatni, en þar eru upptök kvíslanna. Ás- og Sveinsstaðahreppur eiga Kornsártungur að 7/8 hlutum en Þverárhreppur í Vestur-Húnavatnssýslu að 1/8.
>
> Merki milli Kornsártungna og Haukagilsheiðar eru ekki ótvíræð, eins og áður er sagt um Haukagilsheiði. Í vitund manna er skammhlið þess þríhyrnings sem kvíslarnar mynda sjónhending milli afrennslis þeirra úr vötnunum og því suðurmörk þessa svæðis. Í raun skiptir hér engu máli um merki þessara landsvæða nema séu Kornsártungur taldar ná fram á Hraungarða verður hlutur Þverárhrepps minni í heildinni þar sem hann á ¼ í Haukagilsheiði en aðeins 1/8 í Kornsártungum.
>
> Kornsártungur eru gott land og skjólsælt. Samfelldur gróður er með kvíslunum báðum en blaut fláardrög milli hóla og ása sem veita skjól fyrir veðrum. Einnig nýtist landið vel fyrir það hversu það liggur nærri byggðinni og er með fjölbreyttum gróðri. Meðan heimalönd voru ógirt leitaði fénaður mjög í landið bæði vor og haust.[440]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 segir eftirfarandi um Kornsártungur:

---

[437] Skjal nr. 4(17) í máli nr. 2/2013.
[438] Skjal nr. 4(17) í máli nr. 2/2013.
[439] Skjal nr. 4(19) í máli nr. 2/2013.
[440] Grímur Gíslason, „Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar“. Húnaþing III (1989), bls. 127.

> Kornsárjörð tilheyrði mikið landflæmi milli Kornsár og Gljúfurár en þær renna nokkurn veginn samsíða langa leið. Það er nú afréttarland Vatnsdælinga og kallast Kornárselsland en Kornsártungur eru fyrir austan Kornsárkvísl og ná að Kleppukvísl. Syðri hluti þessa lands er holóttur og þurrlendur en norðari parturinn einkennist af rótfúnum og blautum flám þöktum broki og stargresi en lyngásar á milli.
>
> Kornsársel er á holti norðan Kornsárkvíslar rétt neðar en Kleppukvísl kemur saman við hana. Lárus Blöndal sýslumaður lét byggja það um 1890. Selið var rifið eitthvað 10 árum síðar og því skömm aðseta en fé frá Kornsá stundum haft þar á vetrum. Á selinu standa enn nokkrir stæðilegir húsaveggir og hér var lengi náttstaður leitarmanna.[441]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 kemur eftirfarandi um Kornsártungur:

> Á hálsunum austur og suður undan Víðidalsfjalli eru spildur sem tilheyrðu einstökum jörðum. Upprekstrarfélagið hefur smám saman keypt þetta land og gert að afrétt enda verið nýtt þannig eftir að seljabúskapur lagðist af. Kornsártungur afmarkast af Kleppukvísl að austan en Kornsárkvísl að vestan en Kornárselsland er frá Kornsárkvísl að Gljúfurá. Fram af þeim er svonefnt Þrístapaland en utar vestan við Gljúfurá, er Fremrihlíð austan í Víðidalsfjalli, frá Rófuskarði fram að Botnum. Þetta land er í u.þ.b. 300 metra hæð og má heita algróið. Stöku fell rís þó hærra.[442]

5.5.3 Nærliggjandi jarðir

5.5.3.1 Kornsá

Landamerkjabréf Kornsár er dagsett 25. maí 1891 og því var þinglýst þremur dögum síðar:

> Að austan ræður Vatnsdalsá. Að norðan, milli Gilsstaða og Kornsár, eru merki frá snidduvörðu við ána í Oddanesinu, beint í gamalt garðlag neðan til við Stekkjargil, og þaðan sömu stefnulínu yfir gilið og hálsinn vestur að Gljúfurá. Að sunnan, milli Kornsár og Undirfells, frá neðanverðu Kornsár-gili eptir því sem hinn forni farvegur Kornsár liggur niður til Vatnsdalsár, þó telst svo nefnd Þórdísareyri sem er fyrir neðan nefndan farveg, til Undirfells. Frá Kornsárvatni ræður Kornsá merkjum, eins og hún fellur niður fyrir neðsta fossinn í henni, rjett fyrir ofan hinn forna farveg. Frá upptökum Kornsár eru merki yfir Kornsárvatn í Bergárvatn, þá að vestan, frá því til upptaka Gljúfurár, og sem hún fellur norður á móts við fyr greind merki milli Kornsár og Gilsstaða. Auk þessa á Kornsá, móts við Haukagil, hálft það land, sem liggur milli Kornsár- og Kleppu-kvíslar.[443]

B. G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Steindórssyni vegna Gilsstaða, Hjörl. Einarssyni vegna „Undornfells“ og Páli Pálssyni umráðanda Víðidalstungueignar.

5.5.3.2 Gilhagi

Gilhagi var byggður út úr Haukagili árið 1847 en þá er hans fyrst getið í sóknarmannatali Grímstungusóknar.[444]

Í manntalinu 1850 kemur fram að Gilhagi sé nýbýli.[445]

---

441 *Árbók Ferðafélags Íslands* (2007), bls. 38.
442 *Árbók Ferðafélags Íslands* (2007), bls. 225.
443 Skjal nr. 2(43) í máli nr. 2(2013).
444 ÞÍ. Grímstunga. BC/2. Sóknarmannatal 1823–1837 og 1840–1847, án blaðsíðutals.
445 Manntal á Íslandi 1850.

Á manntalsþingi að Ási 10. júní 1890 voru taldar upp þær landamerkjaskrár sem enn hafði ekki verið þinglýst en þar á meðal var „Haukagil með Gilhaga“.[446]

Landamerkjabréf fyrir Gilhaga hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

Í fasteignamatinu 1916−1918 kemur fram að eigendur Gilhaga séu þeir sömu og eigendur Haukagils.[447]

Í samningi sem var gerður 24. maí 1926 segir um landamerki:

> 2. Landamerki jarðarinnar eru: Að norðan úr Álftaskálará ræður girðing merkjum eins og hún liggur nú, þar til girðingin beygir til norðvesturs (en girðingin er að öllu leyti eign jarðarinnar Haukagils) frá girðingunni beina línu í læk, sem kemur úr Illaflóa, þar sem hann fellur í Kornsá. Að vestan ræður Kleppa merkjum, fram til Kleppshóls. Að sunnan eru merkin úr Kleppshól austur í Ytri-Skútalæk, þar sem hann fellur austur yfir Þrístapahálsinn og ræður lækurinn merkjum til Álftaskálarár.[448]

Eggert Konráðsson og Konráð Jónsson skrifuðu undir samninginn.

Þann 11. maí 1929 seldi Konráð Jónsson þeim Guðjóni Hallgrímssyni á Hvammi og Ágústi B. Jónssyni á Hofi Gilhaga. Í kaupsamningnum er kveðið á um eftirfarandi landamerki:

> Að norðan úr Álftaskálará ræður girðing upp að suðvesturhorni á Haukagilsgirðingu, eins og hún er nú, og úr því beina línu í Kornárkvísl, þar sem Ílla flóa lækur fellur í hana. Að vestan ræður Kleppukvísl merkjum til Kleppuháls. Að sunnan eru merkji úr Kleppuhól austur í Ytri-Skúla læk, þar sem hann fellur austur yfir Þrístapahálsinn, og ræður lækurinn merkjum til Álftaskálarár. Seljandi tekur enga ábyrgð á landamerkjum á þeim stöðum, sem þau eru óglögg, og kaupendur skuldbinda sig að sætta sig við þó breyting geti orðið á þeim við nákvæmari athugun.[449]

Kaupsamningurinn var lesin upp á manntalsþingi að Hofi 17. júní 1929.

Eftirfarandi samningur var gerður 24. júní 1958:

> 1. gr.
>
> Við eigendur Gilhaga seljum hér með nefndu upprekstrarfélagi allt land jarðarinnar Gilhaga sunnan Sellækjar (stóri). Ráði nefndur lækur merkjum, svo langt sem hann nær og þaðan stystu línu í Kleppukvísl.
>
> 2. gr.
>
> Sem greiðslu fyrir land þetta, setur upprekstrarfélagið upp fjárhelda girðingu á sinn kostnað og heldur henni að öllu leyti við næstu 15 – fimmtán – ár frá uppsetningu. Girðing þessi skal liggja sem næst því, er hér segir: Frá Stekkjarfossi suðvestur á Fremstaselsholt, vestur yfir Illaflóa, þaðan norðvestur um Gægishól í Kleppukvísl, allt eftir þegar merktri línu, og þaðan vestur í Gaflsgirðingu.
>
> 3. gr.
>
> Loki Gilhagaeigendur landi sínu með girðingu að vestan, fellur viðhaldsskyldan á þá, svo sem landslög ákveða. Jafnframt komi aldrei til greina krafa á hendur upprekstrarfélaginu um kostnað á girðingu norðan Gilhagalands, nema upprekstrarfélagið verði eigandi að því landi, eða hluta þess, sem móti Gilhagalandi liggur.

[446] Skjal nr. 2(313) í máli nr. 2/2013.
[447] Skjal nr. 2(76) í máli nr. 2/2013.
[448] Skjal nr. 2(39) í máli nr. 2/2013.
[449] Skjal nr. 4(169) í máli nr. 2/2013.

> 4. gr.
>
> Þrátt fyrir landamerki þau, er um getur í 1.gr. skal girðing sú er að framan er nefnd, vera gild landamerki meðan hún stendur og er viðhaldið af nefndum aðilum.
>
> 5. gr.
>
> Girði Gilhagaeigendur land sitt samkv. 3.gr. fellur niður girðingarskylda upprekstrarfélagsins frá Kleppukvísl í Gaflsgirðingu.[450]

Ágúst B. Jónsson, Gísli Pálsson, Gestur Guðmundsson, Konráð Eggertsson, Ólafur Magnússon, Grímur Gíslason og Jón S. Pálmason skrifuðu undir samninginn.

5.5.3.3 Haukagil

Þann 20. júní 1789 lögfesti Bjarni Guðmundsson jörðina Haukagil og svo hálfar Lambatungur til móts við Grímstungu og hálfar Kornsártungur til móts við Kornsá.[451]

Landamerkjabréf Haukagils er dagsett 29. júlí 1890:

> Að norðan ræður: bein lína vestan frá svokölluðum Saurbæjarsteini, sem er kippkorn fyrir sunnan og vestan vestari Ástjörnina vestur við „Kvíslina“ þaðan austur í merkjavörðu austur undir brún og þaðan beina leið í merkjaskurð, sem gjörður er í flóann milli Haukagils og Saurbæjar, og frá austurenda skurðarins beint austur á línu þá er ákveður merki milli Þormóðstungu og Saurbæjar og Haukagils, sem liggur frá vörðu vestantil á Ásmóhellu beint suður um farveg Vatnsdalsár í fornar réttartóptir norðast í svokölluðum Réttarhólma (Haukagilshólma) í hólmanum fyrir sunnan og neðan Haukagil. Að austan verðu: áður nefnd lína suður á móts við landamerkin og úr því Vatnsdalsá. Að suðaustan og sunnan ræður: bein sjónleið frá Pallshamri austan Vatnsdalsár, fyrir norðan svonefnd Sauðaskjól, kippkorn fyrir utan Tunguklif í Álftarskálará, þar sem hún fellur úr gilinu, þaðan ræður Álftarskálará fram til fremri Skútalækjar og frá Skútalæk beint vestur á há Kleppuhól vestar við Kleppukvísl. Að vestan ræður: Kleppukvísl og Kornsá (Kvíslinni) til Saurbæjarsteins. Auk þess fylgir jörðinni, móts við Kornsá, hálft það land sem liggur milli Kleppukvíslar og Kornsárkvíslar.[452]

J. Hannesson skrifaði undir bréfið vegna eiganda og umráðamanns Haukagils. Það var samþykkt af Bjarna Snæbjörnssyni eiganda Þormóðstungu, J. Hannessyni vegna eiganda og umráðamanns Saurbæjar, Hjörl. Einarssyni sem umráðanda Undirfellskirkjujarðar Grímstungu og B. G. Blöndal umboðsmanni Þingeyrarklaustursjarða.

Á manntalsþingi að Ási 28. maí 1891 var landamerkjabréfi Haukagils þinglýst ásamt fleiri landamerkjabréfum jarða í Vatnsdal.[453]

---

[450] Skjal nr. 2(40) í máli nr. 2/2013.
[451] Skjal nr. 2(65) í máli nr. 2/2013.
[452] Skjal nr. 2(41) í máli nr. 2/2013.
[453] Skjal nr. 2(288) í máli nr. 2/2013.

6 SJÓNARMIÐ AÐILA

6.1 Íslenska ríkið

Hér verður fyrst gerð grein fyrir almennum sjónarmiðum íslenska ríkisins en sjónarmiðum sem varða hvert kröfusvæði sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því að þau svæði sem gerðar eru kröfur til teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæðunum sé einkum litið til athugasemda óbyggðanefndar við fyrri málsmeðferð, sem og til heimilda um jarðir og jarðamörk, ritaðra heimilda og landfræðilegra aðstæðna.

Þau svæði sem tekin hafi verið til meðferðar með kröfulýsingu ríkisins séu sérstaks eðlis þar sem þau hafi öll áður tilheyrt málum á stærra svæði þar sem óbyggðanefnd hafi lokið málsmeðferð sinni. Nefndin hafi því þegar kynnt sér fyrirliggjandi sögulegar heimildir á landsvæðunum og rakið þær í úrskurðum sínum. Af þeirri ástæðu sé ekki talin ástæða til að rekja allar heimildir um svæðin að nýju, heldur verði eingöngu raktar þær heimildir sem telja verði að skipti höfuðmáli við úrlausn um eignarréttindi á þeim svæðum sem séu til meðferðar í málum þessum.

Hluti þeirra landsvæða sem tekin séu til nýrrar meðferðar sé samliggjandi, og athugasemdir óbyggðanefndar í hlutaðeigandi málum hafi lotið að sama svæði eða sömu heimildum, og muni kröfulýsing íslenska ríkisins á hlutaðeigandi svæðum taka til sameiginlegs svæðis. Þau svæði sem verði sameinuð í þessum skilningi séu svæði nr. 6, 7 og 8 (við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels).

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar séu á heimasíðu nefndarinnar. Einnig vísist til fyrirliggjandi heimilda um kröfusvæðin og tengd landsvæði, sem m.a. eru raktar í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2013 og 2/2013.

Byggt er á því að kröfusvæði ríkisins hafi verið utan landnáms. Af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám á svæðinu hafi náð. Verði því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá að beinn eignarréttur, sem þannig kunni að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra. Fyrirliggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðji það.

Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verði ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, sem afréttarlönd eða til annarra sambærilegra nota. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tilteknir aðilar hafi kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá bendi þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé

hvernig viðkomandi aðilar hafi verið tilkomnir að þeim réttindum eða hvað hafi falist nánar í því tilkalli. Einnig sé horft almennt til staðhátta, gróðurfars og heimilda um nýtingu lands.

Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila mótmælt. Í greinargerðum íslenska ríkisins eru gerðar athugasemdir við málatilbúnað gagnaðila í málinu. Þar segir að í kröfulýsingum gagnaðila í málum sem séu til meðferðar skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 58/1998 sé að mörgu leyti vísað til sömu eða sambærilegra sjónarmiða hvað varði málsmeðferðina, þýðingu fyrri úrskurða óbyggðanefndar og fyrri málsmeðferða að öðru leyti. Að því er varði sjónarmið um að ekki hafi farið fram fullnægjandi mat á því hvort skilyrði 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 séu uppfyllt svo taka megi umþrætt svæði til meðferðar, vísist til bréfs óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 11. ágúst 2022. Þar hafi verið tilkynnt um þá ákvörðun nefndarinnar að taka umþrætt svæði til meðferðar og tekið fram að það sé mat nefndarinnar að skilyrðum 7. mgr. 10. gr. sé fullnægt. Einnig vísist til þeirrar ákvörðunar óbyggðanefndar að skoða að nýju hvort taka bæri umþrætt svæði til meðferðar skv. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en í því sambandi hafi nefndin kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll málsmeðferðar. Verði því ekki annað séð en að metið hafi verið með málefnalegum og fullnægjandi hætti hvort taka mætti umþrætt svæði til meðferðar og hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð ríkisins vegna hvers svæðis.

Í greinargerð ríkisins segir að ekki sé unnt að fallast á að í fyrri úrskurðum óbyggðanefndar sé ekki að finna athugasemdir við kröfugerð íslenska ríkisins, í þeim skilningi sem hér verði að leggja til grundvallar. Orðið „athugasemd“ í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, sé útskýrt í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 34/2020. Í almennum athugasemdum við frumvarpið komi þannig fram að lagt sé til að óbyggðanefnd verði heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafi sætt meðferð hafi nefndin „gert athugasemd við kröfugerð ríkisins á svæðinu“, en eins og rakið sé í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins „hefur nefndin í nokkrum úrskurðum vakið athygli á því að kröfugerð ríkisins kunni að hafa gengið of skammt.“ Orðið „athugasemd“ í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 verði að skilja þannig að það taki ekki aðeins til beinna aðfinnslna nefndarinnar við kröfugerð ríkisins, heldur einnig til ábendinga, ályktana eða afstöðu óbyggðanefndar um að landsvæði utan kröfusvæðis ríkisins teljist eða kunni að teljast utan eignarlanda. Í slíkum athugasemdum óbyggðanefndar felist að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu þeirra svæða sem um ræði.

Að því er varðar réttaráhrif fyrri málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd og dómstólum er af hálfu ríkisins bent á að málsmeðferð þjóðlendumála sé afmörkuð við þjóðlendukröfusvæði ríkisins hverju sinni, sbr. m.a. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og í úrskurði óbyggðanefndar eða dómi í hverju tilviki sé aðeins komist að niðurstöðu um hvort það svæði teljist þjóðlenda eða eignarland.

Hlutverk óbyggðanefndar sé þannig fyrst og fremst að „kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna“, sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, á grundvelli krafna ríkisins

um þjóðlendur á því svæði sem sé til meðferðar hverju sinni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Hér sé ekki litið fram hjá því að í a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 sé kveðið á um að hlutverk óbyggðanefndar sé að kanna og skera úr um hvaða land teljist til þjóðlendna „og hver séu mörk þeirra og eignarlanda“. Til þess sé hins vegar að líta að samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem komið hafi verið á fót með lögum nr. 58/1998 sé hverju sinni, hvort sem er við afmörkun þjóðlendukröfu eða úrskurðarorðum óbyggðanefndar, ekki unnt að afmarka þjóðlendu nema gagnvart „eignarlandi“. Í þessu felist hins vegar ekki að framsetning þjóðlendukröfu eða úrskurðarorða óbyggðanefndar hverju sinni feli í sér fyrirvaralausa viðurkenningu eða efnislega niðurstöðu um að allt landsvæði sem falli utan þeirrar framsetningar sé undirorpið beinum eignarrétti.

Í þessu sambandi geti ekki skipt máli þótt gagnaðilar ríkisins hafi í einhverjum tilvikum sett kröfur sínar fram með þeim hætti að taki til svæðis aðliggjandi þjóðlendukröfusvæði. Réttaráhrif slíkrar kröfu, út fyrir kröfu ríkisins, geti ekki talist þau að í úrskurði óbyggðanefndar eða dómi felist endanleg efnisleg niðurstaða um beinan eignarrétt að því svæði sem falli utan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins. Enn síður sé unnt að líta svo á að úrskurður óbyggðanefndar feli í sér slíka niðurstöðu þegar svo hátti til að kröfum sé ekki lýst að mörkum þjóðlendukröfu ríkisins eða þegar í úrskurði óbyggðanefndar sé gerð athugasemd við kröfugerð ríkisins um að landsvæði utan þjóðlendukröfu eða þjóðlendu teljist eða kunni að teljast utan eignarlanda.

Að því er varðar málsmeðferð dómstóla í málum skv. 19. gr. laga nr. 58/1998 er á því byggt að í slíkum málum sé aðeins fjallað um það landsvæði sem þjóðlendukrafa ríkisins hafi tekið til og úrskurðað hafi verið þjóðlenda eða eignarland hjá óbyggðanefnd. Dómar í þjóðlendumálum hafi því ekki varðað eignarréttarlega stöðu annarra landsvæða, þar á meðal þeirra svæða sem séu nú til meðferðar skv. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, m.a. með vísan til framangreinds, að ekki geti haft þýðingu í málum sem séu til meðferðar skv. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, hvernig kröfugerð eða málatilbúnaði ríkisins hafi verið hagað við fyrri málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd eða dómstólum.

Í fyrri málum hafi verið deilt um eignarréttarlega stöðu þjóðlendukröfusvæða sem af hálfu ríkisins hafi verið afmörkuð undir lögbundnum kröfulýsingarfresti á grundvelli þeirra heimilda og upplýsinga sem þá hafi legið fyrir. Undir rekstri hvers máls hafi síðan komið fram nýjar heimildir og upplýsingar án þess hins vegar að ríkinu hafi verið heimilt að auka við kröfugerð sína m.t.t. slíks. Með vísan til athugasemda við frumvarp til laga nr. 34/2020 sé ljóst að allt frá gildistöku laga nr. 58/1998 hafi háttað svo til að forsendur að baki þjóðlendukröfu ríkisins og afmörkun hennar hafi getað breyst eftir að kröfu hafi verið lýst, án þess hins vegar að úr því hafi verið unnt að bæta. Megintilgangur 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, sé að bæta úr þessu. Þessu til viðbótar er bent á að ríkinu hafi ekki verið fært að auka við þjóðlendu-

kröfur sínar fyrir dómstólum í málum sem gagnaðilar hafi höfðað til að fá úrskurðum óbyggðanefndar hnekkt, sbr. m.a. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 58/1998.

Að öðru leyti er bent á að við mat á því hvort og að hvaða marki það eigi að hafa þýðingu í málum sem séu til meðferðar skv. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, hvernig kröfugerð eða málatilbúnaði ríkisins hafi verið hagað við fyrri málsmeðferð, hljóti að þurfa að horfa sérstaklega til markmiðs laga nr. 58/1998 og 7. mgr. 10. gr. laganna sérstaklega, , sbr. m.a. athugasemdir við 4. gr. frumvarps til laga nr. 34/2020. Af þeim leiði að vilji löggjafans standi til þess að komist verði að niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu þeirra svæða sem óbyggðanefnd hafi ákveðið að taka til meðferðar skv. 7. mgr. 10. gr. 58/1998 á grundvelli efnislegs mats á fyrirliggjandi heimildum og öðrum atriðum sem almennt geti haft áhrif á sönnunarmat.

Að því er varðar dóma Hæstaréttar í málum nr. 367/2005 og nr. 571/2006, sem vísað sé til af hálfu gagnaðila og í athugasemdum óbyggðanefndar, er af hálfu ríkisins tekið fram að 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, feli í sér viðbrögð löggjafans við þeim dómum og þeim takmörkunum á lögbundnu hlutverki óbyggðanefndar skv. lögum nr. 58/1998 sem þar hafi endurspeglast.

Með vísan til framangreinds, og þess að málsmeðferð nú fari fram á grundvelli sérstakrar lagaheimildar, sbr. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sé jafnframt ekki unnt að fallast á að ríkið hafi fyrirgert sér rétti til að gera þjóðlendukröfur vegna umþrættra svæða, eða að vanlýsingar- eða tómlætisáhrif geti staðið því í vegi að tekin verði efnisleg afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þeirra.

Að því er varði stjórnskipunarlegt gildi laga nr. 34/2020 verði ekki annað ráðið en að dómstólar hafi í tengslum við lög nr. 58/1998 þegar skorið úr þeim álitaefnum sem gagnaðilar byggi á í því sambandi, en ekki verði séð að í lögum nr. 34/2020 felist nokkur þau frávik sem geti leitt til annarrar niðurstöðu. Í tengslum við lög nr. 34/2020 hafi því t.a.m. ekki verið lýst yfir eða gefið í skyn að íslenska ríkið njóti eignarréttar sem skert geti eignarrétt gagnaðila, né heldur sé það tilgangur eða markmið breytingalaganna að land í einkaeign færist í hendur ríkisins. Þá verði ekki séð að sjónarmið um bann við afturvirkni laga eigi við rök að styðjast.

Að því er varði sérstaklega meintar réttmætar væntingar gagnaðila vísist til alls framangreinds, og þá sérstaklega þess að í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2013 og 2/2013 sé að finna sérstaka umfjöllun nefndarinnar um þær heimildir sem gagnaðilar reisi kröfur sínar á og athugasemdir nefndarinnar um að þær heimildir bendi til þess að kröfusvæðin í máli þessu kunni að falla utan eignarlanda. Út frá þessu og öðru framangreindu sé vandséð hvernig gagnaðilar geti talist eiga réttmætar væntingar til þess að kröfusvæðin teljist innan eignarlanda þeirra.

Um lagarök er af hálfu ríkisins fyrst og fremst vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur, sbr. lög nr. 34/2020 og lögskýringargögn þar að baki. Einnig er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar, og meginreglna eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt er vísað til almennra reglna samninga- og kröfu-

réttar og hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

6.1.1 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á kröfusvæðinu sé fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008, sem hafi orðið tilefni endurskoðunar á svæðinu. Auk þess sé litið til lýsinga í landamerkjabréfum jarðanna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár sem gefi til kynna að vesturmerki jarðanna miði við vatnaskil og nái þannig ekki til fjalllendisins vestan Urðarvatna en austan vatnaskila Torfufellsár.

Um kröfusvæðið vísast af hálfu ríkisins til umfjöllunar og athugasemda í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008, sem og þeirra heimilda sem hafi legið fyrir í því máli og liggi fyrir nú. Í úrskurðinum hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að landsvæði sunnan jarðanna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár og norðvestan Urðarvatna væri þjóðlenda, sbr. jafnframt dómur Hæstaréttar í máli nr. 59/2016. Af hálfu ríkisins er á því byggt að mörk ofangreindrar þjóðlendu eigi að fylgja vatnaskilum frá upptökum Hafrár þar til þau mæti sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps þannig að kröfusvæðið teljist einnig þjóðlenda.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 hafi verið lagt til grundvallar að vesturmerki Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár ráðist af vatnaskilum og að gagnaðilar ríkisins hefðu ekki sýnt fram á að merkin næðu svo langt til vesturs sem þeir gerðu kröfu um, þ.e. að sveitarfélagamörkum. Óbyggðanefnd hafi aflað upplýsinga um vatnaskil frá Veðurstofu Íslands undir rekstri málsins, þ.e. eftir að íslenska ríkið lýsti þjóðlendukröfu, og séu vatnaskil merkt inn á úrskurðarkort óbyggðanefndar. Af þeim upplýsingum megi ráða að vatnaskil liggi á stuttum kafla norðaustar en þjóðlendukröfulína ríkisins hafi gert, þannig að krafa ríkisins hafi ekki talist ná til alls svæðisins suðvestan vatnaskila. Eins og fram komi í úrskurði óbyggðanefndar hafi því ekki verið fjallað um eignarréttarlega stöðu þess svæðis í málinu, sbr. þó sú niðurstaða óbyggðanefndar um „að suðvestan umræddra vatnaskila sé þjóðlenda en austan þeirra sé eignarland“.

Með vísan til framangreinds er af hálfu ríkisins byggt á því að kröfusvæðið sem hér sé til umfjöllunar, sem tekur til svæðisins suðvestan umræddra vatnaskila, falli utan eignarlanda. Af því leiði að um kröfusvæðið eigi að gilda sömu sjónarmið og um þjóðlenduna á landsvæðinu sunnan jarðanna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár og norðvestan Urðarvatna. Fyrirliggjandi heimildir bendi enn eindregið til þess að eignarlönd þessara jarða afmarkist til vesturs af vatnaskilum og ekkert hafi komið fram um að fyrirliggjandi upplýsingar um vatnaskil séu rangar. Að því er varði heimildir sem stuðst sé við í þessu sambandi vísist til fyrirliggjandi gagna og úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008. Sé hér helst um að ræða heimildir um merki títtnefndra jarða, þ.e. landamerkjabréf

Torfufells og Hólsgerðis, frá 21. maí 1889, og ódagsett landamerkjabréf Úlfár sem talið sé vera frá árinu 1888.

6.1.2 Svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á kröfusvæðinu sé fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008, sem hafi orðið tilefni endurskoðunar á svæðinu. Auk þess sé litið til lýsingar í landamerkjabréfi Gloppu frá 16. janúar 1883 þar sem segi að Vaská ráði suðurmörkum Gloppu. Í máli nr. 3/2008 hafi upphaflegri kröfulínu íslenska ríkisins verið breytt þannig að umrætt svæði hafi fallið innan kröfulýsingar ríkisins, en sú breyting hafi ekki verið talin rúmast innan texta upphaflegrar kröfugerðar. Með vísan til þess og þeirrar niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 að jarðirnar Vaskárdalur, Almenningur og Bakkasel, sem séu aðliggjandi Gloppu að sunnanverðu séu ekki eignarlönd, verði ekki annað ráðið en að þeir hlutar framangreindra jarða sem séu afmarkaðir með kröfulýsingu þessari séu einnig utan eignarlanda.

Um kröfusvæðið vísast af hálfu ríkisins til umfjöllunar og athugasemda í fyrrgreindum úrskurði sem og þeirra heimilda sem hafi legið fyrir í því máli og liggi fyrir nú. Í úrskurði óbyggðanefndar var komist að þeirri niðurstöðu að landsvæðin Vaskárdalur, Almenningur og Bakkasel (Seldalsfjall) væru þjóðlendur, sbr. jafnframt dómur Hæstaréttar í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur) og dómar héraðsdóms í málum nr. E-74 og 75/2010 (Bakkasel og Almenningur). Um afmörkun þjóðlendnanna vísist til úrskurðar óbyggðanefndar, en það séu helst norðurmörk þjóðlendnanna sem hafi hér þýðingu.

Af hálfu ríkisins er á því byggt að mörk þjóðlendna hafi verið ranglega afmörkuð í máli nr. 3/2008. Leggja verði til grundvallar að kröfusvæðið teljist jafnframt þjóðlenda og að mörk þjóðlendna liggi því norðar en skv. úrskurði óbyggðanefndar, sem kröfusvæðunum nemi. Um kröfusvæðin eigi að gilda sömu sjónarmið og hafi leitt til þess að tilvísuð landsvæði hafi talist þjóðlendur.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að í úrskurði óbyggðanefndar, bls. 42–44, sé að finna umfjöllun varðandi Vaskárdal sem hafi þýðingu hvað varði kröfusvæðið. Af henni megi ráða að undir rekstri málsins hafi af hálfu ríkisins verið leitast við að leiðrétta þjóðlendukröfu þannig að myndi samrýmast þeim heimildum sem stuðst hafi verið við og afmörkun gagnaðila á ágreiningssvæðinu. Hins vegar hafi ekki verið fallist á að sú breyting kæmist að í málinu, enda hafi hún ekki talist rúmast innan upphaflegrar kröfugerðar ríkisins. Í þessu sambandi sé tekið fram í úrskurðinum að „[a]fstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita“.

Í úrskurði óbyggðanefndar kom hins vegar til skoðunar hvað yrði ráðið af heimildum um afmörkun Vaskárdals, Almennings og Bakkasels og hvort afmörkun gagnaðila á

þeim svæðum sem þeir gerðu kröfu til samrýmdist þeim. Með vísan til þeirrar umfjöllunar óbyggðanefndar er af hálfu ríkisins byggt á því að kröfusvæðið falli utan eignarlanda, eins og leiði af úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008. Um kröfusvæðið eigi því að gilda sömu sjónarmið og um þjóðlendurnar Vaskárdal, Almenning og Bakkasel. Fyrirliggjandi heimildir bendi þannig til þess að mörk þessara þjóðlendna liggi norðar, þannig að kröfusvæðið falli innan þjóðlendnanna. Í þessu sambandi sé bent sérstaklega á að vart geti staðist, í ljósi fyrirliggjandi heimilda og úrskurðar óbyggðanefndar, að landsvæðið vestan/suðvestan Vaskár og sunnan/suðaustan Öxnadalsár, og dalirnar þar inn af, teljist bæði eignarlönd og þjóðlendur.

Í dómsmálum sem gagnaðilar ríkisins í máli nr. 3/2008 hafi höfðað hafi af hálfu ríkisins verið höfð uppi gagnkrafa um að úrskurður óbyggðanefndar yrði felldur úr gildi og að viðurkennt yrði að landsvæði skv. kröfugerð ríkisins frá 27. ágúst 2008, sbr. framangreint, væri þjóðlenda. Þeim gagnkröfum hafi verið hafnað með vísan til þess að ríkið hefði með kröfugerð sinni 27. ágúst 2008 ekki hagað málum í samræmi við ákvæði laga nr. 58/1998, sbr. nánar dóma héraðsdóms í málum nr. E-71, E-74 og 75/2010.

Textalýsing kröfu ríkisins hafi verið uppfærð að því leyti að nú sé vísað til þess að frá punkti (4) á sýslumörkum sé sýslumörkum og síðan þjóðlendumörkum fylgt aftur í upphafspunkt. Ekki sé um breytingu eða aukningu á kröfu að ræða, heldur aðeins uppfærslu textalýsingar til skýringar.

6.1.3 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á kröfusvæðinu sé fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem hafi orðið tilefni endurskoðunar á svæðinu. Þá sé litið til lýsinga í landamerkjabréfum Mælifells og Stafns, en af þeim verður ráðið að mati íslenska ríkisins, að svæðið sem afmarkast af Brunnabrekkulæk og Svartá sé utan lýstra landamerkja Mælifells og Stafns. Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi heimildum að svæðið sé innan merkja annarra jarða.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, bls. 52–53, sé að finna umfjöllun sem hafi þýðingu hvað varði kröfusvæðið. Af henni megi ráða að við rannsókn óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 hafi komið í ljós að ósamræmi hafi verið á milli annars vegar lýsinga í landamerkjabréfum Mælifells frá 4. apríl 1890 og Stafns frá 16. maí 1883 og hins vegar afmörkunar þjóðlendukröfu, er hafi falið í sér að eftir hafi staðið landsvæði sem ekki sé innan lýstra merkja jarða og hafi ekki fallið innan þjóðlendukröfu ríkisins. Það svæði afmarkist eins og kröfusvæðið í máli þessu, þ.e. af Brunnabrekkulæk, Svartá og norðurmörkum þjóðlendunnar Hraunin. Með vísan til þessa liggi fyrir að kröfusvæðið falli utan merkja aðliggjandi jarða og ekkert bendi til þess að þar hafi stofnast til beins eignarréttar. Ekkert hafi komið fram sem leiði til þess að skilja beri umrædd landamerkjabréf eða aðrar heimildir með öðrum hætti en lagt hafi verið til grundvallar í máli nr. 5/2008.

Hvað varði gagnkröfu eiganda jarðarinnar Mælifells þyki af hálfu ríkisins rétt að taka fram að austurmörkum kröfusvæðis ríkisins sé lýst á þann veg að Brunnabrekkulækur ráði frá upptökum þar til hann renni í Svartá. Verði því ekki séð að kröfusvæði ríkisins skarist við það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 4. apríl 1890.

6.1.4 Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á kröfusvæðinu sé fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, sem hafi orðið tilefni endurskoðunar á svæðinu. Auk þess sé litið til lýsinga í landamerkjabréfum Mánaskálar og Núps, á merkjum gagnvart Skrapatunguafrétt. Ekki liggi fyrir við hvaða læk sé átt í bréfinu eða hvort hann hafi nafn. Lýsingarnar bendi að mati íslenska ríkisins til þess að landsvæði það sem liggi frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk falli utan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum. Ríkið hafi fallið frá hluta af upphaflegri kröfu sinni vegna kröfusvæðisins, þ.e. þeim hluta kröfunnar sem hafi tekið til svæðis sem eigendur jarðanna Mánaskálar og Núpur hafi gert kröfu til sem eignarland jarðanna. Sé því ekki lengur gerð þjóðlendukrafa til svæðisins sunnan þess læks sem falli austur í Mjóadalsá frá Þröskuldi.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, bls. 159–160, sé að finna umfjöllun sem hafi þýðingu hvað varði kröfusvæðið. Af henni sé ljóst að gerð sé sú athugasemd við kröfugerð ríkisins að hún hefði átt að taka til svæðis sem liggi frá Gálgagili til suðurs að læk þeim sem falli í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi. Það svæði liggi ekki innan merkja jarða skv. landamerkjabréfum og því megi ætla að svæðið eigi með réttu að teljast þjóðlenda.

Af hálfu ríkisins sé lagt til grundvallar að það svæði sem vísað sé til í úrskurði óbyggðanefndar afmarkist með þeim hætti sem kröfusvæðið geri eftir fyrrgreinda breytingu og sé byggt á því að kröfusvæðið falli utan merkja jarða og teljist því þjóðlenda. Vísist í þessu sambandi til þess sem fram kemur í fyrrgreindum úrskurði og fyrirliggjandi heimilda, m.a. um merki nærliggjandi jarða. Afmörkun kröfusvæðisins litist af því að tilvísuð umfjöllun í úrskurði óbyggðanefndar sé ekki skýr um nákvæma afmörkun þess svæðis sem þar sé vísað til. Ekki verður annað ráðið en að ef horft sé „til suðurs“ frá Gálgagili þá sé horft inn á þjóðlenduna Skrapatunguafrétt, eftir vesturmörkum hennar um Mjóadalsá eða inn á land jarðanna Mánaskálar og Núps vestan Mjóadalsár. Í úrskurði óbyggðanefndar sé ekki fjallað sérstaklega um hvort aðrar jarðir en Mánaskál og Núpur kunni að eiga merki gagnvart þjóðlendunni Skrapatunguafrétt á því svæði sem hér um ræði, þ.e. t.d. jarðirnar Balaskarð á Laxárdal eða Kirkjubær og Þverá, í Norðurárdal.

6.1.5 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á kröfusvæðinu sé fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem hafi

orðið tilefni endurskoðunar á svæðinu. Ekki liggi fyrir hvar örnefnin „Tvíhólar“ og „vestari Leirtjörn“ séu staðsett.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, bls. 44–46, sé að finna umfjöllun sem hafi þýðingu hvað varði kröfusvæðið. Af henni megi ráða að við rannsókn óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 hafi komið í ljós að ósamræmi hafi verið á milli annars vegar lýsingar á merkjum Eyvindarstaðaheiðar í landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði frá 28. september 1886 og hins vegar lýsingum á merkjum jarðarinnar Steinár frá 15. maí 1886, er hafi falið í sér að merkin hafi ekki náð saman. Þar sem þjóðlendukrafa ríkisins hafi að þessu leyti aðallega miðast við landamerkjabréfið fyrir Eyvindarstaðaheiði hafi verið til staðar svæði sem hafi fallið bæði utan merkja jarða og þjóðlendukröfu og sem enginn hafi gert tilkall til sem eignarlands síns, sbr. athugasemd óbyggðanefndar.

Með vísan til framangreinds er af hálfu ríkisins byggt á því að kröfusvæðið falli utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Fyrir liggi að í landamerkjabréfi Steinár sé merkjum að því leyti sem hér hafi þýðingu lýst þannig að lína sé dregin frá Hanskafelli til norðvesturs í Tvíhóla og þaðan til norðvesturs í vestari Leirtjörn, í stað þess að hún sé dregin til suðvesturs úr Hanskafelli í Syðri-Austurdal, eins og gert sé í landamerkjabréfinu fyrir Eyvindarstaðaheiði. Af þessu leiði að landsvæði norðvestan við línu sem sé dregin á milli punkta 1 og 4 í kröfu ríkisins í þessu máli (punktar 14 og 15 í máli nr. 5/2008) falli utan merkja jarða. Ekkert hafi komið fram sem leiði til þess að skilja beri umrædd landamerkjabréf eða aðrar heimildir með öðrum hætti en lagt hafi verið til grundvallar í máli nr. 5/2008. Né heldur hafi komið fram aðrar heimildir sem bendi til þess að nokkur geri réttilega tilkall til svæðisins sem eignarlands síns.

Að því er varði afmörkun kröfusvæðisins þyki af hálfu ríkisins rétt að taka fram að miðað sé við þann hól Tvíhóla sem standi austar. Einnig beri að taka fram að við afmörkun vesturmerkja kröfusvæðisins sé miðað við austurmerki Rugludals, eins og þeim sé lýst í landamerkjabréfi Rugludals frá 12. apríl 1883, um alfaraveg þann er liggi fyrir austan Rugludal, norðan við Háuskriðu.

6.1.6 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á kröfusvæðinu sé fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, sem hafi orðið tilefni endurskoðunar á svæðinu. Auk þess sé litið til þess að svæðið falli ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og því megi ætla að svæðið teljist þjóðlenda. Þessu til stuðnings vísist einnig til þess að ýmsar eldri heimildir fjalli um landsvæði Hvammshlíðar sem selland eða afréttarsvæði.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að í fyrrgreindum úrskurði, bls. 157–158 og 168–169, sé að finna umfjöllun sem hafi þýðingu hvað varði kröfusvæðið. Af henni megi ráða að niðurstaða rannsóknar óbyggðanefndar vegna þjóðlendukröfusvæðisins Skrapatunguafrétt hafi verið sú að norðan við þjóðlendukröfusvæðið væri landsvæði,

Hvammshlíð, sem félli ekki innan merkja jarða skv. landamerkjabréfum eða öðrum heimildum og sem ætti með réttu að teljast þjóðlenda. Með vísan til þess og fyrirliggjandi heimilda um svæðið, þar á meðal afmörkun þess og nýtingu, sé byggt á því að landsvæðið Hvammshlíð, þ.e. kröfusvæðið, falli utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Ekkert hafi komið fram sem leiði til þess að skilja beri fyrirliggjandi heimildir með öðrum hætti en lagt hafi verið til grundvallar í úrskurði óbyggðanefndar Né heldur hafi komið fram aðrar heimildir sem bendi til þess að svæðið teljist til eignarlands þegar horft sé til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafi byggt á.

Fyrir liggi að eftir að fyrrgreindur úrskurður hafi verið kveðinn upp þann 19. desember 2014 hafi gagnaðili, Karólína Elísabetardóttir, keypt „eyðijörðina Hvammshlíð“ af Landsbankanum hf., sem hafði eignast landsvæðið í skuldaskilum. Einnig liggi fyrir að þann 6. júlí 2018 hafi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest skiptingu „á jörðinni Hvammshlíð“ á grundvelli þág. 13. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Með afsali þann 14. júní 2019 hafi Karólína selt hina nýstofnuðu lóð, Pokafell, til gagnaðilans Petra Jebenstreit. Þá liggi fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi veitt Karólínu leyfi til að stofna lögbýli á 620 ha landi á jörðinni Hvammshlíð skv. umsókn hennar. Sjá hér erindi frá 5. janúar 2021, um veitingu leyfisins á grundvelli 16. gr. jarðalaga nr. 81/2004, þar sem vísað sé til þeirra gagna sem heimild til stofnun lögbýlis hafi grundvallast á.

Af hálfu ríkisins sé litið svo á að þessar athafnir ríkisins geti ekki leitt til þess að kröfusvæðið teljist nú undirorpið beinum eignarrétti eða að gagnaðilar hafi vegna þeirra mátt hafa raunhæfar væntingar til þess að svo væri. Vísist hér til þess að fyrrgreindur úrskurður, þar sem lagt hafi verið til grundvallar að kröfusvæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda, hafi verið kveðinn upp 19. desember 2014. Það hafi því legið fyrir áður en óskað hafi verið eftir landskiptum og leyfi til stofnunar lögbýlis að álitamál væru uppi um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins og líkur væru til þess að til þess myndi koma að tekin yrði afstaða til eignarréttarlegrar stöðu svæðisins í samræmi við lög nr. 58/1998. Af þessum sökum m.a. séu atvik önnur en t.d. hafi verið uppi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 94/2017.

6.1.7 Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á kröfusvæðinu sé fyrst og fremst stuðst við athugasemdir óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, sem hafi orðið tilefni endurskoðunar á svæðinu. Auk þess sé litið til fyrirliggjandi heimilda um Kornsártungur, þar sem svæðisins sé einkum getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot, s.s. í skýrslu um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklaustursjarða frá 1865. Enn fremur gefi elstu fyrirliggjandi heimildir, sjá t.d. lögfestu fyrir Haukagil 1789, til kynna að Kornsártungur hafi heyrt sameiginlega undir Haukagil og Kornsá, en engar fyrirliggjandi landamerkjalýsingar fyrir jarðirnar lýsi Kornsártungum innan merkja

jarðanna. Að mati íslenska ríkisins liggi ekki fyrir heimildir sem styðji að Kornsártungur hafi verið undirorpnar beinum eignarrétti. Vísist hér sérstaklega til þess sem komi fram í niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, að ekki verði annað séð en að sömu sjónarmið eigi við um það svæði, sem hér sé gert krafa til, eins og þann hluta Kornsártungna sem hafi verið úrskurðaður þjóðlenda í máli nr. 2/2013.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, bls. 521 og 537–542, sé að finna umfjöllun sem hafi þýðingu hvað varði kröfusvæðið. Af henni megi ráða að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013 hafi verið lagt til grundvallar að Kornsártungur, eins og það landsvæði sé afmarkað í úrskurðinum og landamerkjabréfi fyrir Kornsá frá 25. maí 1891, væri ekki eignarland. Í úrskurðinum hafi og verið bent á að Kornsártungur lægju að nokkrum hluta utan þjóðlendukröfu ríkisins. Af þessu leiði að til staðar sé svæði sem falli bæði utan eignarlanda og þjóðlendunnar hluti Kornsártungna, og sem ætti með réttu að teljast þjóðlenda. Það svæði afmarkist með þeim hætti sem kröfusvæðið geri, þ.e. af Kleppukvísl og Kornsá frá þjóðlendumörkum og þar til þær renni saman.

Með vísan til framangreinds er byggt á því að kröfusvæðið falli utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Vísist hér til alls framangreinds, m.a. þess að fyrir liggi að í landamerkjabréfi fyrir Kornsá frá 25. maí 1891 sé merkjum jarðarinnar lýst heildstætt, en síðan sé sérstaklega lýst merkjum landsvæðisins Kornsártungna, milli Kornsár- og Kleppukvíslar, sem Kornsá hafi átt til helminga á mót við Haukagil. Slík tilgreining á landsvæði hafi í framkvæmd almennt verið talin benda til þess að um sé að ræða svæði utan eignarlanda. Hafi enda verið komist að niðurstöðu um að Kornsártungur sem slíkar falli utan eignarlanda og að stór hluti þess landsvæðis sé þjóðlenda. Ekkert bendi til þess að önnur sjónarmið geti átt við um þann hluta Kornsártungna sem eftir standi og sé til umfjöllunar í máli nr. 2/2023.

6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins

Hér verður gerð grein fyrir sjónarmiðum gagnaðila íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum þar sem sami lögmaður gætir hagsmuna vegna margra jarða er fyrst getið sameiginlegra sjónarmiða vegna viðkomandi jarða en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru svo gerð skil í undirköflum, eftir því sem við á.

6.2.1 Torfufell, Hólsgerði og Úlfá

Af hálfu eigenda Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár er á því byggt að landsvæðið sé innan landnáms. Því er mótmælt að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa. Lýsing landamerkjabréfs Torfufells, dags. 21. maí 1889, landamerkjabréfs Hólsgerðis, dags. 21. maí 1889, og ódagsetts landamerkjabréfs Úlfár taki til alls þess lands sem kröfugerð landeigenda taki til.

Byggt er á því að ekki séu skilyrði til þess að fjalla um málið og nefndinni beri að vísa því frá á grundvelli 3. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, enda eigi það ekki undir hana. Samkvæmt skýru orðalagi 4. gr. frumvarps laga nr. 34/2020 sé ljóst að um heimild sé að ræða en ekki skyldu. Heimildarákvæði feli alltaf í sér að heimildinni verði ekki beitt án undangengins mats, sem ekki verði séð að fram hafi farið af hálfu óbyggðanefndar.

Ójafnræði með aðilum málsins komi skýrt fram í kröfugerð fjármálaráðherra auk þeirrar ósanngirni sem eðli máls samkvæmt birtist þegar heimild skv. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 sé beitt án þess að meðalhófs sé gætt. Krafan liggi eftir mældri vatnaskilalínu að svo miklu leyti sem það sé landeigendum í óhag. Ekkert tillit sé tekið til þess að vatnaskilalínan gangi líka inn í land óumdeilds eignarlands Nýjabæjar í Skagafirði sunnan Leyningsdals og land landeigenda ætti því, með sömu rökum og fjármálaráðherra byggi kröfur sínar á, að ná inn í land Nýjabæjar. Fráleitt sé að mati landeigenda að þeir krefji nábúa sína um landspildu þá sem afmarkast af mældri vatnaskilalínu og sýslumörkum. Að mati landeigenda standist ekki að einungis annar aðilinn verði talinn bundinn af kröfugerð sinni en hinn ekki og breyti lög nr. 34/2020 engu þar um.

Sjónarmiðum ríkisins er af hálfu landeigenda mótmælt að svo miklu leyti sem þau fari í bága við kröfur og málatilbúnað landeigenda. Því er sérstaklega mótmælt að haldið sé fram að setning laga nr. 34/2020, n.t.t 4. gr. laganna, hafi verið viðbrögð löggjafans við dómum Hæstaréttar sem hafi fallið árin 2005 og 2007. Eftir að dómarnir hafi fallið hafi meðferð þjóðlendumála haldið áfram nær sleitulaust landið um kring og ávallt gengið út frá því að málsforræðisreglan gilti við meðferð þeirra. Hefði löggjafinn í raun og veru ætlað að breyta þeirri reglu sem Hæstiréttur setti með umræddum dómum sínum hefði viðbragðstíminn þurft að vera skemmri en 15 ár. Með aðgerðaleysi sínu hafi íslenska ríkið fest í sessi þá reglu sem Hæstiréttur hafi sett og að mati landeigenda sé henni ekki hægt að breyta, að réttum lögum, nema til framtíðar.

Byggt er á því að umfjöllun í úrskurði í máli nr. 2/2008 feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem feli í sér að hún hafi gengið of skammt. Í úrskurðinum komi fram hlutlaus umfjöllun með vísan til málsmeðferðarreglna (dóma um málsmeðferðarreglurnar) sem um nefndina gildi. Í því orðalagi hafi engar aðfinnslur eða athugasemd við fyrri kröfugerð ríkisins falist, heldur hlutlaus afmörkun á þeim ágreiningi sem hafi verið til staðar og úrskurður hafi beinst að.

Af hálfu landeigenda er vakin athygli á því að ákvörðun um að óbyggðanefnd taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. vísi til, sé sérstök ákvörðun um hvaða svæði sé til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varði áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins nái til. Með því sé ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda sé það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst sé að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafi alltaf tíðkast, þ.m.t. hafi ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar sé jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

Þá er af hálfu landeigenda fjallað nánar um forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlendna. Á grundvelli 2. gr. þjóðlendulaga hafi athafnir ríkisins eftir gildistöku laganna haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendur. Byggt er á því að af Hrd. 617/2012 og Hrd. 94/2017 leiði að ríkið hafi frá gildistöku laganna haft forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Byggt er á því að slík viðurkenning þurfi ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem feli í sér óbeina viðurkenningu sem sé fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verði skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð nefndarinnar.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að óbyggðanefnd sé falið að skera úr ágreiningi að fram kominni tiltekinni kröfugerð aðila og sé hvergi að finna í þjóðlendulögum ákvæði sem takmarki forræði aðila á hagsmunum sínum. Þá verði ekki talið að ákvæði 5. mgr. 10. gr. laganna um gagnaöflun og rannsóknarskyldu nefndarinnar veiti henni heimild til að fara út fyrir kröfur aðila eða horfa fram hjá sátt sem takast kunni milli þeirra. Í máli þessu hátti svo til að ríkið hafi aldrei gert kröfu til hins umdeilda landsvæðis fyrir óbyggðanefnd og þá verði samskipti og málflutningur lögmanna málsaðila við aðalmeðferð fyrir nefndinni ekki skilin á annan hátt en þann að sammæli hafi náðst milli þeirra um að umrætt svæði væri eign landeigenda. Málsforræði ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands geti bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljist viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir nefndinni. Eðli máls samkvæmt sé ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuni eigi að gæta.

Kröfulýsing ríkisins um þjóðlendumörk í máli nr. 2/2008 hafi falið í sér að viðurkennt væri að landsvæðið væri undirorpið beinum eignarrétti. Vísað er til úrskurðarorðs í máli nr. 2/2008, en þar hafi verið fallist á þjóðlendukröfu ríkisins, og séu réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar bindandi fyrir nefndina og aðila máls, nema þeim verði hnekkt með dómi. Ætla verði að um úrskurði óbyggðanefndar hafi alltaf gilt almennar endurupptökureglur stjórnsýsluréttar, sbr. t.d. 24. gr. stjórnsýslulaga. Ekki liggi fyrir að skilyrði endurupptöku sem gætu skipt máli hafi verið uppfyllt og ekki verði séð að íslenska ríkið hafi talið ástæðu til endurupptöku málsins á nokkrum tímapunkti. Fyrir liggi bindandi úrskurður óbyggðanefndar sem ekki hafi verið endurupptekinn og standi því óhaggaður þrátt fyrir hin umdeildu breytingarlög. Þá liggi fyrir dómar bæði héraðsdóms og Hæstaréttar sama efnis.

Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngrip löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Fallist óbyggðanefnd á kröfu ríkisins í máli þessu feli það í sér úrskurð sem

gangi í berhögg við bindandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Að mati landeigenda fáist slík niðurstaða ekki staðist enda færi slíkt í bága við ákvæði stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvalds, meginreglu einkamálaréttarfars um bindandi réttaráhrif dómsúrlausna svo og ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd.

Byggt er á því að meðferð málsins sé í ósamræmi við meginreglur um friðhelgi eignarréttar. Óumdeilt hljóti að teljast að hið umþrætta landsvæði sé eign landeigenda. Burtséð frá því hvort réttmætur eigandi þess lands hafi verið landeigendur eða ríkið fyrir fyrri málsmeðferð í málinu þá sé réttarstaðan sú að fyrir liggi bindandi dómur Hæstaréttar sem kveði á um að landsvæðið sé eign landeigenda. Því landsvæði verði landeigendi ekki sviptur nema að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, m.a. um að almenningsþörf krefji og að fullt verð komi fyrir.

Að lokinni þeirri málsmeðferð sem hafi lokið með úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 og dómum héraðsdóms og Hæstaréttar höfðu landeigendur haft réttmætar væntingar til þess að það landsvæði sem ekki hafi verið úrskurðuð þjóðlenda væri þeirra eign og að ekki yrði hróflað við þeirri niðurstöðu með frekari málsmeðferð.

Byggt er á því að umfjöllun óbyggðanefndar í úrskurði í máli nr. 2/2008, sem metin hafi verið sem athugasemd, sé að verulegu leyti röng og í ósamræmi við fordæmi sem fyrir liggi. Óbyggðanefnd virðist byggja á því að miða beri við mæld vatnaskil eins og unnt sé að gera með nútímatækni, en ekki sýslumörk sem talin hafi verið á vatnaskilum um langan aldur.

Ekki séu heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hennar hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti. Landeigendur leggi áherslu á að þegar óbyggðanefnd meti hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varði núverandi eigenda og forvera, sem styðji tilkall þeirra til beinna eignarréttinda innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Fyrst við setningu landamerkjalaga með lögum nr. 5/1882, og síðar með lögum nr. 41/1919, hafi verið kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú, í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verði ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda séu byggðar á eignarheimildum sem eigi stoð í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komi landeigendum á óvart þar sem þeir hafi athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu auk þess sem landamerkjabréfi hafi verið þinglýst og við það miðað í lögskiptum t.a.m. við framsal eignarréttar.

Þegar haft sé í huga, að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni, styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telji að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð þjóðlendumála lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væri að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinna jarða, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum.

Landeigendur byggja einnig á því að eftir að ríkisvald hafi stofnast hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt innan lýstra merkja. Landeigendur telji ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigenda, þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu. Landeigendur minni á að heimildarskjölum hans og forvera hans fyrir jörðinni hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Landeigendur hafi þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðanna væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt þá í þeirri trú.

Þá byggi landeigendur þrautavarakröfu sína einnig á því að þeir og forverar þeirra hafi hefðað landið, enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Um lagarök er af hálfu eigenda vísað til meginreglna í eignarrétti og eignarnámsákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar, jafnræðisreglu hennar, málsmeðferðar- og sönnunarreglna samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki, laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingalaga nr. 39/1978, þjóðminjalaga nr. 52/1969, laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og rannsóknarreglu, laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim, þjóðlendulaga nr. 58/1998 og laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

6.2.2 Vaskárdalur, Almenningur og Bakkasel

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels er kröfum og málsástæðum íslenska ríkisins mótmælt.

Gagnaðilar ríkisins byggja á því að þeir hafi staðið í þeirra trú að málsmeðferð og úrskurður óbyggðanefndar og dómar sem hafi fallið í kjölfar fyrri úrskurðar hafi ráðið endanlega til lykta hvaða hlutar Almennings, Bakkasels og Vaskárdals teldust til eignarlanda og hvað þjóðlendna. Það sé í samræmi við ríkjandi réttarhugmyndir um að dómar dómstóla og úrskurðir stjórnvalda séu endanlegir, sé þeim ekki áfrýjað til æðra yfirvalds, sem bært sé að lögum til að fjalla um viðkomandi ákvörðun. Þetta sjónarmið byggi á hinni fornu meginreglu sem nefndist í rómarrétti, res judicata, eða bindandi réttaráhrif dóma og úrlausna yfirvalda og sé meginregla í íslenskum rétti. Það hafi enda verið megintilgangur laga nr. 58/1998 að eyða óvissu um eignarétt á landi. Það hafi átt að ráða endanlega til lykta hvað teldist eignarland og hvað þjóðlenda. Núverandi málsmeðferð stangist á við þetta og því beri að vísa kröfum íslenska ríkisins frá en verði það ekki gert beri að hafna þeim.

Í fyrra máli hjá óbyggðanefnd hafi íslenska ríkinu gefist kostur á að lýsa kröfum vegna landsvæðisins, sbr. 10. gr. laga um þjóðlendur nr. 58/1998. Ríkið hafi ekki lýst kröfum innan tilskilins og lögbundins frests vegna þessa landsvæðis og þar með sé allur réttur ríkisins til að gera kröfu um að landið teljist þjóðlenda fallinn niður vegna vanlýsingar. Það sé grundvallarregla íslensks réttar að sé kröfum ekki lýst innan tilskilins frests falli krafan niður vegna vanlýsingaráhrifa. Þetta endurspeglist víða í löggjöfinni, t.a.m. í lögum um gjaldþrotaskipti, lögum um skipti dánarbúa og lögum um einkahlutafélög og hlutafélög. Þetta fái einnig stuðning í reglum um fyrningu og tómlæti. Með meðferð þessa máls sé verið að gefa fjármálaráðherra kost á að gera kröfur vegna landsvæðis sem óbyggðanefnd hafi verið búin að fjalla um en slíkt stríði gegn sjónarmiðum um bann við afturvirkni laga, og því að borgararnir eigi ekki að þurfa að þola íþyngjandi ákvarðanir eftir á. Þetta eigi ekki síst við hvað varðar eignaskerðingar enda eignarétturinn sérstaklega varinn í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Það sé einnig meginregla að dómar verði ekki endurupteknir nema með dómi. Úrskurður óbyggðanefndar hafi fallið og dómar þar sem fjallað var um hann. Það liggi engir dómar fyrir um að endurupptaka megi málið. Því sé málsmeðferð þessi ólögmæt. Það myndi heldur enginn dómstóll fallast á að endurupptaka málin í ljósi ofangreindra meginreglna. Ofangreindum meginreglum sé ætlað að eyða réttaróvissu og stuðla að því að aðilar stjórnsýslu- og dómsmála viti hvar þeir standi og þurfi ekki að sæta síendurteknum kröfugerðum og málarekstri. Kröfugerð ríkisins stríði gegn öllum þessum meginreglum.

Byggt er á því að óbyggðanefnd hafi ekki gert neinar athugasemdir við kröfugerð fjármálaráðherra í máli nr. 3/2008. Kröfugerð fjármálaráðherra hafi ekki náð til þessa landsvæðis og í því hljóti að hafa falist sú afstaða að svæðið væri alls ekki þjóðlenda. Þá verði ekki séð, þótt óbyggðanefnd hefði gert athugasemd, hvernig það ætti að leiða

til þess að ríkið gæti gert kröfu að nýju og gert land að þjóðlendu í nýju máli. Fjármálaráðherra hafi einnig átt að vanda kröfugerð sína í fyrra máli, ekki síst þegar litið sé til þeirrar sérþekkingar sem ráðuneytið eigi og hljóti að búa yfir. Ríkið verði að bera hallann af öllum vafa hvað þetta varði en ekki gagnaðilar ríkisins, sem sé gert að þola skerðingu á eignum sínum og að missa eignarlönd sín sem þeir hafi í góðri trú talið sína eign. Þá sé 4. gr. laga nr. 34/2020 aukinheldur í andstöðu við meginreglur um bindandi réttaráhrif dóma og úrskurða, bann við afturvirkni laga og 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Byggt er á því að ekki verði séð að óbyggðanefnd hafi í úrskurði sínum í fyrra máli nr. 3/2008 vakið máls á að landsvæðið, sem hafi fallið utan kröfugerðar ríkisins, væri utan eignarlanda. Það sé ekki hlutverk óbyggðanefndar að gæta hagsmuna ríkisins eða sinna kröfugerð fyrir ríkið eða benda ríkinu á hvar það geti gert kröfu til að land teljist þjóðlenda og tekið eignir af borgurunum. Löggjöf sem segi annað stríði gegn meginreglum réttarfars og þeirri meginreglu að eignarétturinn sé friðhelgur.

Þá byggja gagnaðilar ríkisins á því að þeir hafi alltaf staðið í þeirri trú að landsvæðið væri þeirra eignarland og að þeir hefðu þar allar þær eignarheimildir á hendi sem fælist í beinum eignarrétti að landi. Þeir hafi afsöl fyrir jörðunum og svæðið hafa verið talið eignarland af þeim jafnt sem fyrri eigendum. Fjármálaráðherra f.h. ríkisins hafi ekki fært rök fyrir öðru eða að þetta sé þjóðlenda.

Heimildir fyrir búsetu á svæðinu séu ekki viðamiklar og eflaust hafi búseta verið þar stopul. Þrátt fyrir það geti landið engu að síður verið eignarland. Á svæðinu sé veiði fugla og einnig veiði í Öxnadalsá, efnistaka, slægjur, beit og landið verið nýtt sem eignarland. Svæðið sé nokkuð hátt yfir sjávarmáli og því megi ætla að búseta hafi verið mismikil eftir árferði og veðráttu á einstaka tímabilum en þess á milli hafi það í öllu falli verið nýtt til beitar, efnistöku, veiða o.fl. Það sé heldur ekkert sem segi að búseta sé nauðsynleg til að land teljist eignarland. Sá sem haldi því fram að svæðið sé ekki eignarland hljóti að bera sönnunarbyrðina fyrir því, ekki síst í ljósi þeirra afsalsgerninga sem gagnaðilar ríkisins hafi fyrir landinu. Svo sem þeir beri með sér hafi landið gengið kaupum og sölum og fólk greitt fyrir það enda talið það vera eignarland. Afsalsröð fyrir Vaskárdal sé óslitin frá 1841 og einnig liggi fyrir heimildarbréf vegna Almennings og Bakkasels svo sem rakið sé í úrskurði óbyggðanefndar nr. 3/2008.

Íslenska ríkið hafi sýnt af sér tómlæti með því að krefjast þess ekki í fyrra máli að landsvæðið yrði talið þjóðlenda og gera það fyrst nú. Hafi ríkið talið þetta vera þjóðlendu hefði það átt að gera þá kröfu í fyrra máli en þegar ljóst hafi verið að landsvæðið félli ekki innan kröfugerðar ríkisins hefði ríkið átt að bregðast við því þegar í kjölfar fyrri úrskurða óbyggðanefndar. Tómlæti ríkisins verki sterkar í þessu samhengi þar sem verið sé að skerða eignarrétt og kröfur ríkisins séu í andstöðu við röð afsala fyrir landsvæði milli aðila sem hafi staðið í þeirri trú að það sé eignarland. Einnig vísist í þessu sambandi til fyrri umfjöllunar um bindandi réttaráhrif dóma og úrskurða og áhrifa vanlýsingar.

Hvað varði varakröfu um að landið sé afréttarland vísist til sjónarmiða í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 og dóma sem hafa fallið í kjölfarið. Verði kröfum ríkisins ekki vísað frá og þeim hafnað, beri að úrskurða landsvæðið eignarland en til vara afréttarland.

Krafa um að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði styðst við 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

6.2.3 Hraunin/Eyvindarstaðaheiði

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Eyvindarstaðaheiðar er kröfulýsingu ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, og greinargerð, dags. 16. febrúar 2024, vegna norðurmarka Hraunanna mótmælt í heild sinni. Þjóðlendukröfu ríkisins sé hafnað og þess krafist að þar sé enga þjóðlendu að finna.

Kröfugerð ríkisins um að framangreint landsvæði sé þjóðlenda byggist á því að í niðurstöðum óbyggðanefndar í úrskurði nr. 5/2008 hafi óbyggðanefnd gert athugasemd við kröfugerð ríkisins í því máli um að ríkið hafi ekki gert þjóðlendukröfu til hins umþrætta landsvæðis. Sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda sé í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði sem íslenska ríkið sé bundið við. Íslenska ríkið hafi þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess að umrædd landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fari gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða sé ljóst að ríkið eigi engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hafi áður lagt fram kröfur sínar og fengið úrlausn óbyggðanefndar á hvar mörk þjóðlendunnar endi.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hafi verið dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr., hafi ekki tekið gildi fyrr en 19. maí 2020. Framangreindur úrskurður óbyggðanefndar hafi hins vegar verið kveðinn upp 19. júní 2009. Þágildandi ákvæði laganna hafi enga heimild veitt til þess að taka upp málið með þessum hætti. Bann við afturvirkni laga sé meginregla í íslenskum rétti og hafi það verið grundvallarsjónarmið, bæði í íslenskum og norrænum rétti, að réttarstaða manna ákvarðist af lögum eins og þau séu hverju sinni.

Eignarrétturinn á umþrættu landsvæði hafi því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðanefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á eftir úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 að svæðið milli þjóðlendunnar og eignarlanda hafi tilheyrt gagnaðilum ríkisins. Í ljósi ofanritaðs beri að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá sérstakri óbyggðanefnd.

Að því er varðar kröfur gagnaðila ríkisins um höfnun á þjóðlendukröfu þess er á því byggt að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti þeirra sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE). Í ljósi

kröfugerðar ríkisins telji gagnaðilar ríkisins að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjskr. sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að við mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis, sem eigi hlut á. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum, hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti og afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE í máli Papamichaloppulos gegn Grikklandi, dóms yfirdeildar MDE í máli Fyrrum Grikklandskonungs og fleiri gegn Grikklandi og dóms yfirdeildar MDE í máli Beyeler gegn Ítalíu.

Þá byggi gagnaðilar ríkisins einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær eru byggðar á sanngjörnu og réttlætanlegu trausti á réttargerning, sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE í máli Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn Írlandi, dóms MDE í máli Stretch gegn Bretlandi og dóms yfirdeildar MDE í máli Kopecký gegn Slóvakíu.

Á því er byggt að ágreiningssvæðið sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það. Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti, sbr. dóm Hæstaréttar í máli frá 1960, bls. 726 og dóm Hæstaréttar frá 1994, bls. 2228, sbr. og Mýrdalsdóma Hæstaréttar. Gagnaðilar ríkisins telji að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa

landsvæðis órökstudda, enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi. Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. Hrd. 748/2009 (Vatnsendi) og Hrd. 40/2011 (sameignarlandi Fagradals, Víðihóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum) að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi, sjá einnig nýlegan dóm Landsréttar í máli nr. 490/2020 (Ystutunguafrétt) og dóm Hrd. í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Ósannaðar séu röksemdir fjármálaráðherra þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota eða eignarréttur á því síðar glatast eða fallið niður. Svæðin hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Við setningu landamerkjalaganna nr. 5/1882 og síðan nr. 41/1919, hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnunum hverjum í sínu umdæmi borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag að landeigandi hafi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Gagnaðilar ríkisins vísi til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra í gegnum tíðina. Krafa þeirra byggi á *Landnámabók*, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrám og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varði Eyvindarstaðaheiði. Byggt er á því að svæðið, þ.e. Hraunin, sé hluti þess svæðis sem Bólstaðarhlíðarhreppur og Lýtingsstaðahreppur, ásamt Seyluhreppi, meðlimir Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar hafi keypt 1897, en landsvæðinu sé m.a. lýst á fundi dags. 1. júlí 1899. Einnig í reglugerð fyrir upprekstrarfélag Eyvindarstaðaafréttar sem sé ódagsett en líklega frá 1916. Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað sé til í málinu sé ljóst að allt land Eyvindarstaðaheiðar, sem teljist til

heimalanda, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóði á um, sé háð beinum eignarrétti.

Á þetta hafi íslenska ríkið fallist að hluta með því að gera ekki þjóðlendukröfu til svæðisins við meðferð málsins fyrir óbyggðanefnd, og sé ríkið bundið við þá málflutningsyfirlýsingu sína. Hún sé fullkomlega málefnaleg, enda sé það land sem hér sé deilt um fremur hluti af jörðum á svæðunum heldur en afréttinum. Vísað sé til þeirrar meginreglu eignarréttarins að inntak eignarréttar breytist ekki þó að land jarða sé lagt til afréttar. Byggt er á því að rétt sé að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Með vísan til lýsinga í *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi en ekki almenningur eða afrétt. Gagnaðilar ríkisins telji að allt land í Skagafirði hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur er af hálfu gagnaðila bent á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar sé komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geti allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hafi verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 og Hrd. 536/2006. Afréttarland hafi verið sú náttúruauðlind sem hafi verið skilyrði þess að byggð héldist á jörðum. Engin ástæða sé því til að ætla að eignarréttur hafi fallið niður.

Í þessu samhengi er af hálfu gagnaðila meðal annars vísað til svars Skagafjarðarsýslu, dags. 14. febrúar 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dags. 29. desember 1919, þar sem segi að ekki séu aðrir almenningar eða afréttarlönd í sýslunni „af þeim sem um var spurt, en hin svonefndu Nýjabæjaröræfi austan undir Hofsjökli“.

Á því er byggt að um sé að ræða land jarða frá öndverðu og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri eignarheimildir sé eignarland, sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Megi í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Hrd. 722/2009 (Hvammur /Hvammsheiði, Þistilfirði) og Hrd. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu) og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt). Vísað er til þess að þó heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm, hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Sjá m.a. Hrd. 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskupstungum), Hrd. 65/2012 (Reykjahlíð), Hrd. nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), Hrd. nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði) og Hrd. nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landsvæði styðji við þá niðurstöðu að það sé undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið að stórum hluta. Þar að auki sé svæðið aðliggjandi landsvæðum sem talin hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms.

Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar slíkar jarðeignir á svæðinu.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er því harðlega mótmælt að landfræðileg lega og gróðurfar svæðisins að öðru leyti og ágiskanir um nýtingu þess í gegnum árin út frá því, geti leitt til þess að svæðið teljist þjóðlenda líkt og ríkið virðist byggja á í kröfulýsingu sinni. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á að landsvæðið sé ekki frábrugðið fjölmörgum svæðum sem talin hafi verið til eignarlanda.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnist um slíkt. Þau fáu skrif sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða líkt og áður hafi verið rakið.

Í ljósi ofangreinds sé því haldið fram að land innan þinglýstra landamerkja sé allt eignarland, og styðjist það við ofangreindar eignarheimildir, en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Hefð megi rekja allt til rómaréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimila eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardómnum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé afréttareign. Sama má lesa út úr 3. gr. þjóðlendulaga i.f.

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur er afréttur eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Nú sé því alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðila. Af hálfu gagnaðila ríkisins er tekið fram að eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Í H.1997:2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H.1939:28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Í ljósi ofangreindra heimilda telji gagnaðilar ríkisins að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum þeirra sé fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar gagnaðila ríkisins njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að ofan greini hefur MDE túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1. MSE þannig að hún veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. STS. Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðilar ríkisins þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert, að umrætt landsvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð gagnaðila ríkisins byggi m.a. á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafi fyrir eignum sínum og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frá gengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur gagnaðilum ríkisins, og m.a. kosið að gera það ekki í kröfulýsingu sinni á svæði 7A, dags. 14. mars 2008. Gagnaðilar ríkisins hafi því haft réttmætar væntingar til þess að landið væri háð beinum eignarrétti**.** Þá sé jafnframt ljóst að rétturinn til að gera umrædda véfengingarkröfu sé löngu niður fallinn vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum gagnaðila verið þinglýst athugasemdalaust.

Gagnaðilar ríkisins leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignatilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekin sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómur-inn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sem byggi á almennum óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, sem lögfest hafi verið í 12 gr. ssl., beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi er taki til íþyngjandi ákvarðana. Landeigendur verði á þeim grundvelli ekki sviptir eignaréttindum sínum bótalaust, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála sbr. ákvæði VI.-XII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991. Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist (Hrd. 1961:629).

Gagnaðilar ríkisins telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörð sinni. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki í mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkomin eign þeirra. Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeigenda í vil ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fari ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar. Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands komist að í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. Hrd. 48/2004, þó rétturinn hafi talið að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Vísað sé sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig hafi verið litið til þess af Mannréttindadómstóli Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 MSE, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. MSE. En það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Gagnaðilar ríkisins hafi í ljósi eignarheimilda sinna, og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

Vakin sé athygli á því að um kröfugerð ríkisins gildi ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (ssl). Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. Vísað sé sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig hafi verið litið til þess af Mannréttindadómstóli Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 MSE, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. MSE. En það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttarins hafi

háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Gagnaðili ríkisins hafi í ljósi eignarheimilda sinna, og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á hann en aðra landeigendur á Íslandi.

Vakin sé athygli á því að um kröfugerð ríkisins gildi ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (ssl). Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. gr. ssl., beri ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls.

Um lagarök er vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. Einnig sé vísað til mannréttindasáttmála Evrópu einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá sé vísað til landamerkjalaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Vísað sé til venjuréttar og til almennra reglna samninga og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt sé vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega sé vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu.Vísað sé til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr. Þá sé vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt sé vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur, einkum 1., 5., 15., 17., 11. og 2. mgr. 12. gr. Þá sé vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda. Krafa um málskostnað byggi á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

6.2.4 Rugludalur og Steiná

Af hálfu eigenda Rugludals og Steinár er kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, mótmælt að því marki sem hún tekur til lands jarðanna og þess krafist að innan landamerkja jarðanna sé enga þjóðlendu að finna. Kröfugerð ríkisins til óbyggðanefndar um að framangreint landsvæði sé þjóðlenda byggist á því að í niðurstöðum óbyggðanefndar í úrskurði nr. 5/2008 hafi óbyggðanefnd gert athugasemd við kröfugerð ríkisins í því máli um að ríkið hafi ekki gert þjóðlendukröfu til hins umþrætta landsvæðis.

Af hálfu eigenda er byggt á því að sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda hafi í sjálfu sér verið viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið sé bundið við. Ríkið hafi þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fari gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9., 10. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða er á því byggt að ríkið eigi engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hafi áður lagt fram kröfur sínar og fengið úrlausn óbyggðanefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar endi. Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd nefndarinnar í úrskurði sínum, í framangreindu máli, um umþrætt landsvæði sem virðist vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins í máli þessu.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hafi verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. hafi ekki tekið gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðanefndar í fyrrgreindu máli hafi hins vegar verið kveðinn upp 19. júní 2009 en þágildandi ákvæði laganna hafi enga heimild veitt til þess að taka upp málið með þessum hætti. Bann við afturvirkni laga sé meginregla í íslenskum rétti og hafi það verið grundvallarsjónarmið að réttarstaða manna ákvarðist af lögum eins og þau séu hverju sinni.

Í ljósi ofangreinds og í krafti reglunnar *res judicata*, þ.e. um bindandi réttaráhrif dóma sem sé að finna í 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sé ljóst að ríkið eigi engar fleiri kröfur í þetta land, enda hafi ríkið þegar gengið á eftir og fengið úrlausn óbyggðanefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar endi. Eignarrétturinn á landsvæði gagnaðila ríkisins hafi því verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, ríki og nú óbyggðanefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á eftir úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 að svæðið milli þjóðlendunnar og eignarlanda hafi tilheyrt þeim umræddu jarðeignum sérstaklega þar sem landið hafi einnig verið afgirt í ríflega 50 ár. Í ljósi framangreinds beri að vísa þjóðlendukröfu ríkisins frá.

Af hálfu eigenda er byggt á því að eignaréttur landeigenda til umþrætts landsvæðis sé verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, sem sé lögfestur með lögum nr. 62/1994. Krafa landeigenda byggi á hefð, venju, réttmætum væntingum og skráðum eignarheimildum svo sem síðari afsölum sem þeir hafi fyrir eignum sínum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða.

Af hálfu eiganda Rugludals er byggt á því að eignarheimild hans fyrir fullkomnum eignarrétti sé afsalsbréf frá 30. maí 1914 frá ráðherra Íslands til Bólstaðarhlíðarhrepps og eftir það óslitin röð afsala til núverandi landeiganda. Land jarðarinnar hafi verið afgirt frá því árið 1971 eða í yfir 50 ár og hafi sú girðing verið nokkurn veginn á merkjum jarðarinnar.

Af hálfu eigenda Steinárjarðanna er tekið fram að land jarðanna hafi verið afgirt frá því árið 1971 eða í yfir 50 ár og hafi sú girðing verið nokkurn veginn á þeim stað þar sem þjóðlendumörk hafi verið ákveðin í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008. Sú afmörkun sé einnig í samræmi við landamerkjabréf fyrir Eyvindastaðarheiði sem útbúið hafi verið þann 28. september 1886. Það bréf sé yngra en landamerkjabréf fyrir Steiná sem sé frá 15. maí 1886 og gangi því framar eldra landamerkjabréfi sérstaklega þar sem síðar hafi verið komið upp varanlegum mannvirkjum (girðingu) án athugasemda frá eiganda aðliggjandi lands.

Fullur hefðartími sé liðinn frá því að land jarðanna hafi verið afgirt með fullu samkomulagi gagnvart forsvarsmönnum aðliggjandi landsvæðis sem þá hafi talið sig í það minnsta eigendur þess landsvæðis. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Eigendur hafi

farið með öll hefðbundin afnot, s.s. beit og veiði, og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi landeigenda. Samkvæmt ofangreindum heimildum hafi landeigendur óskoraðan eignarrétt fyrir þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Vísað er til þess af hálfu landeigenda að í ljósi eignarheimilda þeirra og þess að jarðirnar hafi athugasemdalaust gengið kaupum og sölum sem sérstakar jarðir hafi þeir réttmæta væntingu til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti þeirra, sem þeir verði ekki sviptir án bóta. Eignarhaldið sé því m.a. byggt á viðskiptavenju. Í þessu sambandi sé einnig ítrekað að gengið sé út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulega nr. 58/1998. Því sé haldið fram að landeigendur hafi fært fram nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Það sé því ríkisins að hrekja þá staðhæfingu landeigenda að landið sé háð fullkomnum eignarrétti.

Af hálfu landeigenda er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Það verði ekki gerð ríkari sönnunarkrafa á hendur landeigendum en til annarra landeigenda í landinu. Eigendur jarðanna hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð. Þessi eignarréttur verði ekki af þeim tekinn bótalaust enda hann varinn í stjórnarskrá Íslands og af mannréttindaákvæðum sem hafi lagagildi hér á landi.

Um kröfugerð ríkisins gildi ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (ssl). Skv. meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. gr. ssl., beri ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls. Það eigi ekki við hér ef ríkið geri þá kröfu að landeigendur leggi fram önnur og meiri gögn en þau hefðbundnu eignaskjöl sem þeir hafi þegar lagt fram. Það verði ekki lögð óhófleg sönnunarbyrði á landeigendur. Krafa um sönnun á landnámi og framsali eignarréttar til vorra daga sé sönnunarkrafa sem enginn landeigandi geti risið undir, og leiði því til bótalausrar eignaupptöku ef á hana sé fallist.

Af hálfu landeigenda er á því byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkrum sinnum getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, og m.a. kosið að gera það ekki í kröfulýsingu sinni á svæði 7A, dags. 14. mars 2008. Ljóst sé því að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum landeigenda verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Varðandi þrautavarakröfu landeiganda Rugludals er á því byggt að kröfulína íslenska ríkisins sé röng þar sem hún hafi ekki verið dregin í samræmi við landamerkjabréf og um alfaraveg þann er liggi fyrir austan Rugludal, norðan við Háuskriðu. Komist óbyggðanefnd að því að íslenska ríkið eigi land norðan þeirrar línu sem ákveðin hafi verið í fyrri úrskurði hafi landeigandi sett fram þá hugmynd að draga línuna að vestan frá austanverðu hliði þar sem ekið sé inn í Rugludalshólfið að sunnan og þaðan beina línu í vestari Tvíhólinn. Þar sem landeigendur hafi einir nýtt öll hlunnindi svo sem beit, veiði á fiskum og fuglum og önnur hefðbundin hlunnindi sé gert ráð fyrir því í kröfulýsingu og greinargerð að þeir verði einir úrskurðaðir eigendur þeirra takmörkuðu eignarréttinda innan svokallaðs Rugludalshólfs komi til þess að land norðan upphaflegrar kröfulínu íslenska ríkisins verði úrskurðað þjóðlenda.

Varðandi þrautavarakröfu landeigenda Steinárjarðanna er á því byggt að kröfulína íslenska ríkisins sé röng þar sem línan sé dregin í hæð langt inní landi Steinár sem heiti alls ekki Tvíhóll en línan ætti að vera dregin í austari Tvíhólinn og þann hærri. Kröfulína ríkisins frá þessari ónefndu hæð í Leirtjörnina sé svo til vesturs en ekki norðurs eins og hún sé fari hún frá Hanskafelli í austari hólinn. Þessi kröfulína ríkisins sé inni á eignarlandi Steinárjarðanna og passi engan veginn við næsta punkt sem sé þúfa austan við Sellandsborgir en sú þúfa liggi fast austan við Borgirnar. Þar sem landeigendur hafi einir nýtt öll hlunnindi svo sem beit, veiði á fiskum og fuglum og önnur hefðbundin hlunnindi sé gert ráð fyrir því í kröfulýsingu og greinargerð að þeir verði einir úrskurðaðir eigendur þeirra takmörkuðu eignarréttinda komi til þess að land norðan upphaflegrar kröfulínu íslenska ríkisins verði úrskurðað þjóðlenda.

Um lagarök er vísað til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr., landamerkjalaga nr. 41/1919 og laga um hefð. Þá er vísað til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr. og laga um afréttarmál og fjallskil nr. 6/1986. Þá er vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998, einkum 1., 5., 15. og 17. gr., einnig 11. gr. Þá er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka. Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

6.2.5 Hvammshlíð og Pokafell

Af hálfu landeigenda er á því byggt að vegna fyrri málsmeðferðar óbyggðanefndar og þess að íslenska ríkið hafi þá beinlínis fallið frá gerð þjóðlendukröfu í land sem hafi verið hluti Hvammshlíðar beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins, því slík krafa sé ósamræmanleg afstöðu ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu landsins, sbr. dómafordæmi Hæstaréttar, einkum Hrd. 617/2012 og Hrd. 94/2017.

Af hálfu landeiganda Pokafells er byggt á því að land jarðarinnar liggi innan lands sem hafi tilheyrt Hvammshlíð. Um nánari forsendur fyrir afmörkuninni og stöðu lands-

ins sem eignarlands sé því vísað til kröfulýsingar fyrir jörðina Hvammshlíð. Efnislega séu kaflar kröfulýsingar vegna jarðarinnar samhljóða kröfulýsingu um Hvammshlíð, ef frá er skilinn 3. kafli. Þar sem land Pokafells hafi verið hluti af landi Hvammshlíðar til ársins 2018 eigi öll sjónarmið um eignarréttarlega stöðu lands Hvammshlíðar við um Pokafell. Vegna allra atvika fyrir landskiptin 2018 sé því vísað til landsins alls sem Hvammshlíðar.

Í kröfulýsingum landeigenda Hvammshlíðar og Pokafells er greint frá því að í bréfi óbyggðanefndar, dags. 11. ágúst 2022, hafi komið fram sú afstaða að athugasemdir landeigenda um forsendur málsmeðferðar nefndarinnar væru efnisleg atriði sem kæmu til umfjöllunar í úrskurði. Af hálfu landeigenda er tekið fram að líta megi á hluta sjónarmiða lögmannanna sem efnisleg atriði. Hins vegar geti það ekki átt við um grunnskilyrði 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um hvort nefndinni hafi verið heimilt að hefja endurtekna málsmeðferð. Óbyggðanefnd hafi borið að gæta að því hvort til staðar væri raunveruleg athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins í fyrri úrskurði, til þess að heimila mætti fjármálaráðuneytinu að setja fram kröfur á nýjan leik. Mat nefndarinnar á því hvort hefja mætti aftur málsmeðferð geti með engu móti talist efnislegt atriði um eignarréttarlega stöðu lands. Það sé afstaða landeigenda að umfjöllun í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013 feli ekki í sér athugasemd við kröfugerð íslenska ríkisins sem heimili endurtekna málsmeðferð. Í úrskurðinum sé tekið djúpt í árina um land Hvammshlíðar og Pokafells geti talist þjóðlenda. Engu að síður hafi óbyggðanefnd í úrskurði sínum vísað til þess fyrr að óumdeilt væri að land Hvammshlíðar væri eignarland.

Forsendur fyrir umfjöllun óbyggðanefndar um að Hvammshlíð geti talist þjóðlenda séu rangar og byggi á ófullkominni rannsókn og greiningu málsins. Þá sé umfjöllunin í ósamræmi við það valdsvið sem nefndin hafi að lögum. Það sé verulegur ágalli á rannsókn óbyggðanefndar að þar sé lítil sem engin umfjöllun um jörðina Þverá í Norðurárdal. Gagnaöflun um jörðina sé óveruleg. Í ljósi tengsla Hvammshlíðar við Þverá hafi engar forsendur verið fyrir umfjölluninni. Þá hafi umfjöllun óbyggðanefndar verið í ósamræmi við valdsvið nefndarinnar, enda hafi íslenska ríkið beinlínis fallið frá þjóðlendukröfu í land Hvammshlíðar og byggt á því að Hvammshlíð væri óumdeilanlega eignarland. Engar lagalegar forsendur hafi verið fyrir nefndina að setja athugasemdina fram og virða að vettugi forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum og málsforræði fyrir nefndinni. Slík lögleysa hafi ekki getað haft réttáhrif, þrátt fyrir gildistöku laga 34/2020. Í ljósi þessa sé gerð krafa um að óbyggðanefnd nýti valdheimildir sínar til að afturkalla ákvörðun um að heimila endurtekna málsmeðferð á svæði sem taki til svæðis norðan Skrapatunguafréttar. Vísað sé til almennra meginreglna stjórnvalda til að afturkalla ákvarðanir og 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Af hálfu landeigenda er fjallað um grundvallaratriði þjóðlendulaga, hlutverk óbyggðanefndar og breytingalög nr. 34/2020 og vakin athygli á því að ákvörðun um að nefndin taki fyrir landsvæði, sem 8. og 9. gr. þjóðlendulaga vísi til, sé sérstök ákvörðun

um hvaða svæði sé til málsmeðferðar hverju sinni. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. varði áskorun um að setja fram kröfulýsingar á því afmarkaða svæði sem kröfulýsingar ríkisins nái til. Með því sé ekki takmarkað að kröfulýsingar um eignarlönd séu víðtækari, enda sé það í fullu samræmi við 9. gr. laganna. Ljóst sé að kröfulýsingar til svæða út fyrir kröfulýsingu ríkisins hafi alltaf tíðkast, þ.m.t. hafi ríkið sett fram slíkar kröfulýsingar. Þar sé jafnan um að ræða kröfulýsingar um beinan eignarrétt tiltekinna jarða samkvæmt landamerkjum þeirra í heild.

Þá er byggt á því að umfjöllun frumvarps að breytingarlögunum um að til staðar sé óvissa um eignarréttarlega stöðu lands á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hafi þegar úrskurðað um, standist ekki. Í raun hafi engin tilvik komið fram um að óvissa hafi verið til staðar, þvert á móti hafi eignarréttarleg staða á svæðum eftir umfjöllun nefndarinnar ekki leitt til neinna dæma um ágreining.

Þá er af hálfu landeigenda fjallað nánar um forræði íslenska ríkisins yfir þjóðlendum, þ.e. annars vegar beint eignarhald ríkis á þjóðlendum og yfirráð slíkra svæða, en hins vegar forræði yfir ótilgreindum þjóðlendum og ágreiningi um afmörkun þjóðlendna. Á grundvelli 2. mgr. þjóðlendulaga hafi athafnir ríkisins eftir gildistöku laganna haft beina og sérstaka þýðingu um hvort unnt verði að líta á svæði sem þjóðlendur. Byggt er á því að af Hrd. 617/2012 og Hrd. 94/2017 leiði að ríkið hafi frá gildistöku laganna haft forræði yfir því að lýsa því yfir að tiltekin svæði teljist ekki þjóðlenda, heldur háð beinum eignarrétti. Slík viðurkenning þurfi ekki að hafa átt sér stað með beinum orðum heldur með aðgerðum ríkisins sem feli í sér óbeina viðurkenningu sem sé fyrirvaralaus afstaða um að tiltekið svæði teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þessi valdheimild ríkisins verði skýrð með tilvísun til 2. gr. þjóðlendulaga, en hún birtist einnig með skýrum hætti í reglum um málsforræði ríkisins við málsmeðferð nefndarinnar. Þá er vísað til umfjöllunar um málsforræði ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar í Hrd. 367/2005 og 571/2006. Byggt er á því að málsforræði ríkisins varðandi eignarréttarlega stöðu lands geti bæði komið fram í almennum athöfnum sem teljist viðurkenning á eignarrétti og beinni ráðstöfun sakarefnis fyrir nefndinni. Eðli máls samkvæmt sé ótalin forsenda málsforræðis, að yfirlýsingar ríkisins séu kynntar eða beinist að tilteknum aðila (landeiganda) sem hagsmuni eigi að gæta. Þannig geti raunveruleg endurupptaka þjóðlendumála aðeins verið framkvæmanleg þar sem hvorki ríkið né tiltekinn landeigandi hafi gert kröfur til lands við almenna málsmeðferð þjóðlendumála.

Af hálfu landeigenda er byggt á því að ríkið hafi ráðstafað sakarefni málsins með fyrri kröfulýsingu. Kröfulýsingakort í máli nr. 1/2013 hafi sýnt heildarkröfur, ekki einungis þær kröfulýsingar sem hafi hafi fallið innan þjóðlendukröfulýsingar ríkisins, og hafi þessum kröfulýsingum ekki verið vísað frá nefndinni. Ekki fáist staðist að líta svo á að ekki hafi verið fjallað um kröfulýsingar landeigenda í heild með úrskurði óbyggðanefndar í málinu. Í því fælist að litið væri fram hjá ákvæðum þjóðlendulaga og að starf nefndarinnar væri einstefna um að brigða landi í þágu ríkisins án tillits til skyldu ríkisins að gæta að friðhelgi eignarréttar. Fyrri málsmeðferð og viðurkenning íslenska

ríkisins um ágreiningsefnið verði ekki ógilt, svo samræmst geti 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í umfjöllun um réttaráhrif úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013 er vísað til úrskurðarorðs þar sem fallist hafi verið á þjóðlendukröfu ríkisins en réttaráhrif úrskurðarins ráðist af efni þeirra kröfulýsinga sem hafi komið fram og hafi verið til umfjöllunar, þ.e. kveðið á um mörk þjóðlendu og eignarlanda. Úrskurður nefndarinnar vegna bæði Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða hafi verið borinn undir dómstóla, sbr. Lrd. 63/2019 og Héraðsdóm Norðurlands vestra í máli nr. E-24/2015. Kröfur ríkisins fyrir dómi hafi falið í sér að staðfesta ætti úrskurðinn en ef ríkið hefði talið að ekki hefði verið fjallað um þjóðlendumörk með réttum hætti, hefði það þurft að krefjast ógildingar úrskurðarins og endurupptöku málsmeðferðar fyrir nefndinni. Res judicata áhrif og sú réttarstaða að úrskurðurinn hafi falið í sér niðurstöðu um mörk þjóðlendu og eignarlands leiði til þess að ekki verði gerð krafa um þjóðlendusvæði norðan þjóðlendulínu og inn í land Hvammshlíðar. Þótt eigandi Hvammshlíðar hafi ekki verið aðili ofangreindra dómsmála þá sé íslenska ríkið bundið af framangreindum dómum, enda til umfjöllunar úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013 þar sem ríkið hafi byggt á því að mörk Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða væru jafnframt mörk eignarlands og Hvammshlíðar.

Þá er byggt á því að ákvæði 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, feli í sér inngrip löggjafans í málefni sem hafi verið falin dómstólum til úrlausnar. Vísað er til 19. gr. þjóðlendulaga um nauðsyn málskots til dómstóla. Þá hafi úrskurðir óbyggðanefndar vegna tiltekinna svæða verið bornir undir dómstóla. Löggjöfin geti því verið í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrár, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Dómar Hæstaréttar um málsforræði íslenska ríkisins í þjóðlendumálum og viðurkenningu íslenska ríkisins á beinum eignarrétti yfir landi eftir gildistöku þjóðlendulaga feli í sér að þar sem kröfulýsingar um þjóðlendu og kröfulýsingar um eignarrétt á landi mætist eða skarist, hafi mörkin verið sett endanlega niður. Breytingarlög nr. 34/2020 hafi í raun þau áhrif að fella úr gildi hlutverk dómstóla varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar að gildandi rétti og með því sé jafnframt raskað eignarréttarlegum hagsmunum.

Af hálfu landeigenda er byggt á því að meðferð málsins sé í ósamræmi við meginreglur um friðhelgi eignarréttar. Dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum hafi á sínum tíma verið bornir upp við Mannréttindadómstól Evrópu. Sýnt sé að málsmeðferð á grundvelli 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. breytingarlög nr. 34/2020, standist illa sömu skoðun. Í frumvarpi að lögum nr. 34/2020 hafi því verið lýst yfir fyrirfram, eða vægast sagt gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi eiganda Hvammshlíðar. Þar hafi verið um að ræða eignarréttindi sem beinlínis hafi verið tiltekið að væru háð beinum eignarrétti Hvammshlíðar í kröfulýsingu ríkisins á árinu 2012 og felist jafnframt í þeim dómsniðurstöðum sem komið hafi fram um málsforræði íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd og viðurkenningu ríkisins með athöfnum sínum eftir gildistöku þjóðlendulaga. Með þessu verði í raun brugðið útfrá þeirri al-

mennu reglu sem málsforræði sé að íslenskum lögum. Í því felist í raun frávik frá almennum reglum sem hafi leitt til þess að Mannréttindadómstólinn tæki málið til sérstakrar skoðunar.

Af hálfu landeigenda er byggt á því að land Hvammshlíðar, eins og kröfulýsing greini og gögn beri með sér, hafi verið hluti af jörðinni Þverá. Með vísan til almennra niðurstaða óbyggðanefndar leiði slíkt til þeirra ályktana að landið teljist eignarland.

Tengsl lands við Höskuldsstaði verði að skoða í ljósi eignarhalds Höskuldsstaða á Þverá allt frá 14. öld. Land Þverár hafi verið í umráðum presta á Höskuldsstöðum og hluti þess tekinn til afnota í þágu búskapar á Höskuldsstöðum og síðar fært í varanlegan og lögformlegan búning. Þannig hafi verið stofnað til réttar Höskuldsstaða til selstöðu í hluta lands Þverár og vísað til þess svæðis sem Hvammshlíðar. Þessa réttar sé fyrst getið í jarðabók 1708. Ekki hafi verið unnt að stofna til réttar til selstöðu nema með heimild þess sem hafi farið með eignarráð á landi, enda óheimilt að nýta almenninga til selstöðu.

Landeigendur telji einsýnt að land sem kröfulýsing þeirra taki til sé eignarland, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 og því beri að fallast á kröfu þar um. Í kröfulýsingu ríkisins komi fá efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar. Lýsingar allra skjala sem fyrir liggi beri að sama brunni að um eignarland sé að ræða. Heimildirnar séu til þar sem svæðið hafi verið hluti kirkjujarðar sem Höskuldsstaðaprestar hafi hafið nýtingu á og stofnuð svo til lögformlegrar nýtingar, í formi selstöðu eða með byggingarbréfum, þar til eignin hafi orðið sjálfstæð fasteign. Í þessari sögu endurspeglist í raun heildstætt skipulag jarða frá fornu fari, þar sem merki miðist jafnan við vatnaskil eða glögg kennileiti. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hafi komið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Ekkert bendi til að landsvæði sem hefur verið nefnt Höskuldsstaðaafrétt, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land, enda virðist það orðlag hafa verið notað fyrst á 19. öld. Þá liggi ekki fyrir að svæðið hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttur. Réttarreglur Grágásar um afrétti hafi átt við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt sé að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogi geri í ritgerðinni *Almenningar og afréttir*, að afréttur sé beitarréttur, en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hafi óbyggðanefnd hafnað.

Afréttur vísi fyrst og fremst til þeirra nota að unnt hafi verið að halda fé frá byggðasvæði. Það hafi verið sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka hafi þurft lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkist því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir. Heitið Höskuldsstaðaafrétt vísi til slíkra nota og aðstæðna. Augljóslega séu heimildir um víðtækari not á svæðinu en venjuleg beitarnot í ljósi byggðasögu svæðisins. Allt land Hvammshlíðar sé nú hluti lögbýlisins Hvammshlíð,

en þjóðlendukrafan nái m.a. til svæðis þar sem íbúðarhús jarðarinnar standi. Landamerkjalýsingar fyrir Hvammshlíð falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildarskjöl og upplýsingar um landamerki á svæðinu. Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendi allt til þess að landið hafi verið numið.

Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verði talin styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda sé það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir séu um víðtækari nýtingu af svæðinu en beitarafnot. Byggt er á því af hálfu landeigenda að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land sé þegar sýnt hafi verið fram á að landið sé innan merkja jarðar. Undir þetta álit hafi verið tekið af óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Landeigendur telji ljóst að land jarðarinnar eins og því sé lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæli því að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er vísað til 2. og 3. kap. Landabrigðisþáttar Grágásar og 6. kap. Landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja en undanþágur hafi verið frá merkjagöngu þar sem séu fjöll þau er vatnföll deilist á millum héraða. Sýni það vel hugmyndir og endurspegli stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga með lögum nr. 5/1882, og síðar með lögum nr. 41/1919, hafi verið kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú, í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verði ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda séu byggðar á eignarheimildum sem grundvallist á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komi landeigendum því á óvart þar sem þeir hafi athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu. Samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telji að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda njóti verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafi í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðanna sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi aðgerðir ríkisins fram að kröfulýsingu ríkisins aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Málsmeðferð þjóðlendumála lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði

á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væri að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinna jarða, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Landamerkjabréf séu oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Um lagarök er af hálfu eigenda vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998, meginreglna í eignarrétti og eignarnámsákvæðis 72. gr. hennar, jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, meginreglna um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki, laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingalaga nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglu, jafnræðisreglu og rannsóknarreglu, laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

6.2.5.1 Hvammshlíð

Af hálfu eiganda Hvammshlíðar er tekið fram að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu byggi á landamerkjalýsingu í afsalsbréfi Jóns Pálssonar prests að Höskuldsstöðum frá 15. júní 1897 og landamerkjabréfi, dags. 22. júní 1923, sem Vindhælishreppur og Engilhlíðarhreppur hafi gert, sem þá hafi verið eigendur Hvammshlíðar og Illugastaðaparts. Jafnframt hvíli afmörkunin á landamerkjalýsingum aðliggjandi jarða. Lýsingarnar frá 1923 og 1897 falli saman, nema á kafla þar sem merkjum sé lýst nokkuð sunnar gagnvart Fannlaugarstöðum. Nöfn kennileita séu ekki alltaf þau sömu. Í lýsingunni frá 1923 sé vísað til vörðu á þúfu á hæsta og vestasta hól Hrossaskálarbrúnar, í stað Járnhryggjarhöfuðs. Hrossaskálarbrún sé í raun hluti Járnhryggjarhöfuðs og því um sömu merki að ræða, en síðari lýsingin fyllri. Við samanburð lýsinganna sé ljóst að Sjónarhólarnir séu tveir, en vestari Sjónarhóll sé einnig nefndur Fífugilshóll. Hóllinn liggi rétt neðan Fífugils og í ljósi niðurstöðukafla úrskurðar óbyggðanefndar um þýðingu lýsingarinnar frá 1923, felist vísun til þessa í úrskurðarorði.

Fífugilshóllinn (Vestari Sjónarhóllinn) sé ekki hornmarkið sem lýsingarnar vísi til, heldur sé það í raun svæðið við Austari Sjónarhóllinn sem liggi aðeins niður með upptökum Ambáttarár sem renni að Laxá. Í lýsingunni frá 1897 sé beinlínis vísað til þess Sjónarhóls, en í lýsingunni frá 1923 sé í raun vísað lækjarins sem merkja á móts við sérstakan melhól nokkuð austar en austari Sjónarhóll. Hluti skjals 11–25 fyrir óbyggðanefnd sé hnitsetning á lýsingunni frá 1923. Þar séu hnit 1–6, samsvarandi hnitum 9–4 í kröfulýsingu. Þetta séu sömu merki en þó nákvæmari en samkvæmt úrskurðarorði óbyggðanefndar. Úrskurðarorð Fannlaugarstaða og Skrapatunguafréttar vísi til þjóðlendumarka um Ambáttarrá (frá Laxá) að Fífugili og þaðan að sé farið í Mjóadalsá við Gálgagil (þ.e. þar sem áin renni í Hvammshlíðará/Norðurá). Heitið

Norðurá í lýsingunum eigi við upp að því þar sem Bárðardalsá og Mjóadalsá komi saman og e.t.v. alla leið að því sem Bárðardals á og Ambáttarlækur komi saman. Nú sé talað um Norðurá sem Hvammshlíðará, ofan við það þar sem Þverá renni í Norðurá, en þó ekki lengra en þangað sem Mjóadalsá renni í ána. Þangað renni Bárðardalsá, en heitið breytist ekki eftir að Ambáttarlækurinn renni í hana. Vatnsfallið sem renni austur úr Ambáttardal og niður í Laxá sé nú nefnt Ambáttará, en áður fyrr Ambáttarlækur. Núverandi Ambáttarlækur, sem renni í Bárðardalsá hafi áður fyrr heitið Ambáttará. Misræmi í lýsingunum felist í því að afsalið frá 1897 vísi til þess að í framhaldi af línu í Sjónarhól séu mörk dregin í garð sem liggi fram eftir mýrum norður frá Fannlaugarstöðum. Garðurinn ráði svo allt suður til móts við þúfur þær sem séu á Fannstóðsfjallbrúninni sín hvoru megin Fífugils. Svo í stein austan til í Hlíðarhorni og í Bárðardalsá. Lega umrædds garðs sé ekki þekkt og heldur ekki umrædds steins.

Af hálfu landeiganda er á því byggt að staðfesting sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 5. janúar 2021, um leyfi landeiganda til að stofna lögbýli á 630 ha landi á jörðinni Hvammshlíð, feli í sér að þjóðlendukrafa ríkisins sé með öllu ósamræmanleg þeirri viðurkenningu á stöðu landsins sem eignarlands sem felist í ákvörðuninni. Lögbýli hefði ekki verið stofnað á landinu nema á grundvelli þess að umsókn um lögbýlisstofnun vísað til eignarlands, sbr. skilgreiningu 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004 á hugtakinu lögbýli. Lögbýlisstofnunin hafi vísað til stærðar Hvammshlíðar og ljóst að uppdráttur af Hvammshlíð hafi verið dregin að mörkum þjóðlendu á svæðinu. Vísað sé til þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sé hliðsett stjórnvald gagnvart fjármálaráðuneytinu, sbr. umfjöllun í dómi Hrd. 94/2017. Jafnframt er vísað til þess að staðfesting atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 6. júlí 2018, þegar stofnað hafi verið til fasteignarinnar Pokafells úr landi Hvammshliðar, hafi falið í sér viðurkenningu á því að því að land Hvammshlíðar, sem Pokafell hafi verið stofnað úr, sé háð beinum eignarrétti. Í ljósi þessa beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins.

6.2.5.2 Pokafell

Af hálfu eiganda Pokafells er tekið fram að afmörkun lands í kröfulýsingu hvíli á landskiptagerð sem staðfest hafi verið af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 6. júlí 2018, og hvíli á uppdrætti, dags. 8. ágúst 2017 sem unnin hafi verið af Stoð Verkfræðiþjónustu. Með landskiptagerðinni hafi þáverandi og núverandi eigandi Hvammshlíðar stofnað sérstaka fasteign úr landi jarðarinnar Hvammshlíðar. Fasteigninni hafi síðar verið afsalað til núverandi eiganda Pokafells. Land Pokafells sé hluti lands Hvammshlíðar sem liggi norðan Þverárfjallsvegar og fylgi landamerkjalínu Hvammshlíðar og Þverár að vestan upp á há Pokafell. Að austan hafi Pokafell verið afmarkað með línu að Þverárfjallsvegi.

Af hálfu landeiganda er á því byggt að staðfesting atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á landskiptum, dags. 6. júlí 2018, feli í sér að þjóðlendukrafa ríkisins sé með öll ósamræmanleg þeirri viðurkenningu á stöðu landsins sem eignarlands sem hafi

falist í ákvörðuninni. Landskipti hefðu ekki verið staðfest nema á þeim grundvelli að verið væri að fjalla um stöðu landsins sem eignarlands. Vísað er til þess að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sé hliðsett stjórnvald gagnvart fjármálaráðuneytinu, sbr. umfjöllun í dómi Hrd. 94/2017. Sá dómur hafi fullt fordæmisgildi um stöðu landsins sem eignarlands. Í ljósi þessa beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins.

6.2.6 Kornsártungur

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Kornsártungna er kröfugerð ríkisins, dags. 14. nóvember 2022, og röksemdum sem koma fram í greinargerð ríkisins, dags. 26. janúar 2024, mótmælt að því marki sem þær varða Kornsártungur. Kröfusvæði ríkisins á milli Kornsár og Kreppukvíslar liggi að þjóðlendunni Kornsártungum eins og henni sé lýst í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013. Viðbótarþjóðlendukröfum ríkisins á þessu svæði sé hafnað og þess krafist að innan þeirra landamerkja sem ríkið tilgreini í hinni nýju kröfugerð sé enga þjóðlendu að finna.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er byggt á því að sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda sé í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, sem íslenska ríkið sé bundið við. Ríkið hafi þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fari gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9. gr., 10. gr. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til *res judicata* sjónarmiða sé ljóst að ríkið eigi engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hafi áður lagt fram kröfur sínar og fengið úrlausn óbyggðanefndar á því hvar mörk þjóðlendunnar endi. Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd nefndarinnar í úrskurði sínum, í framangreindu máli, um umþrætt landsvæði sem virðist vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins í máli þessu.

Byggt er á því að lög nr. 58/1998 veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hafi verið í dæmt. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr. hafi ekki tekið gildi fyrr en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðanefndar í fyrrgreindu máli hafi hins vegar verið kveðinn upp 19. desember 2014 en þágildandi ákvæði laganna hafi enga heimild veitt til þess að taka upp málið með þessum hætti. Bann við afturvirkni laga sé meginregla í íslenskum rétti og hafi það verið grundvallarsjónarmið að réttarstaða manna ákvarðist af lögum eins og þau séu hverju sinni.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er byggt á því að eignaréttur gagnaðila ríkisins til umþrætts landsvæðis sé verndaður í 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, sem sé lögfestur með lögum nr. 62/1994. Á því er byggt að landsvæðið, sem hér sé deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Kröfur gagnaðila ríkisins byggi á landamerkjabréfum, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrám og fleiri þeim skjölum er varði Kornsártungur, en um sé að ræða hluta þess svæðis sem áður tilheyrði jörðunum Haukagili og Kornsá og sé norðan við þjóðlenduhluta Kornsártungna. Samkvæmt þeim eignarheimildum sem taldar séu í kröfulýsingum og öðrum þeim gögnum sem vísað sé til í málinu sé ljóst að svæðið á milli Kornsár og Kleppukvíslar teldist til heimalanda enda sé því lýst sem eignarlandi bæði í landamerkjabréfi fyrir jörðina Haukagil frá 29. júlí 1890 og í landamerkjabréfi Kornsár frá 25. maí 1891. Landið sé umlukið heimalöndum nema þar sem það liggi að suðurhluta Korsártungna í suðvestri. Eignarland Haukagilsheiðar liggi að landinu í austri og síðan langt inn til landsins sunnan við Korsártungulandið. Þá er vísað til þess að við vettvangsgöngu óbyggðanefndar hafi sést að landið sé flatlent og samfellt. Landinu svipi því til lands Haukagils mun frekar en landsins vestan megin. Það sé rangt sem komi fram í greinargerð ríkisins og í úrskurði óbyggðanefndar í málinu nr. 2/2013, að ekkert bendi til þess að önnur sjónarmið geti átt við um þann hluta Kornsártungna sem eftir stæði, en um þann hluta Kornsártungna sem úrskurðaður hafi verið þjóðlenda. Þvert á móti liggi sá hluti Kornsártungna sem nú sé til umfjöllunar norðar, hann sé umlukinn heimalöndum og sé talinn til heimalanda í landamerkjabréfum, Kornsár og Haukagils.

Ríkið sé bundið við að hafa ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins við meðferð málsins fyrir óbyggðanefnd en það land sem hér sé deilt um sé fremur hluti af jörðum á svæðinu heldur en afréttinum. Sé vísað til þeirrar meginreglu eignarréttarins að inntak eignarréttar breytist ekki þó land jarða sé lagt til afréttar. Samkvæmt framangreindu hafi gagnaðilar óskoraðan eignarrétt fyrir þessu landi með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Gagnaðili ríkisins hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar.

Að því er varði eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur er bent á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar sé komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geti allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hafi verið, sbr. m.a. Hrd. 448/2006 og Hrd. 536/2006. Afréttarland hafi verið sú náttúruauðlind sem hafi verið skilyrði þess að byggð hafi haldist á jörðum. Engin ástæða sé því til að ætla að eignarréttur hafi fallið niður.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er vísað til fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember 1919 um almenninga og afréttarlönd. Bogi Brynjólfsson sýslumaður hafi svarað með bréfi frá 28. apríl 1920 og sagði ekkert slíkt svæði að finna nema Almenning í Skagaheiði.

Á því er jafnframt byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Ríkisvaldið hafi nokkrum sinnum getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur gagnaðila ríkisins, og m.a. kosið að gera það ekki í kröfulýsingu sinni á svæði 8A, dags. 2. júlí

2012. Ljóst sé því að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis og hafi öllum heimildaskjölum gagnaðila ríkisins verið þinglýst athugasemdalaust. Þá er á því byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið beri því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land gagnaðila ríkisins sé ekki fullkominn eign þeirra.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila ríkisins vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur, laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 116. gr. Þá er krafa um málskostnað byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr., jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar auk reglna um hefð.

7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

7.1 Inngangur

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirliggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir almennum álitaefnum um stjórnskipulegt gildi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, lagagrundvöll málsmeðferðarinnar að öðru leyti og um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins. Þá verður fjallað um landnám á þeim svæðum sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu landsvæðanna. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

7.2 Almenn atriði

7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við umfjöllunina og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Þegar úrskurðir í málum á svæði 7A voru kveðnir upp hafði verið bætt við *Almennu niðurstöðurnar* nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6 en í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem fylgdu úrskurðum á svæðum 7B, 8A, 8B, 10A og 10B höfðu með sama hætti verið uppfærðar með umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Þegar úrskurðað var um svæði 9A, 9B og 10C þótti hins vegar ekki þörf á að uppfæra þær að nýju með efni úr úrskurðum á svæðunum á undan. Nú hafa *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* að nýju verið uppfærðar með efni úr úrskurðum á svæði 10B um nýgengna dóma og álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla.[454]

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 7.4 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum á svæði 10B, þ.e. í Ísafjarðarsýslum, voru kveðnir

[454] Úrskurðir á svæði 10B voru kveðnir upp á eftir úrskurðum á svæði 10C og eru því þeir úrskurðir sem óbyggðanefnd kvað upp næst á undan þessum.

upp 30. ágúst 2023. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem áður fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Frá sama tíma hefur Landsréttur kveðið upp sex dóma í þjóðlendumálum.

Um er að ræða fjóra dóma frá 7. júní 2024 í málum nr. 430/2022 (Hamraendar), 431/2022 (Stóru-Hnausar), 432/2022 (Miðvellir) og 433/2022 (Hellnar), sem vörðuðu úrskurð óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans), og tvo dóma frá 10. október 2024 í málum nr. 40/2023 (Stóra-Vatnshornsmúli) og 41/2023 (Jörfaafréttur), sem vörðuðu úrskurð óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016 (Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár). Óskað hefur verið leyfis Hæstaréttar til að áfrýja dómunum fjórum sem kveðnir voru upp 7. júní 2024 en afstaða Hæstaréttar til beiðnanna liggur ekki fyrir. Þá liggur ekki fyrir hvort óskað verður leyfis Hæstaréttar til að áfrýja dómunum frá 10. október 2024.

Þar sem ekki er ljóst hvort þessi mál fá efnislega meðferð fyrir Hæstarétti verður ekki fjallað nánar um þau hér að sinni.

7.2.3 Almenn álitaefni um stjórnskipulegt gildi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á því að málsmeðferð á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 brjóti gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvalds og 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Á þessum grundvelli er þess krafist að óbyggðanefnd vísi kröfum ríkisins um þjóðlendur frá nefndinni. Þar sem flestir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar.

Með 4. gr. laga nr. 34/2020 um breytingu á lögum nr. 58/1998 bættist ný 7. mgr. 10. gr. við síðarnefndu lögin. Samkvæmt 1. málsl. hennar er óbyggðanefnd heimilt að taka til meðferðar svæði, þ.e. landshluta, sem áður hafa sætt meðferð hennar, ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 34/2020 kemur fram að við útfærslu ákvæða sem heimila óbyggðanefnd að fjalla aftur um landshluta þar sem málsmeðferð er lokið hafi verið gætt að ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð og vernd eignarréttar. Samkvæmt því liggur fyrir mat löggjafans um að 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga samræmist stjórnarskrá að þessu leyti.

Í því sambandi er þess einnig að gæta að skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga fer um málsmeðferð á grundvelli ákvæðisins eftir málsmeðferðarreglum þjóðlendulaga. Mál sem rekin eru á þessum grundvelli fá því sömu málsmeðferð og önnur mál sem óbyggðanefnd hefur haft til úrlausnar. Sú málsmeðferð hefur verið talin standast ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, líkt og fjallað hefur verið um í

fjölda dóma Hæstaréttar[455] og jafnframt í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorláks Arnar Bergssonar o.fl. gegn Íslandi, nr. 46461/06. Í síðastnefnda málinu gat Mannréttindadómstóll Evrópu þess m.a. — til stuðnings því að málsmeðferðin bryti ekki gegn ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu — að í þjóðlendulögum væri því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila og jafnframt að með lögunum væri ekki verið að færa land í einkaeign í hendur ríkisins. Hið sama á við um málsmeðferð skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laganna. Með ákvæðinu er því ekki lýst yfir eða gefið í skyn að íslenska ríkið njóti eignarréttar sem skert geti eignarréttindi einkaaðila og ætlunin er eftir sem áður ekki sú að land í einkaeign færist í hendur ríkisins. Þvert á móti er óbyggðanefnd falið að leysa úr eignarréttarlegri stöðu þeirra landsvæða sem til umfjöllunar eru með sama hætti og í öðrum málum sem nefndin hefur haft til meðferðar. Við meðferð málanna hafa gagnaðilar íslenska ríkisins öll sömu tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og í öðrum málum fyrir óbyggðanefnd. Að mati nefndarinnar er því ekki tilefni til að telja að málsmeðferð á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi eignarréttar.

Athugasemdir gagnaðila ríkisins sem varða 2. gr. stjórnarskrárinnar byggjast á því að öll kröfusvæði ríkisins í málum nr. 1–5/2023 eru aðliggjandi svæðum sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað þjóðlendur og dómstólar hafa í flestum tilvikum tekið afstöðu til þeirra. Í öllum þeim tilvikum þar sem dómstólar hafa tekið afstöðu til úrskurða óbyggðanefndar um svæði aðliggjandi kröfusvæðum ríkisins í málum nr. 1–5/2023 voru niðurstöður óbyggðanefndar um þjóðlendur staðfestar.[456] Byggt er á því af hálfu gagnaðila ríkisins að í niðurstöðum dómstóla um að staðfesta úrskurði óbyggðanefndar um þjóðlendumörk hafi jafnframt falist bindandi úrlausn um að landsvæði utan þjóðlendumarka samkvæmt úrskurðunum væru eignarlönd. Með því að heimila nefndinni nú að taka svæði til meðferðar sem liggja að umræddum þjóðlendumörkum sé farið á svig við 2. gr. stjórnarskrárinnar þar sem dómstólar hafi þegar tekið afstöðu til

[455] Í þessu sambandi vísast m.a. til fyrsta dóms Hæstaréttar í þjóðlendumáli frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 ((Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þar sem nokkuð ítarlega er fjallað um atriði af þessu tagi.

[456] Um er að ræða dóma Hæstaréttar 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður), 22. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur), 7. október 2010 í máli nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin), 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur), 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá); dóma Landsréttar 20. október 2020 í máli nr. 184/2019 (Auðkúluheiði) og 4. nóvember 2022 í máli nr. 515/2021 (Fjalllendi Hraunhrepps); dóm Héraðsdóms Austurlands frá 5. mars 2010 í máli nr. E-345/2007 (suðurhluti Kverkártungu), dóma Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 14. október 2013 í máli nr. E-75/2010 (Almenningur) og frá 15. október 2013 í máli nr. E-74/2010 (Bakkasel, syðri hluti), og dóm Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 31. desember 2018 í máli nr. E-24/2015 (Skrapatunguafrétt). Í tilviki tveggja svæða sem nú eru til meðferðar liggja ekki fyrir dómsúrlausnir um úrskurði óbyggðanefndar um aðliggjandi landsvæði. Það eru Kornsártungur í máli nr. 2/2023 og svæði sunnan og austan Drangajökuls í máli nr. 4/2023.

eignarréttarlegrar stöðu meirihluta þeirra landsvæða sem til meðferðar eru í málum nr. 1–5/2023.

Í þessu sambandi er til þess að líta að sakarefni þeirra dómsmála sem rekin hafa verið á grundvelli 19. gr. laga nr. 58/1998 um gildi viðkomandi úrskurða óbyggðanefndar hefur í öllum tilvikum einskorðast við afmörkun og eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem óbyggðanefnd úrskurðaði þjóðlendur. Kröfugerð gagnaðila ríkisins í öllum málunum var á þá leið að felld yrðu úr gildi ákvæði í úrskurðum nefndarinnar um að land innan tiltekinna marka væri þjóðlenda. Í sumum tilvikum var þess einnig krafist að viðurkennt væri að innan sömu marka væri enga þjóðlendu að finna eða að viðurkennt væri að land innan sömu marka væri eignarland. Í öllum málunum var íslenska ríkið sýknað af kröfum gagnaðila þess. Með því voru staðfestar niðurstöður óbyggðanefndar um að umrædd landsvæði væru þjóðlendur. Eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða var hins vegar ekki til umfjöllunar í dómunum og þar með ekki hluti af sakarefni þeirra, enda var engin afstaða tekin til þeirra í úrskurðum óbyggðanefndar. Skv. 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Með öðrum orðum eru bindandi réttaráhrif dóms, *res judicata* áhrif, bundin við það sakarefni sem leyst er úr í viðkomandi dómi á grundvelli þeirra efniskrafna sem gerðar eru. Þeir dómar sem hér eru til umfjöllunar eru samkvæmt framansögðu bindandi um það álitaefni hvort þau landsvæði sem þá voru til umfjöllunar og eru aðliggjandi kröfusvæðum ríkisins í málum nr. 1–5/2023 séu þjóðlendur en ekki um eignarréttarlega stöðu kröfusvæðanna sem nú eru til meðferðar eða annarra landsvæða utan þeirra þjóðlendna sem voru til umfjöllunar í dómsmálunum. Umræddir dómar standa þannig ekki í vegi fyrir því að óbyggðanefnd fjalli um eignarréttarlega stöðu kröfusvæða ríkisins í málum nr. 1–5/2023. Að sama skapi er ekki fallist á að með 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 sé nefndinni ætlað að ganga inn á svið dómstóla og að með því sé brotið gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Í öllu falli er ljóst að óbyggðanefnd, sem er stjórnvald og handhafi framkvæmdarvalds, hefur almennt ekki heimild til að víkja lögum eða einstökum lagaákvæðum sem henni er falið að vinna eftir til hliðar á þeim grundvelli að þau samræmist ekki stjórnarskrá. Ef nefndin gerði það stigi hún inn á svið dómstóla í andstöðu við 2. gr. stjórnarskrárinnar, enda er slíkt almennt aðeins á forræði dómstóla. Aðeins hefur verið talið að játa verði stjórnvöldum heimild til að láta hjá líða að beita lögum ef tiltekið lagaákvæði er bersýnilega í andstöðu við stjórnarskrá eða skýrt dómafordæmi liggur fyrir um það, en jafnframt að gera verði afar ríkar kröfur til þess að ósamræmi laga við stjórnarskrá sé bersýnilegt og slík niðurstaða sé hvorki háð vafa né flókinni lagatúlkun, sbr. dóm Hæstaréttar 25. október 2023 í máli nr. 9/2023. Að mati óbyggðanefndar eru slíkar aðstæður ekki uppi í máli þessu. Telji gagnaðilar íslenska ríkisins að vafi sé uppi um stjórnskipulegt gildi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sem meðferð mála nr. 1–5/2023 byggist á, geta þeir látið á það reyna fyrir dómstólum að fengnum úrskurði

óbyggðanefndar, að gættum skilyrðum réttarfarslaga. Í því sambandi er bent á að sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í, sbr. 1. mgr. 19. gr. þjóðlendulaga, og heimilt er að veita aðila gjafsókn í slíkum einkamálum, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Að öllu framangreindu virtu er ekki fallist á að vísa máli þessu frá eða hafna kröfum ríkisins á þeim grundvelli að 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu. Málsástæður sem varða réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins verða teknar til skoðunar í kafla 7.2.5.

7.2.4 Almenn álitaefni um lagagrundvöll málsmeðferðarinnar

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja í mörgum tilvikum á því að athugasemdir óbyggðanefndar við kröfugerð ráðherra í fyrri úrskurðum nefndarinnar, sem liggja til grundvallar meðferð mála nr. 1–5/2023, geti ekki talist vera *athugasemdir* í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Á þessum grundvelli er þess krafist að óbyggðanefnd vísi kröfum ríkisins um þjóðlendur frá nefndinni. Þar sem margir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar.

Líkt og áður segir var 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 bætt við lögin með 4. gr. laga nr. 34/2020. Skv. 1. málsl. hennar er óbyggðanefnd heimilt að taka til meðferðar svæði, þ.e. landshluta, sem áður hafa sætt meðferð hennar, ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 34/2020 segir að markmiðið með þessari heimild sé að stuðla að því að niðurstöður ráðist af efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat, frekar en því að svæði hafi orðið útundan í upphaflegri kröfugerð ríkisins vegna mistaka eða vegna þess að þýðingarmikil gögn voru ekki komin fram þegar kröfum var lýst. Lagt sé til að slík heimild verði bundin svæðum þar sem óbyggðanefnd hafi í úrskurðum gert athugasemdir við kröfur ríkisins, en í nokkrum úrskurðum hafi óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda. Nefndinni hafi ekki verið heimilt að rannsaka svæðin nánar vegna þess að ekki voru uppi kröfur frá ríkinu þar að lútandi. Því leiki enn vafi á um hvort þau séu háð beinum eignarrétti. Jafnframt segir í athugasemdum með frumvarpinu að til að ná því markmiði þjóðlendulaga að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu sé mikilvægt að taka af öll tvímæli um að nefndinni sé heimilt að taka svæði af þessu tagi til meðferðar. Niðurstaða um hvort svæðin séu í reynd þjóðlendur eða eignarlönd ráðist sem endranær af mati á gögnum sem koma fram, innan marka kröfugerðar. Þá er tekið fram að ríkið geti ekki á grundvelli þessarar heimildar afmarkað kröfur sínar þannig að þær nái inn á land sem áður hefur sætt slíkum kröfum, enda væri þá um tvöfalda málsmeðferð að ræða sem vafi væri á að samræmdist 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Enn fremur eru í athugasemdum við frumvarpið talin upp þau tilvik sem sögð eru uppfylla skilyrði 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga um að óbyggðanefnd hafi í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra, fram að framlagningu frumvarpsins sem varð að lögum nr. 34/2020. Þar segir að um sé að ræða úrskurði óbyggðanefndar í málum:

- nr. 1/2005 (Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal) hvað varðar annars vegar mörk Skriðuklausturs gagnvart afréttarsvæðunum Rana og Undir Fellum og hins vegar mörk Valþjófsstaðar gagnvart svokölluðum Vesturöræfum,
- nr. 4/2005 (Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur) hvað varðar annars vegar nyrsta hluta Grímólfsártungu og hins vegar Kverkártungu,
- nr. 2/2008 (Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár) hvað varðar fjalllendi vestan Urðarvatna,
- nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár) að því er varðar merki Vaskárdals, Almennings og Bakkasels,
- nr. 5/2008 (Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli) hvað varðar annars vegar landsvæði norðan Eyvindarstaðaheiðar og hins vegar Hraunin svonefndu austan Eyvindarstaðaheiðar,
- nr. 1/2013 (Skagi) hvað varðar annars vegar austasta hluta Skálahnjúks og hins vegar mörk Skrapatunguafréttar,
- nr. 2/2013 (Húnavatnshreppur) hvað varðar annars vegar mörk milli Auðkúlu og Auðkúluheiðar og hins vegar hluta af svæðinu milli Kornsár og Kleppukvíslar, og
- nr. 1/2014 (landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár) hvað varðar annars vegar norðausturmerki Svarfhóls og hins vegar svæði austan Hítardals.

Framsetning athugasemdanna í þessum úrskurðum er mismunandi en í öllum tilvikum er vakið máls á því að gögn málsins kunni að gefa til kynna óvissu um eignarréttarlega stöðu lands utan svæðis þar sem ríkið hafði gert þjóðlendukröfur en jafnframt tekið fram, oftast með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 367/2005 og 571/2006, að þar sem óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila geti ekki komið til skoðunar í málinu hvort þar sé um að ræða eignarland eða þjóðlendu.

Ljóst þykir að fyrrgreind talning sé tæmandi miðað við þann tíma þegar frumvarp til laga nr. 34/2020 var lagt fram, þ.e. 1. nóvember 2019. Eftir þann tíma, 21. febrúar 2020, kvað nefndin upp úrskurð í máli nr. 1/2019 sem hefur að geyma sambærilega athugasemd að því er varðar svæði sunnan og austan Drangajökuls, þar sem nefndin vakti máls á því að vafi kynni að vera um eignarréttarlega stöðu þess svæðis. Að mati nefndarinnar verður ekki litið fram hjá framangreindri talningu við mat á því hvað teljist vera athugasemd við kröfugerð ráðherra í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 heldur

beri að túlka ákvæðið með hliðsjón af henni. Af athugasemdum við frumvarpið er að mati nefndarinnar skýrt að vilji löggjafans var að ákvæðið yrði túlkað með þeim hætti. Þá verður einnig að túlka ákvæðið með hliðsjón af því markmiði þjóðlendulaga að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu og því markmiði með lögfestingu 7. mgr. 10. gr. laganna að niðurstöður ráðist af efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat.

Líkt og segir í bréfi óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra frá 11. ágúst 2022,[457] er mat nefndarinnar, að teknu tilliti til athugasemda með frumvarpi er varð að lögum nr. 34/2020, að fullnægt sé skilyrðum 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að taka til meðferðar þau sautján landsvæði sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023.

Að þessu gættu er ekki fallist á að vísa kröfum íslenska ríkisins frá óbyggðanefnd á þeim grundvelli að athugasemdir óbyggðanefndar við kröfugerð ráðherra í fyrri úrskurðum nefndarinnar, sem liggja til grundvallar málsmeðferð í málum nr. 1–5/2023, geti ekki talist vera athugasemdir í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga.

7.2.5 Almenn álitaefni um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á því að kröfugerð ríkisins í málunum sé ósamrýmanleg kröfugerð ríkisins í eldri málum fyrir óbyggðanefnd. Með því að lýsa ekki kröfum til viðkomandi landsvæða í eldri málum hafi ríkið skapað réttmætar væntingar til þess að landsvæði sem ekki voru úrskurðuð þjóðlendur á þeim tíma væru eignarlönd. Þar sem flestir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar. Til stuðnings þessari málsástæðu vísa gagnaðilar ríkisins til dóma Hæstaréttar 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þessir dómar verða teknir til nánari skoðunar í þessu samhengi og einnig dómur Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II),[458] auk tveggja úrskurða óbyggðanefndar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var um að ræða landsvæði á Skeiðarársandi sem var innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfi Skaftafells II en Hæstiréttur taldi þó að eldri heimildir styddu ekki að það hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Aftur á móti taldi rétturinn að með tilteknum gerðum í tengslum við áform um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hefðu menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð „ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra“. Dómkröfur ríkisins um að svæðið væri þjóðlenda væru þessu alls ósamrýmanlegar. Þau lögskipti sem þar um ræðir fólust m.a. í því að

[457] Sjá hliðsjónargagn nr. H-2.

[458] Sjá einnig umfjöllun um þessa dóma í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka) og í úrskurði óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjalllendið milli Ellíða og Lágafells auk Baulárvalla).

menntamálaráðherra undirritaði árið 1966 afsal fyrir hönd ríkisins sem kaupanda að landinu, þar sem vísað var til framangreinds landamerkjabréfs Skaftafells II, og Náttúruverndarráð gaf út yfirlýsingu árið 1987 um að ágreiningssvæðið utan þjóðgarðsins væri í eigu lögbýlisins.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) var sú staða uppi að íslenska ríkið var meðal þeirra sem seldu hluta ágreiningssvæðisins til Orkuveitu Reykjavíkur 1999 og við kaupin var gengið út frá því að svæðið væri innan merkja jarða og háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli. Jafnframt var þar gengið út frá því að hið sama ætti við um svæði sem Orkuveitan keypti af eigendum nærliggjandi jarða. Réð þetta atriði úrslitum um þá niðurstöðu réttarins að svæðið væri eignarland en ekki þjóðlenda, þrátt fyrir að rétturinn teldi eldri heimildir mæla gegn þeirri lýsingu landamerkjabréfa umræddra jarða að svæðið væri innan merkja þeirra. Talið var að ríkið hefði með þeim gerðum sem um ræddi viðurkennt í lögskiptum sínum við Orkuveituna að svæðið sem deila hennar við ríkið laut að væri háð beinum eignarrétti. Krafa ríkisins um mörk þjóðlendu var talin alls ósamrýmanleg þessu.

Um þessa tvo dóma segir í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*:

> Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.
>
> Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Eftir að þetta var ritað féll einn dómur til viðbótar í Hæstarétti þar sem reyndi á sambærilegt álitaefni, þ.e. áðurnefndur dómur Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þar réðu fyrri lögskipti eiganda Hvassafells við íslenska ríkið úrslitum um þá niðurstöðu að Hvassafellsdalur væri eignarland, þrátt fyrir að rétturinn teldi að fyrirliggjandi heimildir styddu „á engan hátt að land á svæðinu, sem málið varðar, hafi með námi orðið háð beinum eignarrétti“, heldur hnigju þær þvert á móti eindregið að því „að eigendur Hvassafells hafi notið óbeinna eignarréttinda yfir landinu, sem falist hafi í hefðbundnum notum til upprekstrar búfjár og öðru því sem afréttir hafa í aldanna rás almennt verið hafðir til“. Þau lögskipti sem um ræðir fólu í sér að landbúnaðarráðherra

samþykkti landskipti á því landi sem deilt var um í málinu og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land jarðar væri að ræða. Í forsendum fyrir niðurstöðu dómsins segir:

> Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda. Er því óhjákvæmilegt að taka til greina kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 um að landsvæðið Hvassafellsdalur sé þjóðlenda, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012.

Á sambærilegt álitaefni reyndi einnig í úrskurði óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár), að því er varðar Sauðafellsselland. Þar lá fyrir samningur um fjölnytjaskógrækt, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu fyrir hönd landbúnaðarráðherra, þar sem ótvírætt virtist gert ráð fyrir að svæðið sem samningurinn tók til og var innan ágreiningssvæðis málsins væri hluti af viðkomandi lögbýli og háð beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd taldi að krafa fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að sama svæði væri þjóðlenda væri ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds, sem girti jafnframt fyrir að unnt væri að fallast á kröfuna, a.m.k. að því er þann hluta ágreiningssvæðisins varðaði.

Einnig má nefna úrskurð óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla). Þar lá m.a. fyrir að skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu hafði, fyrir hönd ráðherra, undirritað tvær yfirlýsingar 1964 um landamerki tiltekinna jarða sunnan Baulárvallavatns. Þá lá einnig fyrir afsal frá 1992, undirritað af landbúnaðarráðherra, vegna einnar jarðarinnar, þar sem vísað var um landamerki jarðarinnar til annarrar af landamerkjayfirlýsingunum frá 1964. Um þetta segir í úrskurði óbyggðanefndar:

> Landbúnaðarráðherra og starfsmenn ráðuneytisins voru ekki til þess bærir að breyta eignarréttarlegri stöðu hins umdeilda svæðis með því að undirrita umræddar tvær yfirlýsingar um landamerki 1964 og afsala 1992 stærra svæði en áður tilheyrði Ytra-Lágafelli, sbr. þá meginreglu eignarréttar að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Þrátt fyrir það verður að telja að með þessum gerðum hafi íslenska ríkið viðurkennt gagnvart Ársæli Jóhannessyni, sem keypti Ytra-Lágafell 1992, að sameiginleg landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða væru þau sem greinir í yfirlýsingunni frá 1964. Jafnframt mátti ríkinu vera ljóst að eigendur Hofsstaða og Elliða gætu lagt traust sitt á að í þessu fælist að ríkið viðurkenndi þau landamerki sem lýst er í yfirlýsingunum tveimur frá 1964 sem báðar eru undirritaðar af skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Breytir engu um þetta þótt sýslumannsembættið hafi þinglýst skjölunum með athugasemdum um að embættið hefði ekki borið landamerkjalýsingarnar saman við eldri heimildarskjöl um svæðin. Krafa ríkisins um þjóðlendu innan þeirra merkja sem lýst er í umræddum yfir-

lýsingum er þessu ósamrýmanleg, sbr. áðurnefnda dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005, 617/2012 og 94/2017, og er henni því hafnað.

Hér hefur verið rakin réttarframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál fyrir óbyggðanefnd og dómstólum. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur haft áhrif á niðurstöður þjóðlendumála hafa tilteknar *athafnir* ríkisins verið taldar hafa skapað væntingar hjá landeigendum og verið ósamrýmanlegar síðari þjóðlendukröfum, en kröfunum hefur verið hafnað á þeim grundvelli. Allar þær athafnir ríkisins sem í áðurnefndum dómum voru taldar ósamrýmanlegar þjóðlendukröfum ríkisins eiga það sameiginlegt að hafa varðað tiltekin afmörkuð landsvæði og beinst að eigendum tiltekinna jarða. Umræddar athafnir ríkisins fólu þannig í sér viðurkenningu á því að afmörkuð landsvæði væru hlutar tiltekinna jarða og eignarlönd viðkomandi landeigenda á þeim grundvelli. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var til umfjöllunar land á Skeiðarársandi sem menntamálaráðherra hafði afsalað fyrir hönd ríkisins árið 1966 þar sem um landamerki var vísað til landamerkjabréfs Skaftafells II, sem tók til ágreiningssvæðis málsins, auk þess sem fyrir lá yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá 1987 um að ágreiningssvæðið væri í eigu lögbýlisins. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) var um það að ræða að íslenska ríkið hafði verið meðal seljenda hluta ágreiningssvæðis málsins til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999 þar sem gengið var út frá því að svæðið væri innan merkja tiltekinna jarða. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) var til umfjöllunar land þar sem landbúnaðarráðherra hafði samþykkt landskipti og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land tiltekinnar jarðar væri að ræða. Það sama á við um úrskurði óbyggðanefndar sem hér hafa verið nefndir.

Aðgerðaleysi ríkisins hefur á hinn bóginn almennt ekki verið talið nægja til að skapa slíkar væntingar. Sem dæmi má nefna að aðgerðaleysi eða tómlæti ríkisins — t.d. þegar látið hefur verið hjá líða að gera athugasemdir eða aðhafast vegna skráningar á eignarhaldi lands á grundvelli eignarheimilda eins og landamerkjabréfa eða þinglýsingabóka — hefur ekki haft sérstaka þýðingu í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Slíkt aðgerðaleysi ríkisins hefur ekki verið talið nægja til þess að skapa réttmætar væntingar um beinan eignarrétt ef fullnægjandi heimildir skortir um eignarhaldið. Athugasemdalaus þinglýsing landamerkjabréfs eða annarrar eignarheimildar hefur þannig ekki verið talin leiða til réttmætra væntinga eigenda jarðar um að beinn eignarréttur hafi með því unnist að landi sem ekki átti undir jörðina áður, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (Hofsafréttur).

Af framangreindri dómaframkvæmd verður ráðið að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Í slíkum tilvikum virðast réttmætar væntingar geta haft sjálfstæða þýðingu að lögum og umfram þá vernd sem meintur rétthafi gæti reist á hefðbundnum

heimildum að landsrétti. Í ljósi þeirrar þýðingarmiklu meginreglu eignaréttar að sá sem kallar til eignarréttinda yfir fasteign verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir rétti sínum ber að varast að túlka áðurnefnda dóma um sjálfstæða þýðingu réttmætra væntinga rúmt, enda verður beiting slíkra sjónarmiða að teljast undantekning frá fyrrgreindri meginreglu.

Þá hefur einnig þýðingu í þessu sambandi að þegar íslenska ríkið lýsti kröfum í öndverðu á hverju svæði, innan lögbundins kröfulýsingarfrests, lágu ekki öll gögn um svæðið fyrir. Undir rekstri hvers máls komu fram ýmsar heimildir og upplýsingar sem ekki voru fyrir hendi þegar ríkið lýsti kröfum á svæðunum. Íslenska ríkinu var hins vegar ekki, fyrir gildistöku laga nr. 34/2020, heimilt að aðlaga kröfugerð sína að nýjum heimildum og upplýsingum ef í því fólst að aukið væri við kröfugerð ríkisins. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 34/2020 segir um þetta atriði:

> Samkvæmt dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum, einkum dómi frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur), er óbyggðanefnd bundin af kröfugerð aðila við úrlausn mála og getur því ekki úrskurðað um þjóðlendur á öðrum svæðum en þeim sem kröfur ríkisins ná til. Kröfum ríkisins er lýst á því stigi málsmeðferðar þegar gagnaöflun vegna viðkomandi svæðis er einungis lokið að hluta, enda er leit í sumum heimildaflokkum það seinleg að ógerlegt væri að koma henni við án þess að takmarka hana við þau svæði sem þjóðlendukröfur varða nema ætla mun lengri tíma til verksins en hingað til hefur tíðkast. Við gagnaöflun sem á sér stað eftir að kröfum ríkisins er lýst geta komið fram skjöl sem breyta forsendum kröfugerðar og benda í sumum tilvikum til þess að þjóðlendukröfur ríkisins hefðu átt að taka til stærra svæðis eða fleiri svæða. Að óbreyttum lögum eru verulegar skorður reistar við aukningu krafna ríkisins eftir að upphaflegar kröfur hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. 10. gr. og 12. gr. laganna, sbr. t.d. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár) og dóma Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 11. október 2013 í máli nr. 71/2010 (Vaskárdalur), frá 14. sama mánaðar í máli nr. 75/2010 (Almenningur í Öxnadal) og frá 15. sama mánaðar í máli nr. 74/2010 (syðri hluti Bakkasels). Þar var því hafnað að kröfur ríkisins sem komu fram eftir tiltekið tímamark yrðu teknar til meðferðar og dómarnir standa allir óraskaðir af Hæstarétti. Þessi réttarstaða getur leitt til þess að svæði sem ættu að teljast til þjóðlendna samkvæmt almennum sönnunarreglum verði ekki úrskurðuð þjóðlendur vegna þess hvernig kröfum ríkisins var upphaflega hagað.

Að mati nefndarinnar þarf að hafa þessa réttarstöðu í huga við mat á því hvort réttmætar væntingar kunni eftir atvikum að hafa skapast á grundvelli upphaflegrar kröfugerðar ríkisins sem tók til landsvæða aðliggjandi þeim svæðum sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023.

Samkvæmt öllu framansögðu er ekki unnt að fallast á að almennar athafnir ríkisins, eins og þær að lýsa ekki kröfum til landsvæða í þjóðlendumálum fyrir óbyggðanefnd, geti verið til þess fallnar að skapa landeigendum réttmætar væntingar um að slík landsvæði séu eignarlönd þeirra. Hafa verður hugfast að í kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd felst almennt ekki afstaða til þess að afmörkuð landsvæði utan þjóðlendukröfusvæða ríkisins séu eignarlönd tiltekinna jarða. Það er enda ekki hlutverk óbyggðanefndar að skera úr um mörk milli eignarlanda og slíkt er því ekki til umfjöllunar í málum fyrir nefndinni eða eftirfarandi dómsmálum í þjóðlendumálum.

Því er ekki fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra og að hafna beri kröfum ríkisins á þeim grundvelli.

Þrátt fyrir það kunna að vera fyrir hendi tilvik þar sem fyrir liggja athafnir ríkisins sem ganga lengra en það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til viðkomandi landsvæða fyrir óbyggðanefnd. Slík tilvik verður að skoða sérstaklega út frá þeim sjónarmiðum sem fram koma í framangreindri dómaframkvæmd. Fjallað verður um slík tilvik eftir því sem málatilbúnaður aðila og rannsókn óbyggðanefndar gefur tilefni til í tengslum við umfjöllun um eignarréttarlega stöðu hvers ágreiningssvæðis fyrir sig í kafla 7.4.

Sjónarmið um ósamrýmanleika fyrri athafna ríkisins og kröfugerðar ríkisins í þjóðlendumálum hafa einnig tengsl við sjónarmið um réttmætar væntingar í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, eins og þau hafa verið túlkuð af Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn hefur byggt á því að réttmætar væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta tiltekinna eigna heyri undir vernd eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorláks Arnar Bergssonar o.fl. gegn Íslandi, nr. 46461/06, reyndi á gildi þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og túlkun Hæstaréttar á þeim í dómi réttarins frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Breiðármörk og Fjall). Kærendur byggðu m.a. á að þeir hefðu haft réttmætar væntingar til þess að þeir ættu beinan eignarrétt að hinu umþrætta landsvæði, m.a. þar sem íslenska ríkið hefði viðurkennt landamerkjabréf jarða þeirra, sem þeir byggðu rétt sinn á, og aldrei dregið þau í efa fyrr en þjóðlendukröfur voru gerðar árið 2000.

Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu kemur fram að þegar eign er í eðli sínu krafa megi líta svo á að sá sem telji til hennar hafi réttmætar væntingar ef nægilegur grundvöllur er fyrir henni í landslögum, t.d. ef föst dómaframkvæmd innanlands staðfestir að eignin sé til. Hins vegar sé ekki hægt að líta svo á að réttmætar væntingar séu fyrir hendi þegar deilur standi um réttan skilning á landslögum og dómstólar innanlands hafna röksemdum kæranda. Dómstóllinn taldi að beiting Hæstaréttar á reglum eignaréttar í tilviki kærenda hefði verið í samræmi við eigin fordæmi réttarins og að þess væru engin merki að þar hefði gætt geðþótta eða að niðurstaðan hefði verið andstæð þeim reglum landslaga sem við áttu. Að því virtu féllst dómstóllinn ekki á að kærendur hefðu átt eignarrétt sem væri nægilega fastur í sessi til að réttmætar væntingar gætu tengst honum. Því var talið að krafa þeirra til eignarréttar að hinu umdeilda landi hefði ekki verið eign í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í þessu sambandi má einnig nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Kopecký gegn Slóvakíu, nr. 44912/98. Þar fjallaði dómstóllinn m.a. um að gera þyrfti greinarmun á væntingum sem byggðust aðallega á voninni einni, sem nytu ekki verndar ákvæðisins, hversu skiljanleg sem sú von kynni að vera, og réttmætum væntingum, sem

þyrftu að eiga sterkari rætur í öðru, svo sem settum lögum eða dómafordæmum.[459] Þar kom einnig fram að ekki væri unnt að fallast á að réttmætar væntingar væru fyrir hendi þegar ágreiningur væri um túlkun og beitingu landslaga og málatilbúnaði kæranda væri hafnað af innlendum dómstólum.[460]

Af framangreindu, og annarri dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,[461] verður ráðið að við mat á því hvort um réttmætar væntingar í framangreindum skilningi sé að ræða skipti einkum máli hvort nægilegur grundvöllur sé fyrir þeim í landslögum, t.d. samkvæmt fyrirliggjandi dómaframkvæmd. Væntingar sem ekki eiga sér nægilega traustan grundvöll í landslögum eða dómaframkvæmd njóta þannig ekki verndar eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu vernda ekki rétt manna til að öðlast eignir.[462]

Hér að framan hefur innlend dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál verið tekin til skoðunar og komist að þeirri niðurstöðu að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Telja verður að það sé fyrst og fremst í slíkum tilvikum sem landeigendur geta talist hafa réttmætar væntingar til beins eignarréttar að tilteknum landsvæðum í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, enda eiga slíkar væntingar sér stoð í fyrirliggjandi dómaframkvæmd.

7.3 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[463] Má í þessu sambandi t.d. vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur í Nesjum).

Í 5. kafla hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæðum þeim sem hér eru til umfjöllunar.[464] Eins og þar kemur fram er í *Landnámu*

---

[459] Sjá 49. mgr. í dómnum: „There was a difference […] between a mere hope of restitution, however understandable that hope may be, and a "legitimate expectation", which must be of a nature more concrete than a mere hope and be based on a legal provision or a legal act such as a judicial decision."

[460] Sjá 50. mgr. í dómnum: „Similarly, no legitimate expectation can be said to arise where there is a dispute as to the correct interpretation and application of domestic law and the applicant's submissions are subsequently rejected by the national courts."

[461] Sjá t.d. dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Gratzinger og Gratzingerova gegn Tékklandi, nr. 39794/98, Anheuser-Busch Inc. gegn Portúgal, nr. 73049/01, og Béláné Nagy gegn Ungverjalandi, nr. 53080/13.

[462] Sjá t.d. dóm Hæstaréttar 25. október 2023 í máli nr. 9/2023 og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Stummer gegn Austurríki, nr. 37452/02.

[463] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

[464] Sjá kafla 5.1.1, 5.2.1, 5.3.1, 5.4.1 og 5.5.1.

sagt frá því að Helgi magri hafi numið land í Eyjafirði öllum milli Sigluness og Reynisness og sest að í Kristnesi. Í Hauksbók *Landnámu* segir svo frá því að Helgi hafi skipt landnáminu milli ættingja sinna og m.a. hafi mágur hans, Auðunn rotinn, fengið að gjöf land frá Hálsi til Villingadals sem settist að í Saurbæ. Um landnám í Öxnadal segir í *Landnámu* að Þorsteinn þursasprengir hafi numið Öxnadal allan og búið að Vatnsá, en einnig að Auðólfur hafi eignað sér dalinn niður frá Þverá til Bægisár og búið að Syðri-Bægisá. Í *Landnámu* segir jafnframt frá því að Eyvindur sörkvir hafi numið Blöndudal og Þorkell vingnir, sonur Skíða hins gamla, er sagður hafa numið Vatnsskarð allt og Svartárdal. Þá segir frá því að Hrosskell hafi numið Svartárdal í Skagafirði og Írarvellslönd öll og búið á Írarfelli og Vékell hafi numið land ofan frá Gilá til Mælifellsár og búið að Mælifelli, einnig í Skagafirði. Um landnám á Skaga og nágrenni segir að Holti hafi numið Langadal ofan frá Móbergi og búið á Holtastöðum og Ævar hafi numið Langadal allan upp frá Móbergsbrekkum og þar fyrir norðan háls og búið á Ævarsskarði. Hólmgöngu-Máni hafi numið Skagaströnd fyrir vestan inn til Fossár, en fyrir austan til Mánaþúfu og búið í Mánavík. Á austanverðum Skaga segir frá landnámi Eilífs arnar sem hafi numið land inn frá Mánaþúfu til Gönguskarðsár og Laxárdal og búið þar. Um landnám í Vatnsdal segir að Ingimundur hinn gamli hafi numið Vatnsdal allan upp frá Helgavatni og Urðarvatni fyrir austan og búið á Hofi. Friðmundur er sagður hafa numið Forsæludal.

Af þessum lýsingum verður ekki ráðið hvort þjóðlendukröfusvæði málsins hafi verið numin, enda eru landnámsmörk upp til fjalla og inn til landsins ekki tiltekin.

7.4 Norðurland

Í eftirfarandi undirköflum verða þjóðlendukröfusvæði ríkisins, sem eru sjö í þessu máli, tekin til skoðunar með aðgreindum hætti. Fyrst verður fjallað um þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *svæði við norðurmörk afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár*, næst *svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels*, þá *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna*, svo *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar*, síðan *svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar*, þá *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar* og loks *svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar*.

Fyrst verður fjallað um staðhætti þjóðlendukröfusvæða málsins og þá verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki kröfusvæðanna og aðliggjandi jarða. Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar svæðanna er rakin í 5. kafla hér að framan. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæða ríkisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða þau, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðar-

korts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna.

7.4.1 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár*.[465] Umfjöllun um þetta kröfusvæði grundvallast á athugasemd sem óbyggðanefnd gerði við kröfugerð ríkisins í úrskurði nefndarinnar 19. júní 2009 í máli nr. 2/2008 (Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár), sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, að því er varðar svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár.[466] Af hálfu gagnaðila ríkisins er m.a. á því byggt að umfjöllun í framangreindum úrskurði nefndarinnar sé ekki athugasemd við kröfugerð ríkisins í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga og því beri að vísa kröfu ríkisins frá. Með vísan til umfjöllunar í kafla 7.2.4 er þeirri málsástæðu gagnaðila ríkisins hafnað og kröfur aðila verða því teknar til efnislegrar umfjöllunar.

Að sunnanverðu liggur að ágreiningssvæðinu þjóðlenda á afrétti Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 og dómi Hæstaréttar 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá). Að austanverðu liggur að ágreiningssvæðinu þjóðlenda á Arnarstaðatungum samkvæmt sama úrskurði óbyggðanefndar og dómi Hæstaréttar 13. október 2016 í máli nr. 20/2016 (Arnarstaðatungur). Að vestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland Torfufells og að norðan- og norðaustanverðu liggja að ágreiningssvæðinu óumdeild eignarlönd Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár. Gerð er sameiginleg krafa vegna þessara þriggja jarða sem tekur til alls ágreiningssvæðisins.

Ágreiningssvæðið er innarlega í Eyjafjarðardal, á hásléttunni upp af fjallinu Torfufelli, milli Hafrárdals og Torfufellsdals, skammt norðvestan Urðarvatna. Svæðið afmarkast að sunnanverðu af þjóðlendumörkum á afrétti Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár en að öðru leyti af vatnaskilum milli Eyjafjarðardals og Austurdals í Skagafirði. Svæðið er í um 1.100 m hæð og lítt gróið.

Í kafla 7.4.1.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda

[465] Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

[466] Sjá minnisblað um athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar, sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 10. ágúst 2022, hliðsjónargagn nr. H-3.

og afmörkunar málsaðila á því svæði sem kröfur þeirra varða. Ágreiningur aðila er fyrst og fremst um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins en ekki er ágreiningur um afmörkun þess. Um afmörkun aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna í kafla 7.4.1.2.

7.4.1.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um mörk ágreiningssvæðisins.

Eins og áður segir afmarkast kröfusvæði ríkisins að sunnanverðu af þjóðlendumörkum á afrétti Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár en að öðru leyti af vatnaskilum milli Eyjafjarðardals og Austurdals í Skagafirði.

Gerð er sameiginleg krafa til alls ágreiningssvæðisins vegna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár og engin aðgreining er gerð milli jarðanna, hvorki á korti né í textalýsingu kröfugerðar. Samkvæmt kröfulýsingu landeigenda var Hólsgerði áður hluti af jörðinni Torfufelli en varð síðar sjálfstæð jörð. Þá mun Úlfá hafa verið lögð undir Hólsgerði árið 1930.

Í landamerkjabréfi Torfufells frá 21. maí 1889, sem var þinglýst 24. maí sama ár, er merkjum jarðarinnar til norðurs og vesturs þannig lýst að þar ráði „Torfufellsá landamerkjum fram að svonefndri Galtará, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufell dalinn beggja vegna og fram á fjöll þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar“. Samkvæmt þessu er merkjum Torfufells til fjalla lýst að vatnaskilum á móts við Skagafjörð. Þá segir einnig í landamerkjabréfinu að til fjallsins, þ.e. fjallsins Torfufells, sé óskipt land milli Torfufells og Hólsgerðis.

Í landamerkjabréfi Hólsgerðis frá 21. maí 1889, sem var þinglýst 20. maí 1890, segir einnig að til fjallsins, þ.e. Torfufells, sé landið óskipt milli Hólsgerðis og Torfufells. Þá segir að merkin að sunnan, milli Hólsgerðis og Úlfár, séu um tiltekin kennileiti á láglendi „og úr þeim bein stefna til fjalls“.

Fyrir liggur ódagsett landamerkjabréf fyrir Úlfá. Sé tekið mið af nærliggjandi færslum í landamerkjabók má gera ráð fyrir að það hafi verið gert í maí 1888 og fyrir liggur að því var þinglýst. Í landamerkjabréfinu er suðurmörkum jarðarinnar lýst frá Eyjafjarðará í Hafrárgljúfur, þaðan sem Hafrá ráði til fjallsbrúnar. Norðurmörkum er einnig lýst til fjallsbrúnar og hún ræður síðan að vestan.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að með vísun til þess að Hafrá ráði til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi Úlfár sé átt við vatnaskil við upptök Hafrár og með því að fjallsbrún ráði vesturmörkum sé átt við að þau fylgi vatnaskilum norðvestur frá upptökum Hafrár. Gagnaðilar ríkisins byggja á hinn bóginn á því að land jarðanna nái lengra til vesturs.

Fyrir liggur greining Veðurstofu Íslands frá 2009 á vatnaskilum við upptök Hafrár og norðvestur frá þeim. Um er að ræða vatnaskil milli Eyjafjarðardals og Austurdals í Skagafirði. Gagnaðilar ríkisins byggja á því að greiningin sé röng. Því til stuðnings hafa

þeir bent á að vatn renni úr Ytra-Urðarvatni í Hafrá til norðausturs í formi grunnvatns undir yfirborði jarðar. Vegna andmæla gagnaðila ríkisins óskaði nefndin eftir því að Veðurstofan endurmæti vatnaskilagreininguna frá 2009. Samkvæmt minnisblaði Veðurstofunnar, dagsettu 13. desember 2023, leiddi endurmat á vatnaskilum á svæðinu, m.a. að teknu tilliti til nýrra gagna sem ekki lágu fyrir árið 2009, til sömu niðurstöðu og fyrri greining Veðurstofunnar. Nefndin óskaði einnig eftir nánari upplýsingum frá Veðurstofunni um skilgreiningu og afmörkun vatnaskila og vatnasviða, sérstaklega m.t.t. tengsla þeirra við grunnvatnasvið. Í minnisblaði Veðurstofunnar um það atriði, sem er einnig dagsett 13. desember 2023, kemur fram að vatnasvið sé skilgreint sem safnsvæði ákveðinnar ár, en innan þess falli öll vötn og lækir til hennar. Vatnaskil liggi milli vatnasviða og séu dregin eftir hæðum og hryggjum í landslagi eða þvert á jafnhæðarlínur. Vatnasvið miðist við vatn sem fellur á og eftir yfirborði lands en taki ekki tillit til grunnvatns. Það gangi gegn hefðbundnum skilgreiningum á vatnasviðum og vatnaskilum að taka tillit til grunnvatns, auk þess sem samband yfirborðsvatnasviða og grunnvatnasviða sé flóknara en svo að hægt sé að blanda þeim saman á einfaldan hátt eða afmarka annað fyrirbærið byggt á upplýsingum um hitt. Af þeim sökum afmarki og skilgreini Veðurstofan vatnasvið sem yfirborðsvatnasvið í samræmi við hefðbundna skilgreiningu þess hugtaks.

Eins og áður segir liggur ágreiningssvæðið að þjóðlendu á afrétti Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 og dómi Hæstaréttar í máli nr. 59/2016. Í dómi Hæstaréttar komu lýsingar í landamerkjabréfunum og tengsl þeirra við vatnaskil á svæðinu til skoðunar. Þar segir:

> Í landamerkjabréfi Úlfár sagði sem áður var getið að merki jarðarinnar til suðurs fylgdu Hafrá „til fjallsbrúnar“, en að vestan réði „fjallsbrúnin.“ Úr því að lýsingin hljóðaði á þennan veg verður að teknu tilliti til úrskurðar óbyggðanefndar og krafna málsaðila að líta svo að fjallsbrúnin, sem fylgja átti Hafrá til, sé við upptök árinnar og þar með við vatnaskil. Merkin til vesturs fylgi síðan þessari fjallsbrún og þar með vatnaskilum. Óumdeilt er að mörkin milli eignarlands jarðanna þriggja til suðurs og þjóðlendu, eins og óbyggðanefnd ákvað þau, fylgja ýmist vatnaskilum fyrir vestan upptök Hafrár eða liggja sunnan við vatnaskilin. Engar heimildir eru í málinu til stuðnings því að merki hafi að réttu lagi átt að liggja sunnar en eigendur jarðanna lýstu þeim sjálfir í landamerkjabréfunum frá 1889. Um þetta verður jafnframt að líta til þess að í bréfunum var hvergi vikið að því að suðurmerki jarðanna ættu að fylgja mörkum sýslna eða sveitarfélaga. Á því svæði, sem málið varðar, voru núverandi mörk Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps ákveðin með samkomulagi sveitarfélaganna, sem félagsmálaráðherra staðfesti með auglýsingu nr. 629/1999 í B-deild Stjórnartíðinda, og verður ekki annað séð af heimildum, sem raktar eru í úrskurði óbyggðanefndar, en að mörkin þar hafi fram til þess tíma verið talin óviss.

Í dóminum var lagt til grundvallar að með vísun til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi Úlfár væri átt við vatnaskil. Um þetta hefur dómurinn fullt sönnunargildi þar til hið gagnstæða er sannað, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Gagnaðilar íslenska ríkisins hafa ekki sýnt fram á hið gagnstæða eða að vatnaskil, samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu þess hugtaks, séu rangt dregin af Veðurstofu Íslands. Rannsókn óbyggðanefndar styður enn fremur þá niðurstöðu.

Því er niðurstaða nefndarinnar að rétt sé að túlka landamerkjabréf Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár þannig að mörk þeirra gagnvart ágreiningssvæðinu miðist við vatnaskil milli Eyjafjarðardals og Austurdals í Skagafirði, í samræmi við greiningu Veðurstofunnar sem miðast við hefðbundna skilgreiningu vatnaskila. Af því leiðir að ágreiningssvæðið er utan merkja þessara jarða. Gögn málsins benda ekki til þess að aðrar jarðir nái inn á ágreiningssvæðið og það er því allt utan merkja jarða.

7.4.1.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numið, enda séu landnámsmörk upp til fjalla og inn til landsins ekki tiltekin.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið væri utan merkja jarða. Að mati nefndarinnar hefur ekki verið sýnt fram á að stofnast hafi til beins eignar-

réttar að landi innan ágreiningssvæðsins fyrir nám eða hefð, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 59/2016.

Á hinn bóginn er jafnframt á því byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að ríkið hafi viðurkennt með skuldbindandi yfirlýsingum að ágreiningssvæðið sé eignarland. Byggt er á því að það hafi ríkið gert með greinargerð til óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008, þar sem fallið var frá kröfu til svæðisins, og jafnframt við meðferð máls nr. E-34/2010 sem rekið var fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra í tilefni af úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008.

Upphafleg kröfugerð íslenska ríkisins í máli nr. 2/2008 tók m.a. til ágreiningssvæðis þessa máls en með greinargerð ríkisins til óbyggðanefndar vegna málsins, dags. 27. ágúst 2008, var dregið umtalsvert úr kröfum ríkisins og meðal annars fallið frá kröfu til ágreiningssvæðisins. Um mörk Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár og breytingu á kröfugerð ríkisins á ágreiningssvæðinu segir í greinargerðinni:

> Að því er varðar mörk Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, er miðað við upptök Hafrár norðan við fjallið Sankti Pétur og þaðan í botn Torfufellsdals (upptök Torfufellsár), en síðan er haldið í upptök Galtár (Galtárvatn). Litið er þannig á, að í þessu felist afmörkun merkja í samræmi við landamerkjabréf, en hafnað er kröfugerð suður og vestur á fjall upp „þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar". Í þessu felst, að fallist er á að merki jarðarinnar hafi miðast við upptök umræddra áa, en lýsing að vatnaskilum feli í sér tilgreiningu á svæði sem telja má að falli undir dóm Hæstaréttar varðandi Nýjabæjarafrétt (nr. 128/1967). Er þannig talið, að öræfi, umfram tilgreind mörk, hafi ekki verið numin í öndverðu, eða fallið undir beinan eignarrétt sem hluti jarðanna. Þá er til þess vísað, að landamerkjabréf Úlfár virðist miða mörk til suðvesturs við upptök Hafrár, en að lýsingin nái ekki lengra. Sama gildir varðandi landamerkjalýsingu Hólsgerðis. Þá er og bent á að lýsing til vatnaskila á öræfum nýtur ekki samþykkis aðliggjandi jarða eða annarra að því leyti.

Í greinargerðinni birtist sú afstaða ríkisins að breytt kröfugerð þess, á því svæði sem gerð var krafa til vegna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, væri í samræmi við landamerkjabréf jarðanna og að landsvæði ofan kröfulínu ríkisins væri ekki háð beinum eignarrétti sem hluti jarðanna. Að mati nefndarinnar verða tilvitnuð ummæli í greinargerð ríkisins ekki skilin öðruvísi en svo að með breytingunni hafi íslenska ríkið viðurkennt, gagnvart eigendum umræddra jarða, að kröfusvæði þeirra í málinu, allt að breyttri kröfulínu ríkisins, væri eignarland þeirra. Innan þess svæðis er ágreiningssvæði þessa máls.

Í dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra í máli nr. E-34/2010 kemur eftirfarandi fram um þetta atriði:

> Við flutning var af hálfu [íslenska ríkisins] til þess vísað að ekki væri ágreiningur um eignarréttarlega stöðu nefndra jarða og hins óskipta lands þeirra, líkt og það hefði verið afmarkað í úrskurði óbyggðanefndar. Þannig sé ekki ágreiningur um að landsvæði jarðanna sé undirorpið beinum eignarrétti, sbr. áðurrakin landamerkjabréf. Stefndi byggir hins vegar á því að fullljóst sé af heimildum að landsvæðið vestan og sunnan hins óskipta svæðis jarðanna hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti.

Aðilar þessa dómsmáls voru annars vegar íslenska ríkið, sem fjármála- og efnahagsráðherra var í fyrirsvari fyrir, og hins vegar eigendur Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár sem telja til réttinda yfir ágreiningssvæðinu í máli þessu.

Í kafla 7.2.5 voru álitaefni um réttmætar væntingar í tengslum við fyrri athafnir ríkisins til umfjöllunar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að af dómaframkvæmd yrði ráðið að til þess að athafnir ríkisins gætu skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans yrðu þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar.

Í framangreindum yfirlýsingum, sem stöfuðu frá lögmanni fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins, og var beint að þeim sem töldu til réttinda yfir ágreiningssvæðinu, fólst ótvíræð viðurkenning á því að ágreiningssvæðið væri eignarland þeirra.

Það er mat óbyggðanefndar að yfirlýsingin hafi, eins og hér hagar til, verið til þess fallin að skapa þeim sem töldu til réttinda yfir ágreiningssvæðinu réttmætar væntingar um að svæðið væri eignarland þeirra. Krafa ríkisins um þjóðlendu á sama svæði er þessu ósamrýmanleg og henni er því hafnað, sbr. áðurnefnda dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005, 617/2012 og 94/2017 og umfjöllun um þá í kafla 7.2.5.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka ágreiningssvæðisins, eins og það er skilgreint hér að framan, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau.

7.4.2 Svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Seldalsfjalls

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *svæði við norðurmörk þjóðlendnanna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels*.[467] Umfjöllun um þetta kröfusvæði grundvallast á athugasemdum sem óbyggðanefnd gerði við kröfugerð ríkisins í úrskurði nefndarinnar 19. júní 2009 í máli nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár), sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, að því er varðar svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Vaskárdals, svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Almennings og svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Seldalsfjalls sem tengist Bakkaseli.[468] Af hálfu gagnaðila ríkisins er m.a. á því byggt að umfjöllun í framan-

[467] Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

[468] Sjá minnisblað um athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar, sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 10. ágúst 2022, hliðsjónargagn nr. H-3. Í úrskurði var síðastnefnda þjóðlendan

greindum úrskurði nefndarinnar sé ekki athugasemd við kröfugerð ríkisins í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga og því beri að vísa kröfu ríkisins frá. Með vísan til umfjöllunar í kafla 7.2.4 er þeirri málsástæðu gagnaðila ríkisins hafnað og kröfur aðila verða því teknar til efnislegrar umfjöllunar.

Að sunnanverðu liggja að ágreiningssvæðinu þjóðlendurnar Seldalsfjall, Almenningur og Vaskárdalur, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008, sem staðfestur var að þessu leyti með dómi Hæstaréttar 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur) og dómum Héraðsdóms Norðurlands eystra 14. október 2013 í máli nr. E-75/2010 (Almenningur) og 15. október 2013 í máli nr. E-74/2010 (Seldalsfjall). Að vestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu þjóðlenda á Silfrastaðaafrétt, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar 19. júní 2009 í máli nr. 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Að vestari hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins liggur þjóðlendan Heiðarfjall sem tekur til nyrsta hluta Bakkasels norðan Öxnadalsár, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar 10. október 2011 í máli nr. 1/2009 (Eyjafjörður ásamt Lágheiði en án Almennings norðan Hrauna),[469] og að austanverðum norðurmörkum ágreiningssvæðisins liggja óumdeild eignarlönd jarðanna Gils og Gloppu í Öxnadal.

Ágreiningssvæðið er innarlega í sunnanverðum Öxnadal í Eyjafirði, við Seldal og Vaskárdal. Að norðan- og austanverðu afmarkast svæðið af þremur ám: Melrakkaá í Melrakkadal, Vaská í Vaskárdal og Öxnadalsá í Öxnadal. Að vestanverðu afmarkast svæðið af sýslumörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu og að sunnanverðu af línu sem dregin er úr Kaldbaksdal, um norðurhlíðar Kaldbakshnjúks, þvert yfir Seldal, áfram beint yfir Almenningsfjall og Rauðuskriðudal og að 800 m hæðarlínu í Vaskárdal. Þeirri hæðarlínu er svo fylgt í Vaskárdal og áfram austur að Melrakkaá. Svæðið er lægst í um 320 m hæð nyrst en rís hæst í um 1.100 m hæð á Almenningsfjalli á suðurmörkum svæðisins. Svæðið er vel gróið þar sem það er lægst en minna eftir því sem ofar dregur.

Í kafla 7.4.2.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því svæði sem kröfur þeirra varða. Ágreiningur aðila er fyrst og fremst um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins en ekki er ágreiningur um afmörkun þess. Um afmörkun aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna í kafla 7.4.2.2.

---

nefnd Seldalsfjall en í ýmsum öðrum gögnum, þ.m.t. minnisblaðinu, er vísað til hennar sem þjóðlendunnar Bakkasels eða undir yfirskriftinni „Bakkasel, syðri hluti“.

469 Í úrskurðinum er þessi þjóðlenda nefnd „Heiðarfjall innan afmörkunar í landamerkjabréfi Bakkasels“ en einnig eru þess dæmi að vísað sé til hennar undir yfirskriftinni „Bakkasel, nyrðri hluti“.

7.4.2.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um mörk ágreiningssvæðisins.

Eins og áður segir afmarkast kröfusvæði ríkisins annars vegar af Öxnadalsá, Vaská og Melrakkaá og hins vegar af þjóðlendum á Silfrastaðaafrétt, Heiðarfjalli, Seldalsfjalli, Almenningi og í Vaskárdal. Þrátt fyrir að gerð sé ein heildstæð þjóðlendukrafa til alls ágreiningssvæðisins og jafnframt ein heildstæð krafa af hálfu gagnaðila ríkisins er ljóst af gögnum málsins og úrskurði nefndarinnar í máli nr. 3/2008 um aðliggjandi svæði til suðurs að ágreiningssvæðið skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi er svæði vestast á ágreiningssvæðinu sem tengist Bakkaseli, í öðru lagi er á miðju ágreiningssvæðinu svæði sem er hluti Almennings og í þriðja lagi er austasti hluti ágreiningssvæðisins hluti Vaskárdals. Þrátt fyrir að þessi svæði séu ekki afmörkuð sérstaklega í kröfum aðila er að einhverju leyti gengið út frá þessari skiptingu í kröfum gagnaðila ríkisins, sem eru gerðar af hálfu Hörgársveitar vegna Bakkasels, Almennings og helmingshlutar í Vaskárdal, og af hálfu Einars Steindórs Valbergssonar vegna helmingshlutar í Vaskárdal. Eftirfarandi umfjöllun tekur mið af þessari skiptingu ágreiningssvæðisins.

Fyrst koma til skoðunar mörk Bakkasels. Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Bakkasel frá 8. mars 1889 sem var þinglýst 27. maí sama ár. Þar er merkjum lýst svo: „Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.“ Líkt og áður segir hafa landsvæði sem tengjast Bakkaseli komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd áður. Annars vegar syðsti hlutinn, Seldalsfjall, sem var til umfjöllunar í máli nr. 3/2008 á svæði 7A, og hins vegar nyrsti hlutinn, Heiðarfjall, sem var til umfjöllunar í máli nr. 1/2009 á svæði 7B. Mörk milli svæða 7A og 7B eru í miðjum Öxnadal og þau skera landsvæðið sem lýst er í landamerkjabréfi Bakkasels í tvennt. Sá hluti sem hér er til umfjöllunar er á svæði 7A, en kom ekki til umfjöllunar í máli nr. 3/2008 þar sem upphafleg kröfugerð ríkisins tók ekki til svæðisins.

Samkvæmt fyrrgreindu landamerkjabréfi afmarkast Bakkasel að vestanverðu af Kaldbaksdalsá og að austanverðu af Öxnadalsá. Við meðferð máls nr. 3/2008 kom fram að Seldalsá hefði stundum verið kölluð Öxnadalsá, en hún rennur til norðurs um Seldal. Sá hluti ágreiningssvæðisins sem er á milli Kaldbaksdalsár og Seldalsár er því innan merkja Bakkasels samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1889.

Næst koma til skoðunar mörk Almennings, sem er austan við Bakkasel, og Vaskárdals þar austan við. Ekki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Almenning eða aðrar sjálfstæðar merkjalýsingar. Í þessu sambandi er því helst að styðjast við gögn um merki aðliggjandi jarða og landsvæða. Í áðurnefndu landamerkjabréfi Bakkasels segir að „Yxnadalsá“ ráði mörkum að austanverðu, en þar mun um Seldalsá að ræða, eins og áður segir. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 var þetta talið styðja við að Seldalsá réði merkjum milli Bakkasels og Almennings.

Að norðvestanverðu liggur að þessum hluta ágreiningssvæðisins jörðin Gil og að norðaustanverðu jörðin Gloppa. Samkvæmt landamerkjabréfi Gils frá 19. mars 1883 ræður Öxnadalsá merkjum að austanverðu. Samkvæmt landamerkjabréfi Gloppu frá 16. janúar 1883 ræður Vaská merkjum að sunnanverðu. Þar segir einnig að undir jörðina heyri Melrakkadalur og Kinnar að Melrakkaá. Merkjum þessara jarða gagnvart ágreiningssvæðinu er því samkvæmt landamerkjabréfum þeirra lýst um Öxnadalsá, Vaská og Melrakkaá, sem styður við afmörkun aðila málsins á svæðinu.

Austan Almennings liggur Vaskárdalur. Ekki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Vaskárdal en merkjum svæðisins er lýst í afsali Rúts Þorsteinssonar fyrir helmingi Vaskárdals til Öxnadalshrepps, dagsettu 22. janúar 1980, þar sem finna má svofellda lýsingu á merkjum Vaskárdals:

> Lýsing hins selda afréttarlands er þannig: Afréttarmörk eru Melrakkaá og Rauðuskriðuá að vestan, Að [svo] sunnan Rauðuskriðufjall milli Vaskárdals og Rauðskriðudals. [svo] Að austan fjallsraninn að Melrakkaöxl og að norðan Melrakkaöxl og þaðan fjallsraninn að botni Vaskárdals.

Vesturmörkum Vaskárdals er lýst um Rauðuskriðuá og Rauðuskriðufjall, milli Vaskárdals og Rauðuskriðudals. Af því má ráða að þar sé um að ræða merki milli Almennings og Vaskárdals. Þá kemur fram að Melrakkaá ráði mörkum, sem samræmist áðurnefndri lýsingu á Gloppu í landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 1883, þar sem segir að undir jörðina heyri Melrakkadalur að Melrakkaá.

Samkvæmt framangreindu benda gögn málsins til þess að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er milli Seldalsár og Rauðuskriðuár en sunnan Öxnadalsár og Vaskár sé hluti Almennings, og að þar austan við taki við svæði sem sé hluti Vaskárdals, austan Rauðuskriðuár og sunnan Vaskár og Melrakkaár. Að viðbættum þeim hluta svæðisins sem er hluti Bakkasels samkvæmt landamerkjabréfi frá 1889, taka þessi afmörkuðu svæði til alls ágreiningssvæðisins. Þau standa einnig í beinu sambandi við og eru aðliggjandi þeim hlutum Bakkasels, Almennings og Vaskárdals sem eru þjóðlendur samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 3/2008 og 1/2009.

Að öllu framangreindu virtu styðja gögn málsins við afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu og jafnframt að ágreiningssvæðið skiptist í þrennt milli Bakkasels, Almennings og Vaskárdals með þeim hætti sem lýst hefur verið hér að framan.

7.4.2.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numið, enda séu landnámsmörk upp til fjalla og inn til landsins ekki tiltekin.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði

sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Eins og áður segir er sá hluti ágreiningssvæðisins sem er á milli Kaldbaksdalsár og Seldalsár innan merkja Bakkasels samkvæmt landamerkjabréfi frá 1889. Þá benda gögn málsins til þess að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er milli Seldalsár og Rauðuskriðuár sé hluti Almennings, og að þar austan við taki við svæði sem sé hluti Vaskárdals, austan Rauðuskriðuár. Í eftirfarandi umfjöllun er tekið mið af þessari skiptingu svæðisins.

– – –

Fyrst kemur til skoðunar eignarréttarleg staða þess hluta Bakkasels sem hér er til umfjöllunar. Líkt og áður segir hafa mismunandi hlutar Bakkasels komið til umfjöllunar í tveimur eldri úrskurðum óbyggðanefndar: syðsti hlutinn, Seldalsfjall, í máli nr. 3/2008 á svæði 7A og nyrsti hlutinn, Heiðarfjall, í máli nr. 1/2009 á svæði 7B. Í báðum tilvikum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða þjóðlendur í afréttareign tiltekinna aðila. Niðurstaðan byggðist í báðum tilvikum á því að réttur til landsvæðisins sem nefnt er Bakkasel hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Ekki var fallist á að stofnast hefði til beins eignarréttar að landsvæðinu, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð, né með öðrum hætti.

Umræddir úrskurðir voru kveðnir upp í júní 2009 og október 2011. Frá þeim tíma hefur réttarstaðan vegna áhrifa fyrri athafna ríkisins á kröfugerð í þjóðlendumálum

skýrst nokkuð. Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Bakkasels er m.a. byggt á því að íslenska ríkið hafi viðurkennt að sá hluti Bakkasels sem nú er til umfjöllunar sé eignarland, og að kröfugerð ríkisins í málinu sé í andstöðu við afsöl sem gefin hafi verið út vegna sölu á Bakkaseli.

Gerð er krafa til svæðisins af hálfu Hörgársveitar, sem leiðir rétt sinn til Bakkasels frá Öxnadalshreppi, en Hörgársveit varð til við sameiningu Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar árið 2010 en Hörgárbyggð hafði orðið til með sameiningu Skriðuhrepps, Öxnadalshrepps og Glæsibæjarhrepps árið 2001.

Öxnadalshreppur öðlaðist rétt til Bakkasels á grundvelli afsals, dags. 14. desember 1967. Aðilar afsalsins voru Öxnadalshreppur sem kaupandi og samgöngumálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, sem seljandi. Í afsalinu gerir samgöngumálaráðherra kunnugt:

> Að ég, samkvæmt lögum nr. 60, 16. apríl 1963, sel hér með og afsala fyrir hönd ríkissjóðs til Öxnadalshrepps, Eyjafjarðarsýslu, ríkisjörðina Bakkasel í sama hreppi með öllum þeim gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja og fylgja ber, þ.á.m. eyðibýlinu Gili, sem fallið er undir jörðina.

Jafnframt segir að samgöngumálaráðherra lýsi því yfir að kaupandinn, Öxnadalshreppur, sé réttur og löglegur eigandi að jörðinni Bakkaseli.

Í kafla 7.2.5 voru álitaefni um réttmætar væntingar í tengslum við fyrri athafnir ríkisins til umfjöllunar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að af dómaframkvæmd yrði ráðið að til þess að athafnir ríkisins gætu skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að tiltekið landsvæði væri eignarland hans yrðu þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði væri hluti þeirrar jarðar. Í þessu sambandi koma ekki einungis til skoðunar athafnir ríkisins eftir gildistöku laga nr. 58/1998, heldur einnig fyrir þann tíma, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 496/2005.

Í framangreindu afsali, sem stafaði frá samgöngumálaráðherra f.h. ríkissjóðs, og var beint að þeim sem taldi til réttinda yfir Bakkaseli, fólst ótvíræð viðurkenning á að Bakkasel væri jörð. Af afsalinu má skýrlega ráða að gengið hafi verið út frá því að um eignarland væri að ræða. Salan fór enn fremur fram á grundvelli heimildar í lögum nr. 60/1963, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

Það er mat óbyggðanefndar að afsalið hafi, eins og hér hagar til, verið til þess fallið að skapa þeim sem telur til réttinda yfir Bakkaseli réttmætar væntingar um að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar, sem er mjög nærri bæjarstæði Bakkasels og því skýrlega innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Bakkasels frá 1889, væri eignarland hans. Krafa ríkisins um þjóðlendu á því svæði er þessu ósamrýmanleg og henni er því hafnað, sbr. áðurnefnda dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005, 617/2012 og 94/2017 og umfjöllun um þá í kafla 7.2.5. Að fenginni þeirri niðurstöðu koma aðrar málsástæður og röksemdir aðila ekki til frekari skoðunar, að því er þennan hluta ágreiningssvæðisins varðar.

Það breytir ekki framangreindri niðurstöðu að óbyggðanefnd hafi áður komist að þeirri niðurstöðu að aðrir hlutar Bakkasels væru þjóðlendur og að sú niðurstaða hafi

verið staðfest af dómstólum, enda komu málsástæður um áhrif fyrri athafna ríkisins á kröfugerð í þjóðlendumálunum ekki til skoðunar í þeim málum, hvorki fyrir óbyggðanefnd né dómstólum. Auk þess hefur dómaframkvæmd Hæstaréttar um áhrif fyrri athafna ríkisins á kröfugerð í þjóðlendumálum skýrst frá því að umræddir úrskurðir og dómar voru kveðnir upp, með tilkomu dóma Hæstaréttar í málum nr. 617/2012 og 94/2017, sbr. umfjöllun í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og kafla 7.2.5 hér að framan.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er innan merkja Bakkasels samkvæmt landamerkjabréfi frá 1889, þ.e. frá Kaldbaksdalsá að Seldalsá, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau.

– – –

Næst kemur til skoðunar eignarréttarleg staða þess hluta Almennings sem hér er til umfjöllunar. Þegar Almennings er getið í skriflegum heimildum er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Þannig kemur fram í *Jarðabók* Árna og Páls að frá sérhverjum bæ í Öxnadal, utan Þverbrekku sem þar eigi ítak, sé upprekstur fyrir lömb á Almenning. Þar er sömuleiðis getið um grasatekju á Almenningi. Einnig segir: „Ómögulegt væri hjer bygð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi“. Þá er í umfjöllun bókarinnar um einstakar jarðir í Skriðuþingsókn, einkum í Öxnadal en einnig Skriðu í Hörgárdal, getið um upprekstur á Almenning. Auk þess kemur fram í heimildum frá 18. öld að slíkur réttur tilheyri Bægisá í Glæsibæjarhreppi. Hinum forna Skriðuhreppi var árið 1910 skipt upp í samnefndan hrepp og Öxnadalshrepp, en árið 2001 sameinuðust Skriðuhreppur, Öxnadalsheppur og Glæsibæjarhreppur í Hörgárbyggð, sem aftur sameinaðist Arnarneshreppi árið 2010 undir heitinu Hörgársveit, sem fyrr segir.

Í upplýsingum sem sýslumaður Eyjafjarðarsýslu sendi frá sér 1. ágúst 1979, í tilefni af fyrirspurn sem barst embættinu um afréttarlönd í sýslunni, er Almenningur talinn upp meðal afréttarlanda og getið um hvaða jarðir eigi þar upprekstur. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 kemur fram að við skýrslutökur í málinu, sem fram fóru í desember 2008, hafi komið fram að Almenningur hefði verið notaður til sumarbeitar fyrir búfénað eigenda jarða í Hörgárbyggð.

Af framangreindu verður ráðið að búfjáreigendur í Öxnadal og víðar á því svæði sem tilheyrði Hörgárbyggð, nú Hörgársveit, hafi haft af landsvæðinu sem hér er til umfjöllunar hefðbundin afréttarnot, undir umsjón sveitarfélagsins, á sama hátt og gildir um

samnotaafrétti almennt.[470] Að mati óbyggðanefndar bendir framangreint til þess að Almenningur hafi verið afréttur í þeim skilningi að þar hafi menn átt óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Þrátt fyrir að ekki verði verði fullyrt um hvort landsvæðið sem hér um ræðir hafi verið numið í öndverðu liggur í öllu falli ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur, hafi til hans stofnast á annað borð, að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Í þessu sambandi er einnig til þess að líta að Almenningur, að öðru leyti en hér er til umfjöllunar, er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 og sú niðurstaða var staðfest með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra í máli nr. E-75/2010. Að mati nefndarinnar eiga þau sjónarmið sem þar komu fram og leiddu til niðurstöðu um að Almenningur væri þjóðlenda einnig við um þann hluta svæðisins sem hér er til umfjöllunar.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er einnig byggt á því að ríkið hafi, með því að hafa ekki gert kröfu til þessa hluta ágreiningssvæðisins í eldra máli, skapað réttmætar væntingar til þess að svæðið væri eignarland. Í kafla 7.2.5 voru álitaefni um réttmætar væntingar í tengslum við fyrri athafnir ríkisins til umfjöllunar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að af dómaframkvæmd yrði ráðið að til þess að athafnir ríkisins gætu skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans yrðu þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Ekki var fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra.

Að mati nefndarinnar hefur gagnaðili ríkisins ekki sýnt fram á aðrar athafnir ríkisins sem uppfylla framangreind skilyrði að því er varðar þennan hluta ágreiningssvæðisins. Nefndin fellst því ekki á að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg fyrri athöfnum ríkisins eða að skapast hafi réttmætar væntingar sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu málsins, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.5.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að sá hluti Almennings sem hér er til umfjöllunar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga, né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hafi verið afréttur jarða í fyrrum Öxnadalshreppi, Skriðuhreppi og Glæsibæjarhreppi, síðar Hörgárbyggð, sem nú er hluti Hörgársveitar.

[470] Sjá nánari umfjöllun um hugtakið *afrétt/ur* og mismunandi tegundir þeirra í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Hörgársveit hefur í máli þessu gert þá varakröfu að landsvæðið verði úrskurðað afréttareign, verði það ekki talið eignarland. Að mati óbyggðanefndar rúmast innan þessarar kröfugerðar niðurstaða um að svæðið sé samnotaafréttur jarða sem voru í sveitarfélaginu Hörgárbyggð áður en það varð hluti Hörgársveitar. Ekki eru hins vegar upplýsingar um að aðrar jarðir í Hörgársveit hafi nýtt svæðið sem afrétt.

Því er niðurstaða óbyggðanefndar að nyrsti hluti Almennings, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Vaská rennur í Öxnadalsá. Þaðan er Öxnadalsá fylgt suðvestur að þeim stað þar sem Seldalsá rennur í hana. Þaðan er Seldalsá fylgt suður að norðurmörkum þjóðlendunnar Almennings og þeim mörkum svo fylgt austur að Rauðuskriðuá. Þaðan er Rauðuskriðuá fylgt norður í Vaská og henni svo fylgt norðvestur í upphafspunkt.*

Sama svæði er afréttur jarða í fyrrum Hörgárbyggð, nú í Hörgársveit, sbr. 1. gr., 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðréttar í ám og vötnum á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

– – –

Loks kemur til skoðunar eignarréttarleg staða þess hluta Vaskárdals sem hér er til umfjöllunar. Elsta fyrirliggjandi heimild sem varðar þennan hluta ágreiningssvæðisins er máldagi Miklagarðskirkju, sem skráður er í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar. Þar er getið um folaldarekstur í Vaskáröxl. Í umfjöllun um Djúpadal/Stóradal í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1712 kemur fram að jörðin eigi Vaskárdal „en engin not hefur jörðin þessa afrjettar, en áður hafa þángað verið reknir hestar á sumur“. Vaskárdalur er einnig nefndur afréttur í heimildum frá 1794 til ársins 1940, þar á meðal í afsalsbréfi, dags. 7. júní 1841, þar sem hið selda er tilgreint sem „afréttarlandid Vaskárdal[ur] innast í Yxnadal“. Í málinu liggur fyrir óslitin framsalsröð fyrir Vaskárdal frá þeim tíma, þar sem svæðisins er getið sem afréttar. Í svari hreppstjóra Öxnadalshrepps við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands um almenninga og afréttarlönd, dags. 25. febrúar 1920, kemur fram að Vaskárdalur sé afréttur sem sé „einstaksmanns eign en tilheyrir ekki neinu býli“. Ekkert liggur fyrir um að landsvæðið hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota, og þar hefur aldrei verið byggð.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Vaskárdalur hafi verið afréttur í þeim skilningi að þar hafi menn átt óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt. Telja verður að það séu slík réttindi sem í raun hafi gengið kaupum og sölum, a.m.k. frá 1841, en að öllum líkindum mun lengur, sbr. umfjöllun *Jarðabókar* Árna og Páls

frá 1712 um að Djúpidalur/Stóridalur hafi átt afréttinn Vaskárdal. Í afsölunum gat ekki falist yfirfærsla víðtækari eignarréttar afsalshöfum til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), 21. október 2004 í máli nr. 47/2004 (Biskupstungnaafréttur norðan vatna) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður).

Þrátt fyrir að ekki verði fullyrt um hvort landsvæðið sem hér um ræðir hafi verið numið í öndverðu liggur í öllu falli ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur, hafi til hans stofnast á annað borð, að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Líklegra er að réttur til Vaskárdals hafi orðið til á þann veg að svæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur og sveitarstjórnum falið að annast framkvæmd þeirra.

Í þessu sambandi er einnig til þess að líta að Vaskárdalur, að öðru leyti en hér er til umfjöllunar, er þjóðlenda samkvæmt óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 og sú niðurstaða var staðfest með dómi Hæstaréttar í máli nr. 24/2014. Að mati nefndarinnar eiga þau sjónarmið sem þar komu fram og leiddu til niðurstöðu um að Vaskárdalur væri þjóðlenda einnig við um þann hluta svæðisins sem hér er til umfjöllunar.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er einnig byggt á því að ríkið hafi, með því að hafa ekki gert kröfu til þessa hluta ágreiningssvæðisins í eldra máli, skapað réttmætar væntingar til þess að svæðið væri eignarland. Í kafla 7.2.5 voru álitaefni um réttmætar væntingar í tengslum við fyrri athafnir ríkisins til umfjöllunar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að af dómaframkvæmd yrði ráðið að til þess að athafnir ríkisins gætu skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að tiltekið landsvæði væri eignarland hans yrðu þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði væri hluti þeirrar jarðar. Ekki var fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra.

Að mati nefndarinnar hafa gagnaðilar ríkisins ekki sýnt fram á aðrar athafnir ríkisins sem uppfylla framangreind skilyrði að því er varðar þennan hluta ágreiningssvæðisins. Nefndin fellst því ekki á að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg fyrri athöfnum ríkisins eða að skapast hafi réttmætar væntingar sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu málsins, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.5.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að sá hluti Vaskárdals sem hér er til umfjöllunar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga, né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að land-

svæðið sé í afréttareign gagnaðila íslenska ríkisins, Hörgársveitar og Einars Steindórs Valbergssonar.

Því er niðurstaða óbyggðanefndar að nyrsti hluti Vaskárdals, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. innig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Rauðuskriðuá rennur í Vaská. Þaðan er Rauðuskriðuá fylgt suður að norðurmörkum þjóðlendunnar Vaskárdals. Þaðan er norðurmörkum þjóðlendunnar, sem fylgja 800 m hæðarlínu, fylgt austur að þeim stað gegnt Melrakkaá þar sem þau hætta að fylgja 800 m hæðarlínu. Þaðan beint í Melrakkaá sem svo er fylgt vestur að Vaská og eftir henni í upphafspunkt.*

Sama svæði er í afréttareign Hörgársveitar og Einars Steindórs Valbergssonar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Afréttareigninni fylgir veiðiréttur í ám og vötnum skv. 5. gr. sömu laga, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

7.4.3 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna*.[471] Umfjöllun um þetta kröfusvæði grundvallast á athugasemd sem óbyggðanefnd gerði við kröfugerð ríkisins í úrskurði nefndarinnar 19. júní 2009 í máli nr. 5/2008 (Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli), sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, að því er varðar svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna.[472] Af hálfu gagnaðila ríkisins er m.a. á því byggt að umfjöllun í framangreindum úrskurði nefndarinnar sé ekki athugasemd við kröfugerð ríkisins í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga og því beri að vísa kröfu ríkisins frá. Með vísan til umfjöllunar í kafla 7.2.4 er þeirri málsástæðu gagnaðila ríkisins hafnað og kröfur aðila verða því teknar til efnislegrar umfjöllunar.

Að sunnanverðu liggur að ágreiningssvæðinu þjóðlendan Hraunin, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin). Að vestan- og norðvestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland jarðarinnar Stafns í Svartárdal og að austan- og norðaustanverðu óumdeilt eignarland jarðarinnar Mælifells

[471] Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

[472] Sjá minnisblað um athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar, sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 10. ágúst 2022, hliðsjónargagn nr. H-3.

í Skagafirði. Gerð er krafa til alls ágreiningssvæðisins af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Eyvindarstaðaheiðar.[473]

Ágreiningssvæðið er við norðurmörk Hraunanna en þau eru svæði norðan Strönguvíslar sem nær frá Hraungarði að vestan og austur að Vestari-Jökulsá. Hraunin eru víðfeðm háslétta og að mestu leyti ógróin hraun og sandar. Þau einkennast af löngum urðarhryggjum, með stefnuna norður–suður, og dældum og drögum á milli. Gróður er helst að finna í þeim lægðum þar sem vatn fyrirfinnst. Ágreiningssvæðið er skammt austan Aðalmannsvatns og afmarkast af Svartá að vestan og Brunnabrekkulæk að austan. Frá nyrsta hluta svæðisins að syðsta hluta þess eru um 3 km í beinni loftlínu og það er í um 550–600 m hæð.

Í kafla 7.4.3.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því svæði sem kröfur þeirra varða. Ágreiningur aðila er fyrst og fremst um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins en ekki er ágreiningur um afmörkun þess. Um afmörkun aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.3.2.

7.4.3.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um mörk ágreiningssvæðisins.

Upphafspunktur kröfusvæðis ríkisins er við upptök Brunnabrekkulækjar við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna. Brunnabrekkulæk er fylgt þaðan til norðurs þar til hann rennur í Svartá og þeirri á er svo fylgt til suðurs að norðurmörkum þjóðlendunnar Hraunanna. Þjóðlendumörkunum er svo fylgt austur í upphafspunkt. Eins og áður segir er ekki ágreiningur um afmörkun ágreiningssvæðisins. Gagnaðilar ríkisins byggja á því að svæðið afmarkist með sama hætti.

Afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu styðst fyrst og fremst við landamerkjabréf jarðanna Stafns í Svartárdal og Mælifells í Skagafirði, auk afmörkunar þjóðlendunnar Hraunanna.

Í landamerkjabréfi Mælifells, sem dagsett er 4. apríl 1890 og var þinglýst 23. maí sama ár, er merkjum að því leyti sem hér skiptir máli lýst svo: „Stórhóll á Nónfjalli og frá honum bein stefna í upptök Brunnabrekkulækjar en hann ræður merkjum ofan í Svartá á Stafnsgili, en síðan ræður Svartá út að Einarsdalslæk.“ Í landamerkjabréfi Stafns, sem er dagsett 16. maí 1883 og var þinglýst 19. maí 1885, er merkjum að því

[473] Kröfu var einnig upphaflega lýst vegna Mælifells en eftir að í ljós kom að ekki var efnislegur ágreiningur í málinu um mörk Mælifells lét eigandi jarðarinnar málið ekki frekar til sín taka fyrir utan kröfu um málskostnað.

leyti sem hér skiptir máli lýst svo: „ræður Einarsdalslækur ofan í Svartá. Vestan Svartár á Háutungum austanverðum ræður að sunnan Aðalsmannsvatnalækur, sem fellur austur í Svartá og úr Aðalsmannsvatnalæk beint vestur í Fossá.“ Austurmerkjum er ekki lýst berum orðum í landamerkjabréfinu. Beinast liggur þó við að skilja landamerkjalýsinguna svo að Svartá ráði að austan þar sem bæði norður- og suðurmerkjum er lýst um læki sem falla í ána. Sú skýring fær einnig stoð í landamerkjabréfi Mælifells þar sem því er lýst að Svartá ráði vesturmerkjum þeirrar jarðar. Samkvæmt landamerkjabréfum Mælifells og Stafns afmarkast þessar jarðir af Brunnabrekkulæk og Svartá. Það er í samræmi við afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Eyvindarstaðaheiði, sem er vestan við Hraunin, sem er dagsett 28. september 1886 og var þinglýst 20. maí 1889. Samkvæmt landamerkjabréfinu eru austurmörk Eyvindarstaðaheiðar úr Aðalmannsvatnalækjarósi, eftir Aðalmannsvatnalæk til Svartár og svo með Svartá til suðurs í Svörtutjörn og þaðan að Hofsjökli. Því er ljóst að ágreiningssvæðið, og raunar Hraunin í heild sinni, eru utan merkja Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt landamerkjabréfinu. Ekki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Hraunin.

Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi heimildum að svæðið sé innan merkja annarra jarða. Af framangreindu leiðir að ágreiningssvæðið er utan merkja jarða samkvæmt fyrirliggjandi heimildum og jafnframt að afmörkun aðila á því sé í samræmi við heimildir um merki Mælifells og Stafns.

7.4.3.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisns. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numið, enda séu landnámsmörk upp til fjalla og inn til landsins ekki tiltekin.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi

verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Sem áður segir er ágreiningssvæðið utan merkja jarða samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Fáar heimildir liggja fyrir um eignarréttarlega stöðu Hraunanna, sem ágreiningssvæðið virðist vera hluti af. Í því sambandi er rétt að geta þess að heitið Eyvindarstaðaheiði hefur gjarnan einnig verið notað um Hraunin en hin eiginlega Eyvindarstaðaheiði er vestan við Hraunin og afmörkuð í landamerkjabréfi frá 1886. Hraunin eru utan merkja Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt því landamerkjabréfi.

Í ritinu *Göngur og réttir* III frá 1985 kemur fram að því svæði sem þá er nefnt Eyvindarstaðaheiði hafi verið skipt í tvö höfuðsvæði: Eyvindarstaðaheiði og Stafnsafrétt. Muni Stafnsafrétt hafa náð yfir Háutungur, milli Fossár og Svartár, þ.e. vestan Svartár, Svartárbuga og sandana suður af Bugunum, allt fram að Hofsjökli. Samkvæmt þessu er ágreiningssvæðið, sem er austan Svartár, ekki innan marka Stafnsafréttar. Það á sér einnig stoð í örnefnaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar fyrir Eyvindarstaðaheiði þar sem segir að Stafnsafréttur, oftast nefndur Háutungur, liggi milli Fossár að vestan og Svartár að austan og suðurmörkin séu um Aðalsmannsvatn.

Í ritinu *Göngur og réttir* IV frá 1986 kemur fram að Skagfirðingum beri að smala Hraunin. Því er lýst að mörk svæðisins séu um Vestari-Jökulsá fram til Hofsjökuls, ráði svo jökullinn suðurmörkum og vestur í austustu upptök Ströngukvíslar. Þaðan séu vesturmörkin um Hraungarð og Þingmannaháls í Fossá.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september sama ár, bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki tilheyrðu eða hefðu tilheyrt nokkru lögbýli. Í umsögn hreppstjóra Bólstaðahlíðarhrepps, dags. 18. febrúar 1920, sem hann tók saman af því tilefni, er minnst á Eyvindarstaðaheiði og þess getið að hún hafi áður tilheyrt Eyvindarstöðum. Ekki er hins vegar getið um Hraunin. Í svari skrifstofu Skagafjarðarsýslu, dags. 14. febrúar 1920, við sömu fyrirspurn er því haldið fram að ekki séu aðrir almenningar eða afréttarlönd í sýslunni „af þeim sem um var spurt, en hin svonefndu Nýjabæjaröræfi austan undir Hofsjökli“. Svörin benda ekki

til að sveitarfélög í sýslunum hafi talið til réttinda á Hraununum á þessum tíma eða talið þau til beitilanda sinna.

Í ódagsettu skjali sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu“ og sent var frá sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki árið 1985 segir: „Frá landamerkjum Eyvindarstaðaheiðar að austan og austur að Jökulsá vestari, austustu kvíslar hennar, þar sem Hofsafrétt tekur við, er mikið landssvæði sem ekki er vitað um eignarrétt á. Þetta landsvæði, er í daglegu tali kallað Hraunin, er gróðurlaust með öllu, nema mosar með kvíslum í Jökultungu og vestar nálægt Hofsjökli.“ Síðar segir: „Líklegt má telja að landnámsjarðirnar Mælifell, Írafell og Goðdalir hafi átt þetta land allt til jökuls“.

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið fyrirspurn til allra sveitarstjórna um afréttarmál. M.a. var spurt hvort íbúar sveitarfélagsins ættu upprekstarrétt í einhvern afrétt, hvað hann nefndist og hvar mörk hans lægju. Í svarbréfi Lýtingsstaðahrepps við erindinu, sem dagsett er 6. nóvember 1989, er getið um upprekstrarrétt á Eyvindarstaðaheiði og landamerkjabréfið rakið um mörk hennar. Ekkert er minnst á svæðið þar austan við, þ.e. Hraunin. Ekki er heldur minnst á þau í svarbréfi Bólstaðahlíðarhrepps við sama erindi dags. 1. nóvember 1989. Ekki barst svar frá Seyluhreppi við erindinu.

Í örnefnaskrá fyrir Eyvindarstaðaheiði, dags. 2. sept. 2001, kemur fram að heiðin sé að mestu leyti afgirt. Hafi hún verið girt í áföngum frá árinu 1971, fyrst milli Blöndu og Fossadals og síðan haldið til austurs og árið 1978 hafi girðingin verið komin fram á Brunnabrekkubrún. Síðan segir: „Varð þá nokkurt hlé á framkvæmdum, en næsti áfangi var nokkuð fram á Hraun, austan við Fram-Bugana. Síðasti áfanginn (sem kominn er) var svo frá þeim girðingarenda og fram að Ströngukvísl nokkuð neðan við Sátu.“ Þá er staðsetningu girðingarinnar lýst nánar og greint frá því að hún fari í suður ofarlega á Haukagilsheiði „og áfram til suðurs fram Hraunin, eigi langt frá landamörkum Eyvindarstaðaheiðar, allt að Ströngukvísl skammt neðan við fjallið Sátu“.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 kemur fram að við skýrslutökur í málinu, sem fram fóru í desember 2008, hafi komið fram kom fram að smölun á Hraununum væri kostuð af Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar. Með tilkomu afréttargirðingarinnar ætti fé þó ekki að komast af Eyvindarstaðaheiði yfir á Hraunin. Það fé sem þangað færi kæmi því frekar úr heimfjöllunum en enginn ræki á Hraunin. Fram kom að líklega hefði aldrei verið rekið þangað en alltaf hefði verið þar eitthvert fé, nokkrir tugir á árum áður en væri orðið færra.

Óbyggðanefnd telur að þær heimildir sem raktar hafa verið bendi ekki til þess að Hraunin, þ.m.t. sá hluti þeirra sem hér er til umfjöllunar, hafi nokkru sinni verið nýtt að staðaldri sem sumarbeitiland fyrir búfé eða með öðrum hætti. Ekkert hefur komið fram um að fé hafi verið rekið inn á svæðið eða menn stuðlað að því að það sækti þangað. Í því sambandi má nefna að ekkert er getið um Hraunin í fjallskilareglugerðum fyrir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur. Svo virðist sem það fáa fé sem sótt hefur á Hraunin í gegnum tíðina hafi komið af nærliggjandi landsvæðum, einkum meðan ógirt var á

milli Eyvindarstaðaheiðar og Hraunanna. Við blasir að afréttargirðing sem var reist seint á 20. öld, því sem næst á mörkum Eyvindarstaðaheiðar og Hraunanna, hafi verið reist í því skyni að stemma stigu við því að fé leitaði af Eyvindarstaðaheiði yfir á Hraunin. Það mælir ennfremur gegn því að ætlun manna hafi verið sú að nýta Hraunin sem beitiland, eða að þau hafi talist vera hluti Eyvindarstaðaheiðar.

Ekkert er komið fram um að ágreiningssvæðið hafi verið hluti jarða. Ekki er heldur fallist á að svæðið geti hafa talist hluti Eyvindarstaðaheiðar, svo sem gagnaðilar ríkisins virðast einkum byggja á, og er í því sambandi einkum horft til þess að það er skýrlega utan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar frá 1886. Svæðið er lítt gróið eins og fram kemur í gögnum málsins og vettvangsferð óbyggðanefndar um svæðið leiddi einnig í ljós. Því mæla staðhættir og gróðurfar á ágreiningssvæðinu gegn því að það hafi verið nýtanlegt til beitar. Þessi atriði benda eindregið til þess að ekki sé um eignarland að ræða.

Þá er jafnframt til þess að líta að Hraunin, að öðru leyti en sá hluti sem hér er til umfjöllunar, eru þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 og sú niðurstaða var staðfest með dómi Hæstaréttar í máli nr. 546/2012. Að mati nefndarinnar eiga þau sjónarmið sem þar komu fram og leiddu til niðurstöðu um að Hraunin væru þjóðlenda einnig við um ágreiningssvæði þessa máls.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er einnig byggt á því að ríkið hafi, með því að hafa ekki gert kröfu til ágreiningssvæðisins í eldra máli, skapað réttmætar væntingar til þess að svæðið væri eignarland. Í kafla 7.2.5 voru álitaefni um réttmætar væntingar í tengslum við fyrri athafnir ríkisins til umfjöllunar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að af dómaframkvæmd yrði ráðið að til þess að athafnir ríkisins gætu skapað eiganda réttmætar væntingar um að tiltekið landsvæði væri eignarland hans yrðu þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði væri hluti þeirrar jarðar. Ekki var fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra.

Að mati nefndarinnar hefur gagnaðili ríkisins ekki sýnt fram á aðrar athafnir ríkisins sem uppfylla framangreind skilyrði að því er varðar ágreiningssvæðið. Nefndin fellst því ekki á að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg fyrri athöfnum ríkisins eða að skapast hafi réttmætar væntingar sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu málsins, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.5.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu gagnaðila ríkisins, ekki verið sýnt fram á að ágreiningssvæðið sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að það sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður heldur ekki ráðið að svæðið hafi verið nýtt sem afréttur eða að þar hafi stofnast til annarra óbeinna eignarréttinda.

Því er niðurstaða óbyggðanefndar að nyrsti hluti Hraunanna, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Brunnabrekkulækur rennur í Svartá. Þaðan er Svartá fylgt suður að norðurmörkum þjóðlendunnar Hraunanna. Þaðan er norðurmörkum þjóðlendunnar fylgt austur að upptökum Brunnabrekkulækjar og þeim læk er svo fylgt norður í upphafspunkt.*

7.4.4 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar*.[474] Umfjöllun um þetta kröfusvæði grundvallast á athugasemd sem óbyggðanefnd gerði við kröfugerð ríkisins í úrskurði nefndarinnar 19. júní 2009 í máli nr. 5/2008 (Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli), sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, að því er varðar svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar.[475]

Að sunnan- og suðaustanverðu liggur að ágreiningssvæðinu þjóðlendan Eyvindarstaðaheiði, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin). Að vestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland jarðarinnar Rugludals í samnefndum dal, að norðanverðu óumdeilt eignarland Bollastaða í Blöndudal og að norðaustan- og austanverðu óumdeilt eignarland Steinár í Svartárdal. Gerð er krafa vegna Rugludals sem skarast að litlu leyti við vesturmörk kröfusvæðis ríkisins en að öðru leyti er gerð krafa til þess vegna Steinár.

Ágreiningssvæðið er við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar, milli Rugludals og Svartárdals. Það afmarkast að vestanverðu af austanverðum Rugludal, að sunnan- og suðaustanverðu af þjóðlendunni Eyvindarstaðaheiði og að norðaustan- og norðanverðu af línu sem dregin er úr Hanskafelli í Tvíhóla og áfram í Leirtjörn. Svæðið er allvel gróið með nokkuð samfelldri gróðurþekju. Frá nyrsta hluta svæðisins að syðsta hluta þess eru um 5,5 km í beinni loftlínu og það er að mestu leyti í um 500 m hæð, en rís hæst í um 540 m hæð á Hanskafelli austast á svæðinu.

Í kafla 7.4.4.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að

---

474 Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

475 Sjá minnisblað um athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar, sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 10. ágúst 2022, hliðsjónargagn nr. H-3.

upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því svæði sem kröfur þeirra varða. Ágreiningur aðila snýr bæði að afmörkun ágreiningssvæðisins og eignarréttarlega stöðu þess. Um afmörkun aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.4.2.

7.4.4.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um mörk ágreiningssvæðisins.

Upphafspunktur kröfusvæðis ríkisins er á Hanskafelli. Þaðan er dregin bein lína í Tvíhóla (þann sem stendur austar) og þaðan í Leirtjörn. Frá Leirtjörn fylgir kröfulína ríkisins austanverðum Rugludal þar til komið er að norðurmörkum þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar í Syðri-Austurdal. Þaðan er norðurmörkum þjóðlendunnar fylgt að upphafspunkti.

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Steinár er aðallega byggt á því að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja jarðarinnar, allt að norðurmörkum þjóðlendu á Eyvindarstaðaheiði, en til vara að miða beri mörk ágreiningssvæðisins við línu sem dregin er úr Hanskafelli í Tvíhóla og þaðan beint vestur að austurmörkum Rugludals á alfaravegi austan Rugludals. Varakrafa eigenda Steinár er dregin á kröfulínukort úr Hanskafelli í vestari Tvíhól en við munnlegan flutning málsins kom fram af hálfu lögmanns þeirra að líklega væri rétt að miða við austari Tvíhól.

Eftir að íslenska ríkið lagfærði afmörkun vesturmarka kröfusvæðis ríkisins á kröfulínukorti virðist í raun ekki vera efnislegur ágreiningur milli ríkisins og eiganda Rugludals, enda miðast afmörkun aðila á þeim hluta svæðisins við sömu lýsingu í landamerkjabréfi Rugludals, en kröfulínur aðila eru þó dregnar með örlítið mismunandi hætti á kortið.

Þrátt fyrir að smávægilegur munur sé þannig á afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu byggja þeir afmörkun sína á sömu heimildum, þ.e. landamerkjabréfi Rugludals frá 12. apríl 1883, landamerkjabréfi Bollastaða frá 15. júní 1886, landamerkjabréfi Steinár frá 15. maí 1886 og landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar frá 28. september 1886.

Í landamerkjabréfi Rugludals frá 12. apríl 1883, sem var þinglýst 20. maí 1886, kemur fram að austurmörkum jarðarinnar ráði „alfaravegur sá, er liggur fyrir austan Rugludal, norðan frá Háuskriðu, sem ræður landamerkjum að norðan allt til suðurs í Rugludalsmynnið, eða gil, það sem liggur austur úr dalnum syðst, og sem kallað er Syðri-Austurdalur“. Eins og áður segir eru aðilar málsins sammála um að miða beri vesturmörk ágreiningssvæðisins við umræddan alfaraveg austan Rugludals. Af hálfu aðila málsins hefur komið fram að vegurinn hafi verið mjög nærri núverandi vegi úr Blöndudal upp á Eyvindarstaðaheiði, austan Rugludals, en nákvæm staðsetning eldri vegar liggur ekki fyrir.

Í landamerkjabréfi Bollastaða í Blöndudal frá 15. maí 1886, sem var þinglýst 20. maí sama ár, kemur fram að suðurmörk jarðarinnar nái suður að vestari Leirtjörn og þaðan vestur í „hól, er stendur við Reiðgötur austanverðar (þ.e. fyrr austan hinn svo nefnda Sellandsborgaveg)“. Fram kemur að þaðan ráði Sellandsborgavegur vesturmörkum jarðarinnar norður að Þvergili. Áðurnefndur alfaravegur, sem getið er í landamerkjabréfi Rugludals, er vestan við vestari Leirtjörn og því má ætla að Sellandsborgavegur sé sami vegur.

Í örnefnaskrá fyrir Bollastaði frá 1975 er suðurmörkum jarðarinnar lýst frá Leirtjörn í austurhól Tvíhóla.

Þessar heimildir um suðurmörk Bollastaða eru í samræmi við afmörkun ríkisins á norðurmörkum ágreiningssvæðisins.

Í landamerkjabréfi Steinár frá 15. maí 1886, sem var þinglýst 20. maí sama ár, er merkjum að austanverðu lýst suður í Hanskafell. Svo segir: „Þá tekur við að framan Eyvindarstaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending úr Hanzkafelli til norðvesturs í Tvíhóla, þá beygjast merkin aptur til norðurs í vestari Leirtjörn, og úr henni í þúfu, sem er austan til við Sellandsborgir“. Landamerkjabréfið er m.a. áritað vegna Eyvindarstaðaheiðar og texti þess ber með sér að litið hafi verið svo á að handan þessa hluta merkja jarðarinnar hafi tekið við land Eyvindarstaðaheiðar.

Í landamerkjabréfinu kemur ekki fram við hvorn Tvíhólinn merkin miðist. Í örnefnaskrá fyrir Steiná frá 1. ágúst 1976 kemur hins vegar fram að mörk jarðarinnar á þessum slóðum miðist við austari Tvíhól. Að teknu tilliti til þess, og með hliðsjón af því að lögmaður eigenda Steinár lýsti því við munnlegan málflutning að líklega væri rétt að miða við austari Tvíhólinn, er að mati nefndarinnar rétt að túlka landamerkjabréf Steinár svo að miðað sé við austari Tvíhól. Að fenginni þeirri niðurstöðu er ljóst að landamerkjalýsingin er í samræmi við afmörkun ríkisins á norður- og austurmörkum ágreiningssvæðisins.

Suðurmörk ágreiningssvæðisins miðast við norðurmörk þjóðlendu á Eyvindarstaðaheiði samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008 sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar í máli nr. 546/2012.

Í landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði frá 28. september 1886, sem var þinglýst 20. maí 1889, er norðurmörkum heiðarinnar á þessum slóðum lýst úr Syðri-Austurdal „þaðan rjettsýni austur í Hanzkafell, þar sem það er hæst“. Landamerkjabréfið, sem var útbúið rúmum fimm mánuðum eftir að landamerkjabréf Steinár var gert, er ekki áritað um samþykki vegna Steinár. Afmörkun aðila á suðurmörkum ágreiningssvæðisins er í samræmi við framangreinda lýsingu í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar, sem norðurmörk þjóðlendu á heiðinni miðast einnig við.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að gögn málsins styðji afmörkun íslenska ríkisins á ágreiningssvæðinu og að það sé utan merkja þeirra jarða sem að því liggja samkvæmt landamerkjabréfum þeirra frá 1883–1886. Ekki liggja fyrir önnur gögn í málinu sem benda til þess að land þeirra nái inn á ágreiningssvæðið. Þá er

ágreiningssvæðið einnig utan merkja Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 1886.

7.4.4.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numið, enda séu landnámsmörk upp til fjalla og inn til landsins ekki tiltekin.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Svo sem áður segir er ágreiningssvæðið utan merkja jarða samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Svæðið er jafnframt utan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar frá 1886. Þrátt fyrir það ber landamerkjabréf Steinár frá 1886 með sér að við ritun þess hafi verið litið svo á að landsvæðið hafi verið hluti Eyvindarstaðaheiðar, sbr. það orðalag landamerkjabréfsins að merki jarðarinnar séu „sjónhending í há Hólsbúngu og úr henni í Hanzkafell. Tekur við að framan Eyvindarstaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending úr Hanzkafelli til norðvesturs í Tvíhóla, þá beygjast

merki til norðurs í vestari Leirtjörn“. Eins og áður segir vekur athygli að landamerkjabréf Steinár er áritað um samþykki vegna Eyvindarstaðaheiðar en landamerkjabréf Eyvindarstaðaheiðar frá sama ári, sem lýsir merkjum ekki jafn langt til norðurs, er ekki áritað um samþykki vegna Steinár.

Af hálfu eigenda Steinár er byggt á því að miða beri merki jarðarinnar til suðurs við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar, samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Byggt er á því af hálfu eigenda Steinár að með landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar hafi heiðinni verði markað minna land en gert hafi verið ráð fyrir í landamerkjabréfi Steinár og að land Steinár hafi með því færst lengra til suðurs. Það fær hins vegar ekki stoð í heimildum um merki á svæðinu og ekki var gert nýtt landamerkjabréf fyrir Steiná eftir gerð landamerkjabréfs Eyvindarstaðaheiðar, sem þó hefði verið tilefni til ef breyta átti merkjum jarðarinnar. Þá er jafnframt til þess að líta að þótt gert hefði verið nýtt landamerkjabréf sem stækkaði land Steinár á kostnað Eyvindarstaðaheiðar, þá gátu menn ekki aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Að teknu tilliti til þess að Eyvindarstaðaheiði er þjóðlenda, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 546/2012, var engum til að dreifa til að láta af hendi eignarland í þágu Steinár á kostnað Eyvindarstaðaheiðar, hafi það á annað borð verið ætlunin með gerð landamerkjabréfs Eyvindarstaðaheiðar.

Ekki er því fallist á að miða beri suðurmörk Steinár við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar frá 1886. Engu breytir í því sambandi þótt reist hafi verið girðing, u.þ.b. á umræddum mörkum, árið 1971, enda gat ekki stofnast til beins eignarréttar að ágreiningssvæðinu við það.

Þá hafa eigendur Steinár ekki sýnt fram á að nýting ágreiningssvæðisins hafi verið með þeim hætti að stofnast hafi til beins eignarréttar fyrir hefð, enda benda gögn málsins til þess að svæðið hafi ekki verið nýtt til annars en beitar og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Þrátt fyrir að ekki verði fullyrt um hvort landsvæðið sem hér um ræðir hafi verið numið í öndverðu liggur í öllu falli ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur, hafi til hans stofnast á annað borð, að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Líklegra er að réttur til svæðisins hafi orðið til á þann veg að svæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur og sveitarstjórnum falið að annast framkvæmd þeirra. Eigendur Steinár byggja á því að þeir hafi nýtt svæðið með þeim hætti, einkum eftir að afréttargirðing var reist milli ágreiningssvæðisins og Eyvindarstaðaheiðar árið 1971.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er einnig byggt á því að ríkið hafi, með því að hafa ekki gert kröfu til ágreiningssvæðisins í eldra máli, skapað réttmætar væntingar til þess að svæðið væri eignarland. Í kafla 7.2.5 voru álitaefni um réttmætar væntingar í tengslum við fyrri athafnir ríkisins til umfjöllunar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu

að af dómaframkvæmd yrði ráðið að til þess að athafnir ríkisins gætu skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að tiltekið landsvæði væri eignarland hans yrðu þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði væri hluti þeirrar jarðar. Ekki var fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra.

Að mati nefndarinnar hefur gagnaðili ríkisins ekki sýnt fram á aðrar athafnir ríkisins sem uppfylla framangreind skilyrði að því er varðar ágreiningssvæðið. Nefndin fellst því ekki á að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg fyrri athöfnum ríkisins eða að skapast hafi réttmætar væntingar sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu málsins, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.5.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu gagnaðila ríkisins, ekki verið sýnt fram á að ágreiningssvæðið sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að það sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að svæðið sé í afréttareign Steinár.

Því er niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar á Hanskafelli. Þaðan er dregin bein lína í austari Tvíhól og þaðan í vestari Leirtjörn. Frá vestari Leirtjörn er línan dregin í alfaraveg austan Rugludals og honum svo fylgt suður að norðurmörkum þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar í Syðri-Austurdal. Þaðan er norðurmörkum þjóðlendunnar fylgt norðaustur í upphafspunkt.*

Sama svæði er í afréttareign eigenda Steinár, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Afréttareigninni fylgir veiðiréttur í ám og vötnum skv. 5. gr. sömu laga, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

7.4.5 Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar*.[476] Umfjöllun um þetta kröfusvæði grundvallast á athugasemd sem óbyggðanefnd gerði við kröfugerð ríkisins í úrskurði nefndarinnar 19. desember 2014 í máli nr. 1/2013 (Skagi), sbr. 1. málsl. 7.

[476] Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, ljósmyndum og myndböndum sem lögð voru fram af hálfu upphaflegra gagnaðila ríkisins í málinu, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, að því er varðar svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar.[477]

Að austanverðu liggur að kröfusvæðinu þjóðlendan Skrapatunguafrétt, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013 sem staðfestur var með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 31. desember 2018 í máli nr. E-24/2015 (Skrapatunguafrétt). Að sunnanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Mánaskálar í Laxárdal og að vestan- og norðvestanverðu óumdeilt eignarland Balaskarðs í Laxárdal. Að norðanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Kirkjubæjar í Norðurárdal. Ekki bárust gagnkröfur vegna svæðisins og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til þess.[478]

Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að ríkið geri eitt kröfu til svæðisins er eignarréttarleg staða þess engu að síður til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 17. apríl 2024, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt eignarréttarlega stöðu svæðisins og skæri úr um hana á sama hátt og þegar um gagnkröfur væri að ræða.

Þjóðlendukröfusvæðið er við nyrsta hluta vesturmarka þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar. Kröfusvæðið tekur til nyrsta hluta Mjóadals, vestan Mjóadalsár, og myndar lítinn þríhyrning milli Gálgagils, Þröskulda í Balaskarði og móta Mjóadalsár og lækjar sem rennur ofan af Þröskuldum í ána. Svæðið er allvel gróið og í um 250–400 m hæð. Frá austasta hluta svæðisins að vestasta hluta þess eru um 1,5 km í beinni loftlínu.

Í kafla 7.4.5.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki kröfusvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki svæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar ríkisins á svæðinu. Um afmörkun ríkisins vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna í kafla 7.4.5.2.

[477] Sjá minnisblað um athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar, sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 10. ágúst 2022, hliðsjónargagn nr. H-3.

[478] Upphafleg kröfugerð ríkisins tók einnig til lands í Mjóadal sem gerð var krafa til vegna Mánaskálar og Núps í Laxárdal en eftir að ríkið féll frá stærstum hluta kröfu sinnar þar létu eigendur Mánaskálar og Núps málið ekki frekar til sín taka fyrir utan kröfur um málskostnað.

7.4.5.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um mörk þjóðlendukröfusvæðisins.

Upphafspunktur á kröfulínu ríkisins er í Gálgagili á vesturmörkum þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar. Frá Gálgagili er dregin bein lína til suðvesturs að vörðu á miðjum Þröskuldi í Balaskarði. Þaðan er farið eftir læk sem rennur þaðan til austurs í Mjóadalsá og henni er svo fylgt til norðurs, með vesturmörkum Skrapatunguafréttar, í upphafspunkt.

Afmörkun ríkisins styðst einkum við afmörkun þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013 og landamerkjabréf Mánaskálar í Laxárdal frá 6. júní 1887.

Í umræddu landamerkjabréfi Mánaskálar, sem var þinglýst 22. maí 1890, er norðurmörkum jarðarinnar lýst svo: „Að norðan ræður Balaskarðsá, og úr henni bein lína í vörðu á miðjum Þröskuld, þaðan í læk, sem fellur austur í Mjóadalsá“.

Í landamerkjabréfi Balaskarðs frá 30. apríl 1890 er merkjum að sunnan- og vestanverðu lýst svo: „þá ræður Balaskarðsá merkjum að sunnan frá ósi allt upp á Þröskuld, og úr austanverðum Þröskuldi ráða brúnir til norðurs; þá liggja merki til vesturs á milli Svínahnjúks að sunnan og Sauðahnjúks að norðan í Moldgil hið eystra“. Samkvæmt þessu liggja suðurmörk Balaskarðs um Balaskarðsá upp á Þröskuld en þar beygja merkin til norðurs og „ráða brúnir til norðurs“ þar til komið er á milli Svínahnjúks og Sauðahnjúks, sem eru fjallstindar norðan Þröskulds. Þar sem kröfulína ríkisins er dregin í Þröskuld frá Gálgagili úr norðaustri, verður ekki séð að framangreind landamerkjalýsing Balaskarðs skarist við kröfusvæði ríkisins. Landamerkjabréfið er m.a. áritað um samþykki vegna Kirkjubæjar í Norðurárdal, væntanlega vegna þess hluta lands jarðarinnar sem er sunnan Norðurár, svo sem nánar verður vikið að hér síðar.

Ekki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Kirkjubæ í Norðurárdal en bæjarstæði jarðarinnar er norðan Norðurár, u.þ.b. fyrir miðjum dalnum. Hins vegar liggur fyrir að Kirkjubæ tilheyrir talsvert land sunnan árinnar. Í lýsingu Höskuldsstaðasóknar í *Sýslu- og sóknalýsingum* Húnavatnssýslu frá 1873 kemur fram að Kirkjubæ tilheyri land í sunnanverðum Norðurárdal þaðan sem landi Skrapatungu sleppir. Fram kemur að Skrapatunga eigi land fram að Múrgili „en Kirkjubæ er eignaður allur dalurinn þaðan, sunnanverður, sem vötn draga, fram í Moldgil, er aðgreinir Sauðahnjúk og Svínahnjúk, og þaðan í Gálgagil, þar sem Mjóadalsá rennur fram og ofan í Bárðardalsá, móts við Mánaskálar land“. Í sama riti kemur einnig fram að eyðibýlið Barð sé í Kirkjubæjarlandi en bæjarstæði Barðs var í sunnanverðum Hvammshlíðardal handan Hvammshlíðarár frá Hvammshlíð. Ekki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Barð. Í ritinu *Föðurtún* eftir Pál Kolka frá 1950 segir um Barð og Hvammshlíðardal:

> Út úr botni Norðurárdals liggur þröngur afdalur suður í fjöllin. Það er Hvammshlíðardalur, og voru þar kotbýlin Hvammshlíð og Barð, sem fóru í eyði um síðustu aldamót. Út úr honum gengur Ambáttardalur til austurs sunnan við Hvammshlíðarfjall.[479]

Í örnefnaskrá fyrir Kirkjubæ frá 1974 kemur m.a. fram að Hvammshlíðardalur sé framhald af Norðurárdal til suðausturs. Þá segir:

> Á Hvammshlíðardal nokkru framar en beygt er fram á dalinn er Barð, nú löngu komið í eyði. Það er skammt upp frá Hvammshlíðará, en svo heitir áin sem rennur eftir Hvammshlíðardal.
>
> Barð er ívið framar en beint á móti Hvammshlíð sem líka er í eyði. Barðslandareign endar við Gálgagil, u.þ.b. 2–3 km fyrir framan Barð. Gálgagil er líkt og gjá og opnast skyndilega þegar að er komið. Það nær nokkuð langt upp í hlíðina. Hamraveggir eru að því á báða vegu. Efst í því er foss og á að vera hægt að ganga á bak við þann foss. Sagt er að tré hafi verið lagt yfir Gálgagil milli tveggja klettasnasa, nokkru fyrir neðan fossinn, og hafi afbrotamenn verið hengdir þar einhvern tímann. Barðsland tilheyrir nú Kirkjubæjarlandi.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir landamerkjabréf fyrir Kirkjubæ eða Barð eru framangreindar lýsingar á landi Kirkjubæjar sunnan ár í Norðurárdal skýrar um að jörðinni hafi tilheyrt land í sunnanverðum Hvammshlíðardal, sunnan Hvammshlíðarár, inn að Gálgagili og allt að norðurmörkum Mánaskálar, við suðurmörk kröfusvæðisins. Þá er landamerkjabréf Balaskarðs áritað um samþykki vegna Kirkjubæjar, sem bendir til þess að litið hafi verið svo á að Kirkjubær ætti land í sunnanverðum Norðurárdal og Hvammshlíðardal á móts við land Balaskarðs.

Að teknu tilliti til framangreinds, og með hliðsjón af staðháttum á svæðinu, er að mati nefndarinnar ljóst að land Kirkjubæjar í Hvammshlíðardal hafi náð til alls kröfusvæðis ríkisins. Því er niðurstaða nefndarinnar að fyrirliggjandi heimildir styðji ekki afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu.

7.4.5.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þjóðlendukröfusvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi verið numið, enda séu landnámsmörk upp til fjalla og inn til landsins ekki tiltekin.

Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Við úrlausn málsins reynir því helst á hvort kröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

[479] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 67.

Krafa ríkisins byggist einkum á því að svæðið sé utan merkja jarða og sé því þjóðlenda. Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að ekki lægi fyrir landamerkjabréf fyrir Kirkjubæ í Norðurárdal væri ljóst að kröfusvæði ríkisins væri innan merkja jarðarinnar. Að mati nefndarinnar benda gögn málsins ekki til þess að kröfusvæðið hafi haft aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar og staðhættir og gróðurfar styðja einnig að þar sé eignarland.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því ekki verið sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðisins, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau.

7.4.6 Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar*.[480] Umfjöllun um þetta kröfusvæði grundvallast á athugasemd sem óbyggðanefnd gerði við kröfugerð ríkisins í úrskurði nefndarinnar 19. desember 2014 í máli nr. 1/2013 (Skagi), sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, að því er varðar svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar.[481] Af hálfu gagnaðila ríkisins er m.a. á því byggt að umfjöllun í framangreindum úrskurði nefndarinnar sé ekki athugasemd við kröfugerð ríkisins í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga og því beri að vísa kröfu ríkisins frá. Með vísan til umfjöllunar í kafla 7.2.4 er þeirri málsástæðu gagnaðila ríkisins hafnað og kröfur aðila verða því teknar til efnislegrar umfjöllunar.

Að sunnanverðu liggur að ágreiningssvæðinu þjóðlendan Skrapatunguafrétt, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013 sem staðfestur var með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 31. desember 2018 í máli nr. E-24/2015 (Skrapatunguafrétt). Að austanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland Illugastaða í Laxárdal nyrðri, að norðanverðu óumdeilt eignarland Þverár í Norðurárdal og að vestanverðu óumdeilt eignarland Kirkjubæjar í sama dal. Gerð er krafa til nyrsta hluta ágreiningssvæðisins af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Pokafells en að öðru leyti er gerð krafa til ágreiningssvæðisins af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Hvammshlíðar.

Ágreiningssvæðið er við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar, efst í sunnanverðum Norðurárdal. Ágreiningssvæðið tekur til Hvammshlíðarfjalls og land-

[480] Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

[481] Sjá minnisblað um athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar, sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 10. ágúst 2022, hliðsjónargagn nr. H-3.

svæðis umhverfis það. Það afmarkast af Ambáttardal í suðri, Hvammshlíðardal í vestri, Norðurárdal í norðri og sýslumörkum Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu í austri. Svæðið er að mestu leyti vel gróið en gróðurþekja minnkar eftir því sem ofar dregur á Hvammshlíðarfjalli. Svæðið er að mestu leyti í um 250–500 m hæð en rís hæst í um 520 m hæð efst á Hvammshlíðarfjalli. Frá nyrsta hluta svæðisins að syðsta hluta þess eru um 4,5 km í beinni loftlínu.

Í kafla 7.4.6.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því svæði sem kröfur þeirra varða. Ágreiningur aðila er fyrst og fremst um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins en ekki er ágreiningur um afmörkun þess. Um afmörkun aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna í kafla 7.4.6.2.

7.4.6.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um mörk ágreiningssvæðisins.

Upphafspunktur kröfulínu ríkisins er í skurði milli nesjanna Stóraness og Litlaness á mörkum Hvammshlíðar og Þverár. Þaðan sem skurðinum sleppir ræður bein stefna í Pokafell og þaðan bein lína suður í Járnhryggjarhöfuð. Þaðan suðaustur í Ambáttardal að norðurmörkum þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar, með stefnu að Sjónarhóli. Þaðan er mörkum þjóðlendunnar fylgt til suðvesturs að Hvammshlíðardalsá sem svo er fylgt til norðvesturs að Norðurá sunnan við Höskuldsstaðasel, og þaðan í upphafspunkt.

Afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu styðst fyrst og fremst við landamerkjalýsingu í afsalsbréfi fyrir Hvammshlíð frá 15. júní 1897 og einnig landamerkjabréfi fyrir afréttarlönd Vindhælishrepps og Engihlíðarhrepps frá 22. júní 1923, en með afsalsbréfinu afsalaði presturinn á Höskuldsstöðum Hvammshlíð til Vindhælishrepps.

Í afsalsbréfinu frá 1897 er merkjum Hvammshlíðar lýst svo:

> Að vestan milli hennar og Þverár í Norðurárdal, ræður merkjum skurður millum nesja tveggja, er nefnast Stóranes og Litlanes. Þá er skurðinum sleppir ræður sama stefna í austanvert Pokafell. Að norðan og norðaustan eru þessi merki: Af há-Pokafelli ræður bein stefna í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suður í Ambáttardal í hól þann, er nefndur er Sjónarhóll, sem er hornmerki. Þaðan ræður bein stefna í garð þann, sem liggur fram eptir mýrunum norður frá Ásseli (Fannlaugarstöðum); ræður svo garðurinn merkjum, allt suður í móts við þúfur þær, sem eru vestan í Fannstóðsfjallbrúninni, sín hvoru megin Fífugils, síðan rjett sjónhending til suðvesturs í steininn, sem stendur austan til í Hlíðarhorninu og frá sama steini bein stefna ofan í Bárðardalsá; þá ræður hún til þess hún kemur í Norðurá fyrir sunnan Höskuldsstaðarsel, þar sem það hefir að fornu staðið og enn sjást merki til. Úr því ræður Norðurá merkjum, allt til móts við skurð þann (millum Stóraness og Litlaness), er áður er umgetið.

Í landamerkjabréfi um skiptingu afréttarlanda Vindhælishrepps og Engihlíðarhrepps frá 22. júní 1923 er merkjum lýst svo:

> Frá Gálgagili (þar sem Mjóadalsá rennur í Norðurá) ræður Norðurá merkjum til Ambáttarár, þá Ambáttará til upptaka (þar sem hún byrjar að mynda gil). Þaðan sjónhending í vörðu á vestari Sjónarhól (sem er neðan við Fífugilseyrar). Þaðan sjónhending í upptök lækjar þess er rennur austur úr Ambáttardal til Laxár. Ræður sá lækur svo merkjum til móts við sérstakan melhól sunnan lækjarins, nokkuð fyrir austan austari Sjónarhól, sem varða er hlaðin á, og sem er hornmerki að suðaustan. Frá vörðu á nefndum hól eru merkin sjónhending í vörðu, sem stendur við háa þúfu á hæsta og vestasta hól Hrossaskálabrúnar. Þaðan sjónhending í Engjalæk miðað við vörðu, sem stendur á grjótflögu á há Pokafelli.

Síðarnefnda lýsingin tekur til suður- og austurmerkja Hvammshlíðar en í afsalsbréfinu frá 1897 er að finna heildarlýsingu á merkjum Hvammshlíðar.

Við rannsókn málsins kom jafnframt í leitirnar landamerkjaskrá „Þverár í Norðurárdal, seljajarðarinnar Hvammshlíðar og Höskuldsstaða afréttarlands“, mánaðarsett í júní 1890.[482] Landamerkjaskrá þessi var ekki færð í landamerkjabók sýslunnar og ekki er vitað hvort henni hefur verið þinglýst. Efni hennar er eftirfarandi:

> Í Norðrardal eru merki gagnvart Skúfunum (Neðraskúfi): úr Landamerkjalækjar ósi við Norðrá bein stefna í mitt Nautaskarð og þaðan á fjall upp sem vötn draga allt í Sönduga hól. Gagnvart Þverá í Halladal eru merki: Úr vörðu í grjótklöpp á há-Pokafelli í vörðu á tungusporði sunnan við Hlíðarás og yfir leirdrög ofan til í austanverðri Hamarshlíð í vörðu upp á hlíðinni (er sett verðr), þaðan er sér í Söndugahól, og ber sú stefna – að sjá frá fyrst nefndri vörðu í höggið sunnanvert við Selhólahnjúk, og úr þeirri vörðu beint í Söndugahól. Gagnvart Illhugastöðum á Ytra Laxárdal eru merki úr grjótklapparvörðunni á há-Pokafelli í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suðr á Ambáttardal í hól þann, sem nefndr er Sjónarhóll, þaðan austr í garðlag það, er liggr fram eptir mýrunum norðr frá Ásseli (Fannlaugarstöðum). Svo ræðr garðrinn eða garðlagið merkjum suðr á móts við þúfur þær tvær, sem eru í Fannstóðsfjalls brúninn[i], sín hvoru megin Fífugils, og svo rétt sjónhending til suðvestrs í Bárðarstein austan til á hlíðarhorninu, og síðan rétt eptir garðpartinum niðr frá steininum ofan í Bárðardalsá. Þaðan ræðr hún merkjum, þar til er hún fellr í Norðrá (þá fyrir sunnan Höskuldsstaðasel hið forna á Ambáttardal. Þá ræðr Norðrá merkjum ofan eptir dalnum að Landamerkjalækjar ósi þeim, er áðr getið.
>
> Slægnatakmark milli Þverár og Hvammshlíðar er skurðr milli tveggja nesja, er ganga út í Norðrá og nefnast Stóranes hið vestra, en Litlanes hið eystra. Takmark Hvammshlíðar og sellandsins á Ambáttardal eða Höskuldsstaða afrétt[ar]lands er Illagil. Að öðru leiti er landi óskipt.

Þessi lýsing er efnislega samhljóða lýsingu afsalsbréfsins frá 1897, að því marki sem hún tekur til Hvammshlíðar. Hvammshlíð mun hafa tilheyrt Þverá á þessum tíma, fram til 1897 þegar Hvammshlíð var seld sérstaklega, og lýsingin er óskipt að öðru leyti en að lýst er slægnamörkum milli Þverár og Hvammshlíðar, sem passa við lýsingu afsalsbréfsins á merkjum milli Hvammshlíðar og Þverár.

Merkjalýsingunum þremur ber að mestu leyti saman en þó er aðeins misræmi í lýsingum á suðurmerkjum Hvammshlíðar milli annars vegar landamerkjalýsingarinnar frá 1890 og afsalsbréfsins frá 1897 og hins vegar landamerkjabréfsins frá 1923. Um þau mörk hefur óbyggðanefnd þegar tekið afstöðu með úrskurði í máli nr. 1/2013, í

[482] Landamerkjaskráin kom ekki fram við rannsókn máls nr. 1/2013 og lá því ekki fyrir í því máli.

tengslum við norðurmörk Skrapatunguafréttar og Fannlaugarstaða. Aðilar miða afmörkun sína á umræddum hluta merkjanna við þjóðlendumörk samkvæmt úrskurðinum.

Að teknu tilliti til þess er afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu í samræmi við fyrirliggjandi heimildir um merki Hvammshlíðar.

7.4.6.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numið, enda séu landnámsmörk upp til fjalla og inn til landsins ekki tiltekin.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Ágreiningur aðila snýr m.a. að því hvort Hvammshlíð hafi verið jörð eða hluti jarðar og eignarland á þeim grundvelli eða einungis háð takmörkuðum eignarréttindum.

Jafnframt er á því byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að ríkið hafi viðurkennt að ágreiningssvæðið sé eignarland. Því til stuðnings er annars vegar vísað til þess að

atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra hafi með bréfi, dags. 6. júlí 2018, staðfest landskipti á Hvammshlíð þegar landi Pokafells var skipt út úr landi Hvammshlíðar. Um er að ræða nyrsta hluta Hvammshlíðar og í bréfi ráðherra segir að staðfest sé skipting á „jörðinni Hvammshlíð“. Hins vegar er vísað til þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi með bréfi, dags. 5. janúar 2021, veitt þinglýstum eiganda Hvammshlíðar leyfi til að stofna lögbýli „á 630 hektara landi á jörðinni Hvammshlíð“. Leyfi til lögbýlisstofnunar var veitt með heimild í 16. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Samkvæmt nefndu ákvæði getur ráðherra veitt leyfi til að stofna ný lögbýli til starfsemi á sviði landbúnaðar ef uppfyllt eru skilyrði 2. gr. laganna um skilgreiningu á lögbýli. Samkvæmt 7. mgr. 2. gr. jarðalaga er lögbýli jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað.

Í kafla 7.2.5 voru álitaefni um réttmætar væntingar í tengslum við fyrri athafnir ríkisins til umfjöllunar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að af dómaframkvæmd yrði ráðið að til þess að athafnir ríkisins gætu skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að tiltekið landsvæði væri eignarland hans yrðu þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði væri hluti þeirrar jarðar.

Í áðurnefndum athöfnum var ótvírætt út frá því gengið að Hvammshlíð væri eignarland. Í báðum bréfum var enda vísað til þess að Hvammshlíð væri jörð og um merki hennar og Pokafells vísað til uppdrátta sem samanlagt taka til alls ágreiningssvæðisins. Engir fyrirvarar voru gerðir við eignarréttarlega stöðu Hvammshlíðar, auk þess sem ljóst er af ákvæðum jarðalaga að ekki hefði verið unnt að verða við erindunum, sem stöfuðu frá gagnaðila íslenska ríkisins, ef um þjóðlendu væri að ræða.

Það er mat óbyggðanefndar að framangreindar athafnir hafi, eins og hér hagar til, verið til þess fallnar að skapa þeim sem telja til réttinda yfir Hvammshlíð og Pokafelli réttmætar væntingar um að ágreiningssvæðið væri eignarland þeirra. Krafa ríkisins um þjóðlendu á því svæði er þessu ósamrýmanleg og henni er því hafnað, sbr. sérstaklega dóm Hæstaréttar í máli nr. 94/2017, en einnig í málum nr. 496/2005 og 617/2012, og umfjöllun um dómana í kafla 7.2.5. Að fenginni þeirri niðurstöðu koma aðrar málsástæður og röksemdir aðila ekki til frekari skoðunar.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því ekki verið sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðisins, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau.

7.4.7 Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar*.[483] Umfjöllun um þetta kröfusvæði grundvallast á athugasemd sem óbyggðanefnd gerði við kröfugerð ríkisins í úrskurði nefndarinnar 19. desember 2014 í máli nr. 2/2013 (Húnavatnshreppur), sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, að því er varðar svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar.[484]

Að suðvestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu þjóðlenda sem tekur til hluta Kornsártungna, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013. Að suðaustanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland á Haukagilsheiði og norðan við það, austan og norðaustan ágreiningssvæðisins, er óumdeilt eignarland Gilhaga, sem var byggður úr Haukagili árið 1847. Vestan og norðvestan við ágreiningssvæðið liggur óumdeilt eignarland Kornsár. Gerð er krafa til alls ágreiningssvæðisins af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Kornsártungna.

Ágreiningssvæðið er hluti af heiðarsvæði inn af vestanverðum Vatnsdal, og liggur að Haukagilsheiði. Svæðið er í um 320–450 m hæð og frá nyrsta hluta svæðisins til syðsta hluta þess eru um 6 km í beinni loftlínu. Svæðið afmarkast af tveimur straumvötnum, Kornsá og Kleppukvísl, og er allvel gróið.

Í kafla 7.4.7.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því svæði sem kröfur þeirra varða. Ágreiningur aðila er fyrst og fremst um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins en ekki er ágreiningur um afmörkun þess. Um afmörkun aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna í kafla 7.4.7.2.

7.4.7.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um mörk ágreiningssvæðisins.

Upphafspunktur kröfulínu ríkisins er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni, við norðausturmörk þjóðlendu sem tekur til hluta Kornsártungna. Þaðan er Kleppukvísl fylgt til norðurs að þeim stað þar sem Kleppukvísl og Kornsá koma saman. Þaðan er

[483] Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

[484] Sjá minnisblað um athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar, sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 10. ágúst 2022, hliðsjónargagn nr. H-3.

Kornsá fylgt til suðvesturs að Kornsárvatni en þaðan er norðausturmörkum þjóðlendu í hluta Kornsártungna fylgt til suðausturs að upphafspunkti.

Afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu styðst fyrst og fremst við heimildir um merki Kornsár og Haukagils. Í landamerkjabréfi Kornsár frá 25. maí 1891, sem var þinglýst 28. maí sama ár, er því lýst að Kornsá ráði merkjum frá Kornsárvatni og að frá upptökum Kornsár séu merkin yfir Kornsárvatn í Bergárvatn. Þá segir í landamerkjabréfinu: „Auk þessa á Kornsá, móts við Haukagil, hálft það land, sem liggur milli Kornsár- og Kleppu-kvíslar.“ Í landamerkjabréfi Haukagils frá 29. júlí 1890 segir: „Að vestan ræður: Kleppukvísl og Kornsá (Kvíslinni) til Saurbæjarsteins. Auk þess fylgir jörðinni, móts við Kornsá, hálft það land sem liggur milli Kleppukvíslar og Kornsárkvíslar.“

Í afsali fyrir Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum frá 8. ágúst 1883 er merkjum hins selda lýst. Þar segir m.a.: „en fyrir vestan Kleppukvísl, hálft land móts við Kornsá vestur á heiðamót og fram til hraungarða“. Í afsalsbréfi fyrir ¼ úr Haukagilsheiði, ⅛ úr Kornsártungum og ⅛ úr Lambatungum, sem er dagsett 28. október 1891 og var þinglýst 23. júní 1894, er merkjum að þessu leyti lýst svo: „en fyrir vestan Kleppukvísl hálft land móts við Kornsá, vestur á heiðamót og fram til hraungarða“.

Fyrir liggur að býlið Gilhagi var byggt úr landi Haukagils árið 1847. Ekki liggur fyrir sjálfstætt landamerkjabréf fyrir Gilhaga en í samningi um jörðina, sem gerður var 24. maí 1926, segir um landamerki: „Að vestan ræður Kleppa merkjum, fram til Kleppshóls.“ Með Kleppu mun vera átt við Kleppukvísl.

Í skrá yfir afrétti innan marka Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981, segir um mörk Kornsártungna: „Úr Bergárvatni eru mörk bein lína yfir Kornsárvatn að upptökum Kornsárkvíslar. Þá Kornsárkvísl að ármótum. Að austan Kleppukvísl um Kleppuvatn fram til Hraungarða.“ Í kafla um Kornsártungur eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar í ritinu *Húnaþing* III frá 1989 segir að Kornsártungur „takmarkast af Kleppukvísl að austan en af Kornsárkvísl að vestan og mynda því fleyglagað svæði frá ármótum kvíslanna fram að vötnunum Kleppuvatni og Kornsárvatni, en þar eru upptök kvíslanna“.

Öllum framangreindum heimildum um Kornsártungur ber saman um að frá Kornsárvatni og Kleppuvatni ráði Kleppukvísl og Kornsá, einnig nefnd Kornsárkvísl, mörkum svæðisins. Það er í samræmi við afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu og hún er því í samræmi við fyrirliggjandi heimildir um merki svæðisins, sem telst vera hluti Kornsártungna.

7.4.7.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numið, enda séu landnámsmörk upp til fjalla og inn til landsins ekki tiltekin.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Eins og áður segir er ágreiningssvæðinu lýst innan merkja heiðarlandsins Kornsártungna samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Hluti Kornsártungna var til umfjöllunar í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að sá hluti Kornsártungna sem þar var til umfjöllunar, þ.e. sá hluti sem er suðvestan við línu sem dregin er milli Kornsárvatns og Kleppuvatns, væri þjóðlenda. Niðurstaða nefndarinnar um þann hluta Kornsártungna byggðist á skjölum og öðrum heimildum sem varða Kornsártungur í heild, þ.e. einnig ágreiningssvæði máls þessa, en ekki aðeins þann hluta sem var til umfjöllunar í máli nr. 2/2013. Af hálfu gagnaðila ríkisins er byggt á því að ágreiningssvæðið hafi verið hluti af því svæði sem áður hafi tilheyrt Kornsá og Haukagili og sé eignarland á þeim grundvelli. Því til stuðnings er einkum vísað til landamerkjabréfs Haukagils frá 1890 og landamerkjabréfs Kornsár frá 1891, auk tveggja afsala fyrir hlutum í Haukagilsheiði, Lambatungum og Kornsártungum frá 1883 og 1894. Um efni þessara skjala, að því er varðar Kornsártungur, vísast til umfjöllunar um afmörkun ágreiningssvæðisins í kafla 7.4.7.1 hér að framan.

Þessi skjöl, auk annarra heimilda um Kornsártungur, leiddu til þeirrar niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013 að sá hluti Kornsártungna sem þar var til umfjöllunar væri þjóðlenda, líkt og áður greinir. Að mati nefndarinnar hefur ekki verið sýnt fram á að sömu skjöl og heimildir eigi að leiða til annarrar niðurstöðu að því er varðar þann hluta Kornsártungna sem hér er til umfjöllunar. Þvert á móti er mat nefndarinnar að þau sjónarmið sem lágu til grundvallar niðurstöðu um að hluti Kornsártungna væri þjóðlenda í máli nr. 2/2013 eigi einnig við um þann hluta sem hér er til umfjöllunar. Í því sambandi vísast til ítarlegrar umfjöllunar um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 6.7.3 í umræddum úrskurði.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er einnig byggt á því að ríkið hafi, með því að hafa ekki gert kröfu til ágreiningssvæðisins í eldra máli, skapað réttmætar væntingar til þess að svæðið væri eignarland. Í kafla 7.2.5 voru álitaefni um réttmætar væntingar í tengslum við fyrri athafnir ríkisins til umfjöllunar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að af dómaframkvæmd yrði ráðið að til þess að athafnir ríkisins gætu skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að tiltekið landsvæði væri eignarland hans yrðu þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði væri hluti þeirrar jarðar. Ekki var fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra.

Að mati nefndarinnar hefur gagnaðili ríkisins ekki sýnt fram á aðrar athafnir ríkisins sem uppfylla framangreind skilyrði að því er varðar ágreiningssvæðið. Nefndin fellst því ekki á að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg fyrri athöfnum ríkisins eða að skapast hafi réttmætar væntingar sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu málsins, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.5.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að ágreiningssvæðið sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að það sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að ágreiningssvæðið sé í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar.

Því er niðurstaða óbyggðanefndar að norðurhluti Kornsártungna, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni, við mörk þjóðlendu í hluta Kornsártungna. Þaðan er Kleppukvísl fylgt norður að þeim stað þar sem hún og Kornsá renna saman. Þaðan er Kornsá fylgt suðvestur að Kornsárvatni við mörk þjóðlendu í hluta Kornsártungna og þaðan er þeim þjóðlendumörkum fylgt suðaustur að upphafspunkti.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Afréttareigninni fylgir veiðiréttur í ám og vötnum skv. 5. gr. sömu laga, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

7.5 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat lítur nefndin almennt til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á.

Í samræmi við framangreint var gagnaðilum íslenska ríkisins í máli þessu úrskurðaður málskostnaður á fundi óbyggðanefndar 14. október 2024. Við mat á fjárhæð kostnaðar var litið til þess hvað telja mætti sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang ágreiningsmálsins, og var málskostnaður úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gaf tilefni til.

Úrskurður um málskostnað er birtur í viðauka II.

8 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. nyrsti hluti Almennings, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Vaská rennur í Öxnadalsá. Þaðan er Öxnadalsá fylgt suðvestur að þeim stað þar sem Seldalsá rennur í hana. Þaðan er Seldalsá fylgt suður að norðurmörkum þjóðlendunnar Almennings og þeim mörkum svo fylgt austur að Rauðuskriðuá. Þaðan er Rauðuskriðuá fylgt norður í Vaská og henni svo fylgt norðvestur í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hörgárbyggð, nú í Hörgársveit, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. nyrsti hluti Vaskárdals, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Rauðuskriðuá rennur í Vaská. Þaðan er Rauðuskriðuá fylgt suður að norðurmörkum þjóðlendunnar Vaskárdals. Þaðan er norðurmörkum þjóðlendunnar, sem fylgja 800 m hæðarlínu, fylgt austur að þeim stað gegnt Melrakkaá þar sem þau hætta að fylgja 800 m hæðarlínu. Þaðan beint í Melrakkaá sem svo er fylgt vestur að Vaská og eftir henni í upphafspunkt.*

Sama svæði er í afréttareign Hörgársveitar og Einars Steindórs Valbergssonar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. nyrsti hluti Hraunanna, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Brunnabrekkulækur rennur í Svartá. Þaðan er Svartá fylgt suður að norðurmörkum þjóðlendunnar Hraunanna. Þaðan er norðurmörkum þjóðlendunnar fylgt austur að upptökum Brunnabrekkulækjar og þeim læk er svo fylgt norður í upphafspunkt.*

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar á Hanskafelli. Þaðan er dregin bein lína í austari Tvíhól og þaðan í vestari Leirtjörn. Frá vestari Leirtjörn er línan dregin í alfaraveg austan Rugludals og honum svo fylgt suður að norðurmörkum þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar í Syðri-Austurdal. Þaðan er norðurmörkum þjóðlendunnar fylgt norðaustur í upphafspunkt.*

Sama svæði er í afréttareign eigenda Steinár, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. norðurhluti Kornsártungna, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni, við mörk þjóðlendu í hluta Kornsártungna. Þaðan er Kleppukvísl fylgt norður að þeim stað þar sem hún og Kornsá renna saman. Þaðan er Kornsá fylgt suðvestur að Kornsárvatni við mörk þjóðlendu í hluta Kornsártungna og þaðan er þeim þjóðlendumörkum fylgt suðaustur að upphafspunkti.*

Sama svæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Kristín Benediktsdóttir

Kristín Benediktsdóttir

Þorgeir Örlygsson

Víðir Smári Petersen

A L M E N N A R N I Đ U R S T Ö Đ U R
Ó B Y G G Đ A N E F N D A R

— með viðaukum —

ÓBYGGÐANEFND

Svæði 1–10A, 10B og 10C

Sérprentun 17. október 2024

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði frá og með svæði 3. Fer sá texti hér á eftir, í 1.–6. kafla.

Í úrskurðum á einstökum svæðum hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Þegar tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi hefur gefist fer sá texti lítillega styttur hér á eftir í 7.–14. kafla.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum og vísa til þeirra.

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR IV

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR V

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA VI

3.1. Landnám VI
3.2. Hefð VIII
3.3. Lög XII

4. FLOKKUN LANDS XIV

4.1. Almennt XIV
4.2. Jörð XV
4.3. Almenningar XX
4.4. Afréttir XXII
4.5. Jörð eða afréttur? XXIX
4.6. Jöklar XXX
4.7. Fjallskil XXXV
4.8. Ítök XXXIX
4.9. Fjörur og rekaeign XLII

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD XLVII

5.1. Almennt XLVII
5.2. Jarðamöt og jarðabækur XLVII
5.3. Máldagar og vísitasíur XLIX
5.4. Lögfestur LI
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf LII
5.6. Afsals- og veðmálabækur LVI
5.7. Aðrar heimildir LVIII

6. NIÐURSTAÐA LIX

7. VIÐAUKI 1: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5 LXIV

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum LXIV
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða LXIV
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi LXVII

8. VIÐAUKI 2: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6 LXIX

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXIX
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana LXIX

9. VIÐAUKI 3: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A LXXIII

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXIII

10. VIÐAUKI 4: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B LXXIII

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXIII
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar LXXIV
10.3. Heimildir um legu jarða til forna LXXVI

11. VIÐAUKI 5: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A LXXVIII

11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXVIII
11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir LXXVIII
11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis LXXXI
11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna LXXXIV

12. VIÐAUKI 6: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 9B LXXXVIII

12.1. Þinglýsing landamerkjabréfa og færsla í landamerkjabækur LXXXVIII
12.2. Almenningar stöðuvatna LXXXIX

13. VIÐAUKI 7: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10C XCI

13.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum XCI
13.2. Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776 XCI

14. VIÐAUKI 8: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10B XCVII

14.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum XCVII
14.2. Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla C

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

---

1 Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

2 Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikfé sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

---

3 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

4 *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

5 *Landnámabók* 1986, s. 321.

6 *Landnámabók* 1986, s. 337.

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagn-

---

7 Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

8 Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

9 Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

fræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

---

10 Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

11 *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

12 Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

13 Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder.* 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna

---

14 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

15 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

16 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

17 *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprekstrs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

---

18 *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 augúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

19 *Tíðindi frá Alþingi … 1845,* s. 466.

20 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886–1889). Reykjavík 1890. S. 236–241.

21 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895–1898). Reykjavík 1901. S. 327–330.

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845 …[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[24] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt

---

22 *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.
23 *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.
24 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjánda öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gilti einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um

langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.[25]

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.[26]

[25] Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

[26] Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

> Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lǫg fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.[27]

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.[28] Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.[29] Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

---

27 *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbþ.).

28 Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

29 Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfǫll deila til sjóvar. …Síðan skipaði hann heraðit sínum félǫgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjǫrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.[30]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.[31] Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg tǫk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjǫll þau eru, er vatnfǫll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjárgangi á fjǫll upp, kveða skal þar á merki“[32]. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jǫrð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar …“[33]

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

---

30 *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.

31 *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lbþ.).

32 *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.–32. k. llb.).

33 *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[34] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[35]

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[36] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.[37] Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.[38] Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.[39] Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.[40] Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.[41] Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

---

34 Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

35 Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

36 Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

37 Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

38 Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

39 Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. llb.).

40 Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. llb.).

41 Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.[42] Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.[43] Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.[44]

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.[45] Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.[46] Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábýli*.[47] Hjáleigubyggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.[48]

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.[49] Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan

---

42 *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

43 Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

44 Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

45 *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbþ.).

46 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

47 Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

48 Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.

49 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[50] Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.[51] Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

> Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalǫndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sǫk á því.[52]

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggi næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.[53]

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist heimaland stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubyggðar.

---

50 Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Ósló. S. 213–215, 226.

51 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. *Fylgiskjö*l. Reykjavík. S. 24.

52 *Jónsbók* 1904, s. 292.

53 *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.[54]

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

> *Heimalönd*. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:
>
> a. *Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.
>
> b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.[55]

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu Lýsing Íslands að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.[56]

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.[57]

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

---

54 Björn Teitsson,1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

55 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

56 Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

57 Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.[58] Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.[59] Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.[60] Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undan-

58 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn.* 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn.* 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

59 Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

60 Bjarni Jónsson frá Vogi, 1917–1919: *Almenningar og afrjettir.* Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga." *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

skildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.[61] Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.[62]

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

> Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.[63]

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

> Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivǫtn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvǫku; þar eigu menn at telgja við ok fœra til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bœti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni …[64]

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.[65]

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.[66] Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.[67] Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað

---

61 Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s . 27–30.
62 Eggert Briem 1917, s. 61–62.
63 *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
64 *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).
65 *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).
66 Eggert Briem 1917, s. 61–62.
67 Sjá eldri Frostaþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.[68] Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nytjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.[69]

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.[70] Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.[71] Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nytjar eru af.[72]

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.[73] Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.[74] Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands. Síðar

---

68 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

69 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

70 Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

71 Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

72 Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

73 Ólafur Lárusson, 1950*: Eignarréttur.* Reykjavík. S. 83.

74 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.[75]

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.[76] Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.[77]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.[78] Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.[79] Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist

---

75 Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s. 43.

76 Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

77 *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lbþ.).

78 *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

79 Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparhátta verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til upprekstrs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði …“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.[80] Sjá nánar í kafla 4.7.

[80] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.[81]

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.[82] Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.[83] Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.[84] Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.[85]

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.[86]

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsþarfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

---

81 *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
82 *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbþ.).
83 *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).
84 Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
85 Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.
86 Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.[87]

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.[88]

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.[89] Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur,* sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur.* Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo:

---

87 Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

88 Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

89 Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

> Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.[90] Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.[91]

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.[92] Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til af-

---

90 Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

91 Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

92 Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

réttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtsdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómar skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnist allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar

um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.[93] Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.[94]

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.[95] Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málspaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.[96] Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.[97] Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

> Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.[98]

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosið í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.[99] Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við rit-

---

93 Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272–273.

94 *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki…“

95 Sigurður Þórarinsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1–2, 15.

96 Sigurður Þórarinsson 1960, s. 14–15.

97 Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

98 *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

99 *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

gerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukenninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.[100] Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.[101]

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.[102] Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.[103] Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nytjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.[104]

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

> Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.[105]

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

---

100 *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinsson 1960, s. 16–17).

101 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

102 Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

103 Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

104 Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almannaréttur er bundinn við“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

105 Þskj. 598. Alþtíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

Um ákvörðun eignarmarka/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarka sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda. [106] Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.[107] Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.[108] Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.[109] Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands

---

[106] Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

[107] Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

[108] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

[109] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.[110] Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok nítjándu aldar og byrjun

[110] Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalög og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalög eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalínu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að

frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.[111] Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælst til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.[112] Jarðeigandi átti

[111] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).
[112] *Jónsbók* 1904, s. 292.

einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.[113]

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur liðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.[114]

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

> Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lǫgr¬tt skal vera, skipa svá ǫðrum gǫngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mǫrk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gǫnguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.[115]

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður liði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi

[113] *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).
[114] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.).
[115] *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.

mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.[116]

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að

[116] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða hátta þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá

sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.[117] Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.[118]

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

> Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.[119]

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.[120] Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,[121] og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.[122] Elsta skjallega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.[123] Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki

---

117 Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

118 Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.

119 *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

120 Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147–148, 150.

121 Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

122 Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar.* Reykjavík. S. 277.

123 *Íslenskt fornbréfasafn.* 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.[124] Ítökum fjölgaði síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.[125]

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).[126] Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrísaskóg og raptvidahögg í jördunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.[127] Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.[128]

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparhátta og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.[129] Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.[130] Það var einkum gert með því að banna að tiltekin

---

124 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

125 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaítak, reki/rekaítak*.

126 Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

127 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

128 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

129 Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

130 Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.[131] Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[132] Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíma verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.[133] Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397[134] og Gíslamáldaga frá 1570.[135] Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.[136] Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umræddda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

---

131 Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögunum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

132 Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögunum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

133 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

134 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

135 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

136 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.[137] Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.[138] Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.[139]

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.[140] Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lǫgum sé frá komit.“[141] Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.[142] Allan reka utan *rekamarka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.[143]

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.[144] Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.[145] Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri

---

137 Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

138 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

139 Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

140 Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

141 *Jónsbók* 1904, s. 194.

142 *Grágás* 1992, s. 351–352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194–195.

143 *Grágás* 1992, s. 353–354. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

144 *Grágás* 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis *út fyrir* netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlÄg, þá á sá allan er veiðir“ (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

145 Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

land fyrir".[146] Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

> Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrvir [fellur út] utast.[147]

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.[148]

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

> Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.
>
> Þad var logtekid um rekamark a Auxararþijnge af badum l¹gm¹nnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast þad landeigande hvort þad er trie edur hvalur.[149]

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

> Ef maðr kaupir reka af landi manns at lǫgmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjǫru þeiri álnarlǫng kefli ǫll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.[150]

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi[151], ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.[152] Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af

---

146 *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353–354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði".

147 *Grágás* 1992, s. 353–354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

148 Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst" *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

149 *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.

150 *Jónsbók* 1904, s. 196–197.

151 Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

152 *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.[153] Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.[154]

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.[155] Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skrám aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.[156] Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *rekagrunnur-inn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.[157] Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Öræfum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.[158] Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.[159] Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.[160]

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

> Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.[161]

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gilti einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.[162] Eins og áður hefur komið fram virðist

---

153 *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.

154 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.

155 Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

156 Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifa-félags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

157 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

158 Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

159 *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.

160 Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.

161 *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

162 *Jónsbók* 1904, s. 197.

fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.[163] Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almenningur*.[164] Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.[165] Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.[166] Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.[167] Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.[168] Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.[169]

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög

---

163 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

164 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

165 Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

166 Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

167 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

168 Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.

169 Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).[170]

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.[171] Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.[172]

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins

[170] Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.
[171] Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Islands jordebok under förindustriell tid.* Lundi. S. 18.
[172] Björn Lárusson 1967, s. 63.

væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.[173] Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“[174]

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.[175] Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.[176] Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.[177] Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.[178] Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný*

---

173 Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.

174 *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

175 Björn Lárusson 1982, s. 17.

176 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

177 *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.

178 *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

jarðabók fyrir Ísland. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

> Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til upprekstur, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.
>
> Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

5.3. Máldagar og vísitasíur

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

> Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.[179]

[179] *Grágás* 1992, s. 12.

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.[180] Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.[181]

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.[182] Jafnframt gilti sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.[183]

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildar-

---

180 Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis.* Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.

181 Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

182 Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.

183 Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar.* Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

innar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.[184] Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.[185]

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentiskt“ kirkjuregistur.[186] Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.[187]

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gilti almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gilti aðeins í 12 mánuði (llb. 17).[188]

---

184 *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

185 Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

186 *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.

187 Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

188 Sbr. Sigurður Líndal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

> Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lǫgfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lǫgfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lǫgmáli réttu…

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.[189] Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.[190] Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.[191]

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.[192] Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga[193] virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.[194] Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki

---

189 Páll Vídalín, 1854: *Skýríngar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast…* Reykjavík. S. 165.

190 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* Reykjavík 1993. S. 162.

191 *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.

192 Sjá *Alþingisbækur.* 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

193 Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

194 Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.[195] Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.[196] Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.[197] Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.[198] Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.[199] Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gilti því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða

---

195 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.

196 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s.197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

197 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

198 Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

199 Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.[200] Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrám þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrám hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.[201] Orðin landamerkjalýsing og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða

[200] Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.
[201] Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum …“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).[202]

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðhátta, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).[203] Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri

[202] Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.
[203] Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmálum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.[204] Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lögmála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðaþáttar í Jónsbók.[205]

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellísins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmanni falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur

[204] *Grágás* 1992, s. 300 (14. k. lbþ.).
[205] *Jónsbók* 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).

um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetníngar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þíngi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar …“[206] Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skrám þeirra.[207] Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.[208]

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skrám og framlagningu þeirra.[209] Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.[210] Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður

---

206 Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peníngabrúkun á Íslandi.* Kaupmannahöfn. S. 57.
207 Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur.* Reykjavík. S. 29.
208 *Alþingistíðindi* A 1977–1978, s. 1382.
209 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.
210 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómar hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómar sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum

lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem

samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíma verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir

hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

7. VIÐAUKI 1: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum[211]

[…]
Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[…]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. […]

7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða[212]

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

---

211 Kafli 6.1 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), dags. 29. maí 2007.
212 Kafli 6.1.1 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), dags. 29. maí 2007.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

> … nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi[213]

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[214] Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[215] Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli

---

[213] Kafli 6.1.2 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), dags. 29. maí 2007.
[214] Sbr. kafla 3.3 […].
[215] Sbr. kafla 4.2 […].

að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

8. VIÐAUKI 2: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[216]

[…]
Frá því óbyggðanefnd kvað upp […] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafjall/ Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á […] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana[217]

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* […]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotaafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo

[216] Kafli 6.1.2 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6), dags. 6. júní 2008.
[217] Kafli 6.1.3 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6), dags. 6. júní 2008.

sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendur og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenninga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

> … nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenninga, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr.

497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnessýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafrétta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almenningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðhátta, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrír dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskupstungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitaefni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

9. VIÐAUKI 3: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[218]

[…]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öræfum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kærenda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kærenda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

10. VIÐAUKI 4: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[219]

[…]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

---

218 Kafli 6.1.2 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A), dags. 19. júní 2009.

219 Kafli 6.1.2.1 í úrskurðum í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B), dags. 10. október 2011.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009 (Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningsskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafréttur); tveir dómar frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrír dómar frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirliggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirliggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar[220]

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða

[220] Kafli 6.1.2.2 í úrskurðum í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B), dags. 10. október 2011.

felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómar Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi árétta þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitaefni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

10.3. Heimildir um legu jarða til forna[221]

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitaefni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormóðsstaðasel í máli nr. 1/2008

[221] Kafli 6.1.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B), dags. 10. október 2011.

á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

11. VIÐAUKI 5: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A

11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum [222]

[…]

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi [10] dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómar fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

[…]

11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir[223]

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrra atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið

[222] Kafli 6.1.2.1 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A), dags. 19. desember 2014.
[223] Kafli 6.1.2.2 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A), dags. 19. desember 2014.

á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdist öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings

eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykkt á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla

að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis[224]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir

[224] Kafli 6.1.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A), dags. 19. desember 2014.

> óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum […], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirliggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalínu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lög-

býlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu […] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. […] Aðrir fyrirliggjandi dómar hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.[225]

---

[225] Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna[226]

[…]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklaustur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

> Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Múnkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfirréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirliggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklausturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfirréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklaustri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfirréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfirréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklaustri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfirréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirliggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklaustur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

---

[226] Kafli 6.1.2.4 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A), dags. 19. desember 2014.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluaðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áðurnefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lægju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum

Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómar Landsyfirréttar kunni að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómar þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfirrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðaefndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnessýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómsþings Árnessýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignar-

dómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. […] Aðrir fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

12. VIÐAUKI 6: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 9B

12.1. Þinglýsing landamerkjabréfa og færsla í landamerkjabækur[227]

Í kafla 5.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er lýst þeirri afstöðu nefndarinnar að hafi landamerkjabréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt sé ljóst að þinglýstir eigendur hafi um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Í þeim málum sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar á svæði 9B, þar á meðal því máli sem hér er til úrlausnar, eru allmörg dæmi um að ekki liggi fyrir upplýsingar um hvort og þá hvenær landamerkjabréfum jarða sem tengjast ágreiningssvæðunum hafi verið þinglýst og það þótt landamerkjabréfin séu varðveitt í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Á öðrum svæðum sem nefndin hefur haft til meðferðar hefur upplýsingar um þetta oftast verið að finna í dóma- og þingbókum viðkomandi sýslu, í registrum þinglýsingarbóka og/eða á landamerkjabréfunum sjálfum.

Í þessu sambandi skal þess getið að skv. 4. gr. eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, skyldi landeigandi, eftir að hann hafði aflað samþykkis eigenda aðliggjandi jarða á merkjalýsinguna (landamerkjabréfið), fá hana sýslumanni í hendur til þinglesturs á næsta manntalsþingi. Þá skyldi sýslumaður skv. 6. gr. laganna „hafa löggilta landamerkjabók, til að rita í allar merkjalýsingar, samninga og dóma um landamerki, sem á þingi eru lesnir“. Núgildandi landamerkjalög, nr. 41/1919, leystu lög nr. 5/1882 af hólmi. Í 5. gr. þeirra kemur fram að í hverju lögsagnarumdæmi skuli vera löggilt landamerkjabók og skuli sýslumaður[228] rita í hana alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Þá kemur fram í 2. gr. laganna að eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skuli færa hreppstjóra merkjaskrá eftir að aflað hafi verið áritana vegna aðliggjandi landsvæða og hreppstjóri skuli, eftir athugun á skránni, senda sýslumanni hana til þinglýsingar.

Af þessu verður ráðið að allt frá gildistöku eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, hafi gilt reglur sem fólu í sér að ekki skyldi færa landamerkjabréf í landamerkjabók nema þeim hefði verið þinglýst. Jafnframt er ljóst að frá upphafi hefur sú skylda hvílt á sýslumönnum að halda landamerkjabækur, auk þess sem það hefur verið á þeirra hendi að annast þinglýsingar. Það að þau landamerkjabréf sem hér um ræðir sé að finna í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu bendir a.m.k. til þess að þeir sem kölluðu til réttinda á grundvelli þeirra hafi uppfyllt þá skyldu að afhenda þau viðkomandi sýslu-

---

227 Úr kafla 6.3.3 í úrskurði í máli nr. 1/2018 (svæði 9B), dags. 15. ágúst 2019. Í málinu voru til umfjöllunar tilvik þar sem ekki kom með ótvíræðum hætti fram í heimildum að ákveðnum landamerkjabréfum hefði verið þinglýst. Af því tilefni fjallaði nefndin með ítarlegri hætti en gert er í kafla 5.5 um samspil þinglýsingar landamerkjabréfa og færslu þeirra í landamerkjabækur.

228 Í upphaflegri gerð þessarar greinar laganna og allt þar til henni var breytt með 6. gr. laga nr. 92/1991 um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl. var orðið *valdsmaður* notað þar sem nú segir *sýslumaður*. Að öðru leyti er þessi lagagrein óbreytt. Ljóst er að sýslumaður bar þó frá upphafi þær skyldur valdsmanns sem kveðið er á um í greininni.

mannsembætti til þinglýsingar og varðveislu í landamerkjabók eða, séu bréfin frá því eftir gildistöku laga nr. 41/1919, afhenda þau hreppstjóra sem síðan hafi sent þau til sýslumanns. Í ljósi þessa verður að mati óbyggðanefndar engu slegið föstu um að óvissa um þinglýsingu umræddra landamerkjabréfa á Snæfellsnesi bendi til þess að eigendur viðkomandi jarða hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt landamerkjalögum. Þessi landamerkjabréf hafa því eftir sem áður ríkt sönnunargildi um landamerki jarðanna, að öðrum framangreindum skilyrðum uppfylltum.

12.2. Almenningar stöðuvatna[229]

Í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. 1. gr. laga nr. 132/2011, er *almenningur* skilgreindur sem sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög landareigna. Þá eru *netlög* skilgreind í 17. tölulið sömu málsgreinar sem vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að. Sambærilegar skilgreiningar á þessum hugtökum er einnig að finna í 2. og 30. tölul. 3. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Fram kemur í 1. mgr. 4. gr. vatnalaga að þegar landareign liggur að stöðuvatni fylgi vatnsbotn þeim bakka sem hann verður talinn framhald af, 115 metra út í vatn (netlög). Í 3. mgr. sömu greinar segir að ef gras vex upp úr vatni við lágflæði fylgi vatnsbotn landi sem þurrt land væri og í 4. mgr. kemur fram að ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni fylgi þeim netlög. Þá segir í 5. mgr. að jafnan skuli miða við lágflæði í vatni. Af athugasemdum við 4. gr. frumvarps sem varð að vatnalögum, nr. 15/1923, verður ótvírætt ráðið að gengið hafi verið út frá því að aðliggjandi fasteignir næðu ekki lengra út í stöðuvötn en næmi netlögunum. Niðurstaða dóms Hæstaréttar sem birtur er á bls. 182 í dómasafni réttarins 1981 (Mývatnsbotn) er í samræmi við þetta. Veiðiréttur í almenningum stöðuvatna tilheyrir aftur á móti jafnan fasteignum sem að þeim liggja, sbr. 6. gr. laga um lax- og silungsveiði. Samkvæmt þessu verður að telja að almenningar stöðuvatna teljist að jafnaði til landsvæða utan eignarlanda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga og eigi því að falla í flokk þjóðlendna samkvæmt lögunum, enda verður að telja að *landsvæði* í þessum skilningi geti bæði átt við um vatn og þurrlendi. Ekki verður þó útilokað fyrir fram að í einstökum tilvikum kunni að hafa stofnast til beinna eignarréttinda á slíkum svæðum, t.d. á grundvelli hefðar.

Þrátt fyrir þetta verður ekki ráðið af þeim gögnum sem varða undirbúning þess að þjóðlendulög voru sett að litið hafi verið til almenninga stöðuvatna í því sambandi og framkvæmd laganna hefur einnig endurspeglað það. Á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur fjallað um til þessa eru fjölmörg dæmi um stöðuvötn sem eru það stór að þar gætu verið almenningar, þ.e. vötnin breiðari en 230 metrar. Þessi vötn eru ýmist innan eða utan svæða sem kröfugerðir íslenska ríkisins um þjóðlendur hafa lotið að. Í þeim tilvikum þar sem vötnin hafa verið innan marka þjóðlendukrafna hefur málatil-

[229] Úr kafla 6.3.3 í úrskurði í máli nr. 4/2018 (svæði 9B) , dags. 15. ágúst 2019. Í málinu fjallaði óbyggðanefnd með almennum hætti um almenninga stöðuvatna í tilefni af því að tiltekið stöðuvatn og hluti af öðru vatni voru innan ágreiningssvæðis málsins.

búnaður ríkisins ekki lotið sérstaklega að almenningum þeirra heldur byggst á því að vötnin væru, ýmist að hluta eða heild, innan stærri svæða sem væru þjóðlendur á öðrum grundvelli. Að sama skapi hafa úrlausnir óbyggðanefndar ráðist af stöðu viðkomandi svæða og ekki hefur verið úrskurðað um almenninga vatnanna sérstaklega.

Í máli þessu hefur íslenska ríkið ekki gert varakröfu um að almenningar Baulárvallavatns og Hraunsfjarðarvatns séu þjóðlendur og ekki heldur byggt málatilbúnað sinn á því að hann sé þjóðlenda á þeim grundvelli að hann sé utan netlaga aðliggjandi fasteigna. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Þá verður ráðið af dómi Hæstaréttar frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú á Jökuldal) að málsástæður aðila kunni að reisa nefndinni skorður hvað varðar niðurstöður sem þó rúmist innan kröfugerða þeirra. Enn fremur verður að telja sjónarmið um jafnræði mæla gegn því að úrskurðað verði um þjóðlendu í almenningi Baulárvallavatns og hluta af almenningi Hraunsfjarðarvatns án þess að aðrir almenningar stöðuvatna sæti sams konar málsmeðferð og rannsókn. Að teknu tilliti til þessara atriða er að mati óbyggðanefndar eðlilegra að úrlausn um almenninga stöðuvatna á landinu fari eftir atvikum fram með heildstæðum hætti síðar og í ljósi þess hvernig þjóðlendulög hafa hingað til verið framkvæmd að þessu leyti kynni lagabreyting, þar sem tekin væru af tvímæli um afstöðu löggjafans til þessa, að vera æskilegur undanfari þeirrar vinnu.

13. VIÐAUKI 7: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10C

13.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[230]

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurður á svæði 10A, þ.e. Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi, var kveðinn upp 21. febrúar 2020. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem fyrr fyrir samtals 68 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Með lögum nr. 50/2016, um dómstóla, sem tóku gildi 1. janúar 2018, var Landsrétti komið á fót og verður dómum héraðsdómstóla á sviði þjóðlendumála nú áfrýjað þangað í stað Hæstaréttar áður. Frá uppkvaðningu úrskurðar á svæði 10A, 21. febrúar 2020, hefur Landsréttur kveðið upp fjóra dóma í þjóðlendumálum, sem jafnframt eru þeir fyrstu á því sviði sem kveðnir eru upp þar. Um er að ræða dóma réttarins frá 2. október 2020 í málum nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir), nr. 184/2019 (Auðkúluheiði) og nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar), og frá 16. október 2020 í máli nr. 322/2019 (Þóreyjartungur). Í tveimur fyrstnefndu dómunum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að þau svæði sem deilt var um væru þjóðlendur. Í þeim þriðja var komist að niðurstöðu um að hluti svæðisins sem þar var til umfjöllunar væri eignarland en niðurstaða óbyggðanefndar, sem hafði úrskurðað allt svæðið þjóðlendu, var staðfest að öðru leyti.[231] […]

13.2. Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776[232]

Í tveimur af framangreindum dómum Landsréttar reyndi á álitaefni í tengslum við stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776.[233] Verður nú vikið nánar að þeim. Í dómi Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir) var m.a. fjallað um þá málsástæðu gagnaðila íslenska ríkisins að áreið og útmæling vegna stofnunar nýbýlis á Fannlaugarstöðum hefði farið fram á grundvelli 3. gr. nýbýlatilskipunarinnar, sem fjallar um stofnun nýbýlis í eignarlandi, og þar með væri ljóst að um eignarland hefði verið að ræða. Landsréttur hafnaði því að sýnt hefði verið fram á það í málinu með svofelldum rökstuðningi:

> Áreið og útmæling Fannlaugarstaða 10. júlí 1823 fór fram á vegum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunar 15. apríl 1776. Samkvæmt

---

230 Kafli 7.1.2 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2020 (svæði 10C), dags. 22. desember 2020.

231 Áfrýjunarleyfis var óskað vegna þriggja af fjórum dómum Landsréttar, allra nema dóms í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar). Hæstiréttur hafnaði beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóma Landsréttar í málum nr. 184/2019 (Auðkúluheiði) og 63/2019 (Fannlaugarstaðir) og þeir dómar eru því endanlegir, sem og dómur Landsréttar í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar). Hins vegar féllst Hæstiréttur á beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóms Landsréttar í máli nr. 322/2019 (Þóreyjartungur) og dómur Hæstaréttar var kveðinn upp 13. október 2021 (mál nr. 41/2020). Um hann er fjallað í úrskurðum á svæði 10B (Ísafjarðarsýslum).

232 Kafli 7.1.2.1 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2020 (svæði 10C), dags. 22. desember 2020.

233 „Tilskipun um fríheit fyrir þá, sem vilja upp taka eyði-jarðir eða óbygð pláz á Íslandi.“

> ákvæðum tilskipunarinnar var hvort heldur unnt að stofna til nýbýlis á landi sem enginn kallaði til eignarréttar yfir, sbr. 4. og 5. gr. hennar, eða í eignarlandi annarra, sbr. 3. gr. Fyrir liggur að fullgild stofnun nýbýlis á grundvelli tilskipunarinnar hafði í för með sér stofnun beins eignarréttar yfir landi óháð því hvort 3., 4. eða 5. gr. ætti við, að fullnægðum skilyrðum tilskipunarinnar. Stefndi byggir á því að jafnvel þótt talið yrði að hann hafi ekki fært fram fullnægjandi sönnunargögn um beinan eignarrétt sinn að landinu fyrir árið 1823 sé ótvírætt að slík gögn hafi legið fyrir við áreið og útmælingu landsins 10. júlí það ár. Af hans hálfu er á því byggt að áreiðin og útmælingin hafi farið fram á grundvelli 3. gr. tilskipunarinnar sem fjallar um þær aðstæður þegar einhver „kemur fram með óefanlegan eignarrétt til landsins“. Um nánari rökstuðning fyrir þessu vísar hann einkum til þess að í fyrrgreindri útskrift úr dómsmálabókinni komi fram að Bjarni Þorleifsson sem eigandi Víkur í Sæmundarhlíð, hafi í aðdraganda áreiðarinnar og útmælingu landsins framvísað skjölum sem hafi borið þetta með sér. Í útskriftinni segir nánar tiltekið orðrétt um þetta: „Mr Bjarni Þorleifsson á Reinistað hefir þar skjöl, sem eigna það útþryckilega Vík og fleiri lönd þar nærverandi, enn enginn hefir getað þar á móti haft.“
>
> Fyrir liggur að þau skjöl sem vísað er til í útskriftinni hafa ekki fundist þrátt fyrir leit. Samkvæmt því liggur ekkert fyrir um hvert efni þeirra og innihald var. Er því ekki unnt að staðreyna hvers eðlis sá ætlaði eignarréttur var sem skjölin hafi fengið eiganda Víkur í Sæmundarhlíð yfir landinu. Í ljósi þess sem fyrr hefur verið rakið um efni þeirra skjala sem hafa fundist um landið Fannlaugarstaði og gefa eindregið til kynna að enginn hafi kallað til beins eignarréttar yfir landinu verður í ljósi þessa óskýrleika ekki fallist á að unnt sé að leggja til grundvallar að til hafi staðið að stofna til nýbýlis á grundvelli 3. gr. tilskipunarinnar. Verður því ekki fallist á að fyrrgreind tilvísun í útskrift Dómsmálabókar Skagafjarðarsýslu 1820–1823, til ótilgreindra skjala sem ekki hafa fundist, geti ein og sér dugað sem fullgild sönnun fyrir því að Bjarni Þorleifsson, sem eigandi Víkur í Sæmundarhlíð, hafi árið 1823 farið með beinan eignarrétt að landi Fannlaugarstaða.

Þrátt fyrir það sem fram kemur í tilvitnuðum texta er ljóst af orðalagi 3. og 10. gr. nýbýlatilskipunarinnar að ef stofnað var til nýbýlis á grundvelli 3. gr., á landsvæði sem var háð beinum eignarrétti fyrir, var ekki gert ráð fyrir yfirfærslu þess eignarréttar til nýbýlings nema um það semdist við landeigandann, heldur var þá hugmyndin að nýbýlingurinn fengi ótímabundna ábúð á leigulandi. Jafnframt er ljóst að undir þessum kringumstæðum getur skipt verulegu máli hvort sá sem hefur uppi kröfu um beinan eignarrétt leiðir rétt sinn frá nýbýlingnum eða þeim aðila sem talinn var eiga landið. Um bæði þessi atriði vísast til dóms Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Í úrskurði óbyggðanefndar frá 19. desember 2014 í máli nr. 1/2013 var komist að sömu niðurstöðu um þetta atriði en í dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 31. desember 2018 í máli nr. E-23/2015 var aftur á móti komist að þeirri niðurstöðu að umrætt svæði væri eignarland, m.a. á þeim grundvelli að í dómsmálabók Skagafjarðarsýslu kæmi fram að Bjarni Þorleifsson hefði haft skjöl sem vafalaust sýndu að hann hefði verið eigandi landsins þegar áreið og útmæling Fannlaugarstaða fór fram. Gagnaðila íslenska ríkisins yrði ekki kennt um að þau skjöl sem vísað var til í dómsmálabókinni um þetta hefðu ekki fundist.

Að fenginni niðurstöðu um þetta atriði tók Landsréttur til skoðunar hvort til beins eignarréttar hefði stofnast að landi Fannlaugarstaða með stofnun nýbýlis á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Um það segir í dómi Landsréttar:

> Upplýst er að byggingarbréf fyrir stofnun nýbýlis að Fannlaugarstöðum hafi ekki fundist þrátt fyrir leit og heimildir sem liggja fyrir í málinu gefa heldur ekki til kynna að slíkt bréf hafi verið gefið út eða að eftir því hafi verið gengið af hálfu fyrrgreinds Bjarna Þorleifssonar, eiganda Víkur í Sæmundarhlíð, eða Sigurðar Gíslasonar, ábúanda landsins. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt að leggja til grundvallar að byggingarbréf hafi ekki verið gefið út en engar upplýsingar liggja fyrir um hugsanlegar ástæður þess. Engin gögn liggja heldur fyrir um að áreið og útmælingu Fannlaugarstaða 10. júlí 1823 hafi verið lýst á þingi í samræmi við fyrrgreindan áskilnað 6. gr. tilskipunarinnar.
> Gera verður þá kröfu svo að beinn eignarréttur verði viðurkenndur á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar að fyrir liggi að farið hafi verið eftir ákvæðum hennar um stofnun nýbýlis. Leggja verður til grundvallar að útgáfa byggingarbréfs af hálfu amtmanns á grundvelli fyrrgreindrar 6. gr. tilskipunarinnar hafi falið í sér staðfestingu á rétti nýbýlings til stofnunar nýbýlis og sé þar með forsenda þess að hægt sé að viðurkenna stofnun beins eignarréttar að landi á grundvelli hennar. Sem fyrr greinir liggur fyrir að ekki var gætt að ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar um útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til þess sem átti að verða nýbýlingur í landinu. Um orsakir þess er sem fyrr greinir óupplýst en eins og aðstæður máls þessa eru verður ekki fallist á að unnt sé að láta áfrýjanda bera hallann af því með þeim afleiðingum að beinn eignarréttur yfir landi teljist hafa stofnast á grundvelli tilskipunarinnar. Af fyrrgreindu leiðir að ekki er unnt að fallast á að lögformlegt nýbýli hafi stofnast að Fannlaugarstöðum á grundvelli tilskipunarinnar við fyrrgreinda áreið og útmælingu 10. júlí 1823. Verður því ekki fallist á að stofnast hafi beinn eignarréttur að landinu á grundvelli hennar sem stefndi geti byggt rétt á.

Hér virðist ráða úrslitum að ekki hafi legið fyrir byggingarbréf og engar heimildir gefi til kynna að slíkt bréf hafi verið gefið út eða að eftir því hafi verið gengið af hálfu þeirra sem stóðu að nýbýlisstofnuninni. Á þeim grundvelli taldi Landsréttur að ekki hefði verið gætt að ákvæði 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar og þannig hefði ekki stofnast beinn eignarréttur að landinu á grundvelli hennar.

Í dómi Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) reyndi einnig á það hvort skilyrðum 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hefði verið fullnægt í tengslum við nýbýlisstofnun á hluta ágreiningssvæðis málsins. Talið var sannað að byggingarbréf hefði verið gefið út vegna stofnunar nýbýlis að Réttarhóli. Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði 19. desember 2014 í máli nr. 2/2013 að nýbýli hefði ekki stofnast þar sem byggingarbréfinu hefði ekki verið þinglýst, svo sem nefndin taldi að skylt hefði verið samkvæmt 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar, og fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að mistökum eða vanrækslu embættismanna væri um að kenna. Um þetta atriði er nokkuð ítarlega fjallað í dómi Landsréttar:

> Fyrir liggur að sýslumaður sendi amtmanni endurrit af áreiðargjörðinni og að amtmaður sendi sýslumanni 17. október 1889 byggingarbréf sem hann óskaði eftir að yrði afhent Birni Eysteinssyni. Þá kemur fram í gögnum málsins að sýslumaður hafi með bréfi 29. sama mánaðar sent byggingarbréfið áfram til Björns samkvæmt áðurgreindum fyrirmælum amtmanns. Frumrit byggingarbréfsins liggur ekki fyrir í málinu en leggja verður til grundvallar að byggingarbréfið sem gefið var út til Björns

hafi að efni til verið í samræmi við endurrit sem er að finna í skjalasafni amtmanns og áður er getið.
Í málinu er ekki að finna nein gögn um að „foréttíngunni“ hafi verið lýst á þingi svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar. Í greininni er þess ekki getið hver eigi að annast lýsingu á „foréttíngunni“ á þingi og ekki er sérstaklega kveðið á um að byggingarbréfinu skuli þinglýst. Ljóst er af ákvæði 6. gr. að gerður var greinarmunur á útgáfu byggingarbréfsins og „foréttíngunni“ sjálfri. Þá liggur fyrir að áreiðin var á höndum sýslumannsins og þeirra matsmanna sem hann kvaddi til og að sýslumaður hafði umsjón með manntalsþingi þar sem „forréttíngunni“ skyldi lýst.
Á þeim tíma sem áreiðargerðin fór fram og byggingarbréfið var gefið út var í gildi tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833. Í 2. og 3. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að ef skjal hljóðar upp á afhendingu fasteignar eigi ætíð að lesa það á þingi „til hvers eigindómurinn heyrir“ sem utan Reykjavíkur skuli vera hið árlega manntalsþing. Í 4. gr. tilskipunarinnar kemur fram að réttarverkun þinglýsingar gagnvart þriðja manni reiknist almennt frá þinglýsingardegi. Af ákvæðinu má ráða að þinglýsingu skjals um afhendingu eignar hafi fyrst og fremst verið ætlað að verja rétt eiganda gagnvart þriðja manni.
Í úrskurði óbyggðanefndar og hinum áfrýjaða dómi er á því byggt að Birni hafi verið skylt að láta þinglýsa byggingarbréfinu samkvæmt báðum tilskipunum. Svo sem rakið er að framan var ekki mælt fyrir um það í nýbýlistilskipuninni að nýbýlingi hefði borið skylda til þess að þinglýsa byggingarbréfi til þess að fullkomna stofnun nýbýlis heldur er einungis mælt fyrir um að „foréttíngunni“ skuli lýsa á þingi. Það liggur á hinn bóginn fyrir að ef nýbýlingur hefði viljað tryggja eignarrétt sinn á nýbýlinu gagnvart þriðja manni hefði hann getað óskað eftir því að byggingarbréfinu yrði lýst á þingi eins og öðrum skjölum um afhendingu eignar. Fyrir liggur að áreiðargerðin og þar með „foréttíngin“ var á höndum sýslumannsins auk þess sem sýslumaður og amtmaður höfðu báðir haft undir höndum byggingarbréfið sem gefið var út til Björns. Embættismönnunum var því fullkunnugt um gilda stofnun nýbýlisins að Réttarhóli. Ekki verður úr því skorið hvers vegna „foréttíngunni“ var ekki lýst á þingi enda liggja engar upplýsingar fyrir um það í málinu. Þegar framangreint er haft í huga og það markmið þinglýsingar að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni verður því hafnað að vanhöld á þinglýsingu hafi leitt til þess að ekki hafi stofnast til einkaeignarréttar Björns á umræddu landi samkvæmt nýbýlatilskipuninni. Gagnvart aðaláfrýjanda verður því að miða við að nýbýli hafi stofnast og Björn þannig eignast einkaeignarrétt að því svæði sem önnur varakrafa gagnáfrýjenda í héraði tekur til, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Í dómnum er byggt á því að 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hafi einungis kveðið á um skyldu til að láta þinglýsa „forréttíngunni“ eða áreiðargerðinni en ekki byggingarbréfinu. Þrátt fyrir það var því hafnað að vanhöld á þinglýsingu „forréttíngarinnar“ hafi leitt til þess að ekki hafi stofnast til einkaeignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, m.a. með hliðsjón af því að óljóst hafi verið hvers vegna „forréttíngunni“ hafi ekki verið þinglýst og því markmiði þinglýsingar að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni. Ályktun um markmið þinglýsingar var dregin af túlkun á 4. gr. þágildandi tilskipunar um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833.

Af framangreindum dómum Landsréttar má ráða þá afstöðu réttarins að þrátt fyrir að 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hafi kveðið á um skyldu til útgáfu byggingarbréfs og þinglýsingar „forréttingarinnar“ ráði útgáfa byggingarbréfs í raun úrslitum um það hvort stofnast hafi til eignarréttar á grundvelli tilskipunarinnar. Þinglýsingu „forréttíngarinnar“ hafi fyrst og fremst verið ætlað að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja

manni og hún hafi því ekki verið fortakslaust skilyrði fyrir stofnun eignarréttar á grundvelli tilskipunarinnar.

Í dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli) var m.a. fjallað um skilyrði 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar í tengslum við stofnun eignarréttar á grundvelli hennar í Heiðarmúla í Svalbarðshreppi. Í málinu lá fyrir að áreiðar- og skoðunargerð fór fram í samræmi við reglur tilskipunarinnar. Ekki lá hins vegar fyrir hvað gert hefði verið í framhaldinu og um það segir í dómi Hæstaréttar:

> … til að ljúka meðferð málsins stóð eftir að sýslumaður léti af hendi til amtmanns útskrift af áreiðar- og skoðunargerðinni, amtmaður gæfi [nýbýlingi] út byggingarbréf og gerðinni yrði lýst á þingi, svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. tilskipunarinnar.
> […]
> Í málinu hefur ekkert komið fram um að byggingarbréf fyrir Heiðarmúla hafi verið þinglesið eða gerð sýslumanns lýst á manntalsþingi. Að þessu öllu virtu er ekki unnt að leggja annað til grundvallar en að látið hafi verið hjá líða að ljúka stofnun nýbýlisins með áðurnefndum aðgerðum, sem kveðið var á um í 6. gr. tilskipunarinnar frá 15. apríl 1776. Til þess verður á hinn bóginn að líta að um þessi atriði, sem málsmeðferðinni var áfátt, varð [nýbýlingi] ekki kennt, heldur er óhjákvæmilegt að rekja þau til mistaka eða vanrækslu embættismanna.

Sú niðurstaða málsins að um þjóðlendu væri að ræða réðst síðan af öðrum atriðum.

Sú afstaða Landsréttar sem að framan var lýst, þess efnis að útgáfa byggingarbréfs ráði í raun úrslitum um hvort stofnað hafi verið til beins eignarréttar á landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, er í meginatriðum í samræmi við þá afstöðu sem óbyggðanefnd hefur haft til þessa atriðis, þó að niðurstaða nefndarinnar varðandi nýbýlisstofnun að Réttarhóli hafi verið önnur en Landsréttar. Má í því sambandi benda á umfjöllun nefndarinnar um heiðarbýli á Norðausturlandi í kafla 7.1.2 í *Almennum niðurstöðum* nefndarinnar sem birtar eru sem viðauki með úrskurði þessum. Umræddur kafli snýr einkum að stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, en þar segir m.a. um það atriði: „Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum.“ Þrátt fyrir þetta komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu í máli nr. 2/2013, m.a. með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli), að þar sem engar heimildir væru um að byggingarbréfi Réttarhóls hefði verið þinglýst og fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að þar væri mistökum eða vanrækslu embættismanna um að kenna stæðu ekki rök til að viðurkenna að til fullnaðrar nýbýlisstofnunar hefði komið á Réttarhóli í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Eins og áður segir var ekki óskað áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar vegna dóms Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) og beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóms réttarins frá sama degi í máli nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir) var hafnað af Hæstarétti. Dómarnir eru því endanlegur í málunum og hafa það fordæmisgildi sem af því leiðir. Samanburður þeirra þriggja dóma sem hér um ræðir, þ.e. dóma Landsréttar í málum nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) og 63/2019 (Fannlaugarstaðir) og dóms Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli), leiðir til

ályktunar um að eftir sem áður ráði útgáfa amtmanns á byggingarbréfi til nýbýlings á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 mestu um hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á áður eigandalausu landi. Ekki ræður endilega úrslitum um þetta þótt látið hafi verið hjá líða að þinglýsa áreiðargerð („forréttingu“) sýslumanns vegna stofnunar nýbýlisins eða eftir atvikum byggingarbréfinu, heldur þarf að meta hvert tilvik sérstaklega. Þá leiða vanhöld á útgáfu byggingarbréfs ekki endilega sjálfkrafa til niðurstöðu um að eignarréttur hafi ekki stofnast á þessum grundvelli, ef þau vanhöld verða rakin til mistaka eða vanrækslu embættismanna, sbr. margnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Þau sjónarmið sem koma fram af hálfu Landsréttar í umræddum tveimur dómum eru meðal þess sem hlýtur að koma til skoðunar við mat á því hvort eignarréttur hafi stofnast á þessum grundvelli, í tilvikum sem talist geta sambærileg.

14. VIÐAUKI 8: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10B

14.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[234]

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum á svæði 10C, þ.e. Barðastrandarsýslu, voru kveðnir upp 22. desember 2020. Frá þeim tíma hefur Hæstiréttur kveðið upp einn dóm í þjóðlendumáli. Um er að ræða dóm réttarins frá 31. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur). Því liggja fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Frá sama tíma hefur Landsréttur kveðið upp fjóra dóma í þjóðlendumálum sem ekki hafa komið til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir. Um er að ræða dóma réttarins frá 28. maí 2021 í máli nr. 104/2020 (Tvídægra, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland, austurhluti Síðumúlaskógar og Helgavatnsselland)[235], 3. júní 2022 í máli nr. 490/2020 (Austurhluti Ystutunguafréttar)[236], og frá 4. nóvember 2022 í málum nr. 514/2021 (Fjalllendi Borgarhrepps)[237] og nr. 515/2021 (Fjalllendi Hraunhrepps)[238].

Í öllum framangreindum dómum Landsréttar voru niðurstöður óbyggðanefndar um svæðin sem deilt var um staðfestar. Í framangreindum dómi Hæstaréttar komst meirihluti réttarins hins vegar að þeirri niðurstöðu að svæðið sem deilt var um, Þóreyjartungur í Borgarfirði, væri eignarland, en óbyggðanefnd hafði komist að þeirri niðurstöðu að það væri þjóðlenda. Minnihluti Hæstaréttar taldi að staðfesta bæri niðurstöðu óbyggðanefndar. Verður nú vikið nánar að dómi Hæstaréttar.

Í úrskurði óbyggðanefndar 11. október 2016 í máli nr. 5/2014 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Þóreyjartungur í Borgarfirði væru þjóðlenda í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Í dómi Hæstaréttar kom fram að þrátt fyrir að lýsingar í hinum ýmsu gerðum *Landnámu* af landnámi á svæðinu væru ekki að öllu leyti glöggar og samrýmanlegar yrði sú ályktun dregin af þeim að umþrætt landsvæði hefði í upphafi tilheyrt hinu víðfeðma landnámi Skalla-Gríms. Um landnám Þóreyjartungna vísaði dómurinn til þess að óbyggðanefnd hefði komist að þeirri niðurstöðu að aðliggjandi heiðarlönd, Lundartunga og Oddsstaðatunga, hefðu verið numin í öndverðu og teldust eignarlönd. Þá hefði íslenska ríkið ekki gert kröfu fyrir óbyggðanefnd um að landsvæði norður af Þóreyjartungum teldist þjóðlenda. Að mati meirihluta Hæstaréttar ættu flest sömu sjónarmið við um Þóreyjartungur og umrædd heiðarlönd, að því er varðaði lýsingar *Landnámu* á landnámi á svæðinu, staðháttum, hæð yfir sjávarmáli og gróðurfari. Ekki stæðu rök til annars en að niðurstaðan yrði sú sama hvað varðaði nám Þóreyjartungna

234 Kafli 7.2.2 í úrskurðum í málum nr. 1–8/2021 (svæði 10B), dags. 30. ágúst 2023.
235 Ekki var óskað áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar.
236 Beiðni um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 10. október 2022 nr. 2022-98.
237 Beiðni um áfrýjunareyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 31. janúar nr. 2022-151.
238 Beiðni um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 31. janúar nr. 2022-152.

og því talið nægilega sýnt fram á að þær hefðu verið numdar með þeim hætti að beinn eignarréttur hefði stofnast yfir þeim.

Að fenginni þeirri niðurstöðu tók Hæstiréttur til skoðunar hvort beinn eignarréttur hefði haldist frá landnámi. Dómurinn tiltók að niðurstaða um það réðist einkum af heildarmati á heimildum um eignarréttindi yfir Þóreyjartungum og inntaki þeirra, heimildum um nýtingu þeirra og fyrirliggjandi upplýsingum um gróðurfar og staðhætti. Að mati meirihluta Hæstaréttar veittu fyrirliggjandi heimildir um jörðina Hrísa í Flókadal og Þóreyjartungur því næga stoð að Þóreyjartungur hefðu lengst af verið hluti af jörðinni Hrísum og að beinn eignarréttur hefði ekki fallið niður þótt Reykholtskirkja, sem átti hálfa jörðina Hrísa og ýmist hálfar eða allar Þóreyjartungur, hefði í lok 19. aldar selt landsvæðið til sveitarfélags. Með vísan til ólíkrar niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Þóreyjartungna annars vegar og Lundartungu og Oddsstaðatungu hins vegar taldi dómurinn rétt að bera saman þá þætti sem helst þættu skipta máli varðandi eignarréttarlega stöðu landsvæðanna. Um þá þætti sem talið var að greindu Þóreyjartungur frá hinum heiðarlöndunum segir eftirfarandi í dóminum:

> Í fyrsta lagi eru heimildir ekki jafn skýrar um hvaða landnámi Þóreyjartungur tilheyrðu og hvað varðar Lundartungu og Oddsstaðatungu. Samkvæmt framansögðu er þó líklegast að öll landsvæðin hafi verið innan upphaflegs landnáms Skalla-Gríms. Í öðru lagi eru eignarréttarleg tengsl jarðarinnar Hrísa og Þóreyjartungna ekki jafn skýr og samfelld og jarðarinnar Lundar og Lundartungu annars vegar og jarðarinnar Oddsstaða og Oddsstaðatungu hins vegar að því leyti að á löngu tímabili átti Reykholtskirkja hálfa jörðina Hrísa en allar Þóreyjartungur. Í þriðja lagi var Þóreyjartungna jafnan getið sérstaklega í eldri heimildum þótt yfirleitt hafi það verið í tengslum við jörðina Hrísa en jörðinni Oddsstöðum og landamerkjum hennar hins vegar að jafnaði lýst þannig að landsvæðið Oddsstaðatunga taldist í raun hluti af henni. Í fjórða lagi hafði verið gert landamerkjabréf fyrir jörðina Oddsstaði 29. maí 1885 áður en Oddsstaðatunga var seld frá Oddsstöðum árið 1930 og náði lýsing á merkjum einnig yfir Oddsstaðatungu án þess að hún hafi sérstaklega verið þar tilgreind eða afmörkuð.

Hvað varðar þá þætti sem talið var að umrædd heiðarlönd ættu sameiginlega í eignarréttarlegu tilliti segir eftirfarandi:

> Í fyrsta lagi eru landsvæðin afar einsleit hvað varðar landfræðilega legu, gróðurfar og hæð yfir sjávarmáli. Í öðru lagi hafa landsvæðin svo lengi sem elstu heimildir greina verið nýtt sem séreignarafréttir sem ekki hafa staðið öðrum en eigendum þeirra til afnota án leyfis. Í þriðja lagi rofnuðu eignarréttarleg tengsl milli landsvæðanna og þeirra jarða sem landsvæðin tengdust ekki fyrr en í lok 19. og byrjun 20. aldar og þau þá gerð að samnotaafréttum. Í fjórða lagi hefur meðferð eigenda landsvæðanna verið án athugasemda yfirvalda og nágranna og að mestu ágreiningslaus. Í fimmta lagi fjalla heimildir um öll landsvæðin fyrst og fremst um beit og önnur þrengri og sambærileg not svo sem selstöðu sem heimildir eru um á þeim öllum. Í sjötta lagi var landsvæðanna ekki getið sérstaklega í lýsingu á jörðunum Hrísum, Lundi og Oddsstöðum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1708 en takmarkaðar ályktanir verða af því dregnar. Í sjöunda lagi var Lundartungu lýst með svipuðum hætti í eldri heimildum í tengslum við lýsingu á Lundi eða Lundarkirkju og Þóreyjartungum var lýst í tengslum við lýsingu á Hrísum. Lundartungu eða Lundarheiði var þannig ekki getið sérstaklega í eldri heimildum um jörðina Lund og Lundarkirkju en svæðisins fyrst getið í vísitasíu fyrir Lund frá árinu 1647 og staðsetningu hennar þar fyrst lýst. Í lögfestum Lundar frá árunum 1665, 1671, 1679, 1694 og 1703 var Lundarheiði tilgreind með svipuðum hætti

> gagnvart jörðinni Lundi og Þóreyjartungur gagnvart jörðinni Hrísum. Þannig var Lundarheiði lögfest Lundi sérstaklega í lögfestu frá árinu 1694 og í vísitasíum fyrir Lundarkirkju frá árunum 1827 og 1868 er landamerkjum Lundar lýst annars vegar og Lundarheiðar hins vegar gagnvart öðrum landsvæðum. Í áttunda lagi hafði hvorki verið gert landamerkjabréf fyrir Hrísa né Lund áður en Þóreyjartungur voru seldar árið 1895 og Lundartungur árið 1910, gagnstætt við Oddsstaði þegar Oddsstaðatunga var seld árið 1930.

Samkvæmt þessu taldi meirihluti Hæstaréttar að Þóreyjartunga og Lundartunga ættu að nær öllu leyti og Oddsstaðatunga að flestu leyti þá þætti sameiginlega sem mestu máli skiptu við afmörkun á eignarlöndum og þjóðlendum. Ekkert væri fram komið sem stutt gæti að munur yrði gerður á Þóreyjartungum og aðliggjandi landsvæðum og því stæðu ekki rök til annars en að niðurstaðan yrði sú sama hvað varðaði eignarréttarlega stöðu Þóreyjartungna, Lundartungu og Oddsstaðatungu, þ.e. að Þóreyjartunga teldist eignarland en ekki þjóðlenda.

Í sératkvæði tveggja dómara Hæstaréttar var komist að öndverðri niðurstöðu. Að því marki sem talið yrði að Þóreyjartungur hefðu verið numdar í öndverðu hefðu þær verið innan landnáms Björns gullbera, sem hefði numið land milli Grímsár og Flókadalsár. Þar sem því væri lýst í *Landnámu* að síðarnefnda áin hefði skilið milli landa hans og jarðarinnar Hrísa hefðu Þóreyjartungur ekki verið hluti af landnámsjörðinni Hrísum. Að mati minnihluta Hæstaréttar veittu heimildir um Hrísa og Þóreyjartungur því ekki stoð að Þóreyjartungur hefðu verið hluti af jörðinni Hrísum, enda væru tungurnar tilgreindar sérstaklega og í lögfestum allt frá árinu 1739 með öðrum eignum og ítökum Reykholtskirkju. Þvert á móti taldi minnihluti Hæstaréttar að heimildir bentu fremur til þess að Þóreyjartungur hefðu verið sérstakt landsvæði og ekki hluti af jörðinni. Í sératkvæðinu er þess getið að ekkert hafi komið fram í heimildum um að Þóreyjartungur hefðu verið nýttar til annars en upprekstrar búfjár. Engin viðhlítandi rök stæðu því til annars en að líta svo á að réttindi Reykholtskirkju, og þeirra sem leiddu rétt sinn til landsins frá henni, hefðu verið fólgin í óbeinum eignarréttindum til hefðbundinna nota á því til upprekstrar og annars þess sem afréttir hefðu í aldanna rás almennt verið hafðir til. Um samanburð á Þóreyjartungum og aðliggjandi landsvæðum segir í sératkvæðinu:

> Við tökum undir þá lýsingu í atkvæði meirihluta dómenda að niðurstaða um hvort landsvæði telst hafa verið numið í öndverðu og hvort það telst eignarland eða þjóðlenda geti meðal annars ráðist af samanburði við niðurstöður um aðliggjandi landsvæði sem telja verður sambærileg með tilliti til gróðurfars og hæðar yfir sjávarmáli. Þetta er þó aðeins einn af mörgum þáttum í heildarmati en kemur ekki í stað kröfu um að efnislega áþekkar heimildir séu til stuðnings eignarhaldi á samliggjandi landsvæðum.
> Þegar litið er til aðliggjandi landsvæða, Lundartungu og Oddsstaðatungu, sem liggja sunnan Þóreyjartungna og talin voru eignarlönd í fyrrnefndum úrskurði óbyggðanefndar, sést að til grundvallar þeirri niðurstöðu lágu mun skýrari heimildir í samanburði við Þóreyjartungur, bæði um nám í öndverðu og þaðan í frá um óslitin og óumdeild tengsl þeirra sem hluta viðkomandi landsnámsjarða. Allt þetta landsvæði er vissulega áþekkt að gróðurfari og staðháttum sem rennir stoðum undir þá ályktun að Þóreyjartungur hafi verið numdar í upphafi. Þar sem ekki nýtur við styrkari heimilda um að Þóreyjartungur hafi upphaflega verið hluti af landnámsjörðinni Hrísum og beinn eignarréttur að landinu hafi með henni færst á hendur annarra geta áþekkir staðhættir þó ekki einir sér ráðið úrslitum til staðfestingar því að um eignarland stefndu sé að ræða.

Að þessu virtu var niðurstaða minnihluta Hæstaréttar að staðfesta bæri niðurstöðu óbyggðanefndar.

Af dómnum má ráða að talsverð áhersla hafi verið lögð á samanburð við aðliggjandi landsvæði og miklu virðist hafa ráðið í niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar að óbyggðanefnd hafi komist að öndverðri niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu Lundartungu og Oddsstaðatungu, þrátt fyrir að margt væri sameiginlegt með þeim og Þóreyjartungum. Þessi sjónarmið sem koma fram af hálfu meirihluta Hæstaréttar í dómnum eru meðal þess sem hlýtur að koma til skoðunar við mat á eignarréttarlegri stöðu í tilvikum sem talist geta sambærileg. Hins vegar virðist munurinn á niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar og óbyggðanefndar einnig grundvallast á ólíku mati á sambandi jarðarinnar Hrísa og Þóreyjartungna, en óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að heimildir um Hrísar og Þóreyjartungur bentu til þess að Þóreyjartungur hefðu ekki verið hluti jarðarinnar heldur sérstakt landsvæði, aðskilið frá jörðinni, líkt og minnihluti Hæstaréttar.

14.2. Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla[239]

[14.2.3.1] Almennt

Sá ágreiningur sem uppi er milli íslenska ríkisins og gagnaðila þess í málum nr. 1–8/2021 á svæði 10B snýr að verulegu leyti að því hvort efstu hlutar fjalla séu þjóðlendur eða hvort eignarlönd jarða beggja vegna nái saman uppi á fjöllum. Íslenska ríkið byggir gjarnan á því að þær fjallsbrúnir sem mynda skörp skil í landslagi, t.d. við frambrún kletta, ráði merkjum eignarlanda gagnvart þjóðlendum. Vísað er til þess af hálfu ríkisins að í slíkum tilvikum séu landfræðilegar aðstæður oft með þeim hætti að innan fjallsbrúna, þ.e. ofan á fjalli, liggi tiltölulega flatlent svæði eða skýrt afmarkað. Þegar landamerkjum sé lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall sé almennt litið svo á að merki séu dregin í fjallsbrúnir í þeirri merkingu. Sé merkjum ekki lýst lengra, landamerkjalýsingar séu óskýrar eða landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin og í töluverðri hæð sé víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði úrskurðað þjóðlenda. Kröfugerð ríkisins er í þeim tilvikum iðulega háttað þannig að kröfulínur eru sagðar fylgja fjallsbrúnum, eins og þær eru skilgreindar af hálfu ríkisins, en tilgreindir punktar á línunum sem miðast við efstu punkta í landamerkjalýsingum, en eru ekki endilega nákvæmlega þeir sömu. Þá eru kröfulínur ríkisins í sumum tilvikum miðaðar við hæðarlínur. Fram kemur í kröfugerð ríkisins að það sé gert þegar fyrir liggi að um jörð sé að ræða en landamerkjalýsing liggi ekki fyrir, sé óljós eða óskýr og ekki sé hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki sé hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun til að miða við. Hæðarlína hafi þó jafnan verið

[239] Kafli 7.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2021 og 7–8/2021 (svæði 10B), dags. 30. ágúst 2023. Undirkaflarnir eru þar nr. 7.2.3.1–7.2.3.8

valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti, s.s. gróðurfar og landslag.[240]

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja aftur á móti jafnan á því að túlka beri landamerkjabréf og aðrar heimildir um merki jarða á þessu svæði á þann veg að landamerki jarðanna nái upp á efstu hluta fjallanna og að þegar hugtakið fjallsbrún kemur fyrir í merkjalýsingum sé átt við vatnaskil. Því séu engar þjóðlendur uppi á fjöllunum.[241] Við úrlausn um framangreind atriði reynir m.a. á túlkun hugtaksins „fjallsbrún“ og sambærilegra hugtaka í merkjalýsingum, mat á þýðingu þess að merkjalýsingar til fjalla séu óljósar og áhrif atriða á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð á sönnunarmat. Þar sem víða reynir á atriði af þessu tagi við úrlausn málanna er ástæða til að fjalla almennt um þau hér, áður en að því kemur að taka afstöðu til einstakra tilvika.

Við úrlausn þjóðlendumála skal m.a. gætt samræmis og jafnræðis. Í því sambandi ber ekki einungis að líta til niðurstaðna einstakra ágreiningsmála heldur einnig þess hvernig kröfugerð íslenska ríkisins hefur verið háttað. Má í því sambandi geta um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2006 (Fell í Suðursveit). Þar var m.a. deilt um hvort miða ætti mörk þjóðlendu á Vatnajökli við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga árið 1998 eða þann tíma þegar landamerkjabréf jarðarinnar Fells var gert. Þar sem ríkið undi þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að miða við fyrrnefnda tímamarkið gagnvart öðrum jörðum í Suðursveit og Öræfum án þess að láta reyna á þau fyrir dómi taldi Hæstiréttur að vegna jafnræðisreglu yrði ekki hróflað við ákvörðun nefndarinnar gagnvart eignarlandi Fells að þessu leyti.

Fyrir uppkvaðningu úrskurða í málum á svæði 10B hefur óbyggðanefnd lokið almennri málsmeðferð á um 91% meginlandsins og úrskurðir nefndarinnar í þjóðlendumálum eru orðnir 66 talsins, en í hverju máli hefur iðulega verið fjallað um nokkur ágreiningssvæði og fjölda jarða. Þá liggja fyrir 69 hæstaréttardómar í þjóðlendumálum, 8 dómar Landsréttar og 107 héraðsdómar. Þegar litið er heildstætt á endanlegar niðurstöður málanna finnast ekki dæmi þess að efstu hlutar fjalla teljist þjóðlendur nema um sé að ræða nokkuð víðfeðm heiðarlönd eða hluta af þjóðlendum sem ná jafnframt yfir nærliggjandi landsvæði. Þá hafa gjarnan legið fyrir heimildir um að viðkomandi svæði hafi aðra stöðu að eignarrétti en land aðliggjandi jarða, svo sem að þar séu eða hafi verið afréttir eða almenningar.[242] Enn fremur hafa fjölmörg fjöll talist eignarlönd í heild þegar af þeirri ástæðu að íslenska ríkið lýsti ekki kröfum um að þau eða hlutar þeirra væru þjóðlendur. Ætla verður að til grundvallar þeirri afstöðu ríkisins hafi legið það mat að um eignarlönd væri að ræða. Víða um land eru staðhættir sambærilegir við Ísafjarðarsýslur að því leyti að fjöll skilja þar gjarnan á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, án þess að endilega sé um að ræða víðáttumikla fjallgarða eða stór og samfelld

240 Fjallað er um kröfur og sjónarmið íslenska ríkisins í máli þessu í köflum 3.1 og 6.1.
241 Fjallað er um kröfur og sjónarmið annarra en ríkisins í köflum 3.2–3.12 og 6.2.
242 Hvað varðar nánari umfjöllun um jarðir, afrétti og almenninga vísast til kafla 4.2–4.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum.

heiðarlönd. Má í því sambandi nefna sem dæmi Barðastrandarsýslur sem auðkenndar voru sem svæði 10C við málsmeðferð óbyggðanefndar en um ágreiningssvæði þar var fjallað í úrskurðum nefndarinnar í málum nr. 1–4/2021.

Greining óbyggðanefndar á landamerkjum sem varða ágreiningssvæði í þeim landshlutum þar sem nefndin hefur lokið málsmeðferð hefur leitt í ljós að mjög algengt er að vatnaskil efst á fjöllum ráði merkjum milli jarða, sérstaklega í tilvikum þar sem ekki er um að ræða mjög víðfeðma fjallgarða eða heiðarlönd, eða að lönd jarða nái a.m.k. saman uppi á fjöllum án þess að nákvæmlega sé skilgreint með hvaða hætti. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi fjallgarðinn milli Lóns og Nesja í málum nr. 4/2001 (Nes) og 5/2001 (Lón), Esju í sameinuðum málum nr. 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós), Smjörfjöll í málum nr. 2/2005 (Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð) og 3/2005 (Vopnafjarðarhreppur), Lambafjöll og fjallgarðinn á Tjörnesi í máli nr. 2/2007 (Tjörnes og Þeistareykir), Kinnar- og Víknafjöll í máli nr. 4/2007 (Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár), fjalllendi í Grýtubakkahreppi í máli nr. 5/2007 (Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár), fjöll sem skilja að jarðir í fyrrum Hörðudals- og Miðdalahreppum í Dalasýslu í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár) og fjalllendi inn af Vatnsfirði í máli nr. 2/2020 (Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps). Niðurstöður allra þessara mála standa óraskaðar af dómstólum að þessu leyti enda undi íslenska ríkið við þær. Þá eru ótalin tilvik þar sem ágreiningslaust var milli íslenska ríkisins og landeigenda að eignarlönd næðu saman uppi á fjöllum þar sem ríkið lýsti ekki kröfum um þjóðlendur þar.

Algengt er þó að merkjalýsingar til fjalla séu ekki eins nákvæmar og niðri á láglendi. Að mati nefndarinnar er líklegt að oft stafi það annars vegar af því að meiri hagsmunir voru bundnir við að merki milli nytjalanda jarða á láglendi væru skýr heldur en merki til fjalla. Hins vegar má að mati nefndarinnar ætla að sú útbreidda venja, sbr. fyrrgreind dæmi, að vatnaskil og hæstu brúnir fjalla ráði merkjum hafi gert það að verkum að minni ástæða hafi þótt til að lýsa þeim hluta merkjanna en merkjum gagnvart aðliggjandi jörðum á láglendi í tilvikum þar sem fjöllin fólu í sér skýr landamerki af náttúrunnar hendi. Þar sem fjöll skilja að dali og firði sem eru eða hafa verið í byggð má að mati nefndarinnar oft telja líklegt að merki jarða nái saman á fjöllunum, nema heimildir eða staðhættir mæli því sérstaklega í mót.

[14.2.3.2] Nánar um áhrif staðhátta o.fl. á sönnunarmat

Fjölmörg dæmi eru um það í réttarframkvæmd að atriði á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð hafi haft áhrif á mat á því hvort landsvæði væru eignarlönd eða þjóðlendur. Staðhættir geta verið þannig að meiri kröfur en ella séu gerðar um sönnun þess að svæði sé eignarland. Til marks um það eru t.d. tveir dómar sem voru meðal þeirra fyrstu sem Hæstiréttur kvað upp í þjóðlendumálum en þar gaf rétturinn til kynna þá afstöðu að í ljósi staðhátta og gróðurfars hefðu tiltekin svæði átt að teljast þjóðlendur

ef ríkið hefði gert sérstakar kröfur um það. Um er að ræða dóma réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar fjalllendi nærri mörkum fyrrum Biskupstungna- og Laugardalshreppa, og frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) að því er varðar tiltekið landsvæði sunnan og vestan Jökulsár í Lóni. Tilvikin sem um ræðir í þessum tveimur dómum eru frábrugðin flestum tilvikum í Ísafjarðarsýslum sem nú eru til umfjöllunar að því leyti að þar er ekki um að ræða tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi sem skilur milli eignarlanda jarða heldur lítt gróin hálendissvæði sem eru nokkuð fjarri byggð en liggja nærri samfelldri þjóðlendu á miðhálendinu. Þá hefur Hæstiréttur einnig staðfest að hálend og lítt gróin svæði geti verið innan eignarlanda ef fullnægjandi heimildir liggja því til grundvallar, sbr. t.d. dóm réttarins frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli sem heimildir bentu til að hefði einungis verið háð mjög takmörkuðum notum.

Af framangreindu er ljóst að það að svæði er hálent, lítt gróið, fjarri byggð og lítt nytjað leiðir ekki sjálfkrafa til niðurstöðu um þjóðlendu, þótt allt séu þetta atriði sem geta ásamt skriflegum heimildum haft áhrif á sönnunarmatið.

[14.2.3.3] Áhrif þess að landamerkjabréf skortir eða merkjalýsing er óljós

Með lögum um landamerki nr. 5/1882 var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrá landamerki jarða sinna. Skrásetja skyldi nákvæma lýsingu á landamerkjum, afla áritana eigenda aðliggjandi landsvæða ef þeir voru samþykkir lýsingunni og fá sýslumanni skrána í hendur til þinglýsingar á næsta manntalsþingi, sbr. 3. og 4. gr. laganna. Kveðið var á um sambærilegar skyldur í 2. gr. laga um landamerki nr. 41/1919 sem leystu lög nr. 5/1882 af hólmi. Þessar skrár eða merkjalýsingar sem lög nr. 5/1882 og síðar lög nr. 41/1919 kváðu á um eru jafnan nefndar landamerkjabréf. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt á landi og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd.

Þrátt fyrir að landamerkjabréf jarða hafi almennt mjög mikið vægi við sönnun um eignarland[243] hefur í réttarframkvæmd ekki verið gerð fortakslaus krafa um að merkjalýsingar þeirra séu að öllu leyti ótvíræðar og raunar eru nokkur dæmi um að svæði hafi verið talin eignarlönd þótt ekki séu fyrir hendi landamerkjabréf og jafnvel ekki heldur aðrar merkjalýsingar. Á það sérstaklega við ef landamerki geta talist glögg af náttúrunnar hendi, t.d. ár og lækir, strandlengjan og jökulrendur. Má í því sambandi nefna

[243] Sjá umfjöllun um landamerkjabréf í köflum 5.5, 7.1.1, 10.2, 11.2 og 12.1 í *Almennnum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

úrskurði óbyggðanefndar í málum á svæði 2 (Sveitarfélagið Hornafjörður) og svæði 3 (Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla) þar sem merkjum jarða gagnvart jöklum var ekki endilega lýst í landamerkjabréfum en nefndin komst þó almennt að þeirri niðurstöðu að jöklarnir hefðu afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að umfjöllunar hefði ekki talist þörf.

Í þessu sambandi er vert að leggja áherslu á að þótt lögð væri á skylda til skrásetningar landamerkja með lögum nr. 5/1882 og síðar lögum nr. 41/1919 var ræksla þeirrar skyldu aldrei forsenda þess að eignarréttindi héldust við. Eignarréttindi féllu ekki niður vegna vanrækslu skyldunnar og að sama skapi hefur aldrei verið unnt að stofna til nýrra eignarréttinda, umfram þau sem fyrir voru, með því að útbúa landamerkjabréf.[244] Um var að ræða skrásetningu réttinda sem þegar voru til staðar og eftir atvikum ákvörðun um mörk þeirra, í samráði við eigendur eða umráðamenn aðliggjandi landsvæða. Af þessu leiðir að þýðing landamerkjabréfs við úrlausn þjóðlendumála er fyrst og fremst sönnunarlegs eðlis en tilvist þess er ekki fortakslaust skilyrði þess að fallist sé á að landsvæði sé háð beinum eignarrétti, ef rétt þykir að draga slíka ályktun af öðrum atriðum.

Að mati óbyggðanefndar leiðir það af eðli máls að ef fyrir liggur að landsvæði hafi stöðu jarðar að lögum en merkjalýsingu skortir þarf að ákvarða merkin að álitum, m.a. út frá staðháttum. Sem dæmi um tilvik þar sem úrskurðað hefur verið um eignarland þrátt fyrir vöntun á landamerkjabréfi og öðrum merkjalýsingum má nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2018 (Eyrarbotn). Þar voru ekki fyrir hendi landamerkjabréf eða aðrar merkjalýsingar fyrir jörðina Hrafnkelsstaði en með hliðsjón af staðháttum og öðrum fyrirliggjandi heimildum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að mörk jarðarinnar gagnvart þjóðlendu í Eyrarbotni lægju um efstu brúnir Gunnungsfells á vatnaskilum.

Í réttarframkvæmd finnast á hinn bóginn nokkur dæmi þess að mörk þjóðlendna og eignarlanda séu dregin um beinar línur milli efstu kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum eða öðrum merkjalýsingum. Má í því sambandi fyrst nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) en nánar er vikið að honum í kafla 7.2.3.5. Sömu nálgun var beitt í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 8/2003 (Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallahreppi) og dómi Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir). Með dómnum staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu óbyggðanefndar að

[244] Um stofnunarhætti eignarréttinda er fjallað í 3. kafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum. Tekið skal fram að þótt ekki sé hægt að stofna til nýrra eignarréttinda með landamerkjabréfi, þá er unnt að semja með landamerkjabréfi um breytingu á landamerkjum milli eignarlanda, enda eru landamerkjabréf í eðli sínu samningar, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar í málum nr. 457/2011 (Krýsuvík), 547/2012 (Reykjahlíð), 360/2013 (Hrollaugsstaðir og Ásgrímsstaðir), 222/2014 (Miðhús og Barmar), 637/2014 (Brekka/Snartastaðir), 127/2015 (Dyrhólaey) og 136/2017 (Á og Skarð), sem og: Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2023, bls. 168–171. Ef þannig er samið um breytingu á landamerkjum er um að ræða svonefnda *afleidda stofnun* eignarréttinda en ekki frumstofnun þeirra.

mörk þjóðlendunnar Síðumannaafréttar gagnvart umræddum jörðum skyldu dregin um beina línu milli upptaka Geirlandsár og Þverár. Niðurstaða óbyggðanefndar um að miða merkin að þessu leyti við beina línu byggðist m.a. á því að náttúrulegar aðstæður á svæðinu veittu litla vísbendingu um legu norðurmerkja jarðanna og engin glögg skil væru frá náttúrunnar hendi til að styðjast við. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu nefndarinnar að þessu leyti. Annað dæmi um að Hæstiréttur dragi mörk þjóðlendu gagnvart eignarlöndum eftir beinum línum milli þeirra kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum og liggja næst viðkomandi þjóðlendum er dómur réttarins frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Mjóidalur, Sörlastaðir og Hjaltadalur ásamt Kambfellskjálka) en þar breytti rétturinn niðurstöðu óbyggðanefndar um mörk þjóðlendunnar afréttarlands í Þingeyjarsveit gagnvart umræddum jörðum, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 3/2007 (Þingeyjarsveit sunnan Ljósavatnsskarðs og vestan Skjálfandafljóts). Við samanburð þessara tilvika við þau sem til úrlausnar eru á svæði 10B ber þess að gæta að bæði Síðumannaafréttur og afréttarland í Þingeyjarsveit eru svæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum nutu stöðu afrétta að lögum fyrir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 og tilheyra nú víðáttumiklu og samfelldu svæði þjóðlendna á miðhálendi Íslands. Í þessum tilvikum var því ekki um að ræða álitaefni um efstu hluta fjalla sem skilja á milli eignarlanda jarða.

[14.2.3.4] Túlkun hugtaksins „fjallsbrún“ og sambærilegra tilvísana í merkjalýsingum

Í málunum sem hér eru til úrlausnar hefur óbyggðanefnd lagt fram álitsgerð Orðabókar Háskólans frá árinu 2006 um merkingu hugtaksins fjallsbrún en hennar var á sínum tíma aflað vegna meðferðar nefndarinnar á málum 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós). Meginniðurstaðan sem þar er lýst er sú að fjallsbrún geti verið hvort sem er „hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað“. Í umræddum málum reyndi á túlkun hugtaksins í landamerkjabréfum jarða umhverfis Esju. Þá líkt og nú byggði íslenska ríkið á því að fjallsbrún væri þar sem halli breyttist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún, en jarðeigendur byggðu á því að fjallsbrún væri þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. Í úrskurði óbyggðanefndar í sameinuðum málum nr. 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós) fjallaði nefndin um landamerkjabréf jarða sem liggja að Esju og komst að þeirri niðurstöðu að merki nokkurra jarða tækju að einhverju leyti til hæsta hluta fjallsins. Aðrar lýsingar væru óljósari en nefndu þó gjarnan vatnaskil, brúnir eða jafnvel hæstu brúnir. Nefndin túlkaði umræddar heimildir með hliðsjón af staðháttum og komst að þeirri niðurstöðu að landamerki jarða næðu upp á efstu brúnir Esju, þ.e. vatnaskil, sbr. eftirfarandi texta í úrskurðinum:

> Esjan er hár og brattur móbergsstapi, mótaður af jöklum, ám og lækjum; skorin með dölum og giljum í allar áttir. Á hryggjum milli dala er víðast bratt til beggja hliða og ekki mikið um flatt land ofan á fjallinu. Á flestum stöðum eru því engin vandkvæði á að finna hvar vötnum hallar á Esjunni. Hugtakið fjallsbrún er notað í landamerkja-

> bréfum jarða í kringum Esjuna, jafnvel þar sem erfitt er að átta sig á hvar fjallsbrún í skilningi íslenska ríkisins ætti að vera, nema þá að litlum hluta.
> Samkvæmt framangreindum heimildum um merki og staðháttum á Esjusvæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að leggja til grundvallar að hugtakið fjallsbrún í umræddum landamerkjalýsingum vísi til þeirra hluta Esjunnar sem hæstir eru og vötnum hallar frá.

Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að ekki væri þjóðlenda á efsta hluta Esju. Íslenska ríkið skaut þeirri niðurstöðu ekki til dómstóla. Sambærileg álitaefni voru uppi varðandi Smjörfjöll í málum nr. 2/2005 (Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð) og 3/2005 (Vopnafjarðarhreppur). Í úrskurðum óbyggðanefndar kemur fram að Smjörfjöll séu firnabreiður fjallgarður sem sé mikill um sig og rísi hæstu hnjúkarnir í yfir 1.200 m hæð yfir sjávarmáli. Jökulsárhlíðarmegin halli Smjörfjöll mót austri og séu skorin giljum. Frá bæjarstæðum í Jökulsárhlíð að sveitarfélagamörkum séu um 12–13 km í beinni loftlínu. Vopnafjarðarmegin séu Smjörfjöll með hamróttar brúnir, þar sem smáir hvilftarjöklar hafi grafið sig niður á nokkrum stöðum og myndað skálar og ekið fram jökulruðningi á nokkrum stöðum. Frá bæjarstæðum jarða Vopnafjarðarmegin að sveitarfélagamörkum á Smjörfjöllum séu um 9,5–13 km, mælt í beinni loftlínu.

Í umræddum málum greindi óbyggðanefnd landamerkjabréf jarða sem liggja að Smjörfjöllum með sambærilegum hætti og gert var í áðurnefndum málum vegna jarða sem liggja að Esju. Sú greining leiddi í ljós að í landamerkjabréfum jarða Jökulsárhlíðarmegin væri merkjum oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða svo að merki næðu að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum væri vísað til upptaka áa í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. Vopnafjarðarmegin væri landamerkjum sömuleiðis gjarnan lýst að vatnaskilum og stundum vísað til kennileita í háfjöllunum. Þá voru eldri heimildir taldar renna frekari stoðum undir landamerkjabréfin hvað varðaði efri mörk jarðanna til fjalla. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlíð lægju saman í Smjörfjöllum og þar með væru ekki þjóðlendur efst á fjöllunum. Líkt og í tilviki Esju undi íslenska ríkið þessum niðurstöðum.

Fyrir liggur hæstaréttardómur þar sem lagt var til grundvallar að með tilvísun til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi væri átt við vatnaskil, þ.e. dómur Hæstaréttar frá 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá). Í dómnum segir m.a.:

> Í landamerkjabréfi Úlfár sagði sem áður var getið að merki jarðarinnar til suðurs fylgdu Hafrá „til fjallsbrúnar“, en að vestan réði „fjallsbrúnin.“ Úr því að lýsingin hljóðaði á þennan veg verður að teknu tilliti til úrskurðar óbyggðanefndar og krafna málsaðila að líta svo að fjallsbrúnin, sem fylgja átti Hafrá til, sé við upptök árinnar og þar með við vatnaskil. Merkin til vesturs fylgi síðan þessari fjallsbrún og þar með vatnaskilum.

Með þessu er ljóst að Hæstiréttur hefur fallist á að með tilvísun til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi kunni að vera átt við efsta hluta fjalls, þ.e. vatnaskil. Að mati óbyggðanefndar er þó ekki unnt að líta á það sem algilda reglu að túlka beri slíkt orðalag í landamerkjabréfum á þann hátt. Eftir sem áður þarf að túlka orðalag landamerkjabréfa og annarra merkjalýsinga með atviksbundnum hætti, m.a. að teknu tilliti til staðhátta á

viðkomandi svæði. Þá þarf jafnframt að gæta að því að með gerð landamerkjabréfs gátu menn ekki aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði og fyrir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 var engum til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum).

[14.2.3.5] Þjóðlendur ofan „fjallsbrúna“

Sem dæmi um tilvik þar sem svæði ofan þeirra brúna sem mynda skörp skil í landslagi, neðan vatnaskila, var úrskurðað þjóðlenda má nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans). Þar var úrskurðað um þjóðlendu á landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls. Suður- og austurmörk þjóðlendunnar liggja að talsverðu leyti um kennileiti sem eru nærri fjallsbrúnum í þessum skilningi, nánar tiltekið eftir línum sem dregnar eru í beina stefnu milli efstu kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum og öðrum merkjalýsingum jarða sem liggja að þessum hluta þjóðlendumarkanna. Byggðist sú niðurstaða m.a. á heildstæðu mati á heimildum sem lágu fyrir um viðkomandi jarðir með hliðsjón af staðháttum, þar á meðal því að sýnilegar fjallsbrúnir mynduðu sums staðar glögg skil í landslaginu. Einnig hafði samanburðarskýring á landamerkjabréfum jarða á vestanverðu Snæfellsnesi áhrif á þetta mat, þ.e. samanburður við jarðir sem óumdeilt var að ættu land upp að jökli. Þau landamerkjabréf voru talin benda til þess að alvanalegt væri á þessum slóðum að lýsa merkjum í Snæfellsjökul berum orðum þar sem landeigendur töldu sig á annað borð eiga land að honum. Það var aftur á móti ekki gert í tilvikum umræddra jarða sem liggja hlið við hlið sunnan og austan jökulsins, sem ásamt öðru var talið benda til þess að eignarlönd jarðanna næðu skemur til fjalla þar. Sú niðurstaða að draga mörk þjóðlendunnar um beinar línur milli efstu punkta sem getið var um í viðkomandi merkjalýsingum byggðist m.a. á því að ekki væri fyrir að fara glöggum náttúrulegum skilum á borð við vatnaskil sem eðlilegt væri að styðjast við. Þó kemur fram í úrskurðinum að brúnir Botnsfjalls og Hamraendafjalls myndi að vísu nokkuð glögg skil í landslaginu, þótt ekki séu þar vatnaskil, en með því að draga beinar línur milli framangreindra efstu merkjapunkta sé brúnunum að mestu leyti fylgt. Norðurmörk sömu þjóðlendu voru aftur á móti miðuð við vatnaskil gagnvart óumdeildu eignarlandi jarðarinnar Fossárdals í samræmi við breytingu sem gerð var á legu kröfulínu ríkisins eftir að aflað var greiningar frá Veðurstofu Íslands á vatnaskilunum. Í úrskurði óbyggðanefndar kemur fram að heimildir mæli því ekki í mót að línan sé dregin með þessum hætti milli syðstu punkta á merkjum Fossárdals, enda liggi punktarnir á vatnaskilum og algengt sé að mörk fasteigna liggi um vatnaskil þegar svo háttar til.

[14.2.3.6] Samanburður tilvika

Að framan var fjallað um niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 þess efnis að eignarlönd jarða umhverfis Esju og Smjörfjöll næðu upp á efstu brúnir fjallanna, þ.e. vatnaskil, en nú síðast um úrskurð nefndarinnar í máli nr. 1/2018 þar sem niðurstaðan var að landamerki jarða austan Snæfellsjökuls næðu einungis að kennileitum nærri þeim fjallsbrúnum sem mynda skörp skil í landslagi, milli brattra hlíða og hallaminna lands ofan þeirra, en ofan þessara fjallsbrúna væri þjóðlenda. Vert er að skoða nánar hvað þarna skilur helst á milli. Annars vegar er einkum um það að ræða að í fyrrnefndu málunum voru fyrir hendi landamerkjabréf og aðrar merkjalýsingar sem lýstu merkjum jarða upp á efstu fjallsbrúnir á vatnaskilum en í síðastnefnda málinu voru ekki fyrir hendi nein landamerkjabréf eða aðrar heimildir sem veittu því viðhlítandi stoð að merki jarðanna næðu hærra upp til fjalla en að þeim kennileitum sem þjóðlendumörkin voru miðuð við. Hins vegar er munur á staðháttum sem styður við þessar ólíku niðurstöður. Svæðið sem deilt var um í máli nr. 1/2018 tilheyrir samfelldu fjalllendi sem skilur á milli norðan- og sunnanverðs Snæfellsness og rís hæst í Snæfellsjökli sem einnig er þjóðlenda og liggur að umræddri þjóðlendu sunnan og austan jökulsins. Þá er víðátta svæðisins allnokkur í samanburði við stærð eignarlanda umræddra jarða neðan þeirra fjallsbrúna sem liggja nærri þjóðlendumörkunum, ólíkt því sem á við um a.m.k. flestar jarðir sem liggja að Esju og Smjörfjöllum.

[14.2.3.7] Hæðarlínur

Eins og að framan greinir miðar íslenska ríkið kröfugerð sína í sumum tilvikum við hæðarlínur, þ.e. þegar óumdeilt er að um jörð er að ræða en landamerkjalýsing liggur ekki fyrir eða er óljós eða óskýr að mati ríkisins og „ekki hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við“, eins og segir í rökstuðningi kröfugerðar ríkisins.

Þegar á fyrsta svæðinu sem óbyggðanefnd tók til meðferðar, þ.e. svæði 1 (Árnessýsla), byggði íslenska ríkið kröfugerð sína að talsverðu leyti á hæðarlínum, innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum jarða, sbr. t.d. mál nr. 4/2000 (Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi), þar sem gjarnan var miðað við hæðarlínur, ýmist í 250, 300 eða 400 m hæð yfir sjávarmáli. Kröfugerð ríkisins var m.a. byggð á því að hálendi, fjöll og öræfi hefðu ekki verið numin til eignar og að hæðarlínur skiptu miklu máli í því tilliti. Óbyggðanefnd féllst ekki á þessi sjónarmið ríkisins heldur úrskurðaði að um eignarlönd væri að ræða innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfum jarða á svæðinu. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu nefndarinnar með dómi 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þá eru fjölmörg dæmi um það í síðari réttarframkvæmd að fallist hafi verið á eignarlönd í mun meiri hæð en kröfur ríkisins í umræddu máli miðuðust við, sbr. t.d. áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Því

er ljóst að hæðarlínur eru ekki í eðli sínu eignarréttarleg mörk heldur er það háð mati hverju sinni hvort hálend svæði séu háð beinum eignarrétti eða ekki.

Eins og áður kom fram getur þurft að ákvarða mörk eignarlands að álitum, m.a. út frá staðháttum, ef fyrir liggur að um er að ræða jörð en landamerkjabréf og aðrar merkjalýsingar skortir. Ekki er útilokað að hæðarlínur geti í einhverjum tilvikum þótt eðlileg mörk við þær aðstæður. Ef um er að ræða tilvik þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, líkt og víða er raunin í Ísafjarðarsýslum, liggur þó að mati óbyggðanefndar beinna við að ganga út frá því að merki jarða nái saman efst á fjöllum og á vatnaskilum, enda eru merkin þá glögg af náttúrunnar hendi.

[14.2.3.8] Landamerkjalýsingar og staðhættir í Ísafjarðarsýslum

Líkt og áður hefur verið vikið að eru staðhættir meðal þeirra atriða sem horfa þarf til við túlkun merkjalýsinga. Jafnframt hefur verið greint frá dæmum um hvernig munur á staðháttum hefur stutt við ólíkar niðurstöður óbyggðanefndar um hversu langt til fjalla landamerki jarða hafi talist ná.

Andstæður í landslagi eru einkennandi fyrir Ísafjarðarsýslur og þar eru há og tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi iðulega á mörkum eignarlanda jarða í dölum og fjörðum. Fjöllin fela í sér glögg landamerki af náttúrunnar hendi og fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjalla eru oftast litlar. Hér á eftir verður fjallað um einkenni merkjalýsinga á svæðinu og áritanir um samþykki landamerkjabréfa.

Almenn athugun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum jarða í Ísafjarðarsýslum þar sem staðhættir eru af fyrrgreindu tagi leiðir í ljós að orðalag merkjalýsinga er iðulega með þeim hætti að merkjum milli jarða er lýst frá tilteknum stað á láglendi *til fjalls,* í *fjallsbrún* eða í tiltekið örnefni í fjalli, sé merkjum á annað borð lýst til fjalla, en ekki er gerð grein fyrir því hvernig merki liggi milli efstu kennileita sem vísað er til. Oft geyma landamerkjabréf tvær lýsingar af þessu tagi, þ.e. á merkjum tiltekinnar jarðar gagnvart jörðunum beggja vegna en einnig lýsa sum landamerkjabréf merkjum milli tveggja jarða án þess að gerð sé grein fyrir merkjum þeirra að öðru leyti. Sem dæmi um slíkt má nefna ýmis landamerkjabréf jarða í Jökulfjörðum og á Hornströndum þar sem merkjum milli tveggja jarða er gjarnan lýst með vísan til ákveðins kennileitis, oft við sjó.[245]

Að mati óbyggðanefndar má jafnan telja ljóst að ætlunin hafi ekki verið að gera merkjum viðkomandi jarða tæmandi skil eða takmarka beinan eignarrétt jarðanna við land neðan efstu kennileita sem nefnd eru. Þá eru óglöggar merkjalýsingar til fjalla ekki endilega til marks um að jarðirnar hafi ekki talist ná þangað, enda fjöllin glögg skil af náttúrunnar hendi. Í þessu sambandi má nefna að í 2. gr. eldri landamerkjalaga, nr.

[245] Hér má sem dæmi nefna bréf um landamerki milli Álfsstaða í Hrafnfirði og Kvía í Lónafirði, dags. 24. júní 1889, sjá kafla 5.3 í úrskurði í máli nr. 8/2021.

5/1882, voru fjöll nefnd sem dæmi um „glögg landamerki, er náttúran hefur sett“, í tengslum við þá skyldu sem lögð var á að setja merki þar sem þau væru ekki glögg af náttúrunnar hendi. Að því gættu að fjöllin mynda glögg náttúruleg merki er að mati nefndarinnar ekki hægt að leggja almennt til grundvallar að jarðirnar afmarkist í slíkum tilvikum af línum sem dregnar eru í beina stefnu milli efstu punkta í merkjalýsingum eða eftir atvikum um klettabrúnir eða önnur skil í landslagi sem íslenska ríkið vísar til sem fjallsbrúna í málatilbúnaði sínum, né heldur af hæðarlínum. Þá eru jafnframt dæmi þess að merkjum jarða sé lýst um önnur glögg merki af náttúrunnar hendi, svo sem tiltekna á. Telja má að viðkomandi kennileiti í fjalli, árfarvegur eða lína sem dregin var til fjalls, hafi þótt skýr og hentug viðmiðun en að mati nefndarinnar má telja líklegt að litið hafi verið svo á að línan lægi áfram efst upp á fjall eða að vatnaskilum. Í sumum tilfellum eru efstu kennileiti í merkjalýsingum jafnvel niðri við sjó og þá er augljóst að heildarmerkjum er ekki lýst. Þegar landamerkjabréfin eru skoðuð í samhengi við þá staðhætti sem að framan er lýst, þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur að jarðir og fjarlægðir eru litlar á milli bæjarstæða og efstu hluta fjalla, telur óbyggðanefnd í ljósi framangreindrar umfjöllunar alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Í landamerkjabréfum jarða í Ísafjarðarsýslum er merkjum samkvæmt framansögðu sjaldan lýst berum orðum í hæsta punkt fjalls eða að vatnaskilum en þó má finna landamerkjabréf á svæðinu þar sem sú er raunin. Til að mynda er merkjum Karlsstaða við Arnarfjörð m.a. lýst „eftir því sem vötnum hallar til Karlsstaðalanda“ í landamerkjabréfi jarðarinnar. Ekki er að sjá að landamerkjabréf sem lýsa merkjum berum orðum til vatnaskila eigi endilega önnur einkenni sameiginleg. Flest þeirra eru reyndar gerð í gildistíð yngri landamerkjalaga, nr. 41/1919, en það er ekki algilt. Þá finnast jafnframt dæmi um að merkjum milli jarða sé lýst að hreppamörkum en í landamerkjabréfum Hvilftar og Eyrar í Önundarfirði frá 1921 er merkjum milli jarðanna lýst „til fjalls að hreppatakmörkum“. Hreppamörk milli Suðureyrarhrepps og Mosvallahrepps voru eftir endilöngum fjallgarðinum milli Súgandafjarðar og Önundarfjarðar og því á þeim stað þar sem eigendur jarða beggja vegna fjallgarðsins telja þær ná saman.

Ekki liggur fyrir hvers vegna merkjum er lýst nánar til fjalla í fyrrgreindum landamerkjabréfum en almennt gerist á svæðinu en að mati óbyggðanefndar er ólíklegt að merki jarðanna og beinn eignarréttur eigenda þeirra hafi í reynd náð lengra til fjalls en merki aðliggjandi jarða í sama dal eða firði og jarða hinum megin fjallsins. Í þessu samhengi skal bent á að meðal atriða sem geta haft áhrif á úrlausn þjóðlendumála er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004, að því er varðar efstu jarðir í Biskupstungum, 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006, að því er varðar Stórhöfða í Mýrdal, og 13. október 2021 í máli nr. 41/2020, að því er varðar Þóreyjartungur í Borgarfirði. Það skyti skökku við ef komist yrði að mismunandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu sambærilegra aðliggjandi landsvæða án þess að annað og meira en óljós merkjalýsing annars svæðisins styddi

slíka ályktun. Telja verður hið sama eiga við um landsvæði þar sem merkjalýsingu skortir, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.3, og að því verði að horfa til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi svæða auk staðhátta við mat á eignarréttarlegri stöðu.

Líkt og áður hefur komið fram hafa landamerkjabréf jarða almennt mikið vægi við sönnun um eignarland. Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Svo framarlega sem eigendur aðliggjandi jarða og rétthafar ítaka væru sammála um efni landamerkjabréfsins skyldu þeir árita samþykki sitt á bréfið. Af áritunum um samþykki landamerkjabréfa vegna aðliggjandi jarða má stundum sjá vísbendingar um hvort sátt eða ágreiningur hafi verið uppi um merki milli jarðanna við gerð bréfanna og það hverjir árita tiltekið landamerkjabréf getur gefið til kynna hvaða jarðir hafa talist aðliggjandi. Ekki verður litið fram hjá því að svo virðist sem landamerkjabréf jarða í Ísafjarðarsýslum hafi alla jafna ekki verið árituð vegna jarða sem liggja hinum megin fjalla en ekki er endilega hægt að draga almennar ályktanir af því. Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum á svæði 10C, í Barðastrandarsýslum, leiddi t.d. á sínum tíma í ljós að landamerkjabréf jarða þar eru almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi á láglendi, þ.e. í sama firði, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 2/2020 (Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps). Við mat á merkjum tiltekinnar jarðar þar þótti ekki hafa sérstaka þýðingu að landamerkjabréf jarða í aðliggjandi fjörðum væru almennt ekki árituð um samþykki vegna jarðarinnar. Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum í Ísafjarðarsýslum leiðir hið sama í ljós, þ.e. að þau séu almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi á láglendi eða í sama dal. Því verður ekki talið hafa sérstaka þýðingu að landamerkjabréf jarða í Ísafjarðarsýslum séu ekki árituð vegna jarða hinum megin fjalla, enda virðist það hafa verið venjan á Vestfjörðum, og raunar víðar um landið, þegar staðhættir eru með fyrrgreindum hætti.

[14.2.3.9] Ályktanir og niðurstöður

Eins og að framan greinir er sú venja útbreidd víða um land að eignarlönd nái saman efst á fjöllum eða á vatnaskilum, sérstaklega þar sem staðhættir eru þannig að fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Sú er almennt raunin í landshlutum þar sem óbyggðanefnd hefur lokið málsmeðferð, þ.e. á langstærstum hluta landsins.[246] Þá hefur réttarframkvæmd ótvírætt leitt í ljós að hálend svæði geta eftir atvikum verið eignarlönd, þótt þau séu lítið eða jafnvel ekkert gróin og þótt nytjar af þeim séu litlar eða jafnvel engar. Séu merkjalýsingar landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki óljósar eru þær jafnan túlkaðar með hliðsjón af atriðum á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð. Minni kröfur en ella hafa verið gerðar til skýrleika merkjalýsinga ef merki teljast glögg frá náttúrunnar hendi. Þá eru þess dæmi

[246] Ísafjarðarsýslur eru það fimmtánda af sextán svæðum á meginlandinu sem óbyggðanefnd úrskurðar um en fyrri svæðin fjórtán ná yfir 91% af meginlandinu.

að dregin hafi verið ályktun um merki út frá staðháttum, eftir atvikum með hliðsjón af landamerkjum nærliggjandi jarða, ef landamerkjabréf og aðrar skriflegar heimildir um merki skortir, eða ef ljóst þykir að heildarmerkjum jarðar sé ekki lýst í landamerkjabréfi. Í tilvikum þar sem ekki er fyrir að fara víðáttumiklu fjalllendi eða heiðarlöndum telur óbyggðanefnd, líkt og áður segir, alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Að framan voru niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 annars vegar og í máli nr. 1/2018 hins vegar bornar saman og greint frá því að munur á staðháttum hafi meðal annars stutt við ólíkar niðurstöður. Almennt má að mati óbyggðanefndar segja um þau tilvik í Ísafjarðarsýslum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla að þau eru mun líkari framangreindum tilvikum Esju og Smjörfjalla heldur en tilviki svæðisins sunnan og austan Snæfellsjökuls að því leyti að fjalllendi milli jarða er ekki víðfeðmt í samanburði við stærð óumdeildra eignarlanda jarðanna neðan þeirra fjallsbrúna sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við. Skoðun landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki jarða í Ísafjarðarsýslum leiðir þó í ljós að þar er algengara en í tilvikum Esju og Smjörfjalla að merkjalýsingar til fjalla séu óljósar eða að merkjum sé yfirhöfuð ekki lýst til fjalla. Aftur á móti eru fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna í flestum tilvikum litlar og fjöllin mynda skýr náttúruleg skil. Að teknu tilliti til alls þess sem hér hefur verið rakið er því að mati óbyggðanefndar í flestum tilvikum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla í Ísafjarðarsýslum rétt að leggja til grundvallar að land jarða nái saman á fjöllum og því séu ekki þjóðlendur þar. Á þetta við um flest ágreiningssvæði sem fjallað er um í málum nr. 1–4/2021 og hluta þeirra svæða sem fjallað er um í málum nr. 5/2021 og 7–8/2021, þ.e. svæði þar sem fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Þessi almennu sjónarmið eiga aftur á móti síður við í tilvikum þar sem staðhættir eru öðruvísi og deilt er um víðáttumeiri hálendissvæði. Við úrlausn um einstök ágreiningssvæði hér á eftir verður vísað til þessarar almennu umfjöllunar eftir því sem við getur átt hverju sinni.

[…]

VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR

Á fundi óbyggðanefndar 14. október 2024 úrskurðuðu nefndarmenn í máli nr. 2/2023 gagnaðilum íslenska ríkisins í málinu málskostnað sem hér segir, sbr. kafla 7.5 í úrskurði málsins:

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Jóns Jónssonar lögmanns:

- Karólína Elísabetardóttir vegna Hvammshlíðar: 2.000.000 kr.
- Petra Jebenstreit vegna Pokafells: 600.000 kr.

Vegna Friðbjörns Garðarssonar lögmanns:

- Brynjar Skúlason og Sigríður Bjarnadóttir vegna Hólsgerðis og Úlfár og Inga Vala Gísladóttir og Einar Magnússon vegna Torfufells: 2.250.000 kr.

Vegna Ólafs Rúnars Ólafssonar lögmanns:

- Hörgársveit vegna Almennings og Bakkasels og Hörgársveit og Einar Steindór Valbergsson vegna Vaskárdals: 1.400.000 kr.

Vegna Stefáns Þórarins Ólafssonar lögmanns:

- Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði vegna Rugludals.: 1.250.000 kr.
- Jóna Anna Stefánsdóttir og Sigurjón Stefánsson vegna Steinár, Óskar Eyvindur Ólafsson vegna Steinár II og Sigurjón Stefánsson vegna Steinár III: 1.250.000 kr.
- Valgerður Kristjánsdóttir vegna Núps.: 850.000 kr.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

- Skagafjörður og Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði vegna Eyvindarstaðaheiðar: 1.750.000 kr.
- Þjóðkirkjan vegna Mælifells: 250.000 kr.

Vegna Sigurðar Jónssonar lögmanns:

- Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði vegna Kornsártungna: 750.000 kr.

Vegna Valgeirs Kristinssonar lögmanns:

- Kolbrún Ágústa Guðnadóttir og Atli Þór Gunnarsson vegna Mánaskálar: 1.250.000 kr.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ[1]

Þjóðlendur:	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Almenningur og Bakkasel:	Hörgársveit
Eyvindarstaðaheiði (Hraunin):	Skagafjörður og Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði
Hólsgerði og Úlfá:	Brynjar Skúlason og Sigríður Bjarnadóttir
Hvammshlíð:	Karólína Elísabetardóttir
Kornsártungur:	Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði
Pokafell:	Petra Jebenstreit
Rugludalur:	Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði
Steiná:	Jóna Anna Stefánsdóttir og Sigurjón Stefánsson
Steiná II:	Óskar Eyvindur Ólafsson
Steiná III:	Sigurjón Stefánsson
Torfufell:	Inga Vala Gísladóttir og Einar Magnússon
Vaskárdalur:	Hörgársveit og Einar Steindór Valbergsson

[1] Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Núps af hálfu Valgerðar Kristjánsdóttur; og Mánaskálar af hálfu Kolbrúnar Ágústu Guðnadóttur og Atla Þórs Gunnarssonar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað. Þá var upphaflega lýst kröfu vegna Mælifells af hálfu Þjóðkirkjunnar en ekki reyndist ágreiningur um mörk jarðarinnar í málinu og eftir vettvangsferð var tilkynnt að eigandi hennar léti málið ekki frekar til sín taka fyrir utan kröfu um málskostnað.

FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ

Sjá einnig skjalaskrár í málum nr. 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2009, 1/2013 og 2/2013.

Skjöl lögð fram í máli nr. 2/2023
(OBN 23060002)

Lagt fram af Eddu Andradóttur og Andra Andrasyni lögmönnum f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

1		Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 14.11.2022.
	1(1)	Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í hluta af máli nr. 2/2023: Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár. Dags. 26.1.2024.
	1(2)	Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í hluta af máli nr. 2/2023: Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Vaskárdals, Almennings og Bakkasels. Dags. 26.1.2024.
	1(3)	Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í hluta af máli nr. 2/2023: Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar og svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Hraunanna. Dags. 26.1.2024.
	1(4)	Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í hluta af máli nr. 2/2023: Svæði við vesturmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar og svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar. Dags. 26.1.2024.
	1(5)	Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í hluta af máli nr. 2/2023: Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Auðkúluheiðar og svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar. Dags. 26.1.2024. [Þessum hluta málsins var síðar skipt í mál nr. 2/2023 og 5/2023.]

Lagt fram af óbyggðanefnd:

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1):

	2(1) a–b	Steiná: Landamerki, dags. 15.5.1886, þinglýst 20.5.1886.
	2(2) a–b	Steiná II: Landamerki, dags. 1.11.1960, þinglýst 28.8.1961.
	2(3) a–b	Steiná III: Landskiptagjörð, dags. 10.11.1964, innfærð í landamerkjabók 25.11.1964.

Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5):

Jarðamat 1804 (Skjalaflokkur A.5.a):

	2(4) a–b	Jarðamat 1804: Rugludalur.
	2(5) a–b	Jarðamat 1804: Steiná.
	2(6) a–b	Jarðamat 1804: Þverá í Norðurárdal.

Jarðamat 1849–1850 (skjalaflokkur A.5.b):

	2(7) a–b	Jarðamat 1849–1850: Rugludalur.
	2(8) a–b	Jarðamat 1849–1850: Steiná.
	2(9) a–b	Jarðamat 1849–1850: Þverá í Norðurárdal.
	2(10) a–b	Jarðamat 1849–1850: Hvammshlíð.

Fasteignamat 1916–1918 (skjalaflokkur A.5.c):

	2(11) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Steiná.
	2(12) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Þverá í Norðurárdal.

Yfirlit úr dómabókum sýslumanna (skjalaflokkur A.6.a):

	2(13) a–b	Yfirlit úr dómabókum sýslumanna: Rugludalur, Steiná, Hvammshlíð, Þverá í Norðurárdal. Fylgiskjöl með minnisblöðum frá Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 30.11.2023 og 1.12.2023 (sjá skjöl nr. 3(1) og 3(2)).

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16):

	2(14) a–b	Landamerkjaskrá Þverár í Norðurárdal, seljarðarinnar Hvammshlíðar og afréttarlands Höskuldsstaða, júní 1890. (Varðveitt í fylgiskjölum dómabóka í sýsluskjalasafni Húnavatnssýslu; ekki er ljóst hvort skjalið hefur verið þinglesið, sbr. minnisblað frá Þjóðskjalasafni íslands, dags. 1.12.2023, skjal nr. 3(2).)
	2(15) a–b	Athugasemdir við merkjaskrár Höskuldsstaða og kirkjujarðanna, júní 1890. (Varðveitt í fylgiskjölum dómabóka í sýsluskjalasafni Húnavatnssýslu; ekki er ljóst hvort skjalið hefur verið þinglesið, sbr. minnisblað frá Þjóðskjalasafni íslands, dags. 1.12.2023, skjal nr. 3(2).)

Önnur prentuð frumgögn (skjalaflokkur B.11):

	2(16)	Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi. Þskj. 228 í 126. máli á 83. löggjafarþingi 1962–1963. (Var samþykkt óbreytt sem lög nr. 60/1963.)

Upplýsingar um gagnaöflun Þjóðskjalasafns Íslands o.fl.:

3		Mál nr. 1–5/2023: Saga jarða og landsvæða. Efni úr úrskurðum eða sögulegum greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands í eldri málum sem varða jarðir eða landsvæði í málum nr. 1–5/2023 með viðbótum eða breytingum vegna viðbótargagnaöflunar o.fl. árin 2023–2024. Tekið saman í desember 2023, uppfært í apríl og október 2024.
	3(1)	Mál nr. 2/2023: Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 30.11.2023, um viðbótargagnaöflun um jarðir á svæði 7A, sbr. eldri gagnaöflun í málum nr. 2/2008, nr. 3/2008 og nr. 5/2008. (Fylgiskjöl með minnisblaðinu eru í skjölum nr. 2(1)–2(5), 2(7)–2(8), 2(11), 2(13).)
	3(2)	Mál nr. 2/2023: Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 1.12.2023, um viðbótargagnaöflun um jarðir á svæði 8A, sbr. eldri gagnaöflun í málum nr. 1/2013 og 2/2013. (Fylgiskjöl með minnisblaðinu eru skjöl nr. 2(6), 2(9)–2(10) og 2(12)–2(15).)
	3(3)	Mál nr. 2/2023, Norðurland. Svæði við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar (Rugludalur og Steiná). Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 20.10.2023, vegna viðbótargagnaöflunar um jarðir á svæði 7A, sbr. minnisblað dags. 30.11.2023 (skjal nr. 3(1).
		Um viðbótargagnaöflun, sjá einnig hliðsjónargagn nr. H-4.

Örnefnaskráning (skjalaflokkur A.15):

	4(1)	Bollastaðir í Blöndudal; örnefnaskrá frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
	4(2)	Steiná í Svartárdal; örnefnaskrá frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
	4(3)	Eyvindarstaðaheiði; örnefnaskrár frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
	4(4)	Hraunin; örnefnaskrá frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
	4(5)	Kirkjubær í Norðurárdal; örnefnaskrár frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
	4(6)	Þverá í Norðurárdal; örnefnaskrár frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

	4(7)	Hvammshlíð; örnefnaskrár frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
	4(8)	Balaskarð; örnefnaskrár frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni lögmanni vegna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár:

5		Torfufell, Hólsgerði og Úlfá, kröfulýsing, dags. 28.3.2023.
	5(1)	Torfufell, fasteignayfirlit, dags. 14.2.2022.
	5(2)	Hólsgerði og Úlfá, fasteignayfirlit, dags. 14.2.2022.
	5(3)	Urðarvötn: Fjórar ljósmyndir ásamt tölvupósti, dags. 4.10.2023, með skýringum.
	5(4)	Torfufell, Hólsgerði og Úlfá, greinargerð, ódagsett, móttekin 8.3.2023.

Lagt fram af Ólafi Rúnari Ólafssyni lögmanni vegna Vaskárdals, Almennings og Bakkasels:

6		Vaskárdalur, Almenningur og Bakkasel, kröfulýsing, dags. 28.3.2023.
	6(1)	Vaskárdalur, Almenningur og Bakkasel, greinargerð, dags. 8.3.2024.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna norðurmarka Hraunanna:

7		Norðurmörk Hraunanna, kröfulýsing, dags. 28.3.2023.
	7(1)	Eyvindarstaðaheiði, fasteignayfirlit, dags. 28.3.2023.
	7(2)	Eyvindarstaðaheiði, veðbandayfirlit, dags. 28.3.2023.
	7(3)	Norðurmörk Hraunanna, greinargerð, dags. 8.3.2024.
	7(4)	Norðurmörk Hraunanna, hornpunktaskrá.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Mælifells:

8		Mælifell, kröfulýsing, dags. 28.2.2023.
	8(1)	Mælifell, fasteignayfirlit, dags. 28.3.2023.
	8(2)	Mælifell, veðbandayfirlit, dags. 28.3.2023.
	8(3)	Mælifell, loftmynd með merkingum um kröfusvæði ríkisins, Brunnabrekkulæk og landamerki Mælifells.

Lagt fram af Stefáni Ólafssyni lögmanni vegna Steinár:

9		Steiná, kröfulýsing, dags. 27.3.2023.
	9(1)	Steiná, Steiná II og Steiná III, fasteignayfirlit, dags. 20.3.2023.
	9(2)	Steiná, Steiná II og Steiná III, veðbandayfirlit, dags. 24.3.2023.
	9(3)	Steiná, landamerkjabréf, dags. 15.5.1886, þinglýst 20.5.1886.
	9(4)	Steiná, greinargerð, dags. 8.3.2024.
	9(5)	Steiná, kröfulínukort með auðkenningu á Vestari-Tvíhól. Fylgiskjal með greinargerð, móttekið 8.3.2024.
	9(6)	Bollastaðir, landamerkjabréf, dags. 15.5.1886, þinglýst 20.5.1886.

Lagt fram af Stefáni Ólafssyni lögmanni vegna Rugludals:

10		Rugludalur, kröfulýsing, dags. 27.3.2023.
	10(1)	Rugludalur, fasteignayfirlit, dags. 27.2.2023.
	10(2)	Rugludalur, afsal, dags. 30.5.1914.
	10(3)	Rugludalur, landamerkjabréf, dags. 12.4.1883, þinglýst 20.5.1886.
	10(4)	Rugludalur, greinargerð, dags. 8.3.2024.

Lagt fram af Jóni Jónssyni lögmanni vegna Hvammshlíðar:

11		Hvammshlíð, kröfulýsing, dags. 22.2.2023.
	11(1)	Hvammshlíð, fasteignayfirlit, dags. 22.2.2023.

	11(2)	Hvammshlíð: Leyfisbréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um lögbýlisstofnun, dags. 5.1.2021 og þinglýst 15.1.2021, ásamt bréfi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um leyfið, dags. 5.1.2021, og loftmynd af landamerkjum jarðarinnar með staðfestingu byggingafulltrúa Skagabyggðar, dags. 22.12.2020.
	11(3)	Hvammshlíð, greinargerð, dags. 8.3.2024.
	11(4)	Jón Jónsson: „Fráfærubúskapur, landskipta- og afréttarreglur Grágásar og Jónsbókar og afréttarnotkun á Austurlandi.“ Dags. 8.3.2024.

Lagt fram af Jóni Jónssyni lögmanni vegna Pokafells:

12		Pokafell, kröfulýsing, dags. 22.2.2023.
	12(1)	Pokafell, fasteignayfirlit, dags. 15.12.2022.
	12(2)	Hvammshlíð og Pokafell: Staðfesting sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á landskiptum, dags. 6.7.2018 og móttekið til þinglýsingar 23.7.2018, ásamt tveimur uppdráttum.
	12(3)	Pokafell, greinargerð, dags. 8.3.2024.
		Pokafell, fylgiskjal með greinargerð, sjá skjal nr. 11(4).

Lagt fram af Valgeiri Kristinssyni lögmanni vegna Mánaskálar:

13		Mánaskál, kröfulýsing, dags. 23.3.2023.
	13(1)	Mánaskál, landamerkjabréf, dags. 6.6.1887, þinglýst 22.5.1890.
	13(2)	Mánaskál, hornpunktaskrá.
	13(3)	Mánaskál, örnefnaskrá, ásamt bréfi frá Örnefnastofnun, dags. 1.8.1979.
	13(4)	Mánaskál, örnefnaskrár, ásamt bréfi frá Örnefnastofnun, dags. 8.2.1988.
	13(5)	Yfirlitskort um kröfulínur við vesturmörk Skrapatunguafréttar, auk merkingar sem varðar Balaskarð.
	13(6)	Ljósmynd af Gálgagili, Mjóadal og Balaskarði, ásamt skýringum og merktri loftmynd.
	13(7)	Myndband (tekið úr flugvél) með merkingum: 1) Balaskarð. 2) Þröskuldur. 3) Varða. 4) Lækur sem fellur austur í Mjóadalsá. 5) Mjóadalsá
	13(8)	Myndband (tekið úr flugvél) með merkingum: Mjóadalsá, Smjörskál. Lækjargil og Smjörskálarlækur.
	13(9)	Myndband (tekið úr flugvél) með merkingum: Smjörskál og Tröllaskarð.
	13(10)	Myndband (tekið úr flugvél) með merkingum: Tröllaskarð, lækur úr Tröllaskarði, Laxá.
	13(11)	Myndband (tekið úr flugvél) með merkingum: Laxá og Balaskarðsá.

Lagt fram af Stefáni Ólafssyni lögmanni vegna Núps:

14		Núpur, kröfulýsing, dags. 27.3.2023.
	14(1)	Núpur, fasteignayfirlit, dags. 21.3.2023.
	14(2)	Núpur, veðbandayfirlit, dags. 21.3.2023.
	14(3)	Núpur, afsal, dags. 28.8.1915, þinglýst 5.6.1916.
	14(4)	Núpur, landamerkjabréf, gert í apríl 1891, þinglýst 23.5.1891.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni lögmanni vegna Kornsártungna:

15		Kornsártungur, kröfulýsing, dags. 28.2.2023.
	15(1)	Haukagilsheiði, Lambatungur, fasteignayfirlit, ódagsett en frá árinu 2023.
	15(2)	Haukagilsheiði, Lambatungur, veðbandayfirlit, ódagsett en frá árinu 2023.
	15(3)	Auðkúluheiði og Kornsártungur, greinargerð, dags. 7.3.2024.

Lagt fram af lögmönnum málsaðila og óbyggðanefnd:

16	16(1)	Yfirlitskort, hluti af máli nr. 2/2023: Eyjafjörður og Öxnadalur. Kröfulínur málsaðila, dags. 2.10.2023.
17	17(1)	Yfirlitskort, hluti af máli nr. 2/2023: Norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar og Hraunanna. Kröfulínur málsaðila, dags. 2.10.2023.
	17(2)	Yfirlitskort, hluti af máli nr. 2/2023: Norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar og Hraunanna. Kröfulínur málsaðila, dags. 29.2.2024.
	17(3)	Yfirlitskort, hluti af máli nr. 2/2023: Norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar og Hraunanna. Kröfulínur málsaðila, dags. 7.3.2024.
18	18(1)	Yfirlitskort, hluti af máli nr. 2/2023: Skrapatunguafrétt. Kröfulínur málsaðila, dags. 2.10.2023.
	18(2)	Yfirlitskort, hluti af máli nr. 2/2023: Skrapatunguafrétt. Kröfulínur málsaðila, dags. 29.2.2024.
19	19(1)	Yfirlitskort, hluti af máli nr. 2/2023: Auðkúluheiði og Kornsártungur. Kröfulínur málsaðila, dags. 2.10.2023. [Þessum hluta málsins var síðar skipt í mál nr. 2/2023 og 5/2023.]

Lagt fram af óbyggðanefnd:

20	20(1)	Fundargerð 1. fyrirtöku í málum nr. 1–4/2023, dags. 14.6.2023.
	20(2)	Fundargerð vettvangsferðar í máli nr. 2/2023, dags. 4–5.10.2023. [Málinu var síðar skipt í mál nr. 2/2023 og 5/2023.]
	20(3)	Fundargerð aðalmeðferðar í málum nr. 2/2023, 3/2023 og 5/2023, dags. 17.4.2024.
	20(4)	Fundargerð lokafyrirtöku í málum nr. 1–5/2023, dags. 14.10.2024.
21		Tvö minnisblöð frá Veðurstofu Íslands, dags. 13.12.2023: 1) Vatnasvið Hafrár – endurmat 2023. 2) Skilgreining og afmörkun vatnaskila og vatnasviða.

Hliðsjónargögn

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

H-1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, svæði 1–10A og 10C, dags. 30.8.2023.
H-2	Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á landsvæðum á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og kröfulýsingarfrest, dags. 11.8.2022.
H-3	Minnisblað um athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar, sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 10.8.2022. (Fylgiskjal með bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra um töku landsvæða til meðferðar og kröfulýsingarfrest, dags. 11.8.2022.)
H-4	Tvö tölvuskeyti til upplýsingar um gagnaöflun frá skrifstofustjóra óbyggðanefndar til lögmanna málsaðila, dags. 13.6.2023 og 21.12.2023.
H-5	Svæði 7A: Heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands vegna gagnaöflunar í málum nr. 1–5/2008, dags. 22.5.2009.
H-6	Svæði 8A: Heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands vegna gagnaöflunar í málum nr. 1–5/2013, dags. 1.12.2014.
H-7	Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 10.4.2015.
H-8	Athugasemdir vegna kynningar á heildarkröfum frá: 1) hreppsnefnd Árneshrepps, dags. 10.1.2024; 2) sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, dags. 7.12.2023; 3) sveitarstjórn Skagabyggðar, dags. 4.1.2024; 4) byggðaráði sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 7.12.2023.
H-9	Skýrslutökur í máli nr. 2/2023 hjá óbyggðanefnd við aðalmeðferð 17.4.2024 (skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

FYLGISKJAL III: KORT

Fimm úrskurðarkort í máli nr. 2/2023

a) Eyjafjörður
b) Öxnadalur
c) Norðurmörk Hraunanna og Eyvindarstaðaheiðar
d) Svæði við vestur- og norðurmörk Skrapatunguafréttar
e) Kornsártungur